*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. bætist: umhverfisráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd.

*Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur Hermannsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1990

---

23. febrúar 1990

7

Nr. 4

## AUGLÝSING um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.  
Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.  
Guðmundur Bjarnason fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.  
Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.  
Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.  
Jón Sigurðsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.  
Júlíus Sólnes fer með umhverfisráðuneytið.  
Ólafur Ragnar Grímsson fer með fjármálaráðuneytið.  
Óli Þ. Guðbjartsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.  
Steingrímur J. Sigfússon fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.  
Svavar Gestsson fer með menntamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

23. febrúar 1990

Nr. 5

## AUGLÝSING um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 23. febrúar 1990 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest svohljóðandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

## 1. gr.

Við bætist ný 13. gr. og töluröð síðari greina breytist til samræmis. Nýja greinin orðist svo:

Umhverfisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum svo og gerð landnýtingaráætlana í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir.
2. Samræmingu aðgerða ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála, svo sem varðandi löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
3. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál.
4. Umhverfisrannsóknir í samstarfi við stofnanir sem starfa að umhverfismálum.
5. Alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála.

## 2. gr.

Í stað orðanna „2.–14. gr.“ í núverandi 15. gr. er verður 16. gr. komi: 2.–15. gr.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögin komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi bifreiðagjalds, vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní, vera 1. apríl 1990.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

# LÖG

## um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Um breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

##### 2. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

##### 3. gr.

1. másl. 6. mgr. 12. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 47/1984, orðist svo: Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast.

### II. KAFLI.

#### Um breytingu á lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

##### 4. gr.

3. gr. orðist svo:

Þegar starfsmaður, sem lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Tekið skal fram hvort um er að ræða skipun, setningu eða ráðningu með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Starfsmaður, sem fellur undir skilgreiningu 1. mgr. og er ráðinn í starf sem heimilað er til að minnsta kosti eins árs, skal að loknum reynslutíma, sem tiltekinn er í vinnusamningi, teljast ráðinn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti nema starfsmaður óski annars. Nýtur hann þá þeirra réttinda og ber þær skyldur sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, kveða á um.

Starfsmaður, sem fellur undir skilgreiningu 1. mgr. og er ráðinn til sumar- eða afleysingastarfa með eins mánaðar gagnkvæmum uppsagnarfresti, nýtur sömu réttinda og ber sömu skyldur og starfsmaður skv. 2. mgr. að öðru leyti en því sem leiða má af lengd uppsagnarfrests.

## III. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.**

5. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki, að undanteknum útihúsum í sveitum, skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

6. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð.

## IV. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.**

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr stafliður sem orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 10. og 12. gr. laga þessara skal verðlagsnefnd búvöru fella niður, að hluta eða öllu leyti, framreikning verðlagsgrundvallar 1. mars 1990 og 1. júní 1990 og útreikning grundvallarins 1. september 1990 í samræmi við samkomulag Stéttarsambands bænda og aðila vinnumarkaðarins frá 1. febrúar 1990.

## V. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

8. gr.

a. Síðasti málslíður lokamálsgreinar 19. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 25/1984, orðist svo: Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt a.m.k. árlega miðað við 1. júlí til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

b. Við 19. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjufjárhæðir skv. 1. mgr. gildi um lífeyristekjur en aðrar tekjur.

## VI. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.**

9. gr.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Á árinu 1990 og 1991 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim, sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

## VII. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum,  
með síðari breytingum.**

10. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

- a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda skv. IX. kafla laga nr. 86/1988,
- b. kröfu launþega um orlofslaun sem fallið hafa til vegna launa hans á yfirstandandi orlofsári og á næstliðnu orlofsári ef þau áttu að koma til útborgunar á síðustu sex starfsmánuðum launþegans hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda, enda falli þessi tímabil innan þeirra tímamarka sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,
- c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi, enda hafi tilraunir til innheimtu verið reyndar af hálfu hlutaðeigandi lífeyrissjóðs þar eð krafan hefði mátt vera honum kunn,
- d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings. Sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið skal sýna fram á að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu, t.d. með vottorði vinnumiðlunar,
- e. bóta til launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í búi vinnuveitandans,
- f. dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði,
- g. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar.

Ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum skv. a- og d-liðum þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð, miðað við einn mánuð, en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

11. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafnið ríkissjóð um greiðslu krafna skv. a- til d- liðum 1. mgr. 4. gr.:

- a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
- b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
- c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.



- d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati félagsmálaráðherra getur hann ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.

## 12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. laganna.

- a. Í stað orðsins „nafnnúmer“ í a- og b-liðum 1. mgr. komi orðið: kennitala.  
 b. Á eftir c-lið 1. mgr. komi nýr staflíður sem orðist svo: sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær.  
 c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ríkissjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ríkissjóðs á hendur þrotabúi. Er honum óheimilt, án sérstaks leyfis félagsmálaráðherra, að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ríkissjóðs á kröfu hans fellur niður.

## 13. gr.

Fyrri málsgrein 8. gr. laganna orðist svo:

Sá sem fer með skipti á þrotabúi skal svo fljótt sem auðið er láta félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ríkissjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

- a. hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,  
 b. hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið,  
 c. hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ríkisábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum,  
 d. hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,  
 e. hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,  
 f. hvort ákvæði 5. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

## 14. gr.

Í stað orðsins „innköllunar“ í síðari málslið 1. mgr. 9. gr. laganna komi orðin: auglýsingar um skiptalok.

## 15. gr.

10. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 51/1989, orðist svo:

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ríkisábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysisstryggingasjóði.

## 16. gr.

Á eftir fyrri málslið 1. mgr. 11. gr. laganna komi nýr málsliður sem orðist svo: Þegar félagsmálaráðherra ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal hann jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

17. gr.

Á eftir 15. gr. laganna bætist ný grein sem orðist svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

## VIII. KAFLI

**Gildistaka.**

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði VII. kafla taka til krafna í bú sem tekin verða til gjaldþrotaskipta eftir gildistöku laganna.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál hlutaðeigandi laga og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur Hermannsson.*

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 24. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

**LÖG****um laun forseta Íslands.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

Undanþága skv. 1. mgr. nær þó ekki til eftirlauna.

## 3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða sérstaklega úr ríkissjóði.

## 4. gr.

Sá sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands á rétt til launa skv. 1. gr. í fyrstu sex mánuði eftir að látið er af embætti. Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur þessi launagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka sex mánaða tímans.

## 5. gr.

Fyrrverandi forseti Íslands á rétt á eftirlaunum að liðnum þeim sex mánuðum sem hann nýtur launa skv. 4. gr.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef forseti hefur gegnt embættinu meira en eitt kjörtímabil skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar hafi forseti gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur eftirlaunagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

## 6. gr.

Nú andast forseti eða fyrrverandi forseti, er laun tekur eða eftirlauna hefur notið, og skal þá greiða eftirlifandi maka laun út sex mánaða tímann skv. 4. gr. og að þeim tíma liðnum 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna sem hinn látni hefði átt rétt á.

Taki maki fyrrverandi forseta stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður launa- og eftirlauna-greiðsla skv. 1. mgr. ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

## 7. gr.

Handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar skulu samanlagt njóta jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Handhafar forsetavalds skulu fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

## 8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 3 frá 6. mars 1964, um laun forseta Íslands, og lög nr. 26 frá 2. maí 1969, um eftirlaun forseta Íslands.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson. Guðrún Helgadóttir. Guðmundur Jónsson.**  
(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1990

---

---

29. mars 1990

15

Nr. 11

## LÖG

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðagjald skal vera 3,91 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,96 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2000 kr. né hærra gjald 11.500 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

2. gr.

Lokamálsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. júní 1990.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Þó skal ákvæði til bráðabirgða I öðlast þegar gildi og innheimta bifreiðagjalds samkvæmt því koma til framkvæmda fyrir gjaldtímabilið 1. janúar 1990 til 30. júní 1990.

### Ákvæði til bráðabirgða I.

Bifreiðagjald fyrir gjaldtímabilið 1. janúar 1990 til 30. júní 1990 skal vera 3,40 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Sé bifreið þyngri en 1000 kg skal að auki greiða 1,70 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar sem er umfram 1000 kg. Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 1.700 kr. né hærra gjald en 10.000 kr. af hverri bifreið á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi og eindagi fyrir gjaldtímabilið 1. júlí 1990 til 31. desember 1990 vera 1. október 1990.

*Gjört í Reykjavík, 29. mars 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**LÖG****um breyting á lögum nr. 32/1978, um hlutafélög,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 4. mgr. 47. gr. laganna, sbr. 27. gr. laga nr. 69/1989, komi nýr málsliður er orðist svo: Í félögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri geta hluthafar, er ráða yfir minnst  $\frac{1}{10}$  hlutafjárins, einnig gert slíka kröfu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Sigurðsson.*

27. febrúar 1990

17

Nr. 13

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 27. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

1. mars 1990

Nr. 14

## AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,  
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 1. mars 1990 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

57. grein orðist svo:

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandiðatsprófi eða embættisprófi. Háskóladeild er heimilt að skipuleggja doktorsnám í einstökum kennslugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þessari um nám í viðkomandi deild. Doktorsnámi lýkur með doktorsprófi.

2. gr.

58. gr. orðist svo:

Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri. Til doktorsritgerðar eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og frumlegt framlag doktorsefnisins til viðkomandi vísindagreinar. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvörn.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal stíluð til viðkomandi deildar.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorspróf, fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama megin rannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir.

A 2

Ritgerð má vera á erlendu máli, en áskilja má, að hún geymi rækilegan útdrátt á íslensku. Háskóladeild getur veitt manni leyfi til að tala erlent mál við doktorspróf.

Þeir stúdentar sem uppfylla kröfur viðkomandi deildar um aðfararnám geta sótt um aðgang að doktorsnámi. Deild er heimilt að skipuleggja hæfnispróf fyrir umsækjendur.

### 3. gr.

96. grein (áður 97. gr.) orðist svo:

Kennslugreinar eru þessar:

- a) Til B.A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.
- b) Til M.Paed. prófs: Íslenska.
- c) Til M.A. prófs: Danska, enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði og sagnfræði.
- d) Til doktorsprófs: Íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði og sagnfræði.
- e) Til B.Ph.Isl. prófs: Íslenska fyrir erlenda stúdenta.

Deildin tekur nánari ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra í námseiningum, í hvaða röð námskeið skulu tekin og hver þeirra séu skyldunámskeið. Þó skulu almenn málvísindi og bókmenntafræði ætíð vera skylduþættir í tungumálum.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í einhverri kennslugrein, getur deildin ákveðið að hún skuli ekki kennd. Stúdentar, sem lokið hafa einu námskeiði í kennslugrein, eiga rétt á að ljúka 30 e í greininni.

Við gerð kennsluskrár skal við það miðað að stúdent þurfi ekki að sækja fleiri/en 12 kennlustundir á viku þegar frá eru taldir æfingátímar, sem krefjast ekki undirbúnings.

### 4. gr.

97. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:

Kennslu til B.A. prófs skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum og kennslu til M.Paed. prófs og M.A. prófs þannig að stúdent geti lokið námi á tveimur árum að loknu B.A. prófi. Kennslu til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta skal haga þannig að ljúka megi námi á þremur árum.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Tilhögun námsmats fer eftir samkomulagi kennara og nemenda og skal það liggja fyrir, áður en mánuður er liðinn af kennslu. Náist ekki samkomulag skal málinu vísað til námsnefndar og þaðan til deildarráðs ef þörf krefur.

### 5. gr.

98. gr. (áður 99. gr.) orðist svo:

Nám skal vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e. Námskeið skulu að jafnaði vera 5 e eða margfeldi af 5 e. Þó má deildarráð veita undanþágu frá þessu.

### I. B.A. próf.

Til B.A. prófs er krafist minnst 90 e að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 e). Stúdent velur sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim, sem upp eru taldar í 96. gr., 1. mgr., a-lið, og tekur í henni minnst 60 e. Einnig skal stúdent velja aukagrein úr sömu greinum og ljúka í henni 30 e. Heimspekideild getur þó heimilað 30 e viðbótarnám í aðalgrein er komi í stað aukagreinar. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til

annarra deilda. Ákveða má, að hluti aðalgreinar eða aukagreinar sé valfrjáls námskeið. Heimilt er stúdent í samráði við greinarkennara að sækja námskeið til annarra deilda. Minnst 5 e skulu felast í samningu lokaritgerðar, en deildin má þó veita undanþágu frá þeirri reglu.

## II. M.Paed. próf.

Að loknu B.A. prófi við heimspekideild Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla, sem deildin viðurkennir, er stúdent heimilt að hefja nám til M.Paed. prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A. prófs.

Til M.Paed. prófs er krafist minnst 60 e og skulu þar af minnst 30 e vera úr þeim námskeiðum aðalgreinar sem sérstaklega eru ætluð verðandi kennurum eða þykja henta vel sem undirbúningur undir kennslu í framhaldsskóla. Þá skulu minnst 30 e vera úr námskeiðum í uppeldis- og kennslufræðum, eða öðrum námskeiðum sem félagsvísindadeild viðurkennir sem nám til kennsluréttinda.

## III. M.A. próf.

Að loknu B.A. prófi má stúdent hefja nám til M.A. prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A. prófsins.

Aðgang að M.A. námi í íslenskum bókmenntum eiga þeir, sem lokið hafa B.A. prófi í íslensku sem aðalgrein eða í almennri bókmenntafræði sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein. Aðgang að M.A. námi í íslenskri málfræði veitir B.A. próf í íslensku sem aðalgrein eða í almennum málvísindum sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein. Aðgang að M.A. námi í íslenskum fræðum eiga þeir sem lokið hafa B.A. prófi í íslensku sem aðalgrein.

Uppfylli stúdent ekki ofangreind skilyrði skal honum þó heimilt að hefja nám til M.A. prófs við deildina, hafi hann áður lokið hliðstæðu háskólaprófi og uppfyllt sérstakar viðbótarkröfur sem heimspekideild setur. Deildin getur heimilað stúdent að stunda einstök námskeið er teljast til M.A.-náms á því misseri sem hann lýkur B.A.-námi.

Til M.A. prófs er krafist minnst 60 e og skulu þar af minnst 30 e vera úr námskeiðum aðalgreinar, en heimilt er að velja námskeið allt að 15 e úr öðrum skyldum greinum í samráði við kennara aðalgreinar. Ritgerð skal vega minnst 15 e en mest 20 e, og skal umfang hennar ákveðið áður en vinna við hana hefst. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara aðalgreinar. Nánari leiðbeiningar um vægi ritgerða og einstakra námskeiða skal setja í námsskipunarreglum sem heimspekideild samþykkir fyrir hverja námsgrein og námsbraut.

## IV. Doktorspróf.

Stúdent sem hefur lokið M.A. prófi frá heimspekideild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Stúdentar í doktorsnámi skulu velja sér leiðbeinanda á sérsviði sínu og sækja sérhæfð námskeið samkvæmt nánari námsskipunarreglum sem heimspekideild setur fyrir hverja grein. Enn fremur skal hann stunda a.m.k. eins árs fullt nám í aðalgrein sinni eða stuðningsgreinum hennar við erlendan háskóla, sem deildin viðurkennir. Námsáætlun skal samin í samráði við leiðbeinanda og staðfest af deildinni. Námsárangur skal staðfestur með mati sem deildin viðurkennir, og með árangri sem hún metur fullnægjandi.

Stúdent sem hefur lokið M.A. eða öðru samsvarandi prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Skal honum skylt að gangast undir hæfnispróf. Þá skal menntun hans metin með tilliti til aðalgreinar við doktorsnám og honum gerðar frekari námskröfur en þeim stúdentum sem lokið hafa M.A. prófi frá deildinni.

Stúdent í doktorsnámi velur sér rannsóknarverkefni í samráði við leiðbeinanda sinn og gerir áætlun um hvernig að verkinu skuli staðið. Áætlunin skal lögð fyrir deildina til sam-



þykktar. Staðfesti deildin áætlunina hefst rannsóknarvinna undir leiðsögn leiðbeinanda. Doktorsefnið lýkur rannsóknum sínum með því að semja eina heildstæða doktorsritgerð undir leiðsögn leiðbeinanda. Leiðbeinanda er ekki heimilt að sitja í dómnefnd um ritgerðina. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvarnir.

V. B.Ph.Isl. próf.

Til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdentar er krafist minnst 90 eininga og skulu 5 e þar af vera ritgerð.

Erlendir stúdentar, sem þegar hafa nokkra þekkingu á íslensku, geta uppfyllt námskröfur fyrsta árs með því að standast sérstakt stöðupróf sem haldið er við upphaf haust- misseris ár hvert.

Auk kennslu til þeirra prófa sem nú hafa verið talin er heimspekideild heimilt að skipuleggja ýmsar námsleiðir að loknu B.A. prófi innan deildarinnar eða í samvinnu við aðrar deildir.

6. gr.

Við síðustu málsgrein 110. gr. bætist nú setning svohljóðandi:  
Einnig er heimilt að gera kröfur um námsárangur milli námsára.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 1. mars 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*

## L Ö G

### **vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.**

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum eru sett fyrirmæli vegna aðildar Íslands að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 26. nóvember 1987.

2. gr.

Nefnd, sem stofnsett er samkvæmt samningnum til að rannsaka meðferð frelsissviptra manna, hefur rétt til að heimsækja hvern þann stað hér á landi þar sem frelsissviptur maður er vistaður samkvæmt ákvörðun yfirvalda ef:

1. Tilgangur heimsóknar er að rannsaka hvernig meðferð maðurinn sætir, og
2. nefndin hefur tilkynnt þá fyrirætlun sína að heimsækja staði hér á landi.

## 3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun, þar sem hann er vistaður, skal láta nefndinni í té þá aðstoð sem hún þarfnast til að sinna skyldum sínum. Aðilar þessir skulu heimila nefndinni:

1. Aðgang að þeim stöðum þar sem frelsissviptir menn eru vistaðir og rétt til ferðar innan slíkra staða án hindrunar,
2. að eiga viðtöl í einrúmi við frelsissvipta menn og aðra sem veitt geta upplýsingar um meðferð slíkra manna,
3. að fá upplýsingar sem hún þarfnast til að sinna hlutverki sínu.

## 4. gr.

Ef sá sem ábyrgð ber á frelsissviptum manni eða er í fyrirsvari fyrir stofnun, sem nefndin fyrirhugar að heimsækja, hefur athugasemdir við tíma eða stað heimsóknar skal viðkomandi þegar tilkynna það dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Ráðuneytið ákveður hvort fyrirhugaðri heimsókn verði andmælt við nefndina.

Ráðuneytið tekur jafnframt ákvörðun um flutning á mönnum, sem nefndin hyggst heimsækja, til að nefndin geti rækt störf sín.

## 5. gr.

Nefndarmenn og sérfræðingar, sem starfa með nefndinni, skulu meðan þeir rækja störf sín og ferðast vegna starfa sinna hér á landi njóta eftirtalinna forréttinda og friðhelgi:

1. Friðhelgi að því er varðar handtöku og kyrrsetningu og hald á einkafarangri, svo og að því er varðar hvers kyns lögsókn vegna allra athafna þeirra í starfi, þar á meðal vegna ummæla í ræðu og riti.
2. Undanþágu frá öllum hömlum á ferðafrelsi við brottför og komu til landsins vegna starfa í nefndinni og undanþágu frá skráningu útlendinga þegar komið er í vitjun til landsins eða farið um landið af öðrum ástæðum vegna starfa sinna.
3. Sömu aðstöðu varðandi tollgæslu og gjaldeyriseftirlit og veitt er fulltrúum erlendra ríkisstjórna sem gegna hér á landi tímabundnum opinberum erindum.

Skjöl og gögn nefndarinnar eru friðhelg að því leyti sem þau varða störf hennar og ekki má hefta eða ritskoda opinber bréf eða önnur opinber boðskipti nefndarinnar.

Friðhelgi að því er varðar lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna nefndarmanna við störf helst eftir að þeir láta af störfum.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Óli P. Guðbjartsson.*

**L Ö G****um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940,  
sbr. lög nr. 41/1973.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. tölul. 6. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 41/1973, orðist svo:
4. Fyrir brot gegn 2., 3. og 4. mgr. 165. gr., svo og fyrir manndráp, líkamsmeiðingar, frelsissviptingu og önnur ofbeldisverk, sem framin eru í tengslum við brot á þessum ákvæðum, og enn fremur fyrir háttsemi sem alþjóðasamningur frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmatar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna og bókun við hann frá 24. febrúar 1988 taka til. Mál samkvæmt þessum tölulíð skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

## 2. gr.

120. gr. a, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1973, orðist svo:

Nú veitir maður vísvitandi rangar upplýsingar eða lætur uppi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna, um atriði sem varða loftferðaöryggi eða öryggi í flughöfn varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess háttar orðróm gegn betri vitund.

## 3. gr.

Síðasti málsliður 2. mgr. 165. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, falli brott.

## 4. gr.

Við 165. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, bætist tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Sömu refsingu og í 2. mgr. þessarar greinar skal sá sæta sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu.

Ákvæði 166., 167. og 169. gr. eiga einnig við um brot á 2. og 3. mgr.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Óli P. Guðbjartsson.*

# LÖG

## um ábyrgðadeild fiskeldislána.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Starfa skal sérstök deild við Ríkisábyrgðasjóð er nefnist ábyrgðadeild fiskeldislána. Þegar ábyrgðadeild hefur hafið fulla starfsemi, en þó eigi síðar en 1. júlí 1990, tekur hún við öllum skuldbindingum og eignum Tryggingasjóðs fiskeldislána sem stofnaður var með lögum nr. 3 frá 13. janúar 1989. Sjóðurinn lýtur stjórn fjármálaráðherra.

#### 2. gr.

Hlutverk ábyrgðadeildar fiskeldislána er að tryggja greiðslu eldislána sem bankar og aðrar lánastofnanir veita eða útvega innlendum fiskeldisfyrirtækjum þannig að rekstrar- og eldislán þeirra til fiskeldis geti numið allt að 75% af verðmæti eldisstofns. Skal það gert á þann hátt að deildin veitir sjálfskuldarábyrgð fyrir lánnum, að hámarki 50% af verðmæti eldisstofns, til viðbótar við þau lán sem bankar og lánastofnanir veita viðkomandi fyrirtæki án ríkisábyrgðar. Heildarlán mega þó aldrei verða hærrí en 75% af verðmæti eldisstofns. Heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgðir fyrir lánveitingum banka og lánastofnana til hafþeitarfyrirtækja að uppfylltum skilyrðum skv. 2.–4. gr. laga þessara. Skal þá stjórnarnefnd deildarinnar móta sérstakar reglur fyrir veitingu slíkra sjálfskuldarábyrgða og skulu þær samþykktar af fjármálaráðherra í formi reglugerðar.

#### 3. gr.

Hvert fiskeldisfyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 50% af verðmæti eldisstofns til eins árs í senn, þó aldrei lengur en samtals í fjögur ár. Á næstu tveimur árum á eftir lækkar hámarksábyrgð um sem næst helming á hvoru ári þar til sjálfskuldarábyrgð sjóðsins hverfur. Hámarkstími sem fyrirtæki getur fengið sjálfskuldarábyrgð í er sex ár. Heimildir til ábyrgðar skulu endurskoðaðar árlega af stjórnarnefnd deildarinnar.

#### 4. gr.

Það er skilyrði fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgðar að viðkomandi fiskeldisfyrirtæki fái sammingsbundin eldislán frá banka eða öðrum lánastofnunum án ríkisábyrgðar og að fyrirtækið hafi þær tryggingar sem fullnægja skilyrðum lánastofnunarinnar. Stjórnarnefnd sjóðsins getur sett frekari skilyrði um tryggingar. Ábyrgðadeildin skal taka veð í eldisstofni fyrir sjálfskuldarábyrgðum sem hún veitir.

#### 5. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa fimm manna stjórnarnefnd, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra og þrjú án tilnefningar og skal formaður skipaður úr þeirra hópi. Jafnframt skulu skipaðir fimm varamenn með sama hætti. Stjórnarnefndin fjallar um allar umsóknir um sjálfskuldarábyrgðir samkvæmt lögum þessum og afgreiðir þær á grundvelli ítarlegs mats á stöðu og rekstraröryggi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtæki koma því aðeins til álita við veitingu sjálfskuldarábyrgða að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra til lengri tíma. Stjórnarnefndin skal samþykkja kjör og form lána sem sjálfskuldarábyrgð er veitt fyrir.

## 6. gr.

Fjármálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnarnefndar, þau iðgjöld sem greidd skulu fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða. Iðgjöld skulu við það miðuð að deildin sé rekinn hallalaus. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð. Skal honum varið til greiðslu þeirra ábyrgðaskuldbindinga sem á ábyrgðadeildina kunna að falla. Ef ekki er fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu krafna þá skal það sem á vantar greitt úr Ríkisábyrgðasjóði.

## 7. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsreglur stjórnarnefndar, tryggingar, iðgjöld, innlausn krafna, meðferð og innheimtu innleystra krafna og sjálfskuldarábyrgðir á lánveitingum banka og lánastofnana til hafbeitarfyrirtækja.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok 1999. Sama gildir um sjálfskuldarábyrgðir veittar á grundvelli þeirra.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. másl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar, sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda, falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Ábyrgðir Framkvæmdasjóðs Íslands, sem byggjast á einfaldri ábyrgð Tryggingasjóðs fiskeldislána, falla niður samhliða því að Tryggingasjóður fiskeldislána er lagður niður.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1990

---

---

6. apríl 1990

25

Nr. 18

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 6. apríl 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

11. mars 1990

Nr. 19

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 11. mars 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

6. apríl 1990

Nr. 20

## AUGLÝSING

**frá forsætisráðuneytinu.**

Í fjarveru Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra hefur Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

*Forsætisráðuneytið, 6. apríl 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1990

Nr. 21

26

5. maí 1990

## LÖG

### um lögheimili.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu.

Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Dvöl í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistar skóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnaði, sem jafna má til þessa, er ekki ígildi fastrar búsetu.

#### 2. gr.

Hver sá sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur skal eiga lögheimili samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sá sem dvelst eða ætlar að dveljast í landinu vegna atvinnu eða náms í þrjá mánuði eða lengur má þó eiga lögheimili hér.

Starfsmenn sendiráða á Íslandi, sem eru erlendir ríkisborgarar, og liðsmenn Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 19. desember 1951, eiga ekki lögheimili í landinu. Sama gildir um skyldulið þessara manna sem dvelst hér á landi og hefur ekki íslenskt ríkisfang.

#### 3. gr.

Lögheimili skal, svo framarlega sem unnt er, talið vera í tilteknu húsi við tiltekna götu eða á tilteknum stað, í nafngreindu húsi eða á sveitabæ.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að lögheimili þeirra, sem búa í fjölbýlishúsum, skuli auðkennt með sérstöku íbúðarnúmeri.

#### 4. gr.

Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað í senn.

Leiki vafi á því hvar telja skuli að föst búseta manns standi, t.d. vegna þess að hann hefur bækistöð í fleiri en einu sveitarfélagi, skal hann eiga lögheimili þar sem hann dvelst meiri hluta árs. Dveljist hann ekki meiri hluta árs í neinu sveitarfélagi skal hann eiga lögheimili þar sem hann stundar aðalvinnu sína enda hafi hann þar bækistöð. Það telst aðalvinna í þessu sambandi sem gefur tvo þriðju hluta af árstekjum manns eða meira.

Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst getur hann átt lögheimili þar áfram enda hafi hann þar bækistöð í leyfum og taki ekki upp fasta búsetu annars staðar.

Alþingismaanni er heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður en hann varð þingmaður. Sama gildir um ráðherra.

Verði eigi skorið úr um fasta búsetu manns skv. 2. og 3. mgr. skal maðurinn sjálfur ákveða hvar lögheimili hans skuli vera. Geri hann það ekki ákveður Þjóðskráin það.

5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi fasta búsetu skv. 1. gr., á lögheimili þar sem skip það, loftfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

6. gr.

Verði eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt undanfarandi ákvæðum skal hann eiga lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann síðast hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl sem ekki fellur undir 3. mgr. 1. gr.

7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sína bækistöðina hvort skv. 1. gr. skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn hjóna eru hjá þeim báðum eða hjón eru barnlaus skulu þau ákveða á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður Þjóðskráin það. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð eftir því sem við getur átt.

Hjón, sem slitið hafa samvistir, eiga sitt lögheimilið hvort.

8. gr.

Barn 15 ára eða yngra á sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess. Hafi barn fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skal það eiga þar lögheimili enda sé forsjáforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðru hvoru foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barn hjá hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um lögheimili kjörbarna og fósturbarna.

9. gr.

Sá sem dvelst erlendis við nám eða vegna veikinda getur áfram átt lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott enda sé hann ekki skráður með fasta búsetu erlendis.

Íslenskur ríkisborgari, sem gegnir störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði, svo og íslenskur ríkisborgari sem er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að, á lögheimili hér á landi hjá skyldfólki sínu eða venslafólki eða í því sveitarfélagi þar sem hann átti lögheimili er hann fór af landi brott.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um skyldulið þeirra manna sem þar um ræðir og dvelst með þeim erlendis.

10. gr.

Ákvæði laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á.

Tilkynning um að lögheimili sé að heimili annars manns verður ekki tekin til greina ef hann mótmælir því að lögheimilið sé talið hjá honum.

11. gr.

Leiki vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum skal leita úrskurðar dómara.

Rétt er Þjóðskránni, aðila sjálfum, svo og sveitarfélagi er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum áður en úrskurður gengur.



Velti úrslit einkamáls á því hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum er aðilum þess máls heimilt að leita úrskurðar um lögheimili í samræmi við 2. mgr. Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til Hæstaréttar.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt falla úr gildi lög um lögheimili, nr. 35 30. maí 1960, með síðari breytingum.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um veitingu ríkisborgararéttar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Almqvist, Jan Sigvard, verslunarmaður í Reykjavík, f. 1. september 1959 í Svíþjóð.
2. Alwood, John Nathaniel, tölvufræðingur í Mosfellsbæ, f. 13. september 1958 í Englandi.
3. Amin, Niral B., nemandi í Mosfellsbæ, f. 5. desember 1972 á Indlandi.
4. Anbari, Mostafa, rafeindavirki í Reykjavík, f. 28. júlí 1953 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1990.
5. Andersen, Jakob Andreas, uppeldisfulltrúi í Reykjavík, f. 8. október 1952 í Danmörku.
6. Brynja Dan Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 25. ágúst 1985 á Sri Lanka.
7. Catacutan, Leonardo Dungca, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 22. september 1960 á Filippseyjum.
8. Chudakanthi, Aurangasri, húsmóðir á Ísafirði, f. 24. október 1942 á Sri Lanka.
9. Crowe, Margrét Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 20. júlí 1954 í Skotlandi.
10. Cummings, Roger, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. 18. apríl 1950 í Englandi.
11. Davis, Daniel Lee, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 21. apríl 1965 í Bandaríkjunum.
12. Eichmann, Kurt Willi, sjómaður í Reykjavík, f. 23. desember 1948 í Þýska alþýðulýðveldinu.
13. Engle, Ilojayah, forstöðukona í Reykjavík, f. 12. janúar 1955 á Filippseyjum.
14. Fung, Joseph Ka Cheung, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 27. júlí 1955 í Hong Kong. Fær réttinn 7. september 1990.
15. Garside, Christopher Dignus, nemandi í Reykjavík, f. 20. júlí 1969 í Bretlandi.
16. Haugen, Herborg Laufey Ólafsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 10. janúar 1919 á Íslandi.
17. Jón Hannesson, verkamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1926 á Hvammstanga.
18. Kazmi, Syed Zulkernain, verkamaður í Stykkishólmi, f. 16. mars 1962 í Pakistan.

19. Kornblueh, Nora Sue, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 18. júlí 1951 í Bandaríkjunum.
20. Krasinska, Ewa Barbara, húsmóðir á Egilsstöðum, f. 12. ágúst 1956 í Póllandi.
21. Lahham, Hassan al, verkamaður í Reykjavík, f. 9. apríl 1954 í Sírylandi.
22. Lazarz, Waclaw, tónlistarkennari á Akureyri, f. 23. maí 1950 í Póllandi.
23. Leite, Ana Christina de Oliveira Martins Nobre, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. desember 1964 í Portúgal. Fær réttinn 12. september 1990.
24. Lopez, Manuel Fernando Reyes, sjómaður á Akureyri, f. 29. ágúst 1955 í Chile.
25. Ludwig, Margrét, tannlæknaritari í Reykjavík, f. 9. janúar 1968 í Bandaríkjunum.
26. Manczyk, Dorota, tónlistarkennari á Akureyri, f. 22. janúar 1960 í Póllandi.
27. Mangelsdorf, Craig William, garðyrkjufraeðingur í Hafnarfirði, f. 14. desember 1959 á Nýja-Sjálandi.
28. Markarjan, Nawart, nemandi í Reykjavík, f. 22. júní 1947 í Búlgaríu.
29. Medos, Marino, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. 13. apríl 1953 í Júgóslavíu.
30. Meiling, David Andrew, verkamaður í Reykjavík, f. 29. júlí 1969 í Reykjavík.
31. Meiling, Ellen Eliza, nemandi í Reykjavík, f. 17. júní 1972 í Reykjavík.
32. Mir, Jón Alexander, verkfræðingur í Garðabæ, f. 16. september 1962 í Júgóslavíu.
33. Moradi, Hamid Reza Ali Pour, nemandi í Reykjavík, f. 24. apríl 1964 í Íran.
34. Nardini, Tino Maurizio Marco, matargerðarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1953 á Ítalíu.
35. Ng, Kawah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 17. mars 1960 í Hong Kong. Fær réttinn 16. september 1990.
36. Nicolson, Douglas Malmcolm, lagerstjóri í Reykjavík, f. 4. apríl 1955 í Skotlandi.
37. O'Mahony, Maureen, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1920 á Írlandi.
38. Pape, Bryndís, nemandi í Reykjavík, f. 14. október 1960 í Bandaríkjunum.
39. Pape, Gréta Hólmfríður, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. nóvember 1961 í Bandaríkjunum.
40. Rabasca, María Borghildur, nemandi í Reykjavík, f. 16. maí 1970 í Keflavík.
41. Reedman, Mark Noël, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 17. nóvember 1946 í Suður-Afríku.
42. Rettedal, Alan Ludwig, kennari í Reykjavík, f. 25. janúar 1948 í Bandaríkjunum.
43. Rosdahl, Björn Snorri, barn í Reykjavík, f. 30. október 1978 í Reykjavík.
44. Ryan, Michael John, sjómaður í Öngulsstaðahreppi, f. 22. júní 1962 í Englandi.
45. Sahr, Wolfgang, íþróttakennari á Akureyri, f. 5. júní 1958 í Vestur-Pýskalandi.
46. Serdaroglu, Murat, verslunarmaður í Reykjavík, f. 5. mars 1957 í Tyrklandi.
47. Súnal, Ómar Hekim, barn í Garðabæ, f. 1. október 1985 í Svíþjóð.
48. Tbeiaa, Shaban Ashor, naturvörður í Reykjavík, f. 16. júní 1960 í Líbíu.
49. Thomasen, Atli Knútsson, nemandi í Reykjavík, f. 14. mars 1975 í Danmörku.
50. Turner, Roland Wilson, tónlistarkennari í Stykkishólmi, f. 27. september 1953 í Bandaríkjunum.
51. Unabia, Edita Hayag, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. ágúst 1953 á Filippseyjum.
52. Wang, Chao, hagfræðingur í Reykjavík, f. 22. desember 1959 í Kína. Fær réttinn 26. ágúst 1990.

## 2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir —

er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannaöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Óli Þ. Guðbjartsson.*

## LÖG

### um Námsgagnastofnun.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum sem eru í samræmi við uppeldis- og kennslufræðileg markmið laga um grunnskóla og aðalnámsskrár.

Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir tónlistarskóla og framhaldsskóla.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að stefnumörkun, rannsóknum og þróunarverkefnum í skólastarfi og menntun kennara.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

- a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
- b. tvo fulltrúa tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og skulu þeir starfa á grunnskólastigi,
- c. einn fulltrúa tilnefndan af Hinu íslenska kennarafélagi og skal hann starfa á framhaldsskólastigi,
- d. einn fulltrúa tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
- e. einn fulltrúa tilnefndan af fræðslustjórum,
- f. einn fulltrúa tilnefndan af menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

Landssamtökum foreldrafélaga er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í námsgagnastjórn.

## 3. gr.

Námsgagnastofnun gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til allt að fimm ára. Námsgagnastjórn staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Námsgagnastjórn ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar og ræður starfslið hennar að fengnum tillögum forstjóra, sbr. 4. gr. laga þessara.

## 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar.

## 5. gr.

Starfsemi Námsgagnastofnunar skiptist í deildir í samræmi við verkefni hennar, sbr. ákvæði í reglugerð.

Verkefni stofnunarinnar eru í meginráttum þessi:

Stofnunin annast gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu á náms- og kennslugögnum miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún kaupir og framleiðir fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra.

Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutæki.

Hún kaupir, selur og dreifir náms- og kennslugögnum frá öðrum aðilum.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði.

## 6. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn til eignar eða afnota samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Námsgagnastofnun sér um að námsgögn berist skólum á tilskildum tíma samkvæmt gildandi úthlutunarreglum sem námsgagnastjórn setur.

Afgreiðsla og uppgjör miðast við fjölda nemenda í hverjum aldursflokki samkvæmt opinberum skýrslum.

## 7. gr.

Kostnaður við starfsemi Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem þessi lög mæla fyrir um.

## 8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um lög þessi og framkvæmd þeirra.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1979, um Námsgagnastofnun.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðan ekki eru starfandi landssamtök skal tilnefningu skv. 3. mgr. 2. gr. hagað þannig að samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi skiptast á um að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skulu fræðsluráðin hafa tilnefningarréttinn.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta breytingu á samningnum sem gerð var með samningi 3. ágúst 1989.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði samningsins með áorðnum breytingum skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

14. gr. í fylgiskjali með lögunum orðist svo:

Samningur þessi gildir ekki á Grænlandi að því er Danmörku varðar, né á Svalbarða, Jan Mayen eða á norskum landsvæðum utan Evrópu að því er Noreg varðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

# LÖG

**um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í London 19. nóvember 1987.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögnum verði þær breytingar sem greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

## Fylgiskjal.

### BREYTINGAR Í ALÞJÓÐAREGLUM TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÁREKSTRA Á SJÓ, 1972

1. regla e.: Skip af sérstakri gerð.  
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:  
e. Ef skip af sérstakri gerð eða skip, sem ætlað er sérstakt hlutverk, getur ekki, að álitum ríkisstjórnar, að öllu leyti fylgt ákvæðum einhverra þessara reglna um fjölda, staðsetningu og sjónarlengd ljósa eða dagmerkja, ljósboga þeirra eða lögum, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjataekja, þá skal skipið fara eftir öðrum ákvæðum um fjölda, staðsetningu og sjónarlengd ljósa eða dagmerkja, ljósboga þeirra eða lögum, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjataekja, þannig að þessum reglum að álitum hlutadeigandi ríkisstjórnar sé fylgt eins náði og kostur er hvað varðar þetta skip.
2. 3. regla h.: Skip, bagað vegna djúpristu.  
Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:  
h. „Skip sem er bagað vegna djúpristu“ merkir vélskip sem á mjög erfitt með að víkja frá stefnu sinni vegna mikillar djúpristu miðað við dýpi og breidd á þeirri leið sem skipið getur siglt eftir.

3. Ný 8. regla f.: Ekki tálma.
- f. 1. Sé einhvers staðar í reglum þessum mælt svo fyrir að skip hvorki hindri för né örugga leið annars skips, skal það, þegar aðstæður krefjast þessa, beita stjórn tökum í tæka tíð, þannig að nægilegt svigrúm verði fyrir örugga leið hins skipsins.
2. Skip, sem ber hvorki að hindra för né örugga leið annars skips, er ekki leyst undan þeirri skyldu sinni þó að það nálgist skipið þannig að hætta geti orðið á árekstri og skal það við stjórn tök sín taka fullt tillit til stjórnataka sem kynni að verða gripið til í samræmi við reglur þessa kafla.
3. Skipi, sem má halda óhindrað áfram, ber fulla skylda til að fylgja reglum þessa kafla þegar skipin tvö nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri.
4. 10. regla a.: Aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt. Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
- a. Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um og leysir ekkert skip undan skyldum þess samkvæmt sérhverri annarri reglu.
5. 10. regla c.: Siglt yfir afmarkaða siglingaleið.
- Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
- c. Eftir því sem framast er unnt skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið, en ef nauðsyn ber til þá skal fara yfir leiðina á stýrðri stefnu er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.
6. 26. regla d. Á eftir orðunum „önnur skip“ er bætt við orðunum: að fiskveiðum.
7. I. viðauki, 2. hluti d. Efsta ljósið.
- Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
- d. Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er samt sem áður haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss, eða auk hliðarljósa er haft uppi hringljós eins og lýst er í 23. reglu c. 1., þá skal sigluljósið eða hringljósið vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.
8. I. viðauki, 2. hluti i. 2.: Lóðrétt fjarlægð á milli ljósa.
- Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
2. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri á milli ljósanna. Neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í tveggja metra hæð ofan við borðstokk skipsins.
9. I. viðauki, 10. hluti: Ljós seglskipa.
- Í 10. lið a.: Á eftir orðinu „seglskip“ í inngangi er bætt við orðunum: sem eru laus.
- Í 10. lið b.: Á eftir orðinu „seglskip“ í inngangi er bætt við orðunum: sem eru laus.
10. IV. viðauki, nýr liður 1. o.: Neyðarmerki.
- Eftirfarandi nýjum lið, o., er bætt við:
- o. Viðtekin merki sem send eru frá fjarskiptakerfum.

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnáslusviða.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum eða reglugerðum.

Háskólaráði er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun.

Rektor er yfirmaður stjórnáslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Í umboði rektors, og svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, hafa framkvæmdastjórar stjórnáslusviða yfirumsjón og eftirlit með hinn almennu stjórnáslu háskólans, en deildarforsetar hafa eftirlit með starfi og stjórnáslu deilda.

Svið hinnar almennu stjórnáslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber heitið háskólaritari. Hann hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Ábyrgðarsvið annarra framkvæmdastjóra stjórnáslusviða skulu afmörkuð í reglugerð.

Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjórar stjórnáslusviða leysa úr þeim málum sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsýn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppí umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfararslega undir menntamálaráðherra.

#### 2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn í skriflegri atkvæðagreiðslu á vegum Félags háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Einnig eiga setu á fundum ráðsins háskólaritari og einn kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórnáslu. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.



## 3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnáslusviða til fimm ára í senn. Rektor ræður annað starfslíð almennrar stjórnáslu eftir því sem fé er veitt til. Deildarforsetar ráða starfslíð einstakra deilda að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.

## 4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og framkvæmdastjóra stjórnáslusviða. Háskólaráð setur öðru starfslíði stjórnáslu erindisbréf.

## 5. gr.

Framan við 9. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 8/1985, bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfi deilda.

Í upptalningu á deildum í 2. mgr. (núverandi 1. mgr.) breytist nafn viðskiptadeildar í viðskipta- og hagfræðideild.

## 6. gr.

4. og 5. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að ákveða í reglugerð að deild sé skipt í skorir eftir kennslugreinum og fjalli hver skor um málefni kennslugreinarinnar eftir því sem nánar segir í reglugerð. Enn fremur eiga þar sæti tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnunarnefnd í háskóladeild (deildarráð) og skal þá m.a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti. Í deildarráði skulu sitja tveir fulltrúar stúdenta þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

## 7. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforseti hefur yfirumsjón með að ákvarðanir deilda og deildarráðs séu framkvæmdar. Hann er yfirmaður stjórnáslu deildar. Hann hefur frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, gerð fjárhagsáætlunar og forgangsroð verkefna. Hann hefur eftirlit með notkun fjárveitinga. Hann skal stuðla að samstarfi og samræmingu við aðrar deildir og stjórnáslusvið.

## 8. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskra fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautamála og félagsmálum stúdenta. Við hverja deild, skor og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

## 9. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforsetar eiga rétt á að vera leystir undan skyldum í sínu fasta starfi að nokkru eða öllu leyti. Rektor ákveður með samþykki menntamálaráðherra hvernig ráðstafa skuli starfsskyldum þeirra.

## 10. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1985, bætast tvær nýjar mgr. svohljóðandi:

Heimilt er háskólaráði, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarstofnun er hafi að meginhlutverki að standa fyrir endurmenntun háskólamanna. Slík endurmenntunarstofnun starfi í nánum tengslum við allar deildir háskólans. Háskólaráð getur heimilað að félag háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Nánar skal kveðið á um starfssvið og stjórn slíkrar stofnunar í reglugerð.

Við Háskóla Íslands skal starfrækt námsráðgjöf sem sérstök háskólastofnun. Háskólaráð setur reglur um stjórn stofnunarinnar og starfsemi.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

**um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við eftirtalin embætti skulu starfa héraðsdómarar sem hér greinir:

- Við embætti sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumannsins í Rangárvalla-sýslu, bæjarfógetans á Akranesi, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík og sýslumannsins í Dalasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- Við embætti sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, bæjarfógetans í Bolungarvík, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Strandasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

- c. Við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki, bæjarfógetans á Siglufirði, bæjarfógetans á Ólafsfirði, sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetans á Húsavík skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- d. Við embætti sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, bæjarfógetans í Neskaupstað og sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- e. Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurlflugvelli skal starfa einn héraðsdómari.

2. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum. Héraðsdómarar skv. a–d-liðum 1. gr. skulu skipaðir að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, en dómari skv. e-lið 1. gr. að tillögu utanríkisráðherra.

Héraðsdómarar samkvæmt lögum þessum skulu skipaðir tímabundið til 30. júní 1992, en þá leggjast embætti þeirra niður. Njóta þeir ekki þess forgangs til skipunar í embætti héraðsdómara eftir þann tíma sem kveðið er á um í 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Heimilt er að skipa héraðsdómara fyrsta sinni samkvæmt lögum þessum án þess að embættin hafi áður verið auglýst laus til umsóknar.

Skipa má mann í embætti héraðsdómara samkvæmt lögum þessum þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

3. gr.

Héraðsdómurum skv. a–d-liðum 1. gr. verður ekki falið að fara með stjórnvaldsmálefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með samþykki þeirra.

4. gr.

Um störf, réttindi og skyldur héraðsdómara samkvæmt lögum þessum fer eftir almennum reglum að öðru leyti en leiðir af fyrirmælum 2. og 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Óli P. Guðbjartsson.*

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nýr töluliður, er verði 7. tölul. 29. gr., orðist svo:

29.7. Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit samkvæmt lögnum, sbr. 2. tölul. 17. gr., eða samkvæmt ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tölul. 13. gr., getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir skv. 27. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. apríl 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgreinar 36. gr. laganna, sbr. lög nr. 22/1989, orðist svo: Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. apríl 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 67/1988, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „eða Namibíu“ og „eða Namibía“ í 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

1. og 2. mgr. skulu einnig gilda um svæði sem lúta yfirráðum Suður-Afríku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skulu lögin í heild gefin út að nýju með fyrrsögninni:

Lög um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

## LÖG

### um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt því sem mælt er fyrir í lögum þessum má til bráðabirgða kyrrsetja fjármuni, taka fjármuni í löggeymslu eða leggja lögbann við athöfn.

2. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara með kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsgerðir.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með gerðir samkvæmt lögum þessum fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt.

Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann annist innheimtu kröfu ef krafist er kyrrsetningar eða löggeymslu fyrir henni.

Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með gerð samkvæmt lögum þessum setur dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

### 3. gr.

Að því leyti, sem fyrirmæli laga þessara heimila að ágreiningur um gerð verði borinn undir héraðsdómstól, án þess að um mál sé að ræða til staðfestingar gerðinni, á úrlausn hans undir héraðsdómstólinn sem hefur dómvald í umdæmi þess sýslumanns sem fer með gerðina.

### 4. gr.

Sýslumaður færir gerðabók um þær gerðir sem lög þessi taka til, en um form hennar fer eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Um framlagningu gagna við gerðina og varðveislu þeirra, efni bókonar sýslumanns um hana í gerðabók og undirritun og viðurvist votts við hana skal farið eftir fyrirmælum 32. gr., 2. og 3. mgr. 33. gr., 34. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga um aðför.

## II. KAFLI

### Kyrrsetning.

#### 5. gr.

Kyrrsetja má eignir skuldara til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu um greiðslu peninga ef henni verður ekki þegar fullnægt með aðför og sennilegt má telja, ef kyrrsetning fer ekki fram, að draga muni mjög úr líkindum til að fullnusta hennar takist eða að fullnusta verði verulega örðugri.

Ekki er það skilyrði kyrrsetningar að gerðarbeiðandi leiði sönnur að réttmæti kröfu sinnar, en synja skal um kyrrsetningu ef ætla verður af fyrirbyggjandi gögnum að hann eigi ekki þau réttindi sem hann hyggst tryggja.

#### 6. gr.

Kyrrsetningarbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver sé gerðarbeiðandi og hver gerðarþoli, ásamt kennitölum þeirra og upplýsingum um heimilisföng þeirra eða dvalarstaði.
2. hver sú fjárhæð sé, sem kyrrsetningar er krafist fyrir, og hvernig hún sundurliðist.
3. á hverju gerðarbeiðandi byggji heimild sína til kyrrsetningar.  
Þau gögn skulu fylgja kyrrsetningarbeiðni sem kröfur gerðarbeiðanda styðjast við.

#### 7. gr.

Að jafnaði skal kyrrsetningarbeiðni beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Heimilt er þó einnig að beina kyrrsetningarbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi sem hér segir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir þegar til framkvæmdar gerðarinnar kemur.
2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi ef krafa gerðarbeiðanda á rætur að rekja til hennar. Fari atvinnustarfsemi gerðarþola fram í fleiri umdæmum en einu skal að jafnaði beiðst kyrrsetningar þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema krafa gerðarbeiðanda eigi rætur að rekja til starfseminnar á öðrum stað og gerðarbeiðandi kjósi þann stað fremur.
3. þar sem eignir gerðarþola er að finna ef hann á ekki skráð heimili hér á landi.

Ef kyrrsetningarbeiðni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing skal ástæðu þess getið í beiðninni.

#### 8. gr.

Þegar kyrrsetningarbeiðni hefur borist sýslumanni kannar hann hvort hún sé í lögmæltu horfi og hvort hún hafi komið fram í réttu umdæmi. Ef svo er getur sýslumaður ekki synjað um kyrrsetningu af sjálfsdáðum, nema hann telji bersýnilegt að skilyrðum 5. gr. sé ekki fullnægt.

Ef einhverjir þeir annmarkar eru á málstað gerðarbeiðanda sem í 1. mgr. getur endursendir sýslumaður honum kyrrsetningarbeiðnina og fylgigögn hennar ásamt stuttum rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

Áður en frekari aðgerðir fara fram vegna kyrrsetningarbeiðni er sýslumanni rétt að setja það skilyrði að gerðarbeiðandi setji tiltekna tryggingu til bráðabirgða eftir ákvörðun hans fyrir greiðslu bóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til vegna beiðninnar eða meðferðar hennar, nema líklegt sé þá þegar að tryggingar verði ekki þörf vegna fyrirmæla 3. mgr. 16. gr. Sýslumaður skal, ef með þarf, tilkynna gerðarbeiðanda með sannanlegum hætti ákvörðun sína um að tryggingu þurfi að setja og getur hann þá veitt gerðarbeiðanda tiltekinn frest til þess, að því viðlögðu að beiðni hans skoðist annars fallin niður.

Um aðrar upphafsáðgerðir kyrrsetningargerðar, þann stað sem gerð má byrja og ljúka og viðurvist málsaðila eða málsvara þeirra við hana skal farið eftir fyrirmælum 20.–24. og 35. laga um aðför.

#### 9. gr.

Í upphafi gerðar skal sýslumaður kynna gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirbyggjandi gögn og skal hann inntur álits á þeirri kröfu sem kyrrsetningu er ætlað að tryggja. Ber sýslumanni í þeim efnum sem endranær við framkvæmd gerðarinnar að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglerðum málsaðila. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu gerðarþola sem sýslumaður telur varða stöðvun á framgangi gerðarinnar eftir ákvæðum 13. gr. leiðbeinir hann gerðarþola eða málsvara hans um að varna megi kyrrsetningu með greiðslu eða tryggingu, sbr. 10. gr., en sinni gerðarþoli eða málsvari hans því ekki skal gerðinni fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

#### 10. gr.

Heimilt er gerðarþola að afstýra kyrrsetningu ef hann setur þegar í stað nægilega tryggingu fyrir greiðslu kröfu gerðarbeiðanda, að meðtöldum vöxtum til áætlaðs greiðsludags, málskostnaði og áföllnum kostnaði af gerðinni. Um form tryggingar gilda ákvæði 4. mgr. 16. gr., eftir því sem við getur átt, nema gerðarbeiðandi samþykki annað, en leiki vafi á verðgildi hennar skal hún metin með sama hætti og eignir yrðu annars metnar til kyrrsetningar. Með sama hætti skal að einhverju leyti eða öllu fella niður kyrrsetningu sem þegar hefur átt sér stað ef gerðarþoli býður fram nægilega tryggingu fyrir kröfum gerðarbeiðanda.

Sýslumaður varðveitir skilríki fyrir tryggingu gerðarþola eða hana sjálfa ef því er að skipta, en afhenda skal hann þau eða hana hlutaðeiganda þegar af einhverju eftirtalinna atvika verður:

1. að krafan falli niður sem tryggð er.
2. að gerðarbeiðandi höfði ekki mál til staðfestingar tryggingunni eða sátt er ekki gerð um málefnið samkvæmt ákvæðum VI. kafla.
3. að gerðarþoli sé sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda um staðfestingu tryggingarinnar.
4. að dómur gangi um lausn tryggingarinnar.
5. að gerðarbeiðandi öðlist rétt til umráða tryggingarinnar á grundvelli fjárnáms fyrir kröfu sinni.

6. að annar hvor málsaðila lýsi yfir fyrir sýslumanni að hann samþykki að hinn fái umráð tryggingarinnar.

11. gr.

Gerðarþola eða málsvara hans er skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um við framkvæmd gerðarinnar og máli skiptir um framgang hennar. Heimilt er sýslumanni að neyta úrræða 29.–31. gr. laga um aðför við gerðina, ef gerðarbeiðandi krefst, með sömu skilyrðum og þar greinir.

12. gr.

Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á kyrrsetningargerð stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur við gerðina krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verði frestað til tiltekins tíma. Að öðru jöfnu skal ekki fresta gerðinni gegn andmælum gerðarbeiðanda, nema tryggt megi telja að gerðarþoli hafist ekkert það að sem spillt gæti rétti gerðarbeiðanda.

13. gr.

Ef gerðarþoli eða sá sem málstað hans tekur mótmælir réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, rétti hans til að gerðin fari fram eða hún fari fram með þeim hætti sem gerðarbeiðandi krefst skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti. Gegn andmælum gerðarbeiðanda skal sýslumaður að jafnaði ekki stöðva framgang gerðarinnar vegna mótmæla gerðarþola, nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau af öðrum sökum valda því að óvíst sé að skilyrði séu fyrir að gerðin nái fram að ganga eða að hún fari þannig fram sem gerðarbeiðandi krefst.

Ákveði sýslumaður vegna mótmæla gerðarþola eða málsvara hans að stöðva framgang gerðar að nokkru leyti en ekki öllu er gerðarbeiðandi rétt að krefjast þess að gerðinni verði þegar fram haldið að því leyti sem sýslumaður hefur ákveðið þótt hann beri enn fremur synjun sýslumanns undir héraðsdómara samkvæmt fyrirmælum V. kafla.

14. gr.

Ef gerðin gæti ranglega skert rétt þriðja manns er honum heimilt að afstýra gerðinni með sama hætti og segir í 10. gr. eða að krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 12. eða 13. gr.

15. gr.

Um þær eignir, sem kyrrsettar verða, virðingu þeirra og rétt málsaðila til að vísa á þær og um heimildir til að ljúka kyrrsetningargerð án árangurs gilda ákvæði 36.–50. gr., 2. mgr. 51. gr., 62. og 63. gr. laga um aðför.

16. gr.

Þótt sýslumaður hafi ekki krafði gerðarbeiðanda um tryggingu til bráðabirgða skv. 3. mgr. 8. gr. má hann með sama hætti og sömu afleiðingum og þar greinir setja að skilyrði fyrir frekari framkvæmd gerðar að slík eða aukin trygging verði sett hvenær sem er meðan á gerðinni stendur.

Þegar vísað hefur verið á eignir til kyrrsetningar fyrir kröfu gerðarbeiðanda eða fram er komin trygging af hendi gerðarþola skv. 10. gr. skal sýslumaður taka endanlega ákvörðun um



Þá tryggingu sem gerðarbeiðanda kann að verða gert að setja fyrir kyrrsetningu. Við þá ákvörðun er sýslumaður óbundinn af ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða. Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.

Heimilt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda að ljúka kyrrsetningargerð án tryggingar úr hendi hans ef einhverju eftirtalinna skilyrða er fullnægt:

1. að krafist sé kyrrsetningar fyrir kröfu samkvæmt skuldabréfi, víxli eða tékka hafi gerðarþoli ekki haft uppi mótmæli við gerðina gegn kröfunni sem komið verður að í dómsmáli um hana.
2. að gerðarþoli hafi afsalað sér tryggingu fyrir sýslumanni.
3. að gerðarþoli hafi viðurkennt réttmæti kröfunnar fyrir sýslumanni eða dómi og að skilyrði séu til kyrrsetningar fyrir henni.
4. að dómsúrlausn hafi gengið um kröfu gerðarbeiðanda, en aðfararfresti er ólokið.
5. að krafa gerðarbeiðanda sé annars með þeim hætti að sýslumaður telji réttmæti hennar og gerðarinnar tvímælalaust í ljósi atvika.

Ef tryggingu þarf að setja og aðilar lýsa sig ekki sammála um annað skal hún að jafnaði vera í formi peninga, en annars í sambærilegu formi, þannig að greiðslu megi fá í skjóli hennar án fullnustugerða. Sýslumanni er rétt að hafna tryggingu ef telja verður form hennar óviðunandi eða vafa leika á um verðmæti hennar.

Við ákvörðun um fjárhæð tryggingar skal sýslumaður einkum hafa hliðsjón af því að hverju marki kyrrsetning kunnir að hefta athafnir gerðarþola honum til tjóns, hvort líklegt megi telja að gerðin eða beiðnin um hana spilli lánstrausti hans eða viðskiptahagsmunum og hvort hann hafi haft uppi athugasemdir um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og gerðarinnar. Skal einnig tekið tillit til kostnaðar sem gerðarþoli kynni síðar að hafa af rekstri dómsmála í tengslum við gerðina.

#### 17. gr.

Sýslumaður varðveitir skilríki fyrir tryggingu af hendi gerðarbeiðanda eða hana sjálfa ef því er að skipta, en þeim eða henni skal skila gerðarbeiðanda að fullnægðu einhverju eftirtalinna skilyrða:

1. að kyrrsetning hafi verið staðfest með dómi eða sátt verið gerð um gildi hennar sem fullnægja má með aðför.
2. að gerðarþoli höfði ekki mál til heimtu bóta innan frests skv. 43. gr.
3. að gerðarbeiðandi sé sýknaður í dómsmáli af bótakröfu gerðarþola.
4. að gerðarþoli lýsi yfir fyrir sýslumanni að hann samþykki að tryggingunni verði skilað.

Ef sýslumaður hefur krafðið gerðarbeiðanda um hærri tryggingu til bráðabirgða en hann ákveður að endingu skal því skilað sem umfram er.

#### 18. gr.

Þegar gerðarbeiðandi hefur sett nægilega tryggingu skv. 16. gr., ef hún er áskilin, kyrrsetur sýslumaður þær eignir sem vísað hefur verið á við gerðina og lýkur þannig gerðinni. Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim, sem tekið hefur málstað hans við gerðina, um réttaráhrif hennar. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola skal sýslumaður tilkynna honum um hana og réttaráhrif hennar ef vitað er hvar hann er niður kominn.

#### 19. gr.

Hafi peningar verið kyrrsettir tekur sýslumaður þá til varðveislu á bankareikningi þar til gerðarbeiðandi öðlast rétt til afhendingar þeirra á grundvelli fjárnáms fyrir kröfu sinni eða gerðarþoli hefur verið sýknaður af kröfu gerðarbeiðanda í dómsmáli um hana.

Hafi viðskiptabréf verið kyrrsett eða skuldakrafa tekur sýslumaður bréfið eða skilríki fyrir kröfunni til varðveislu, ef gerðarbeiðandi krefst, fram til þess tíma sem í 1. mgr. getur. Berist sýslumanni greiðsla slíkrar kröfu skal hún varðveitt með sama hætti og kyrrsettir peningar. Heimilt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda og á kostnað hans að fela öðrum manni innheimtu kyrrsettrar kröfu.

Aðrar kyrrsettar eignir en þær, sem ákvæði 1. og 2. mgr. taka til, skulu framvegis vera í vörslum gerðarþola eða annarra sem hann hefur falið þær. Þó getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda tekið slíka eign úr umráðum gerðarþola eða annars vörslumanns og annast hana sjálfur á kostnað gerðarbeiðanda eða falið hana öðrum manni þann tíma sem í 1. mgr. segir ef hagsmunir gerðarbeiðanda verða taldir í brýnni hættu að óbreyttum umráðum, enda standi réttur þriðja manns þeirri ráðstöfun ekki í vegi. Ber sýslumanni að krefja gerðarbeiðanda um sérstaka tryggingu við slíka umráðatöku vegna spjalla eða afnotamissis gerðarþola og kostnaðar af varðveislu eignarinnar. Fyrirmæli 3. mgr. 16. gr. eiga ekki við um slíka tryggingu.

#### 20. gr.

Óheimilt er gerðarþola eða öðrum eiganda kyrrsettrar eignar að ráðstafa henni með samningi þannig að í bága fari við rétt gerðarbeiðanda, enda er gerðarbeiðandi ekki bundinn gagnvart þriðja manni af slíkri ráðstöfun.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign eða skrásettu skráningarskyldu skipi, hafi kyrrsetningu ekki verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfi hafi það ekki verið áritað um kyrrsetningu. Þá losnar skuldari undan kröfu sem kyrrsett hefur verið hafi hann greitt gerðarþola kröfuna, afborgun af henni eða vexti, ef honum hefur ekki verið tilkynnt um gerðina eða mátt vera kunnugt um hana af öðrum sökum eða viðskiptabréf, sem krafan stýðst við, hefur ekki verið áritað um kyrrsetninguna. Þriðja manni, sem varðveitir kyrrsetta eign, er og rétt að afhenda hana gerðarþola hafi honum ekki verið tilkynnt um kyrrsetningu og hann er grandlaus um hana.

Óheimilt er gerðarþola að nýta eða fara með kyrrsetta eign, sem hann heldur umráðum yfir, á nokkurn hátt sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda. Gerðarþola er þó heimilt að nýta fylgifé fasteignar, skips eða loftfars sem kyrrsett hefur verið með slíkri eign, að því leyti sem nauðsynlegt er til edlilegra nota hennar.

#### 21. gr.

Kyrrsetning víkur fyrir fjárnámi í kyrrsettri eign.

Kyrrsetning fellur niður ef nauðasamningur milli gerðarþola og lánardrottna hans hlýtur staðfestingu, ef bú gerðarþola er tekið til gjaldþrotaskipta eða ef dánarbú gerðarþola er tekið til skipta án ábyrgðar erfingja á skuldbindingum þess.

#### 22. gr.

Gerðin skal tekin upp á ný ef allir málsaðilar eru á það sáttir eða til skila á tryggingu samkvæmt fyrirmælum 2. mgr. 10. gr. eða 17. gr.

Eftir kröfu gerðarbeiðanda verður gerð endurupptekin:

1. ef hann telur nauðsyn bera til umráðasviptingar samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 19. gr.
2. ef hann vill að einhverju leyti eða öllu falla frá réttindum sínum samkvæmt gerðinni.
3. ef hann krefst að kyrrsettar eignir verði skrásettar með nánara hætti en í upphafi var getr.
4. ef kyrrsetningargerð var áður lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og hann telur unnt að vísa á eignir til kyrrsetningar.

Eftir kröfu gerðarþola verður gerð endurupptekin:

1. ef hann hefur ekki verið staddur við gerðina og eign hefur verið kyrrsett sem heimild brast til eða mátti undanþiggja.
2. til að setja tryggingu til að fá gerð, sem þegar hefur farið fram, fellda niður að einhverju leyti eða öllu.
3. ef krafa gerðarbeiðanda er fallin niður, gerðarþoli hefur verið sýknaður í dómsmáli af kröfu gerðarbeiðanda eða staðfestingarmál hefur ekki verið höfðað innan frests skv. 36.–38. gr., enda þyki gerðarþoli hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum.
4. ef gerðarbeiðandi heldur ekki fram dómsmáli til staðfestingar gerðinni með eðlilegum hraða.

Þriðja manni, sem telur gerðina fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku hennar hafi hann ekki átt þess kost að koma fram mótmælum gegn henni meðan á gerðinni stóð.

Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns sem lauk gerðinni, en farið skal með hana eftir þeim reglum sem almennt gilda um framkvæmd gerðar, eftir því sem við getur átt. Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum að því leyti sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

### III. KAFLI

#### Löggeymsla.

23. gr.

Taka má eignir skuldara í löggeymslu til tryggingar kröfu um greiðslu peninga samkvæmt dómi eða úrskurði sem skotið hefur verið til æðra dóms ef annars hefði þegar mátt fullnægja kröfunni með aðför.

Ákvæði 6.–20. og 22. gr. gilda um löggeymslu eftir því sem við getur átt, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Sá sem löggeymslu krefst verður ekki krafinn um tryggingu vegna beiðni sinnar eða gerðarinnar.

Löggeymsla gengur fyrir fjárnámi sem síðar er gert í sömu eign.

Mál skal ekki höfðað til staðfestingar löggeymslugerð, en heimilt er að bera ágreining um hana undir héraðsdóm eftir reglum XV. kafla laga um aðför.

### IV. KAFLI

#### Lögbann.

24. gr.

Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirfandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess sem fer með framkvæmdarvald ríkis eða sveitarfélags.

Lögbann verður ekki lagt við athöfn:

1. ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skadabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggja þá nægilega.
2. ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda.

## 25. gr.

Við lögbannsgerð má sýslumaður eftir kröfu gerðarbeiðanda leggja fyrir gerðarþola að leysa af hendi tiltekna athöfn ef hún er þess eðlis að annar maður gæti þá þegar leyst hana af hendi í hans stað og sýnt þykir að hún sé nauðsynleg til að tryggja að gerðarþoli hlíti lögbanninu. Fari gerðarþoli ekki að fyrirmælum sýslumanns getur hann falið öðrum manni að framkvæma athöfnina á kostnað gerðarbeiðanda eða leyst hana af hendi sjálfur.

Við lögbannsgerð getur sýslumaður eftir kröfu gerðarbeiðanda tekið muni úr vörslum gerðarþola og varðveitt þá á kostnað gerðarbeiðanda uns dómur eða sátt kveður á um réttindi málsaðila hafi munirnir verið nýttir eða bersýnilega verið ætlaðir til nota við þá athöfn sem lögbann er lagt við, enda þygi sýnt að brýn hætta sé á að gerðarþoli muni nýta þá til að brjóta lögbannið ef hann heldur vörslum þeirra.

## 26. gr.

Beiðni um lögbann skal annaðhvort beint til sýslumanns í því umdæmi, sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing, eða í því umdæmi þar sem athöfn, sem lögbanns er beiðst við, fer eða mun fara fram. Í beiðninni, sem skal vera skrifleg, skal eftirfarandi koma fram svo skýrt sem verða má:

1. hver gerðarbeiðandi sé og gerðarþoli, ásamt kennitölum þeirra og upplýsingum um heimilisföng þeirra eða dvalarstaði.
2. hver sú athöfn sé sem lögbanns er krafist við.
3. rökstuðningur gerðarbeiðanda fyrir því að hann telji skilyrðum 24. gr. fullnægt.

Þau gögn skulu fylgja lögbannsbeiðni sem gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á.

Um upphafsáðgerðir sýslumanns að fram kominni lögbannsbeiðni skal farið eftir fyrirmælum 8. gr., eftir því sem við getur átt. Þó má lögbannsgerð byrja á þeim stað þar sem athöfnin, sem hún beinist að, fer eða mun fyrirþjáanlega fara fram.

## 27. gr.

Með sama hætti og mælt er fyrir um í 9. gr. skal sýslumaður í upphafi lögbannsgerðar kynna gerðarþola eða málsvara hans kröfur gerðarbeiðanda og veita honum leiðbeiningar. Komi ekki fram athugasemdir af hálfu gerðarþola sem sýslumaður telur varða stöðvun á framgangi lögbannsgerðar, sbr. 3. mgr. 29. gr., skorar hann á gerðarþola að láta af þeirri athöfn sem lögbanns er krafist við. Verði gerðarþoli eða málsvari hans ekki við þeirri áskorun skal gerðinni fram haldið eftir því sem hér á eftir segir.

Ákvæði 11. gr. og 1. mgr. 16. gr. taka til lögbannsgerða.

## 28. gr.

Nú býður gerðarþoli eða málsvari hans fram tryggingu til að afstýra lögbanni skv. 2. tölul. 3. mgr. 24. gr. og skal þá sýslumaður inna gerðarbeiðanda álits á því boði. Samþykki gerðarbeiðandi þau málalok eða fallist sýslumaður að öðrum kosti á kröfu gerðarþola skal sýslumaður þegar ákveða fjárhæð tryggingarinnar, form hennar og frest handa gerðarþola til að setja hana ef því er að skipta. Ef sérstaklega stendur á getur gerðarþoli með sama hætti óskað eftir að niður verði fellt lögbann sem þegar hefur verið lagt á.

Um form tryggingar skv. 1. mgr. skal farið eftir fyrirmælum 4. mgr. 16. gr.

Beita má ákvæðum 2. mgr. 29. gr. ef gerðarþola er veittur frestur til að setja tryggingu. Ef trygging er ekki sett innan frestsins skal gerðinni þegar fram haldið að honum loknum er gerðarbeiðandi krefst.

Um varðveislu og skil á tryggingu skv. 1. mgr. gilda ákvæði 2. mgr. 10. gr.

## 29. gr.

Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á lögbannsgerð stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

Taki sýslumaður til greina kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar gegn andmælum gerðarbeiðanda getur hann að kröfu gerðarbeiðanda sett það skilyrði fyrir fresti að gerðarþoli láti af athöfn sinni meðan á fresti stendur.

Rísi annar ágreiningur við framkvæmd lögbannsgerðar eða hafi þriðji maður uppi kröfur við hana skal farið eftir fyrirmælum 13. og 14. gr.

## 30. gr.

Þegar sýslumaður hefur ákveðið að lögbann verði að einhverju leyti eða öllu lagt við athöfn skal hann taka endanlega ákvörðun um þá tryggingu sem gerðarbeiðanda kann að verða gert að setja fyrir lögbanni og er hann þá óbundinn af fyrri ákvörðun sinni um tryggingu til bráðabirgða. Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.

Heimilt er sýslumanni samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að leggja á lögbann án tryggingar af hans hendi ef svo stendur á sem í 2., 3. eða 5. tölul. 3. mgr. 16. gr. segir.

Um form lögbannstryggingar gilda ákvæði 4. mgr. 16. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð lögbannstryggingar skal sýslumaður einkum hafa hliðsjón af því hverju beinu og afleiddu tjóni og hverjum miska gerðarþoli kunni að verða fyrir af stöðvun athafna sinna, hvort gerðarþoli hafi haft uppi athugasemdir um réttmæti kröfu gerðarbeiðanda og gerðarinnar og hvern kostnað gerðarþoli kynni síðar að hafa af rekstri dómsmála í tengslum við gerðina. Hafi gerðarbeiðandi krafist að munir verði teknir úr umráðum gerðarþola skv. 2. mgr. 25. gr. skal áskilin sérstök trygging sem ákvörðuð verður eftir fyrirmælum 3. mgr. 19. gr.

Um varðveislu og skil lögbannstryggingar skal farið eftir ákvæðum 17. gr.

## 31. gr.

Þegar gerðarbeiðandi hefur sett nægilega tryggingu skv. 30. gr. ef hún er áskilin leggur sýslumaður lögbann við þeirri athöfn sem um ræðir og gerir eftir atvikum aðrar ráðstafanir, sbr. 25. gr., og lýkur þar með gerðinni. Skal bókað svo skýrlega sem verða má í gerðabók hver sú athöfn er sem lögbann er lagt við. Um leiðbeiningar af hendi sýslumanns og tilkynningar skal farið eftir ákvæðum 18. gr.

Taka má upp lögbannsgerð þegar svo stendur á sem í 1. mgr., 2. tölul. 2. mgr., 2.–4. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. 22. gr. segir. Við endurupptöku skal farið eftir 5. mgr. 22. gr., eftir því sem við getur átt.

## 32. gr.

Skylt er sýslumanni að kröfu gerðarbeiðanda að gera ráðstafanir til að halda uppi lögbanni. Ber lögreglumönnum að veita aðstoð í þeim efnum eftir ákvörðun sýslumanns.

Brjótí gerðarþoli af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögbann má dæma hann í máli, sem gerðarbeiðandi höfðar, til greiðslu sektar, sem renni í rikissjóð, eða í varðhald. Hið sama á við um aðra menn sem vísvitandi liðsinna gerðarþola í broti á lögbanni.

Brjótí gerðarþoli eða einhver á hans vegum lögbann af ásetningi eða gáleysi ber þeim að bæta gerðarbeiðanda það tjón sem brotið bakar honum. Sækja má bótakröfu í refsímáli skv. 2. mgr.

Fresta má refsí- eða bótamáli vegna brots á lögbanni þar til dómur hefur gengið í máli til staðfestingar á lögbanninu.

## V. KAFLI

**Meðferð mála fyrir héraðsdómi til úrlausnar ágreinings um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar.**

33. gr.

Gerðarbeiðandi getur krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um synjun kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbanngerdar, stöðvun gerðar eða synjun kröfu hans um endurupptöku hennar með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því honum verður sú ákvörðun kunn.

Heimilt er gerðarbeiðanda að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðrar ákvarðanir sem sýslumaður tekur um undirbúning, framkvæmd eða endurupptöku gerðar samkvæmt lögum þessum ef hann hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

34. gr.

Meðan gerð samkvæmt lögum þessum er ólokið getur gerðarþoli því aðeins krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd hennar að gerðarbeiðandi mótmæli því ekki, enda hafi gerðarþoli þá kröfu sína uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Gerðarþola er þó ávallt frjálst að hafa kröfur uppi fyrir dómi um atriði sem gerðarbeiðandi krefst úrlausnar um skv. 33. gr.

Gerðarþola er heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns á kröfu hans um endurupptöku gerðar ef hann hefur þá kröfu uppi við sýslumann innan viku frá því honum verður synjunin kunn.

Að því leyti, sem þriðji maður getur haft hagsmuni af ákvörðun sýslumanns um gerð samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana með sama hætti og gerðarþola.

35. gr.

Ákvæði 86.–91. gr. laga um aðför taka að öðru leyti til mála samkvæmt kafla þessum.

Ákvarðanir sýslumanns um kyrrsetningar- eða lögbanngerd, sem ekki hafa verið bornar undir héraðsdóm samkvæmt framansögðu, verða það ekki síðar nema í máli til staðfestingar gerðinni.

## VI. KAFLI

**Mál til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbandi.**

36. gr.

Eftir að kyrrsetningar- eða lögbanngerd hefur verið lokið skal gerðarbeiðandi fá gefna út réttarstefnu til héraðsdóms til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbandi, nema gerðarþoli hafi lýst yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Ef mál um kröfu gerðarbeiðanda verður jafnframt sótt á hendur gerðarþola fyrir dómstól hér á landi skal réttarstefna gefin út í staðfestingarmáli innan viku frá lokum gerðar og gilda þá ákvæði 2.–5. mgr.

Hafi mál ekki áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda skal í einu lagi höfða mál um hana og til staðfestingar gerðinni.

Hafi mál áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda, en dómur hefur ekki gengið um hana í héraði, skal staðfestingarmál sameinað því með endurupptöku þess ef með þarf.

Nú hefur héraðsdómur gengið um kröfu gerðarbeiðanda þegar staðfestingarmál er þingfest og dóminum er eða hefur verið skotið til æðra dóms og má þá héraðsdómari fresta meðferð staðfestingarmáls uns fengin er úrlausn æðra dóms.

Þegar svo stendur á sem í 2. mgr. segir má sækja mál í þinghá þar sem gerðinni var lokið ef gerðarþoli verður annars sóttur til sakar hér á landi. Staðfestingarmál skv. 3. og 4. mgr. skal sækja í þinghá þar sem mál um kröfu gerðarbeiðanda er eða var rekið.

## 37. gr.

Ef sækja verður mál um kröfu gerðarbeiðanda fyrir dómstól í öðru ríki skal hann fá útgefna réttarstefnu til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni innan þriggja vikna frá lokum gerðar í þeirri þinghá sem henni var lokið, nema gerðarþoli lýsi yfir við gerðina að hann uni við hana án málshöfðunar. Hafi mál ekki áður verið höfðað um kröfu gerðarbeiðanda í öðru ríki skal það gert innan sama frests.

Ef dómur um kröfu gerðarbeiðanda, uppkveðinn í öðru ríki, yrði aðfararhæfur hér á landi skal héraðsdómari fresta meðferð staðfestingarmáls uns dómur er genginn um kröfuna.

## 38. gr.

Fyrirmáli 36. og 37. gr. gilda einnig um staðfestingu tryggingar ef kyrrsetningu eða lögbanni hefur verið afstýrt eða gerðin felld niður með tryggingu úr hendi gerðarþola. Frestur til málshöfðunar telst frá þeim tíma sem sýslumaður tekur við tryggingu eða skilríkjum fyrir henni.

## 39. gr.

Ef mál er ekki höfðað með þeim hætti sem áskilið er í 36.–38. gr. fellur kyrrsetning eða lögbann sjálfkrafa úr gildi frá þeim tíma sem gerðarbeiðandi mátti í síðasta lagi fá gefna út réttarstefnu í málinu.

Pótt synjað sé um staðfestingu gerðar í héraðsdómi stendur hún í þrjár vikur frá dómsuppsögu. Að loknum þeim fresti fellur gerðin niður, nema gerðarbeiðandi fái áður gefna út stefnu til æðra dóms til að fá héraðsdómi hrundið. Ef æðri dómur staðfestir ákvæði héraðsdóms um synjun um staðfestingu gerðar fellur hún úr gildi frá dómsuppsögu þar.

Ef staðfestingarmál verður ekki þingfest gerðarbeiðanda að vítalausu, því er vísað frá dómi eða það er hafið með samkomulagi máláðila stendur gerðin í eina viku frá því honum urðu þau málalok kunn. Að loknum þeim fresti fellur gerðin sjálfkrafa úr gildi, nema gerðarbeiðandi hafi áður fengið stefnu gefna út á ný til staðfestingar henni. Aðeins má þó eitt sinn fara þannig að, nema það verði talið gerðarbeiðanda óviðráðanlegt að máli hans hafi lokið á ný með þeim hætti.

## 40. gr.

Þriðji maður, sem telur rétti sínum hallað í sambandi við kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, getur haft uppi kröfur sínar í staðfestingarmáli með meðalgöngu eða sótt þær í sérstöku máli, hvort sem er til niðurfellingar gerðar eða til skaðabóta vegna hennar.

## 41. gr.

Í máli skv. 36.–38. gr., sbr. 40. gr., má hafa uppi málsvarnir um kröfu gerðarbeiðanda, hvort sem þær eru eldri eða yngri en gerðin og hvort sem þeim var hreyft við framkvæmd hennar eða ekki. Með sama hætti má hafa uppi varnir um gildi gerðarinnar að því leyti sem héraðsdómur hefur ekki leyst úr þeim í máli samkvæmt ákvæðum V. kafla.

Samkvæmt kröfu gerðarþola er héraðsdómara heimilt að ákveða að skipta sakarefni þannig að staðfestingarmál verði fyrst í stað aðeins sótt og varið um atriði sem varða skilyrði eða framkvæmd gerðarinnar sjálfrar.

Heimilt er máláðilum að ljúka dómsmáli með réttarsátt um staðfestingu kyrrsetningar eða lögbanns.

## VII. KAFLI

**Skaðabætur vegna kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerðar.**

42. gr.

Nú fellur kyrrsetning, löggeymsla eða lögbann niður vegna sýknu af þeirri kröfu sem gerðinni var ætlað að tryggja og skal þá gerðarbeiðandi bæta þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja má að gerðin hafi valdið. Heimilt er að dæma skaðabætur eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

Ef sýknað er vegna atvika sem fyrst urðu eftir lok gerðar skulu bætur þó aðeins dæmdar ef ætla má að gerðarbeiðandi hafi ekki átt þá kröfu sem gerðin átti að tryggja.

Ef sýknað er að nokkru leyti en ekki öllu af kröfu gerðarbeiðanda og gerðin fellur niður að því marki skal gerðarbeiðandi bæta það tjón sem ætla má að hlotist hafi af því að gerðin hafi verið umfangsmeiri en efni voru til.

Ef synjað er um staðfestingu kyrrsetningar eða lögbanns vegna annmarka á gerðinni sjálfri eða henni hefur ekki verið réttilega haldið til laga samkvæmt fyrirmælum VI. kafla skal gerðarbeiðandi bæta tjón með þeim hætti sem í 1. mgr. segir ef talið verður að ekki hafi verið tilefni til gerðarinnar. Hið sama á við ef löggeymslugerð er felld úr gildi í máli skv. 5. mgr. 23. gr. vegna annmarka á henni sjálfri.

Fyrirmæli 1.–4. mgr. taka til skaðabóta ef gerðinni hefur verið afstýrt með tryggingu úr hendi gerðarþola.

Hafi krafa gerðarbeiðanda um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann ekki náð fram að ganga fer um bætur eftir 1.–3. mgr., að því leyti sem beiðni um gerðina eða ráðstafanir vegna hennar hafa valdið tjóni.

43. gr.

Bótakröfu skv. 42. gr. má hafa uppi í staðfestingarmáli til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms.

Höfða má sjálfstætt mál til heimtu skaðabóta skv. 42. gr. innan þriggja mánaða frá því þeim, sem bóta krefst, varð kunnugt um höfnun beiðni um gerðina, um niðurstöðu staðfestingarmáls eða um niðurfellingu gerðar af öðrum sökum. Slíkt mál má höfða í þeirri þinghá sem gerðinni var lokið eða hennar var beiðst.

Kröfu um miskabætur samkvæmt fyrirmælum laga þessara má framselja hafi hún verið dæmd eða viðurkennd. Gengur hún að arfi með sama skilorði, svo og ef mál hefur verið höfðað til heimtu hennar fyrir lát tjónþola.

## VIII. KAFLI

**Gildistaka, brottfallin lög o.fl.**

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18 22. mars 1949.
2. 3. mgr. 209. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.
3. 93. gr. laga um váttryggingarsamninga, nr. 20 8. mars 1954.
4. Í 4. málsl. 26. gr. laga um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956, orðin „nr. 18/1949“.
5. 5. tölul. 4. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.
6. 2. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978.
7. 2. gr. laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, nr. 12 30. apríl 1981.
8. 2. mgr. 12. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26 14. apríl 1982.



9. 2. mgr. 39. gr. hafnalaga, nr. 69 28. maí 1984.
10. 2. mgr. 31. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985.
11. 2. mgr. 35. gr. laga um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.

## 45. gr.

Hafi kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð byrjað fyrir gildistöku laga þessara, en er ólokið á því tímamarki, fer um framhald hennar eftir fyriræmum þessara laga. Á það og við um skilyrði fyrir gerðinni, hvort sem skilyrði hafi verið fyrir henni eða ekki eftir fyriræmum eldri laga.

## 46. gr.

Fyrirmæli laga þessara um varðveislu og skil á tryggingu, sem málsaðili setur, skulu frá gildistöku þeirra taka til tryggingar sem sett hefur verið fyrir gerð eftir eldri lögum.

## 47. gr.

Beitt skal ákvæðum 19. gr. um vörslur eigna og umráðasviptingu þótt gerð hafi farið fram fyrir gildistöku laga þessara.

Fyrirmæli 25. gr. og 1. mgr. 32. gr. gilda um ráðstafanir til að halda uppi lögbanni sem lagt hefur verið á fyrir gildistöku laga þessara.

## 48. gr.

Um heimildir til endurupptöku gerðar, sem farið hefur fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir fyriræmum eldri laga þótt endurupptöku sé beiðst eftir þann tíma, en um framkvæmd hennar skal farið eftir ákvæðum 5. mgr. 22. gr., eftir því sem við getur átt.

## 49. gr.

Fyrirmæli 32. gr. um refsingu og skaðabætur vegna brota á lögbanni taka til athafna sem eiga sér stað eftir gildistöku laga þessara þótt lögbann hafi verið lagt á í gildistíð eldri laga.

## 50. gr.

Ef ágreiningsmál er rekið fyrir fúgetarétti um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann við gildistöku laga þessara eða ákvörðun hefur verið tekin um rekstur slíks máls fyrir þann tíma skal málið sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi sem tekur við lögsögu í umdæminu. Meðferð slíks máls skal lokið eftir þeim reglum sem giltu fyrir 1. júlí 1992.

Atriði varðandi kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð, sem upp hafa komið fyrir gildistöku laga þessara, verða ekki borin undir héraðsdóm eftir fyriræmum 5. mgr. 23. gr. eða V. kafla.

## 51. gr.

Mál til staðfestingar kyrrsetningar- eða lögbannsgerð, sem lokið hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, skal höfðað og rekið eftir reglum eldri laga.

## 52. gr.

Fyrirmæli VII. kafla um skaðabætur taka aðeins til atvika við kyrrsetningar-, löggeymslu- eða lögbannsgerð sem fara eftir fyriræmum þessara laga. Gilda fyriræmi eldri laga um bætur vegna gerðar sem farið hefur eftir þeim.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Óli Þ. Guðbjartsson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 16. apríl 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 19. apríl 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 30. apríl 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

**AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 4. maí 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

**FORSETA BRÉF****um þinglausnir.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Alþingi, 112. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, laugardaginn 5. maí 1990.  
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

*Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur Hermannsson.*

**AUGLÝSING****frá forsætisráðuneytinu.**

Í fjarveru Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra hefur Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

*Forsætisráðuneytið, 6. maí 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

# LÖG

## um stjórn fiskveiða.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

###### 2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

###### 3. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

Leyfður heildarafla botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafla fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda, þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl. Heildarafla annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

#### II. KAFLI

##### Veiðileyfi og aflamark.

###### 4. gr.

Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að auk almenns veiðileyfis skuli veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum háðar sérstöku leyfi ráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi og úthlutun þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Ráðherra getur m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar stunda eða hafa áður stundað.

## 5. gr.

Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma til greina þau skip ein sem veiðileyfi fengu skv. 4. og 10. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Enn fremur bátar undir 6 brl. enda hafi beiðni um skráningu þeirra á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum borist ásamt fullnægjandi gögnum innan mánaðar frá gildistöku laga þessara. Auk þess skal gefinn kostur á veiðileyfi fyrir nýja báta undir 6 brl. enda hafi smíði þeirra hafist fyrir gildistöku laganna og haffærisskírteini verið gefið út innan þriggja mánaða frá þeim tíma.

Hverfi skip, sem á kost á veiðileyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað, enda hafi veiðiheimildir þess skips, er úr rekstri hvarf, ekki verið sameinaðar varanlega veiðiheimildum annarra skipa eða horfið til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

## 6. gr.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómsundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari grein, er óheimilt að selja eða fényta á annan hátt.

## 7. gr.

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri, veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafl er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar. Við ákvörðun hlutdeildar einstakra skipa í botnfiskafla skal árlega áætla þann afla, sem er utan aflamarks, á grundvelli heimilda í 1. málsl. 6. mgr. 10. gr.

Aflamark skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., sbr. þó ákvæði 9. gr. Skal sjávarútvegsráðuneytið senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

## 8. gr.

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.

Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

## 9. gr.

Sé fyrirsjáanlegt að verulegar breytingar verði á aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, en botnfiski og úthafsækju er ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra fiskiskipa sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund sem breytingum sætir. Veruleg telst breyting á aflatekjum af sérveiðum í þessu sambandi ef hún veldur því að heildaraflaverðmæti skipa, sem viðkomandi sérveiðar stunda, hefur að mati ráðherra vikið meira en 20% að meðaltali frá meðalflaverðmæti síðustu fimm ára miðað við fast verðlag.

Tímabundin breyting botnfiskaflamarks skv. 1. mgr. skal koma til hlutfallslegrar hækkunar eða lækkunar á botnfiskveiðiheimildum annarra fiskiskipa. Leiði þetta til breytinga á botnfiskaflamarki á yfirstandandi fiskveiðiári skal sjávarútvegsráðuneytið þegar í stað senda sérstaka tilkynningu vegna hvers skips um breytingu á botnfiskaflamarki þess, sbr. 3. mgr. 7. gr.

#### 10. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni botnfisktegund allt að 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram úthlutað aflamark af þorski.

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 12. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 20% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Á sama hátt er heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki humars og síldar frá einu veiðitímabili til þess næsta.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Fiskur, sem veiðist á línu í janúar, febrúar, nóvember og desember, skal aðeins að hálfu talinn með í aflamarki fiskiskips. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

#### 11. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal úthluta nýju eða nýkeyptu skipi í eigu sama aðila aflahlutdeild hins eldra skips, enda sé um sambærilegt skip að ræða. Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki skipsins í 12 mánuði talið frá upphafi næsta mánaðar eftir að skip fyrst enda þótt nýtt eða nýkeypt skip hafi ekki komið í þess stað innan þess tíma.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti og sameina hana aflahlutdeild annars skips, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetgu þess. Þó skal framsalið háð

samþykki ráðherra hafi það skip, sem flutt er til, ekki aflahlutdeild af þeirri tegund sem framseld er. Tafarlaust skal leita staðfestingar ráðuneytisins á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytis liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

#### 12. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eftir því sem hlutaðeigandi aðilar koma sér saman um enda hafi það skip, sem fært er til, aflahlutdeild af þeirri tegund sem millifærð er. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Séu minna en 25% af aflamarki skips ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs.

### III. KAFLI

#### Framkvæmd og eftirlit.

#### 13. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

#### 14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álit- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

#### 15. gr.

Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hljóta veiðileyfi í atvinnuskyni skv. 5. gr., skulu halda sérstakar afladagbækur sem ráðuneytið leggur til. Skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra og skil til ráðuneytis.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum og lánastofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskifélagi Íslands ókeypiss í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

#### 16. gr.

Afli skal ávallt veginn á löndunarstað. Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á í reglugerð um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

Sé afli unninn um borð í veiðiskipi skal skylt að halda sérstaka vinnsludagbók, sem ráðuneytið leggur til, um vinnslu aflans. Skipum, sem vinna afla um borð, er óheimilt að sigla með afurðir til sölu á mörkuðum erlendis án sérstaks leyfis ráðuneytisins. Ráðuneytið getur bundið slík leyfi því skilyrði að útgerð skipsins greiði kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns ráðuneytisins til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis eða skipið komi til hafnar á Íslandi vegna eftirlits.

#### 17. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

#### 18. gr.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga þessara eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits ráðuneytisins og skal upphæð þess miðast við að það standi undir rekstri eftirlitsins að hálfu.

Gjald vegna tilkynningar um aflamark skal miðast við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Skal ráðherra árlega áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Aldrei skal gjald samkvæmt þessari málsgrein vera hærra en 0,2% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skipps heimilar veiðar á á komandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark skal þó aldrei vera lægra en 1.000 kr. og er sú fjárhæð grunntala er miðast við byggingarvísitölu í janúar 1991 og breytist í hlutfalli við þær breytingar sem síðar kunna að verða á henni.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli 2. mgr. 4. gr., skal greiða 5.000 kr. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið er nemur hlutfallslegri hækkun er kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. l. nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í desember 1989, þ.e. 157,9 stig.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

### IV. KAFLI

#### Viðurlög o.fl.

#### 19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

#### 20. gr.

Ráðuneytið skal beita ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota á ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar



eftir leyfissviptingu m.a. upptöku skv. 1. mgr. Sama gildir verði vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

## V. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

### 22. gr.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 10., 13. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt breytist 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og orðist svo: Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

### 23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991. Ákvæði, er lúta að veiðum á öðrum tegundum sjávardýra en botnfiski, koma til framkvæmda við upphaf fyrstu vertíðar eða veiðitímabils eftir 1. janúar 1991.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Við ákvörðun aflahlutdeildar við gildistöku laga þessara til veiða á botnfiski og úthafsækju fyrir skip 10 brl. og stærra skal leggja til grundvallar úthlutun aflamarks á árinu 1990 samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og rg. nr. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsækju 1990.

Fyrir hvert fiskiskip 10 brl. og stærra skal reikna aflamark í einstökum botnfisktegundum og úthafsækju til þorskígilda. Ráðherra skal með reglugerð ákveða verðmætahlutfall við þann útreikning. Fyrir hvern sóknarmarksflokk samkvæmt rg. nr. 585 19. desember 1989 skal síðan reikna meðaltalsaflamark þessara tegunda samanlagt. Fyrir þau skip, sem hafa samanlagt aflamark ofan við meðaltal síns flokks, er aflamark hverrar tegundar á árinu 1990 ráðandi við ákvörðun aflahlutdeildar.

Fyrir þau fiskiskip, sem hafa samanlagt aflamark þessara tegunda undir meðaltali síns sóknarmarksflokks, skulu hins vegar reiknaðar uppbætur á eldra aflamark er nema skulu 40% af þeim mun sem er milli meðaltals sóknarmarksflokksins og aflamarks skipsins. Til aflamarks skips í þessu sambandi telst þó ekki sá hluti aflamarks sem sameinaður hefur verið eldra aflamarki á grundvelli 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/1988. Þannig reiknaðri uppbót skal síðan skipt milli einstakra tegunda í aflamarki skipsins í hlutfalli við verðmæti fyrra aflamarks. Fyrir skip, sem fá reiknaða uppbót samkvæmt þessari málsgrein, verður því samtala aflamarks ársins 1990 og reiknaðrar uppbótar ákvarðandi fyrir aflahlutdeildina.

Skip, sem loðnuveiðar stunda og skip sem stunda úthafsækjuveiðar sem sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1990 samkvæmt ákvæðum rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsækju 1990, fá þó ekki reiknaðar uppbætur skv. 3. mgr. þessarar greinar. Þessum skipum gefst kostur á í árslok 1990 að velja milli aflamarks í botnfiski og aflamarks í úthafsækju í samræmi við ákvæði rg. 586 19. desember 1989, um veiðar á úthafsækju 1990, og verður aflamark samkvæmt því vali ákvarðandi fyrir aflahlutdeild þeirra.

## II.

Við úthlutun aflahlutdeildar við gildistöku þessara laga til veiða á botnfiski fyrir báta minni en 10 brl. skulu eftirfarandi reglur gilda sé óskað eftir leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr.

Samanlögð úthlutað aflahlutdeild allra báta minni en 10 brl. í leyfilegum heildarafla allra botnfisktegunda, sem úthlutað er til einstakra skipa og báta, skal vera jöfn aflahlutdeild þeirra í ársaflla sömu botnfisktegunda árið 1989.

Fyrir þá báta, sem á árinu 1990 stunda veiðar með aflahámarki sem byggir á eigin veiðireynslu samkvæmt ákvæðum rg. nr. 587 19. desember 1989, um veiðar smábáta 1990, skal miða við forsendur þess aflahámarks við úthlutun aflahlutdeildar.

Hjá þeim bátum, sem ekki falla undir ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, skal aflahlutdeild byggð á veiðireynslu áranna 1987–1989 þannig að byggt sé á meðalaflla tveggja bestu áranna.

Aflahlutdeild báta, sem veiðileyfi fá í fyrsta sinn eftir 31. desember 1989, án þess að sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri í þeirra stað, skal þó miðast við meðalafhlutdeild báta í sama stærðarflokki. Aflahlutdeild þessara báta hefur ekki áhrif á útreikning aflahlutdeildar annarra báta skv. 2. mgr. Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild þessara báta fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara enda hafi þeim verið haldið til veiða allt tímabilið.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989, og útgerðum báta undir 6 brúttótonnum, sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatak mörkunum í stað aflahlutdeildar. Reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskafla hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á þessum þremur árum miðað við þá aflahlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Ræður aflareynsla þeirra á þessum þremur árum þá aflahlutdeild þeirra, sbr. þó 2. mgr. Hafi aflahlutdeild þessara báta hins vegar ekki farið fram úr framangreindum mörkum skulu gilda óbreyttar reglur um veiðar þeirra næstu þrjú fiskveiðiár og koma þær aftur til sams konar endurskoðunar í lok þess tímabils. Þeim bátum, sem þennan kost velja, skulu óheimilar ár hvert veiðar frá og með 1. janúar til og með 31. janúar, í tíu daga um páskahelgi, tíu daga um verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og enn fremur frá og með 1. desember til og með 31. desember.

Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúa tilnefndum af Landssambandi smábátæigenda, fulltrúa tilnefndum af Fiskifélagi Íslands og formanni skipuðum af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla sérstaklega um málefni þeirra aðila sem keypt hafa nýja báta eftir 31. janúar 1988 og hafa því ekki fulla aflareynslu á viðmiðunartímabilinu til að byggja ákvörðun aflahlutdeildar á. Nefndin skal og fjalla um önnur álitaefni sem upp koma og gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild viðkomandi báta.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um úthlutun þessa, þar á meðal um stærðarflokkun báta. Úthlutunin skal taka mið af þeim reglum sem giltu um úthlutun aflamarks til skipa 10 brl. og stærri á árinu 1984, sbr. rg. nr. 44/1984, eftir því sem við verður komið. Þó skulu reglur um frátafir frá veiðum og skipstjóraskipti undanskildar.

Sjávarútvegsráðuneytið skal til upplýsingar birta bréflaga útgerðum allra báta 10 brl. og minni úthlutað aflamark eins og það hefði orðið árið 1990 samkvæmt lögum þessum ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun.

Útgerðum skal veittur hæfilegur frestur til athugasemda og skýringa gerist þess þörf. Að því loknu skal samstarfsnefnd skv. 7. mgr. gera endanlega tillögu um aflahlutdeild sérhvers báts í viðkomandi botnfisktegund. Sú aflahlutdeild verður síðan grundvöllur árlegrar úthlutunar aflamarks viðkomandi báta.

### III.

Leyfður heildarafla botnfisktegunda skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir heilt 12 mánaða tímabil skal í fyrsta skipti ákveðinn fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1991. Skal sú ákvörðun tekin fyrir 1. ágúst 1991.

Fyrir 1. nóvember 1990 skal ráðherra taka ákvörðun um leyfðan heildarafla botnfisktegunda á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Skal þeim heildarafla skipt milli skipa á grundvelli fastrar aflahlutdeildar hvers skips sem ákveðin er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II annars vegar og dreifingu afla af hverri tegund innan ársins hjá einstökum flokkum fiskiskipa hins vegar.

Reiknað skal hversu hátt hlutfall ársafla af hverri botnfisktegund hefur veiðst að meðaltali á fyrstu átta mánuðum ársins á árunum 1986 til 1988. Jafnframt skal reiknað fyrir hvern útgerðarflokk, sbr. 2. gr. rg. nr. 585 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990, og fyrir hvern stærðarflokk smábáta, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II, hversu mikill hluti heildarásafla flokksins af hverri tegund hefur verið veiddur á fyrstu átta mánuðum ársins að meðaltali á sama árabili.

Hlutdeild hvers skips í heildarafla hvernar tegundar á framangreindu átta mánaða tímabili á árinu 1991 skal vera föst aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund deilt með hlutfalli átta mánaða heildarveiða af tegundinni skv. 1. másl. 3. mgr. en margfaldað með hlutfalli átta mánaða veiða flokksins skv. 2. másl. 3. mgr.

Ráðherra skal með hliðstæðum hætti ákveða heildarafla af úthafsækju á fyrstu átta mánuðum ársins 1991 og hlutdeild einstakra skipa í honum.

### IV.

Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Aflahlutdeild á svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpuskelfiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.

### V.

Oheimilt er að framselja aflahlutdeild skips skv. 6. mgr. 11. gr. án þess að skip hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggja samþykki þeirra aðila sem sammingsveð áttu í skipinu er lög þessi koma til framkvæmda.

### VI.

Sjávarútvegsráðherra skal þegar eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd er kanni hvort og þá með hvaða hætti mögulegt sé að koma við vigtun hérlendis á afla sem fluttur er óunninn úr landi. Nefnd þessi skal skipuð fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu, auk formanns er ráðherra skipar. Skal hún skila tillögum sínum eigi síðar en hálfu ári eftir gildistöku laga þessara.

### VII.

Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmstu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athuginin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga. Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

## VIII.

Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram endurskoðun á lögum um upptöku ólöglegs sjávaraflla, nr. 32 19. maí 1976, og leggja frumvarp að nýrri löggjöf um það efni fyrir Alþingi haustið 1990. Skal sú endurskoðun m.a. beinast að því að aðskilja eftirlit og úrskurðarvald.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

## L Ö G

## um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapinn.

## 2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Landssambands íslenskra útvegs- manna, Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu hagsmunasamtaka í fiskiðnaði og þrjár án tilnefningar. Sjávarútvegsráðherra skipar formann sjóðstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu fulltrúa í stjórn skipar ráðherra hann án tilnefningar.

## 3. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða. Sjávarútvegsráðherra tekur ákvörðun um deildaskiptingu sjóðsins samkvæmt tillögum sjóðstjórnar.

## 4. gr.

Greitt skal í Verðjöfnunarsjóð þegar markaðsverð afurða í hverri deild er að meðaltali 3–5% hærra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm árin og skal innborgunin vera 50% af því sem umfram er. Sjóðstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Verðjöfnun skal miðast við útflutning og greiðslur innheimtar við gjaldeyrisskil, þó ekki síðar en fjórum mánuðum eftir að útflutningur átti sér stað. Sjóðstjórninni er þó heimilt að veita lengri greiðslufrest standi sérstaklega á. Greiðslur skulu renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda.

## 5. gr.

Greiða skal af verðjöfnunarreikningum sjóðsins þegar markaðsverð er að meðaltali 3–5% lægra en staðvirt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm ára og skal útgreiðsla vera 50% af því sem á vantar. Sjóðstjórn ákveður fyrir hverja deild hvar 3–5% verðbilið er hverju sinni. Greiðslur skulu þó aldrei vera umfram það fé sem er inni á viðkomandi verðjöfnunarreikningi. Verðjöfnun skal miðast við útflutning. Greiðslur eru gjaldkræfar við gjaldeyrisskil.

## 6. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal ákveða mánaðarlega fyrir fram, að fenginni tillögu sjóðstjórnar, það hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við. Breytist það hlutfall ekki innan mánaðarins enda þótt breyting verði á því markaðsverði sem lá til grundvallar ákvörðuninni, sbr. 4. og 5. gr. Lánastofnanir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins skv. 4. gr.

## 7. gr.

Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljast eign hans en eru bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði. Sé félagi, sem á reikning í sjóðnum, slitið og það sameinað öðru félagi með þeim hætti að ákvæðum 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, sé fullnægt skal það félag, er við tekur, taka við rétti til verðjöfnunar af sérreikningi þess félags sem slitið var. Sé rekstur einstaklings, sem greitt hefur í sjóðinn, seldur er heimilt að kveða svo á að innstæða á verðjöfnunarreikningi fylgi með í sölnunni. Með sama hætti getur innstæða á nafni einstaklings flust yfir á félag sem myndað kann að vera um rekstur hans. Látist einstaklingur, sem greitt hefur í sjóðinn, taka erfingjar hans við öllum réttindum sem hinn látni hafði áunnið sér gagnvart sjóðnum uppfylli þeir ákvæði laga þessara, nema um skuldafrágöngubú sé að ræða.

Verði framleiðandi gjaldþrota eða sé félagi slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á verðjöfnunarreikningi þess renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við ef framleiðandi hefur ekki í sex ár framleitt sjávarafurðir til útflutnings.

## 8. gr.

Greiðslur framleiðenda inn á verðjöfnunarreikninga hjá Verðjöfnunarsjóði skulu koma til lækkunar á tekjum þeirra á því ári sem framleiðsla á sér stað. Útgreiðslur af verðjöfnunarreikningum til framleiðenda skulu færðar til tekna á því ári sem framleiðsla á sér stað.

## 9. gr.

Skylt er framleiðendum og útflytjendum sjávarafurða ásamt flutningafyrirtækjum og lánastofnunum að veita Verðjöfnunarsjóði allar þær upplýsingar sem hann kann að leita eftir um söluverð, söluskilmála, tegundir, pakkningar, vinnslustig afurða og annað það sem máli skiptir.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð verði verulegur aflabrestur.

Fari samanlagðar innstæður einstakra deilda umfram 30% af verðmæti útfluttra afurða viðkomandi tegundar síðasta almanaksár er stjórninni heimilt að lækka inngreiðslur eða fella þær niður um tiltekinn tíma.

Stjórn sjóðsins er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr., að ákveða að verðjöfnun fyrir óunnar botnfiskafurðir taki mið af verðjöfnun botnfiskafurða er undir aðrar deildir falla.

## 11. gr.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins. Hún ræður starfsfólk til að annast daglegan rekstur hans eða semur um það við fjármálastofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.

Kostnaður af rekstri Verðjöfnunarsjóðs skal greiddur af óskiptum reikningi sjóðsins. Sé rekstrarkostnaður meiri en nemur innstæðu á óskiptum reikningi sjóðsins skal honum skipt hlutfallslega niður á verðjöfnunarreikninga sjóðsins.

Innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins skulu ávaxtaðar á tryggan og hagkvæman hátt í erlendum gjaldeyri.

## 12. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

## 13. gr.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 72 21. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, og lög nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkissjóður skal taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Innstæður deilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast skv. ákvæðum 5. gr. þessara laga skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðum hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þessar greiðslur skulu þó bundnar við afurðir þeirrar deildar í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem átti innstæðuna. Þegar innstæðan á einhverjum þessara reikninga er orðin minni en svarar til 0,2% af útflutningsverðmæti viðkomandi tegundar síðasta almanaksár skal afgangurinn renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og frekari útgreiðslur fara eftir ákvæðum 5. gr. laganna.

Innstæða á stofnfjárreikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skal renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

# LÖG

## um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins og hafi það tvíþætta hlutverk að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð og koma til aðstoðar byggðarlögum er standa höllum fæti vegna breytinga á útgerðarháttum.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn kaupa fiskiskip sem kunna að vera til sölu á hverjum tíma og selja þau úr landi eða eyða þeim og ráðstafa veiðiheimildum sem honum eru framseldar eða úthlutað er til hans. Þá er sjóðnum heimilt að veita styrki til úreldingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal koma til aðstoðar í einstökum byggðarlögum með því að efla vinnslu sjávarfangs á þeim stöðum þar sem straumhvörf hafa orðið í atvinnulífi vegna sölu fiskiskipa. Í þessu skyni getur sjóðurinn framselt tímabundið veiðiheimildir enda verði aflanum landað til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

#### 2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar fimm menn í stjórn Hagræðingarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn eftir sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskveiðasjóðs Íslands, einn eftir tilnefningu Byggðastofnunar, en einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðstjórnar.

Nýti einhver tilnefningaraðila ekki rétt sinn til tilnefningar stjórnarmanns eða náist ekki samkomulag um sameiginlega tilnefningu skipar ráðherra stjórnarmann í hans stað. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og getur í 1. mgr.

#### 3. gr.

Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eignar hins eldra Úreldingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

#### 4. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu árlega greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið nema 800 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 240.000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldldagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingsrjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingsrjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingsrjóðsgjaldi.

Hagræðingsrjóðsgjald skv. 1. mgr. er grunn gjald. Ráðherra er heimilt að hækka gjald þetta allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við byggingarvísitölu í janúar 1990, þ.e. 159,6 stig.

#### 5. gr.

Hagræðingsrjóði skal árlega úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á næstliðnu fiskveiðidári vegna álags á aflamark við útflutning á önnum fiski, sbr. 7. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir þessar skulu þó aldrei vera meiri en 12.000 þorskígildistonn árlega miðað við verðmætahlutföll er ráðherra ákveður. Skal allt að helmingi þessara aflaheimilda varið til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum er höllum fæti standa, sbr. 9. gr., en að öðru leyti skulu aflaheimildir þessar framseldar skv. ákvæðum 8. gr. til að standa undir kaupum á skipum til úreldingar.

#### 6. gr.

Stjórn Hagræðingsrjóðs er heimilt árlega að taka lán vegna skipakaupa að fjárhæð allt að 80% af áætluðu samanlögðu kaupverði skipa á árinu eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lána þessara.

Noti stjórn Hagræðingsrjóðs heimild 1. mgr. að fullu, eða hluta, til yfirtöku áhvílandi lána á fiskiskipi við kaup ber ríkissjóður sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu eftirstöðva þeirra eftir að veði hefur verið fargað eða það selt úr landi. Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1976, að tryggja lán með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt þessari málsgrein í stað 1. veðréttar í skipi.

#### 7. gr.

Við kaup á skipum til úreldingar skal stjórn sjóðsins miða við að fiskiskipastóllinn þróist þannig að fiskstofnarnir séu nýttir með sem hagkvæmustum hætti, m.a. með tilliti til aldersdreifingar afla og aflameðferðar um borð.

Aflaheimildir þeirra skipa, sem sjóðurinn kaupir, falla ekki niður þótt þeim skipum, sem þær höfðu, sé fargað. Flytjast þær til sjóðsins er ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum laga þessara að teknu tilliti til ákvæða laga um stjórn fiskveiða á hverjum tíma.

Aldrei skal Hagræðingsrjóður þó fá ráðstöfunarrétt umfram 5% af heildaraflaheimildum af botnfiski eða 5% af heildaraflaheimildum af einstökum tegundum sérveiða. Hafi hlutdeild sjóðsins náð framangreindu hámarki skulu aflaheimildir þeirra skipa, sem úrelt eru, bætast hlutfallslega við aflaheimildir þeirra fiskiskipa sem viðkomandi veiðar stunda frá upphafi næsta árs eða næstu vertíðar. Hafi botnfiskheimildir sjóðsins náð fyrrgreindu hámarki skulu botnfiskveiðiheimildir úreltra báta þó eingöngu dreifast hlutfallslega á bátafлотann og heimildir úreltra togara með sama hætti eingöngu á togarafлотann. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að lækka hámark þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar samkvæmt þessari málsgrein.



Styrkir vegna úreldingar skipa, sbr. lokamálslið 1. gr., mega aldrei nema meira en  $\frac{1}{10}$  hluta húftryggingarverðs skips. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úreldingarstyrki samkvæmt þessari málsgrein.

## 8. gr.

Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs eða veiðitímabils gefa þeim skipum, er tiltekna veiðar stunda, kost á að fá framseldar til sín gegn endurgjaldi heimildir til þeirra veiða, sem sjóðurinn hefur forræði á, í hlutfalli við veiðiheimildir hvers skips. Skal endurgjaldið miðað við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari málsgrein nær til.

Þær veiðiheimildir, sem forkaupsréttur er ekki nýttur á skv. 1. mgr., skal sjóðstjórn framselja hæstbjóðanda samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Sama gildir um framsal aflaheimilda á því fiskveiðiári eða veiðitímabili sem fiskiskip er keypt.

Stjórn sjóðsins getur við kaup á fiskiskipi samið svo um að seljandi njóti forkaupsréttar á aflaheimildum í tiltekinn tíma eftir kaupun gegn endurgjaldi er miðist við almennt gangverð á sams konar aflaheimildum að mati sjóðstjórnar. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki meðan svo er ástatt.

## 9. gr.

Sjóðurinn veitir aðstoð sína til eflingar vinnslu sjávarfangs í byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja veiðiheimildir sem honum hafa verið úthlutaðar í því skyni skv. 5. gr. Aflaheimildirnar skulu framseldar gegn því skilyrði að aflanum verði landað til vinnslu í því byggðarlagi sem aðstoð hefur verið samþykkt við. Skal sveitarstjórn í viðkomandi byggðarlagi eiga ráðstöfunarrétt að veiðiheimildum þessum gegn endurgjaldi skv. 1. mgr. 8. gr. Neyti sveitarstjórn ekki ráðstöfunarréttar síns skulu veiðiheimildir framseldar til skipa og gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. Þá um endurgjald fyrir veiðiheimildir þessar eftir því sem við á. Fáist ekki skip til veiðanna með þeim skilmálum getur stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki ráðherra, ákveðið lægra endurgjald eða fallið frá endurgjaldi standi sérstaklega á. Forkaupsréttarákvæði 1. mgr. 8. gr. gildir ekki um framsal veiðiheimilda samkvæmt þessari málsgrein.

Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags þannig að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa og byggðaröskun sé yfirvofandi. Sjóðstjórn skal taka ákvörðun um aðstoð að fengnu samþykki Bygðastofnunar.

Þær aflaheimildir skv. 1. mgr., sem ekki verða nýttar á viðkomandi fiskveiðiári til aðstoðar skv. ákvæðum þessarar greinar, skulu framseldar skv. ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

## 10. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald og rekstur Hagræðingarsjóðs eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Hagræðingarsjóðs.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Hagræðingarsjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

## 11. gr.

Hagræðingarsjóður fiskiskipa skal undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

## 12. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um Hagræðingarsjóð fiskiskipa með reglugerð.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991. Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 37 11. maí 1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Gjald skv. 4. gr. skal lagt á í fyrsta skipti fyrir árið 1991.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Fyrir fyrstu átta mánuði ársins 1991 skal Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins úthlutað þeim aflaheimildum sem ekki nýttust á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámak á útflutningi á óunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Aflaheimildir þessar skulu þó ekki vera meiri en sem nemur 8.000 þorskígildistonnum. Um ráðstöfun þessara heimilda fer eftir 5. og 9. gr. laganna.

**II.**

Sjávarútvegsráðherra skal fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

**LÖG****um Búnaðarmálasjóð.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Greiða skal gjald af vöru og leigusölu í landbúnaði sem rennur í sérstakan sjóð er nefnist Búnaðarmálasjóður. Gjald þetta, sem nefnt er búnaðarmálasjóðasgjald, skal reikna sem hlutfall af þeirri upphæð sem framleiðendum er greidd á hverjum tíma.

## 2. gr.

Gjaldskyld vöru- og leigusala skiptist á eftirfarandi hátt:

A. Greiða skal allt að 0,75% gjald af:

- a. alifuglarækt,
- b. svínarækt.

B. Greiða skal allt að 1,5% gjald af:

- a. nautgripaafurðum,
- b. sauðfjárafurðum,
- c. afurðum hrossa,
- d. garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar,

e. loðdýraafurðum.

f. Með reglugerð skal ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald af sölu útfluttra lífgrípa, skógarafurðum, hlunnindum, hestaleigu, annarri leigu, þjónustu eða söluvöru í landbúnaði.

### 3. gr.

Búnaðarmálasjóðsgjald það, sem um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim sem kaupa eða taka við vörum frá framleiðendum sem milliliður að smásöluþreifingu og dregst við útborgun afurðaverðs frá því sem framleiðandanum er greitt. Þeir framleiðendur, sem selja vöru sína án milliliða til neytenda eða til smásöluadila, skulu standa skil á gjaldinu. Sá hluti búnaðarmálasjóðsgjalds er rennur til Stéttarsambands bænda og búgreinafélaga skal ekki teljast til framleiðslukostnaðar við opinbera verðákvörðun.

Skylt er viðskiptaaðilum og framleiðendum, sem greiðsluskyldir eru hverju sinni fyrir gjaldi þessu, að gefa innheimtuadila skýrslu um móttækið vörumagn og verð fyrir það til framleiðanda svo sem reglugerð mælir fyrir um.

### 4. gr.

Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt er skv. 1. gr. og A- og B-liðum 2. gr., skal skipt þannig:

	Greiðsla af A-flokki skv. 2. gr.	Greiðsla af B-flokki skv. 2. gr.
Til Stéttarsambands bænda . . . . .	0,100%	0,250%
Til búnaðarsambanda . . . . .	0,250%	0,500%
Til búgreinafélaga . . . . .	0,075%	0,075%
Til Búnaðarfélags Íslands . . . . .	0,025%	0,075%
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins . . . . .	0,100%	0,200%
Til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sbr. lög nr. 32/1979 . . . . .	0,200%	0,400%

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fenginni beiðni frá Stéttarsambandi bænda fyrir hönd búgreinafélags að fella niður eða endurgreiða gjald til félagsins að hluta eða öllu leyti. Óski búgreinafélags að nýta sér þessa heimild skal um það tekin ákvörðun á aðalfundi þess og skal hún hafa borist landbúnaðarráðherra eigi síðar en 1. september ár hvert.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fenginni beiðni frá Stéttarsambandi bænda að fella niður innheimtu á gjaldi til forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum vegna einstakra búgreina enda falli þá niður réttur búgreinarinnar til forfallaþjónustu.

### 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað búgreinafélagi annarra greina en sauðfjár- og nautgriparæktar að innheimta allt að 1,0% gjald í stað 0,075% skv. 4. gr., enda liggi fyrir meirihlutasamþykkt viðkomandi búgreinafélags og samþykki Stéttarsambands bænda. Ákvörðun þessi gildi til eins árs í senn.

### 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga um Bjargráðasjóð, nr. 51 27. maí 1972, getur stjórn Bjargráðasjóðs undanþegið framleiðsluvörur einstakra búgreina greiðsluskyldu að hluta eða öllu leyti. Komi fram beiðni um slíkt frá Stéttarsambandi bænda er stjórninni skylt að verða við því.

## 7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað er lög þessi varðar, að fengnum tillögum Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem annast innheimtu gjaldsins.

Gjald þetta má taka lögtaki.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1990. Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði:

- a. Lög um búnaðarmálasjóð, nr. 40 7. maí 1982.
- b. 2. tölul. 4. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 16. apríl 1971, sbr. breytingu með lögum nr. 41/1982.
- c. XII. kafli laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 46 16. apríl 1971.
- d. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32 29. maí 1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

## I.

Vegna þeirra breytinga, sem verða á tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins með lögum þessum, skulu verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins, eins og þau eru skilgreind í XII. kafla laga nr. 45/1971, önnur en þau sem um getur í a-lið 67. gr., færast frá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Skulu þjónustuverkefni færast til Búnaðarfélags Íslands en rannsóknaverkefni til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, eftir því sem við getur átt.

## II.

Par til fram hefur farið endurskoðun á lögum nr. 32/1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skal yfirstjórn forfallaþjónustunnar falin þriggja manna stjórn. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Stéttarsambandi bænda og einn af búnaðarsamböndunum sameiginlega.

## III.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal Stofnlánadeild landbúnaðarins halda tekjum eins og orðið hefðu að óbreyttum lögum til 30. nóvember 1990. Skal Búnaðarmálasjóður því greiða Stofnlánadeild þær tekjur sem ella hefðu runnið þangað mánuðina september, október og nóvember 1990.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur J. Sigfússon.*

**L Ö G****um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 89. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfélag getur veitt Lánasjóði sveitarfélaga tryggingar í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum. Eigi má sveitarfélag veðsetja öðrum tekjur sínar né heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess. Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um tryggingar sjóðsins í tekjum sveitarfélaga.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júní 1990.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 1990

16. maí 1990

73

Nr. 43

## LÖG

### um Lánasýslu ríkisins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Lánasýsla ríkisins skal fyrir hönd fjármálaráðherra fara með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir.

Lánasýsla ríkisins heyrir undir fjármálaráðherra. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

##### 2. gr.

Í störfum sínum skal Lánasýsla ríkisins stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Halda erlendum og innlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki.
2. Dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkisins á sem hagkvæmastan hátt.
3. Draga úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána.
4. Efla markað fyrir ríkisverðbréf á innlendum fjármagnsmarkaði með kynningu og þjónustu.
5. Efla lánstraust íslenska ríkisins á erlendum lánsfjármörkuðum og bæta þannig lánskjör þjóðarinnar erlendis.

##### 3. gr.

Starfsemi Lánasýslu ríkisins skiptist í þrjú megin svið:

1. Ábyrgða- og endurlánamál, en starfrækja skal Ríkisábyrgðasjóð sem deild við Lánasýslu ríkisins.
2. Sölu og innlausn innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs og ríkisvixla. Í þessu skyni er Lánasýsla ríkisins heimilt að starfrækja þjónustumiðstöð fyrir kaupendur innlendra markaðsverðbréfa ríkissjóðs og ríkisvixla.
3. Erlend lánamál.

##### 4. gr.

Heimilt er að lántökur Lánasýslu ríkisins í nafni ríkissjóðs og endurlán færist á reikninga hennar.

Lánasýsla ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, kröfum og skuldbindingum Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt lögum nr. 49/1962 eins og þær standa þegar lög þessi öðlast gildi.

Lánasýsla ríkisins skal fyrir hönd ríkissjóðs greiða kröfur sem á hann falla vegna ríkisábyrgða og lána sem ríkissjóður hefur tekið og endurlánað og eignast hún þær framkröfur sem myndast með þeim hætti.

## 5. gr.

Lánasýsla ríkisins semur fyrir hönd ríkissjóðs um lán, endurlánar fé og veitir ábyrgðir samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra innan heimilda sem Alþingi veitir hverju sinni.

Lánasýslu ríkisins er heimilt í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð.

## 6. gr.

Lánasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er Lánasýslu ríkisins heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endurgreiðslu áður tekinn erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán.

Lánasýslu ríkisins er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að selja ríkisvixla á innlendum markaði til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvixla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi hans í Seðlabankanum.

Enn fremur er Lánasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að breyta gjaldmiðlum og/eða vaxtakjörum á erlendum lánnum með sérstökum samningum, enda felist ekki nýjar lántökur í slíkum breytingum.

Fjármálaráðherra skal árlega upplýsa Alþingi um notkun þessara heimilda.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

## 7. gr.

Lánasýsla ríkisins skal hafa eftirlit með lántökum aðila sem ríkisábyrgðar njóta á skuldbindingum sínum og vera ráðgefandi um skuldstýringu þeirra.

Skylt er þeim aðilum, er hyggjast taka lán erlendis og ríkisábyrgðar njóta á erlendum skuldbindingum, að kynna þau áform sín fyrir Lánasýslu ríkisins og leita eftir fyrir fram samþykki á þeim kjörum og skilmálum sem þeir hyggjast semja um.

## 8. gr.

Forseti Íslands skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins samkvæmt tillögu fjármálaráðherra. Forstjóri stjórnar rekstri Lánasýslu ríkisins og ræður henni starfsfólk.

## 9. gr.

Heimilt er að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd erlendra lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem Lánasýslu ríkisins eru falin eftir því sem hagkvæmt þykir.

## 10. gr.

Kostnað af starfsemi Lánasýslu ríkisins skal greiða með eftirfarandi tekjum:

1. Lántökugjöldum og vaxtamun endurlána.
  2. Áhættugjaldi skv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.
  3. Umboðslaunum af seldum ríkisverðbréfum.
  4. Framlögum sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni eftir því sem Lánasýsla ríkisins þarf á að halda vegna greiðslna sem á hana kunna að falla umfram tekjur og endurgreiddar framkröfur.
  5. Ýmsum tekjum sem tengjast starfsemi Lánasýslu ríkisins.
- Verði hagnaður af starfsemi Lánasýslu ríkisins skal hann renna í ríkissjóð.

## 11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og starfsemi Lánasýslu ríkisins má setja með reglugerð.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 49/1962, um Ríkisábyrgðasjóð, og 2. gr. laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**L Ö G**

**um að leggja Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins niður og ráðstafa eignum hans til lagmetisframleiðenda og samtaka þeirra.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Starfsemi Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skal lögð niður miðað við 31. desember 1990 og skulu þá falla úr gildi lög nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.

## 2. gr.

Eignum Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skal ráðstafað þannig:

- a. Þróunarsjóður lagmetis greiði Sölusamtökum lagmetis 50 milljóna króna styrk við gildistöku laga þessara.
- b. Eignarhlutur sjóðsins í fasteigninni að Síðumúla 37, Reykjavík, verði seldur og andvirði eignarinnar varið til að styrkja Sölusamtök lagmetis og lagmetisframleiðendur utan Sölusamtakanna.
- c. Tekjum sjóðsins á árinu 1990 skal varið til styrkja, hlutfjárframlaga og lána í samræmi við tilgang hans.
- d. Hlutablef, lausafé og skuldabréfaeign sjóðsins 31. desember 1990 skulu renna í Iðnlána-sjóð og mynda sérstakan sjóð innan vöruþróunar- og markaðsdeildar er nýttur skal til vöruþróunar og markaðsmála á sviði lagmetis. Heimilt skal að breyta útlánum í hlutfé í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu einstakra fyrirtækja.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Sigurðsson.*



# LÖG

## um veltengingu um utanverðan Hvalfjörð.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela hlutafélagi, sem stofnað yrði í því skyni, að annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við veltengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur um tiltekinn tíma.

2. gr.

Nánari ákvæði um gerð, rekstur, tilhögun mannvirkja, gjaldtökutíma og önnur atriði, sem þurfa þykir, skulu vera í samningi sem samgönguráðherra gerir við framkvæmdaaðila. Slíkur samningur öðlast ekki gildi fyrir en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis.

3. gr.

Til að bera kostnað af framkvæmdum og rekstri samkvæmt lögum þessum skal hlutafélagi skv. 1. gr. heimilt að taka umferðargjald af veltengingu um utanverðan Hvalfjörð enda liggja fyrir samningar við samgönguráðherra um verkefnið og rétt til gjaldtökkunar.

4. gr.

Vegagerð ríkisins skal hafa eftirlit með að gerð og rekstur mannvirkja samkvæmt lögum þessum sé á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins skal hún gefa veghaldara fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar útbætur innan hæfilegs frests.

5. gr.

Þegar veltengingu um utanverðan Hvalfjörð er lokið skal vegurinn teljast til þjóðvega samkvæmt ákvæðum vegalaga með þeim undantekningum sem lög þessi ákveða. Ef samkomulag næst ekki um kaup á landi og efni sem þörf verður á vegna framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast Vegagerð ríkisins eignarnám samkvæmt X. kafla vegalaga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur J. Sigfússon.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 1990

---

8. maí 1990

77

Nr. 46

## LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 7. desember 1989 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

#### 2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 111/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sbr. lög nr. 8/1977 og 87/1981.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR

**milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum.**

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórn Færeyja og landsstjórn Grænlands og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem æskja þess að gera samning um aðstoð í skattamálum, sem gera sér ljóst að því er Færeyjar og Grænland varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfstjórnarvaldsvið Færeyja og Grænlands, jafnvel í samskiptum við útlönd, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að veita hvert öðru aðstoð í skattamálum samkvæmt samningi þessum varðandi:

- birtingu skjala,
- rannsóknir í skattamálum, svo sem öflun framtala eða annarra upplýsinga og skipti á upplýsingum bæði án sérstakrar beiðni og samkvæmt beiðni hverju sinni,
- afhengingu framtalseyðublaða og annarra skatteyðublaða,

- d) aðgerðir til að koma í veg fyrir að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir í fleiri en einu aðildarríki,
- e) skattgreiðslur,
- f) yfirfærslu á sköttum, svo og
- g) innheimtu skatta og ráðstafana til tryggingar á skattkröfum.

## 2. gr.

1. Gildandi skattar, sem samningur þessi tekur til, eru:

## a) Í Danmörku:

- 1. tekjuskattur til ríkisins;
- 2. tekjuútsvar til sveitarfélaga;
- 3. tekjuútsvar til amta;
- 4. sérstakur tekjuskattur;
- 5. kirkjuskattur;
- 6. ágóðahlutaskattur;
- 7. vaxtaskattur;
- 8. skattur af þóknunum;
- 9. skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (kulbrinteskatteloven);
- 10. eignarskattur til ríkisins; og
- 11. sjómannaskattur;

## b) Í Færeyjum:

- 1. skattur í landssjóð;
- 2. útsvar til sveitarfélaga;
- 3. kirkjuskattur;
- 4. ágóðahlutaskattur; og
- 5. skattur af þóknunum;

## c) Á Grænlandi:

- 1. landsskattur;
- 2. sérstakur landsskattur;
- 3. útsvar til sveitarfélaga;
- 4. ágóðahlutaskattur;
- 5. skattur til sveitarfélagasamtaka; og
- 6. skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (kulbrinteskatteloven);

## d) Í Finnlandi:

- 1. tekju- og eignarskattur til ríkisins;
- 2. útsvar til sveitarfélaga;
- 3. kirkjuskattur; og
- 4. afdráttarskattur;

## e) Á Íslandi:

- 1. tekjuskattur til ríkisins;
- 2. útsvar til sveitarfélaga; og
- 3. eignarskattur til ríkisins;

## f) Í Noregi:

- 1. tekju- og eignarskattur til ríkisins;
- 2. tekju- og eignarútsvar til sveitarfélaga;
- 3. tekjuskattur til fylkjanna;
- 4. tekjuskattur til skattjöfnunarsjóðs;
- 5. skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna (petroleumskatteloven);
- 6. gjald til ríkisins af þóknun til erlendra listamanna; og
- 7. sjómannaskattur;

## g) Í Svíþjóð:

1. tekjuskattur til ríkisins, þar með talinn sjómannaskattur og afdráttarskattur af arðmiðum;
2. gjald lagt á þá sem koma fram í atvinnuskyni til að skemmta almenningi (bevillingsavgiften för vissa offentliga föreställningar);
3. skattur á óúthlutaðan ágóða félaga (ersättningsskatten);
4. skattur á úthlutaða eignarhlutdeild í félögum (utskifningsskatten);
5. skattur til að fjármagna launþegasjóði (vinstdelningsskatten);
6. tekjuútsvar til sveitarfélaga; og
7. eignarskattur til ríkisins;

## h) Í öllum aðildarríkjunum:

1. erfða- og gjafaskattur;
  2. skattur af vélknúnum ökutækjum, að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.;
  3. virðisaukaskattur og annar almennur söluskattur að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.;
  4. „punktskattar“ að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.; og
  5. almannatryggingagjöld og önnur opinber gjöld, að því leyti sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.
2. Með skatti er jafnframt átt við fyrirframgreiðslu þeirra skatta og gjalda sem staflíðir a) -

## g) í 1. tl. taka til.

3. Samningurinn tekur einnig til allra skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir eru á eftir undirritun samningsins og koma sem viðbót við eða í staðinn fyrir gildandi skatta.

## 3. gr.

Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi nema annað leiði af samhenginu:

a) hugtakið „aðildarríki“ merkir Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð; við beitingu samnings þessa tekur hugtakið einnig til hinna sjálfstjórnandi þjóðfélaga Færeyja og Grænlands innan danska ríkisins;

b) „bær stjórnvöld“ merkir:

- |                 |                               |
|-----------------|-------------------------------|
| 1. í Danmörku:  | Skattaráðuneytið,             |
| 2. í Færeyjum:  | Niðurjöfnunarráð Færeyja,     |
| 3. á Grænlandi: | Skattastofnunin,              |
| 4. í Finnlandi: | Fjármálaráðuneytið,           |
| 5. á Íslandi:   | Fjármálaráðuneytið,           |
| 6. í Noregi:    | Fjármála- og tollaráðuneytið, |
| 7. í Svíþjóð:   | Fjármálaráðuneytið,           |

eða þau stjórnvöld í þessum aðildarríkjunum sem falið hefur verið að annast um málefni varðandi samning þennan í stað framangreindra stjórnvalda;

c) „norrænn tvísköttunarsamningur“ merkir samninginn frá 12. september 1989 milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir og samninginn frá 12. september 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á arf og gjafir og samsvarandi samninga milli Norðurlanda sem eru gerðir eftir undirritun núverandi samninga við hlið eða í staðinn fyrir þessa samninga.

## 4. gr.

1. Aðildarríki er skylt að veita aðstoð samkvæmt 1. gr. í öllum þeim skattamálum og við allar þær skattkröfur sem fram hafa komið í öðru aðildarríki í samræmi við löggjöf þess og varða þá skatta og gjöld sem 2. gr. tekur til.

2. Aðstoðin getur ekki aðeins tekið til aðgerða gegn skattgreiðandanum, heldur einnig gegn öðrum sem samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem beiðni er beint til eru skyldir til að veita skattyfirvöldum aðstoð.

3. Beiðni um aðstoð má því aðeins setja fram að eigi sé unnt að grípa til hinna umbeðnu aðgerða í eigin ríki án verulegra erfiðleika og að það aðildarríki, sem beiðnina ber fram, geti samkvæmt löggjöf sinni veitt sambærilega aðstoð ef það aðildarríki er aðstoðar er beiðt fer fram á slíkt.

4. Bær stjórnvöld ríkjanna annast beiðnir um aðstoð og bréfaskipti milli aðildarríkjanna samkvæmt samningi þessum.

#### 5. gr.

1. Beiðnir og önnur skjöl í málum varðandi aðstoð skulu vera samin á dönsku, norsku eða sænsku, en ella skal fylgja þeim þýðing á eitthvert þessara tungumála. Í málum, sem varða birtingu, á þetta þó aðeins við um sjálfa birtingarbeiðnina.

2. Í beiðni um aðstoð skal tilgreina það stjórnvald sem upphaflega hefur beiðt um aðstoðina, enn fremur nafn, stöðu eða titil, heimilisfang, fæðingardag og -ár og heimilissveit, svo og, ef unnt er, vinnustað og dvalarstað þess aðila sem málið varðar. Í beiðninni skal enn fremur geta annarra atriða sem orðið geta til leiðbeiningar við að ségreina þennan aðila.

#### 6. gr.

1. Heimilt er að synja beiðni um aðstoð ef það aðildarríki sem aðstoðar er beiðt hjá telur hana munu stríða gegn almannahagsmunum sínum.

2. Þegar álítaefni um beitingu ákvæðis í norrænum tvísköttunarsamningi hefur verið lagt fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki sem beiðt hefur verið um aðstoð, getur það aðildarríki, eftir samráð við það aðildarríki sem beiðt hefur um aðstoðina, frestað afgreiðslu beiðnarinnar um aðstoð við innheimtu skatta.

#### 7. gr.

1. Ef ekki er orðið við beiðni um aðstoð skal tafarlaust tilkynna því aðildarríki sem bað um hana um þá ákvörðun og rökstuðning fyrir henni.

2. Ef aðstoð er veitt skal það aðildarríki sem aðstoðar var beiðt í skýra hinu aðildarríkinu frá árangri af aðstoðinni jafnskjött og audið er.

3. Í tilkynningu samkvæmt þessari grein skal einnig skýra frá öðrum þeim atriðum sem haft geta þýðingu við áframhaldandi aðgerðir í skattamálinu.

#### 8. gr.

Skjal sem er gefið út eða staðfest af dómstóli eða framkvæmdarvaldshafa í einu aðildarríki þarf ekki að löggilda til þess að nota megi það í skattamáli á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Hið sama gildir um skjal sem undirritað hefur verið af starfsmanni dómstólsins eða stjórnvaldsins ef slíkt undirskrift er nægileg samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem dómstóllinn eða stjórnvaldið er í.

### **Birting skjala.**

#### 9. gr.

1. Birting samkvæmt samningi þessum skal fara fram á þann hátt sem tíðkast um svipaða birtingu samkvæmt löggjöf eða framkvæmdavenju í því aðildarríki þar sem birtingar er óskað. Í beiðni um birtingu skjals skal stuttlega greina frá efni skjalsins.

2. Birting getur farið fram á ákveðinn hátt að ósk þess aðildarríkis sem biður um birtingu ef sá háttur samrýmist löggjöf þess aðildarríkis þar sem birting á að fara fram.

3. Sem sönnun um birtingu skal gilda annaðhvort dagsett og vottfest viðurkenning þess, sem birt var fyrir, eða vottorð frá viðkomandi stjórnvaldi í því aðildarríki, þar sem birtingar var óskað, er greinir frá hætti birtingar og hvenær hún fór fram.

**Öflun upplýsinga o.fl.**

## 10. gr.

1. Öflun upplýsinga skal fara fram í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis sem beiðni er beint til.

2. Hafna má beiðni um öflun upplýsinga ef viðskipta-, framleiðslu- eða atvinnuleyndar-máli yrði ljóstráð upp ef orðið væri við beiðninni.

## 11. gr.

1. Bært stjórnvald í aðildarríki skal, að svo miklu leyti sem unnt er á grundvelli aðgengilegra upplýsinga er varða eftirlit eða hliðstæðra upplýsinga, jafnskjótt og verða má eftir hver áramót og án sérstakrar beiðni afhenda bæru stjórnvaldi í hverju hinna aðildarríkja upplýsingar um þá menn, sem eru búsettir þar, eða löggjafar, sem eiga þar heimili, varðandi:

- a) arðgreiðslur frá hlutafélögum eða hliðstæðum löggjafarum,
- b) vexti af skuldabréfum og öðrum slíkum verðbréfum,
- c) innstæður í bönkum, sparisjóðum og hliðstæðum stofnunum, svo og vexti af slíkum innstæðum,
- d) eignarhald á fasteign,
- e) hvers konar þóknunir og tímabilsgreiðslur fyrir notkun á höfundarétti, einkaleyfi, mynstri, vörumerki eða öðrum slíkum réttindum eða eignum,
- f) vinnulaun, þóknunir, elli- og eftirlaun og lífeyri,
- g) skadabætur, tryggingabætur og aðrar slíkar bætur sem fengist hafa í tengslum við atvinnurekstur, svo og
- h) aðrar tekjur eða eignir, að svo miklu leyti sem samkomulag verður um samkvæmt 20. gr.

2. Bæru stjórnvaldi í aðildarríki ber að studla að því að upplýsingar, er fram koma við rannsóknir í því aðildarríki varðandi sköttunarmálefni, og sem ætla má að annað aðildarríki hafi hagsmuni af að fá vitneskju um, verði án tafar veittar bærum stjórnvöldum í síðastnefnda aðildarríkinu.

3. Ef fram kemur í því aðildarríki, sem fengið hefur upplýsingar, að þær eru ekki í samræmi við raunveruleg málsatvik, skal bært stjórnvald í þessu aðildarríki skýra bæru stjórnvaldi í því aðildarríki, sem veitti upplýsingarnar, frá aðstæðum á videigandi hátt.

4. Þegar maður, búsettur í einu aðildarríkja, hefur andast og hefur látið eftir sig fasteign í öðru aðildarríki eða eignir í atvinnurekstri þar, skal bært stjórnvald í fyrirnefnda aðildarríkinu, jafnskjótt og það hefur fengið vitneskju um málavexti, tilkynna það bæru stjórnvaldi í síðarnefnda aðildarríkinu.

## 12. gr.

1. Tvö eða fleiri aðildarríki geta að beiðni eins þeirra borið saman ráð sín með það markmið í huga að ákveða hvaða mál skuli sæta skatranssókn er fari fram hjá þeim samtímis og verklagsreglur í því sambandi. Sérhvert aðildarríkja sem málið snertir getur ákveðið hvort það óski að taka þátt í tiltekinni skatranssókn er fari fram samtímis í aðildarríkjunum.

2. Með skatranssókn samtímis í 1. tl. er átt við samkomulag tveggja eða fleiri aðildarríkja um að hvert þeirra rannsaki samtímis á sínu landsvæði skatthagi einhvers þegns, þar sem aðildarríkin hafa sameiginlegra eða samtengdra hagsmuna að gæta, með það í huga að skiptast á öllum upplýsingum sem máli skipta og fram koma við rannsóknina.

## 13. gr.

1. Í skattamáli, er mikla þýðingu hefur fyrir aðildarríki, geta fulltrúar stjórnvalda í því aðildarríki, eftir beiðni frá bæru stjórnvaldi í því aðildarríki, fengið leyfi til að vera viðstaddir rannsókn í því máli skattamáli í öðru aðildarríki. Um slíka beiðni skal fjallað af bæru

stjórnvaldi í síðarnefnda aðildarríkinu, sem án tafar skýrir bæru stjórnvaldi í fyrrnefnda aðildarríkinu frá ákvörðun sinni. Sé fallist á beiðnina skal tekinn fram í tilkynningunni tími og staður fyrir rannsóknina ásamt öðrum upplýsingum sem telja verður nauðsynlegar fyrir það bæra stjórnvald er bar fram beiðnina.

2. Fulltrúar þeir, er um getur í 1. tl., geta ekki tekið ákvörðun um atriði er varða rannsóknina en geta komið með tillögur um slík atriði til þeirra stjórnvalda eða opinberra starfsmanna sem falið hefur verið að framkvæma rannsóknina. Ákvörðun um slíkar tillögur skal tekin af stjórnvaldinu eða hinum opinbera starfsmanni.

3. Með upplýsingar, er fram koma við rannsóknina, skal farið sem trúnaðarmál og þær má ekki birta öðrum einstaklingum eða stjórnvöldum, þar á meðal starfsmönnum við dómstóla og öðrum dómsýsluþingvöldum, en þeim er fara með álagningu, greiðslu eða innheimtu á sköttum sem þessi samningur fjallar um eða úrskurða um kærur eða atriði er varða ákæru í sambandi við slík mál.

4. Sé beiðni samkvæmt 1. tl. hafnað eiga ákvæði 1. tl. 7. gr. við.

### **Innheimta skatta.**

#### 14. gr.

1. Úrskurð í skattamáli, sem samkvæmt löggjöf eins af aðildarríkjunum er aðfararhæfur í því aðildarríki, skal viðurkenna aðfararhæfan í öðru aðildarríki.

2. Úr álitafnum, sem snerta tímamörk eftir að ekki er lengur unnt að veita skattkröfu fullnustu, skal leyst samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem beiðni bar fram.

3. Innheimtuadgerðir, sem aðildarríkið sem beiðni er framkvæmir að beiðni annars aðildarríkis og sem samkvæmt löggjöf hins fyrrnefnda mundu fresta eða rjúfa tímamörk þau sem nefnd eru í 2. tl., skulu einnig hafa sömu áhrif samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis er bar beiðnina fram. Aðildarríkið sem beiðni er beint til skal tilkynna aðildarríkinu, sem bar beiðnina fram, um aðgerðirnar.

4. Það stjórnvald sem á fyrsta stigi ber fram beiðni um innheimtu skal staðfesta í beiðninni að úrskurðurinn sé aðfararhæfur, og tilgreina það tímamark þegar réttur til að innheimta skattinn að öllu eða nokkru leyti fellur niður sökum fyrningar. Stjórnvald sem greint er í 3. gr. skal staðfesta að ofangreint stjórnvald sé valdbært.

#### 15. gr.

Hafi hinn skattskyldi eða annar sem um getur í 2. tl. 4. gr. látist, má eigi innheimta hærri fjárhæð en eignum dánarbúsins nemur. Hafi búi verið skipt, má ekki innheimta hjá erfingjum eða öðrum sem hlotið hafa eignir vegna andlátsins hærri fjárhæð en svarar til verðmætis eignarhlutans á þeim tíma sem hlutadeigandi fékk hann.

#### 16. gr.

1. Við innheimtu skatta samkvæmt samningi þessum gildir ekki í því aðildarríki, þar sem aðstodar er beiðst, sá sérstaki forgangsréttur sem þar kann að gilda um skatta þess aðila.

2. Í málum varðandi innheimtu á skatti samkvæmt samningi þessum er eigi heimilt að hefja undirbúningsaðgerðir að málsókn fyrir öðrum dómstóli en stjórnsýsludómstóli eða krefjast gjaldþrotaskipta í því aðildarríki, þar sem innheimtu er óskað, nema bært stjórnvald í því aðildarríki hafi, að beiðni bærst stjórnvalds í því aðildarríki sem setti fram beiðnina, gefið skýlaust samþykki til slíkra aðgerða.

#### 17. gr.

1. Fari svo, áður en máli um innheimtu á skatti samkvæmt samningi þessum er lokið, að réttur til að innheimta skattinn falli að öllu eða nokkru leyti niður samkvæmt löggjöf í því aðildarríki sem setti fram beiðnina, vegna greiðslu, lækunar eða niðurfellingar skattálagningar, ívilunar eða af öðrum ástæðum, þá skal bært stjórnvald í því aðildarríki tilkynna bæru stjórnvaldi í hinu aðildarríkinu þar um jafnskjótt og auðið er.

2. Ákvæðum þessarar greinar skal beitt á sama hátt þegar veittur hefur verið greiðslu-frestur á skattinum.

18. gr.

Þegar innheimta samkvæmt samningi þessum hefur átt sér stað í aðildarríki og innheimt fé hefur borist innheimtustjórnvaldi þessa aðildarríkis, er það aðildarríki ábyrgt fyrir hinu innheimta fé gagnvart því aðildarríki sem beiðst hafði innheimtu.

### **Ráðstafanir til tryggingar greiðslu á skattkröfum.**

19. gr.

1. Ráðstafanir til tryggingar greiðslu á skattkröfum samkvæmt samningi þessum skulu gerðar í samræmi við löggjöf eða stjórnýsluvenju í því aðildarríki þar sem tryggingarráðstafa-na er óskað. Slíkar tryggingarráðstafanir geta farið fram, þótt fjárhæð kröfunnar sé ekki ákveðin.

2. Falli skattkrafa niður að öllu eða nokkru leyti, eftir að aðgerðir til tryggingar kröfunni samkvæmt þessum samningi hafa verið gerðar, skal bært stjórnvald í því aðildarríki, sem beiðnina bar fram, tilkynna bæru stjórnvaldi í hinu aðildarríkinu þar um jafnskjótt og auðið er.

3. Ákvæði 14.-18. gr. skulu gilda á sama hátt, eftir því sem við getur átt, um ráðstafanir til tryggingar greiðslu á skattkröfu samkvæmt þessum samningi.

### **Sérstök ákvæði.**

20. gr.

1. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta gert samkomulag um framkvæmd ákvæða þessa samnings. Þau geta einuk gert með sér samkomulag um skipti á upplýsingum samkvæmt staflíð h) í 1. tl. 11. gr., um lágmarksfjárhæðir sem æskja má innheimtu á, um aðstoð varðandi skatta og gjöld samkvæmt liðum 2, 3, 4 og 5 í staflíð h) í 1. tl. 2. gr., um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að staðgreiðslusköttum sé haldið eftir í fleiri en einu aðildarríki, um skattgreiðslur eða um yfirfærslu skatta, enn fremur um vexti, málskostnað, féviti og aðrar þess háttar greiðslur sem á eru lagðar við skattálagningu eða innheimtu, um ákvörðun á gengi við umreikning á fjárhæðum sem innheimta á, svo og um reikningsskil á innheimtufé.

2. Rísi erfiðleikar eða vafaatriði milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða framkvæmd þessa samnings, skulu bær stjórnvöld í þessum aðildarríkjunum eiga með sér viðræður í því skyni að freista þess að leysa málið með sérstöku samkomulagi. Niðurstöður slíkra viðræðna skal tilkynna bærum stjórnvöldum í hinum aðildarríkjunum jafnskjótt og auðið er.

3. Telji bær stjórnvöld í einu aðildarríkinu að viðræður um túlkun eða framkvæmd þessa samnings þurfi að fara fram milli bærra stjórnvalda í öllum aðildarríkjunum, skulu slíkar viðræður fara fram samkvæmt ósk þess aðildarríkis.

4. Ef beiðni um aðstoð við innheimtu á skattkröfu snertir tekjur, sem skattlagðar eru í öðru aðildarríki en því sem biður um aðstoðina, og ekki er fjallað um slíka tvísköttun í samningi til að komast hjá tvísköttun, getur bært stjórnvald í því aðildarríki, sem óskað var aðstodar hjá, tekið málið upp við bært stjórnvald í því aðildarríki, sem bar beiðnina fram, í því skyni að koma með gagnkvæmum samningi í veg fyrir að tekjurnar séu tvískattaðar. Fram til þess tíma að slíkur samningur verði gerður má fresta innheimtu á skattkröfunni.

21. gr.

Að því er varðar fyrirspurnir, upplýsingar, yfirlýsingar og aðrar tilkynningar, sem berast til einhvers aðildarríkis samkvæmt þessum samningi, gilda ákvæði löggjafar þess aðildarríkis um þagnarskyldu og skjálaleynd.



## 22. gr.

Fyrir aðstoð samkvæmt samningi þessum er aðildarríki, sem aðstoðar beiðist, aðeins skyldugt að greiða kostnað sem leitt hefur af beiðninni fyrir hitt aðildarríkið vegna málsóknar fyrir öðrum dómstólum en stjórnarsýsludómstólum eða vegna gjaldþrotaskiptameðferðar.

## 23. gr.

Þessi samningur tekur ekki til Svalbarða eða Jan Mayen eða norskra landsvæða utan Evrópu.

## 24. gr.

1. Þessi samningur öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem samningurinn tekur gildi.

2. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi skal ákvæðum hans beitt um mál sem borist hafa eftir gildistöku til bærs stjórnvalds í því aðildarríki sem beiðni er beint til.

3. Samningurinn sem Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð gerðu með sér 9. nóvember 1972 með síðari breytingum um aðstoð í skattamálum skal falla úr gildi og verður í síðasta skipti beitt um mál sem borist hafa bæru stjórnvaldi í því aðildarríki, sem beiðni er beint til, áður en þessi samningur gengur í gildi.

4. Þessi samningur takmarkar ekki og takmarkast ekki af samningi sem gerður var 18. október 1979 milli dönsku ríkisstjórnarinnar og landsstjórnar Grænlands til að komast hjá tvísköttun o.fl. og samkomulagi skv. 20. gr. í fylgiskjólum með þeim samningi.

5. Þessi samningur takmarkar ekki og takmarkast ekki af aðstoðarákvæðum í samningi sem gerður var 12. ágúst 1986 milli dönsku ríkisstjórnarinnar og landsstjórnar Færeyja til að komast hjá tvísköttun o.fl.

## 25. gr.

Aðildarríki getur í síðasta lagi hinn 30. júní á almanaksári sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til danska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku slíkrar tilkynningar og efni hennar. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt fellur samningurinn úr gildi við lok almanaksársins í samskiptum milli þess aðildarríkis sem sagt hefur honum upp og annarra aðildarríkja.

Frumrit þessa samnings skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu, er latur öðrum aðildarríkjum í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 7. desember 1989 í einu eintaki á dönsku, færeysku, grænlenku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 47. 16. apríl 1971, um náttúruvernd, lögum nr. 20 30. apríl 1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og ýmsum öðrum lögum er varða yfirstjórn umhverfismála.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 7. gr. laga nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd, sbr. lög nr. 29 10. maí 1989, bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Ráðið skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Getur ráðið falið gróðurverndunarnefndum slíkt eftirlit.

Ráðið skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, ákveðið friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar skv. 5. og 6. mgr.

#### 2. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2., 6., 9. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr., 32., 33., 35. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47 16. apríl 1971, komi: umhverfisráðuneyti, og í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 6. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

#### 3. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 36 2. maí 1974, komi: umhverfisráðuneyti.

#### 4. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. og í 3. mgr. 17. gr. laga um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957, komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 2. og 3. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr. og í 1. mgr. 21. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneyti.

#### 5. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. og 2. mgr. 7. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33 26. apríl 1966, komi: umhverfisráðuneyti.

#### 6. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. og 7. gr. laga um eyðingu svartbaks, nr. 50 18. maí 1965, komi: umhverfisráðuneytis.

#### 7. gr.

1. gr. laga um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957, orðist svo:

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða eyðingu refa og minka. Skipar umhverfisráðherra veiðistjóra er hafa skal sérmenntun á sviði náttúrufræði sem nýtist honum í starfi. Kostnaður við embætti veiðistjóra greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er ráðherra að fela veiðistjóra önnur störf er miða að stjórn á stærð villtra dýrastofna.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“ í 9. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

Í stað orðanna „stjórnar Búnaðarfélags Íslands“ í 11. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytis.

Brott falli síðari málsgrein 13. gr. sömu laga.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneytið“ í 1. mgr. 14. gr. sömu laga komi: umhverfisráðuneytið.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðuneyti“ í síðari málsgrein 15. gr. sömu laga: umhverfisráðuneyti.

#### 8. gr.

Fyrri mgr. 4. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, annarra en mengunarvarnamála sem heyra undir umhverfisráðherra.

Í stað orðanna „heilbrigðisráðherra staðfestir“ í 3. mgr. 5. gr. sömu laga komi: heilbrigðisráðherra að því er varðar 2. gr. og umhverfisráðherra að því er varðar 3. gr. staðfesta.

#### 9. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. og 4. mgr. 4. gr., 4. mgr. 6. gr., 4. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr., 9. gr., 1., 4. og 5. mgr. 10. gr., 12. gr., 19. gr., 22. gr., 1., 3. og 4. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 5. og 6. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32 5. maí 1986, komi: umhverfisráðherra.

#### 10. gr.

Í stað orðanna „ráðherra siglingamála“ í 4. gr. laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14 4. apríl 1979, komi: ráðherra umhverfismála.

#### 11. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. gr. laga um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20 21. apríl 1972, komi: umhverfisráðherra.

#### 12. gr.

Við 1. gr. laga um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986, bætist: Umhverfisráðherra fer þó með yfirstjórn mála er falla undir 7. tölul. 2. gr. laga þessara.

#### 13. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, komi: umhverfisráðherra.

#### 14. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 1. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, komi: umhverfisráðuneytið.

#### 15. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 3. mgr. 1. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr. og í 2. mgr. 6. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 7. og 8. mgr. 8. gr., 2. mgr. 12. gr. og í 1. mgr. 32. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

#### 16. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30 7. júní 1985, komi: umhverfisráðherra.

## 17. gr.

Í stað orðsins „samgönguráðuneyti“ í 1. gr. og 3. mgr. 9. gr. laga um Landmælingar Íslands, nr. 31 7. júní 1985, komi: umhverfisráðuneyti.

Í stað orðsins „samgönguráðherra“ í 3. mgr. 9. gr. sömu laga komi: umhverfisráðherra.

## 18. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 1. gr. laga um almennar náttúruvísni- og náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48 18. maí 1965, komi: umhverfisráðherra.

## 19. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins.

## 20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó öðlast 14. og 15. gr. ekki gildi fyrir en 1. janúar 1991.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Umhverfisráðherra skal á næsta haustþingi leggja fram frumvarp til laga um umhverfisvernd og umhverfisverndarstofnun. Í því skal m.a. ákveðið skipulag mengunar- og geislavarna á landi, í lofti og sjó.
2. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., starfa óbreytt þar til lög um þær stofnanir hafa verið endurskoðuð.
3. Fyrir 1. nóvember 1990 skal forsætisráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp eða frumvörp til laga sem feli í sér niðurstöðu endurskoðunar á þeim lögum sem upp eru talin hér á eftir. Þar verði jafnframt ákveðin nánar einstök verkefni og stofnanir umhverfisráðuneytis sem eftirtalin lög fjalla um:
  - 3.1. Lög um Landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, og Skógrækt ríkisins, nr. 3/1955, með síðari breytingum.
  - 3.2. Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, og lög um Geislavarnir ríkisins, nr. 117/1985.
  - 3.3. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning gegn mengun sjávar af völdum olíu, nr. 14/1979.
  - 3.4. Lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Leyfi skv. 1. gr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Veita má umsækjanda, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr., leyfi til að kalla sig félagsráðgjafa og stunda félagsráðgjöf hér á landi. Leita skal umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands áður en leyfi samkvæmt þessari málsgrein er veitt. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands getur sett sem skilyrði að viðkomandi sanni kunnáttu í íslenskum lögum og reglum er varða störf félagsráðgjafa hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli.

#### 2. gr.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein sem verður 4. gr. og orðast svo:

Félagsráðgjafi má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan félagsráðgjafar hafi hann fengið til þess leyfi heilbrigðisráðherra.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum félagsráðgjafar.

#### 3. gr.

4. gr. laganna verður 5. gr. og 5. gr. laganna verður 6. gr.

Á eftir 6. gr. (var 5. gr. laganna) komi ný grein, 7. gr., sem orðast svo:

Félagsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða félagsráðgjöf.

Félagsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri félagsráðgjöf sem þeir veita.

#### 4. gr.

Í 6. gr. laganna, sem verður 8. gr., breytist tilvísun í læknalög þannig að hún verði læknalög, nr. 53/1988.

#### 5. gr.

7. gr. laganna verður 9. gr. og 8. gr. laganna verður 10. gr.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál laga nr. 41/1975 og gefa lögin út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

### um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefnist það borgarráð.

2. gr.

4. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Í sveitarstjórnnum, sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands og að fenginni umsögn heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda.

2. gr.

Fyrirsögnin í staflið G í III. kafla laganna verði:

*Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.*

## 3. gr.

16. gr. hljóði svo:

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða lækni sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár sem færðar eru fyrir gildistöku þessara laga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsfólki, skal ekki sýna nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Nú telur lækni að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár og skal lækni þá án tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlækni skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengnum tillögum landlækni og Læknafélags Íslands.

## 4. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:

Verði lækni í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:

Hljótist skaði af læknisverki skal lækni sá sem verkið vann eða yfirlækni tilkynna það til landlækni.

c. Við greinina bætist við ný mgr. er orðist svo:

Ráðherra setur reglur um meðferð landlækni á málum skv. 2. og 3. mgr.

## 5. gr.

26. gr. hljóði svo:

Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Heilbrigðisráðherra getur þó, að fenginni umsókn viðkomandi lækni og samkvæmt meðmælum landlækni, veitt undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

**LÖG****um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. laganna (verkefni sveitarfélaga) bætist nýr liður svohljóðandi: varnir gegn slysum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jóhanna Sigurðardóttir.***LÖG****um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á framangreindum aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

Fyrri mgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskóli er tíu ára skóli.

3. gr.

Síðari másl. 4. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutadeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 6–10 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.



## 4. gr.

1. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er nemendum 8. til 10. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

## 5. gr.

B-liður 2. mgr. 41. gr. laganna orðist þannig:

b. í 4.–10. bekk í 7 1/2 mánuð.

## 6. gr.

2. másl. 1. mgr. 42. gr. laganna orðist svo: Í 8.–10. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta og skal þar við það miðað að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki en fimmtungi hans að lágmarki.

## 7. gr.

2. mgr. 44. gr. laganna orðist þannig:

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

- a. í 1. bekk, 880 mínútur;
- b. í 2. bekk, 880 mínútur;
- c. í 3. bekk, 960 mínútur;
- d. í 4. bekk, 1080 mínútur;
- e. í 5. bekk, 1280 mínútur;
- f. í 6. bekk, 1360 mínútur;
- g. í 7. bekk, 1400 mínútur;
- h. í 8. bekk, 1140–1480 mínútur;
- i. í 9. bekk, 1440–1480 mínútur;
- j. í 10. bekk, 1440–1480 mínútur.

## 8. gr.

48. gr. laganna, sbr. 17. gr. laga nr. 43/1984, orðist þannig:

Í 8.–10. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekk skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólafirvöld.

Til þess að 9.–10. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

## 9. gr.

49. gr. laganna orðist þannig:

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári sem það verður sex ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu ef skólahverfi heldur vorskóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki að barn, sem náð hefur fimm ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári eða að barn, sem ekki verður sex ára fyrir 1. júlí, fresti námi um eitt ár getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sálfræðideildar, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um að barn, sem nær fimm ára aldri á síðari hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla og getur þá skólastjóri heimilað þetta ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á níu árum með góðum árangri og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 9. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 10. bekkjar.

## 10. gr.

2. másl. 59. gr. laganna orðist svo:

Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 9.–10. bekk svo og úrslit prófa, þar á meðal samræmdra lokaprófa.

## 11. gr.

1. mgr. 60. gr. laganna orðist þannig:

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga skv. 57. eða 58. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. til 3. bekk þrjá daga, í 4. bekk fimm daga, í 5., 6. og 7. bekk sex daga, í 8., 9. og 10. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

## 12. gr.

1. og 2. mgr. 61. gr. laganna orðist þannig:

Menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 10. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 8. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði.

## 13. gr.

1. másl. 1. mgr. 74. gr. laganna orðist þannig: Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 5 ára börn enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan búnað skólans.

## 14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 76. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðist svo:

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma sem ákveðinn er í 44. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 6.–10. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

b. 7. mgr. orðist svo:

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 4.–10. bekk sem reiknað er með hér að framan eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**L Ö G****um breyting á sjómanna­lögum, nr. 35/1985.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 74. gr. orðist svo: Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 1. mgr. 80. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema skipstjóri eða útgerðarmaður krefjist þess.

2. gr.

81. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur J. Sigfússon.***L Ö G****um innflutning dýra.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

*Búfé:* Hvers konar dýr sem haldin eru og alin í þeim tilgangi að hafa af þeim gagn og nytjar.

*Búfjárræktarnefnd:* Nefnd skv. 5. gr. laga um búfjárrækt, nr. 84 30. maí 1989.

*Dýr:* Öll lifandi landdýr, bæði hryggdýr, hryggleysingjar og lagardýr sem lifa að hluta eða öllu leyti í fersku vatni.

*Einangrunarstöð:* Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, fugla og fiska.

*Erfðaefni:* Hvers kyns efni sem geymir erfðaeiginleika dýra, svo sem fósturvísir (frjóvgað egg eða fóstur á frumstigi), egg eða sæði.

*Sóttvarndýralæknir:* Yfirmaður sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

*Sóttvarnastöð:* Staður þar sem dýr og erfðaefni eru geymd meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.

*Umsjónardýralæknir:* Hver sá dýralæknir sem hefur verið skipaður til eftirlits vegna innflutnings samkvæmt lögum þessum.

## 2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaeftni þeirra.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaeftnis, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

Dýrum, sem flutt eru inn án heimildar, skal tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo að eigi stafi hætta af. Eggjum, sæði eða fósturvísnum skal á sama hátt eytt, svo og dýrum, sem sædd kunna að hafa verið eða notuð sem fósturmæður, og afkvæmum sem kunna að hafa fæðst eftir slíkan ólöglegan innflutning.

## 3. gr.

Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaeftnis skal hann skila rökstuddu álitum um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

Þegar óskað er heimildar til innflutnings á búfé skal ráðherra skipa nefnd þriggja dýralækna yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal einn þeirra tilnefndur af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, annar af yfirdýralækni og sá þriðji skipaður án tilnefningar.

## 4. gr.

Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaeftni þess er veitt skal ráðherra leita álits búfjárræktarnefndar í viðkomandi búgrein og skal hún meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal nefndin gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi.

Nefndin getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsundur fyrir meðmælum með umsókninni.

## 5. gr.

Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Náttúruverndarráðs.

## 6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal annast og bera ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimiladur kann að verða samkvæmt lögum þessum. Á sama hátt annast það framræktun kynja sem inn verða flutt, en landbúnaðarráðherra er þó heimilt að fela hana einstökum búgreinasamtökum eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi búfjárræktarnefnd með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tímamörkum.

## 7. gr.

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaeftni samkvæmt lögum þessum skal vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð á hentugum stað. Öll aðstaða til einangrunar og sóttvarna skal fullnægja þeim kröfum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

## 8. gr.

Þegar dýr eða erfðaeftni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sædisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá

viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati yfirdýralæknis. Landbúnaðarráðherra skal setja reglur samkvæmt tillögum yfirdýralæknis um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

9. gr.

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðæfni á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Sóttvarnardýralæknir skal vera dýralæknir er hafi sérstaka þekkingu og þjálfun í eggjaflutningi og sæðingum búfjár. Sóttvarnardýralækni er óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, reglugerð um allt er veit að rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva og öryggi gagnvart hugsanlegri sýkingarhættu frá þeim, þar á meðal ströng ákvæði um mannaferðir, meðferð áburðar, hvers konar úrgangs og afurða frá stöðvunum. Starfsmenn við slíkar stöðvar skulu fá sérstök erindisbréf og skal sóttvarnardýralæknir ábyrgur fyrir því að öryggisreglum sé fylgt.

10. gr.

Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðæfni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð.

Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdóm- ar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðæfnis getur yfirdýralæknir heimilað að dýr eða erfðæfni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.

11. gr.

Hreinræktun innfluttra kynja og blöndun þeirra við innlent búfé skal vera undir stjórn viðkomandi búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt.

12. gr.

Íslensk dýr, sem tekin eru til blöndunar við innflutt búfjárkyn eða til að vera fósturmæður við innflutning á fósturvísnum, skulu valin af ráðunautum Búnaðarfélagss Íslands í viðkomandi búgrein og skal yfirdýralæknir eða fulltrúi hans ganga úr skugga um að þau séu eigi grunuð um eða haldin smitsjúkdómum. Ekki má hefja ræktun á íslensku búfjárkyni með innfluttu kyni fyrr en gengið hefur verið úr skugga um hvernig kynin blandast og að einblendingsrækt með íslenska kyninu fylgi ekki alvarlegir burðarferfiðleikar eða skapgerðargallar.

Gæta skal þess að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða svo á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur Búnaðarfélagss Íslands og/eða viðkomandi búfjárræktarnefnd ástæðu til.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgaðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum og fiska og erfðæfnis þeirra á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu búfjárræktarnefndar í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

## 14. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis, að víkja frá ákvæðum 10. gr. þessara laga og veita leyfi til þess að heimilisdýr, sem ekki eru af ætt hóf- og klaufdýra, séu flutt úr sóttvarnastöð. Slíkur flutningur skal ekki fara fram fyrr en dýrin hafa verið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að dýrin séu ekki haldin neinum smitsjúkdómum. Slíku leyfi mega fylgja ákvæði um að dýralæknir fylgist reglulega með heilsufari dýranna á kostnað eigenda svo lengi sem yfirdýralæknir telur slíkt nauðsynlegt.

## 15. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í sóttvarna- eða einangrunarstöð skal gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðæfnis þaðan. Rekstraraðili ber allan kostnað af slíkum aðgerðum og er skyldur að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis í einu og öllu.

Eigendum er skylt að hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis um eyðingu dýra í stöðvunum og eiga þeir ekki rétt á bótum fyrir dýr sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.

## 16. gr.

Heimilt er að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan sóttvarnastöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis. Sóttvarnardýralæknir skal halda nákvæma skrá um alla gripí sem koma í stöðina eða fæðast þar, svo og um sæði og fósturvísa sem þar eru tekin eða þaðan flutt og notkun þeirra. Við mælingar á gripum og skýrsluhald skal sóttvarnardýralæknir fara eftir fyrirmælum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

## 17. gr.

Nú telur yfirdýralæknir að tryggt sé orðið að með innflutningi Galloway-kyns til Hríseyjar hafi engir hættulegir sjúkdómar borist og getur hann þá heimilað að erfðæfnið verði flutt til lands. Ræktun kynsins í landi skal lúta ákvæðum laga um búfjárrækt.

## 18. gr.

Nú er ákveðið að leggja niður sóttvarnastöð sem starfrækt hefur verið og ekki þykir rétt að mati viðkomandi búfjárræktarnefndar að nota frekar það erfðæfni sem þar er geymt og skal þá eyða því svo að ekki stafi hættu af eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja að frá því stafi ekki sýkingarhætta. Gripí slíkrar stöðvar skal fella hafi ekki verið heimilað samkvæmt lögum þessum að flytja þá úr einangrun.

## 19. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs. Berist sjúkdómur í stöðina vegna vanrækslu varðar það þann sem vanrækslu hefur sýnt starfs- og stöðumissi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

Ef lifandi dýr, fósturvísar, egg eða annað erfðæfni dýra er flutt til landsins án heimildar, sbr. 2. gr., varðar það sektum fyrir eiganda, svo og fyrir skipstjóra eða flugstjóra á farartæki því sem dýrin eða erfðæfnið flutti ef ætla má að það sé flutt með hans vitund.

## 20. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands.

Um starfsemi sóttvarnastöðvar ríkisins í Hrísey fer samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, lög nr. 49 11. maí 1989, um breytingu á þeim lögum, 48.–52. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, svo og 3. gr. laga um loðdýrarækt, nr. 53 29. maí 1981.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur J. Sigfússon.*

## LÖG

**um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 71. gr. laganna.

a. 1. mgr. orðist svo:

Hver sá sem situr í sæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðast svo:

Börn yngri en 6 ára skulu nota bílbelti, barnabílstól, bílpúða, sem festur er með bílbelti, eða annan viðurkenndan öryggisbúnað. Bannað er að hafa börn laus í framsæti eða fyrir framan framsæti í akstri.

c. Við 4. mgr. greinarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi: Sama gildir um farþega í aftursæti leigubifreiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1990.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Óli P. Guðbjartsson.*

## LÖG

## um breytingu á lögum nr. 111/1989, fjárukalögum fyrir árið 1989.

## FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluppgjörðs ríkissjóðs 1989 verða eftirtaldar breytingar á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1989 frá 1. gr. laga nr. 111/1989, fjárukalaga fyrir árið 1989:

## Rekstrarreikningur

	Pús. kr.	Pús. kr.
Tekjur . . . . .		-132 170
Gjöld . . . . .		1 073 281
<b>Gjöld umfram tekjur . . . . .</b>		<b>1 205 451</b>
<b>Lánahreyfingar</b>		
Afborganir . . . . .		377 000
Afborganir af teknum lánum . . . . .	135 000	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum . . . . .	242 000	
Veitt lán . . . . .		907 000
Hluta- og stofnfjárframlög . . . . .		-70 000
Viðskiptareikningar . . . . .		71 000
Útstreymi umfram innstreymi . . . . .	71 000	
<b>Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs . . . . .</b>		<b>2 490 451</b>
Lántökur . . . . .		380 000
Innlend lán . . . . .	-973 000	
Erlendar lántökur . . . . .	1 353 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting . . . . .		2 110 451

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða frá því sem kveðið er á um gjöld skv. 2. gr. laga nr. 111/1989, fjárukalaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Pús. kr.	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins . . . . .	-10 097	
01 Forsætisráðuneyti . . . . .	5 557	
02 Menntamálaráðuneyti . . . . .	106 167	
03 Utanríkisráðuneyti . . . . .	12 867	



	Pús. kr.	Pús. kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti . . . . .	-7 739	
05 Sjávarútvegsráðuneyti . . . . .	90 946	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti . . . . .	159 304	
07 Félagsmálaráðuneyti . . . . .	-34 492	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . . .	208 132	
09 Fjármálaráðuneyti . . . . .	321 561	
10 Samgönguráðuneyti . . . . .	23 801	
11 Iðnaðarráðuneyti . . . . .	-49 574	
12 Viðskiptaráðuneyti . . . . .	70 068	
13 Hagstofa Íslands . . . . .	-1 883	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun . . . . .	178 663	

Samtals öll ráðuneyti

1 073 281

## 3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

**00 Æðsta stjórn ríkisins**

101 Embætti forseta Íslands . . . . .	5 685
202 Ríkisendurskoðun . . . . .	177
301 Ríkisstjórn . . . . .	4 284
401 Hæstiréttur . . . . .	1 529
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-21 772

Samtals ráðuneyti

-10 097

**01 Forsætisráðuneyti**

102 Þjóðhagsstofnun . . . . .	9
103 Stjórnarráðsbyggingar, ýmsar . . . . .	2 030
901 Húsameistari ríkisins . . . . .	85
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum . . . . .	646
999 Ýmis verkefni . . . . .	3 733
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-946

Samtals ráðuneyti

5 557

**02 Menntamálaráðuneyti**

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	389
202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum . . . . .	7 758
203 Raunvísindastofnun Háskólans . . . . .	6 410
207 Íslensk málstöð . . . . .	10
208 Örnefnastofnun . . . . .	9
231 Náttúrufræðistofnun Íslands . . . . .	3 093
232 Rannsóknaráð ríkisins . . . . .	419
233 Rannsóknasjóður . . . . .	109
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	18
301 Menntaskólinn í Reykjavík . . . . .	5 843

	Þús. kr.
302 Menntaskólinn á Akureyri . . . . .	1 474
303 Menntaskólinn á Laugarvatni . . . . .	1 182
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð . . . . .	15 195
306 Menntaskólinn á Ísafirði . . . . .	400
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum . . . . .	205
321 Kennaraháskóli Íslands . . . . .	16 074
322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands . . . . .	2 259
323 Rannsóknastofnun uppeldismála . . . . .	255
350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti . . . . .	38 844
351 Fjölbrautaskólinn í Ármúla . . . . .	1 732
352 Flensborgarskóli, fjölbraut . . . . .	3 101
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja . . . . .	169
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki . . . . .	1 344
357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi . . . . .	18 208
358 Verkmenntaskóli Austurlands . . . . .	1 059
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri . . . . .	8 239
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ . . . . .	6 918
362 Framhaldsskólinn á Húsavík . . . . .	4 580
423 Námsstjórn og þróunarverkefni . . . . .	1 692
501 Tækniskóli Íslands . . . . .	8 865
514 Iðnskólinn í Reykjavík . . . . .	1 429
516 Iðnskólinn í Hafnarfirði . . . . .	2 971
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands . . . . .	54
522 Nýi hjúkrunarskólinn . . . . .	1 998
523 Fósturskóli Íslands . . . . .	2 545
541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík . . . . .	5 359
544 Hússtjórnarskólinn Ísafirði . . . . .	1 816
551 Hússtjórnarskólinn Hallormstað . . . . .	8 194
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands . . . . .	8 356
562 Leiklistarskóli Íslands . . . . .	887
563 Tónlistarfræðsla . . . . .	2 000
571 Sjómannaskólahúsið . . . . .	53
580 Samvinnuskólinn . . . . .	9
601 Héraðsskólinn Reykholti . . . . .	24 639
602 Héraðsskólinn Núpi . . . . .	2 646
603 Héraðsskólinn Reykjanesi . . . . .	2 840
604 Héraðsskólinn Reykjum . . . . .	1 970
605 Alþýðuskólinn Eiðum . . . . .	8 223
606 Héraðsskólinn Skógum . . . . .	1 572
607 Héraðsskólinn Laugarvatni . . . . .	631
621 Skálholtsskóli . . . . .	38
700 Grunnskólar, Reykjavík . . . . .	7 536
703 Grunnskólar, Vesturlandi . . . . .	11 628
704 Grunnskólar, Vestfjörðum . . . . .	4 393
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra . . . . .	7 378
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra . . . . .	4 238
707 Grunnskólar, Austurlandi . . . . .	2
708 Grunnskólar, Suðurlandi . . . . .	2 265

	Þús. kr.	Þús. kr.
752 Öskjuhlíðarskóli . . . . .	541	
753 Þjálfunarskóli ríkisins, Bjarkarási . . . . .	117	
755 Þjálfunarskóli ríkisins, geðdeild, Dalbraut . . . . .	580	
757 Þjálfunarskóli ríkisins, Tjaldanesi . . . . .	2	
758 Þjálfunarskóli ríkisins, Sólborg, Akureyri . . . . .	192	
760 Dagvist þroskaheftra forskólabarna . . . . .	1	
802 Vernd barna og ungmenna . . . . .	2 604	
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins . . . . .	2 496	
806 Barnaverndarráð . . . . .	785	
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna . . . . .	1 393	
884 Jöfnun á námskostnaði . . . . .	1 317	
902 Þjóðminjasafn Íslands . . . . .	5 361	
906 Listasafn Einars Jónssonar . . . . .	1 385	
907 Listasafn Íslands . . . . .	803	
908 Kvikmyndasafn Íslands . . . . .	42	
931 Náttúruverndarráð . . . . .	1 219	
975 Vísindasjóður . . . . .	2	
976 Menningarsjóður, framlag . . . . .	497	
977 Þjóðarbókhlaða . . . . .	117	
982 Listir, framlög . . . . .	321	
984 Norræn samvinna . . . . .	732	
986 Íþróttasjóður . . . . .	260	
999 Ýmislegt . . . . .	5 323	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-191 446	

Samtals ráðuneyti

106 167

**03 Utanríkisráðuneyti**

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	3 721
102 Varnarmálaskrifstofa . . . . .	885
103 Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda . . . . .	4 398
301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu . . . . .	892
305 Sendiráð Íslands í Ósló . . . . .	803
306 Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO . . . . .	1 628
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi . . . . .	2 731
311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafs- bandalaginu . . . . .	928
390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi . . . . .	6 014
399 Ýmis utanríkismál . . . . .	454
401 Alþjóðastofnanir . . . . .	2 643
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-12 230

Samtals ráðuneyti

12 867

**04 Landbúnaðarráðuneyti**

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	1 883
172 Jarðasjóður . . . . .	740
201 Búnaðarfélag Íslands . . . . .	6
205 Veiðistjóri . . . . .	2 767
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins . . . . .	5 748
231 Skógrækt ríkisins . . . . .	3 762
232 Rannsóknastöð að Mógilsá . . . . .	646
235 Landgræðsla ríkisins . . . . .	10 056
242 Mat á landbúnaðarafurðum . . . . .	5 046
244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða . . . . .	1 301
247 Yfirdýralæknir . . . . .	1 614
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey . . . . .	1 679
299 Landbúnaðarmál, ýmis verkefni . . . . .	1 214
501 Bændaskólinn á Hvanneyri . . . . .	1 581
502 Bændaskólinn á Hólum . . . . .	1 045
503 Garðyrkjuskóli ríkisins . . . . .	2 496
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-49 323

Samtals ráðuneyti

-7 739

**05 Sjávarútvegsráðuneyti**

101 Sjávarútvegráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	947
201 Fiskifélag Íslands . . . . .	117
202 Hafrannsóknastofnun . . . . .	758
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins . . . . .	3 992
216 Ríkismat sjávarafurða . . . . .	734
280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla . . . . .	83 749
290 Veiðieftirlit . . . . .	684
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi . . . . .	56
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna . . . . .	205
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-296

Samtals ráðuneyti

90 946

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

103 Kosningar . . . . .	246
201 Hæstiréttur . . . . .	1 224
202 Ríkissaksóknari . . . . .	700
204 Borgarfógetinn í Reykjavík . . . . .	5 172
205 Sakadómur Reykjavíkur . . . . .	1 292
206 Lögreglustjórinn í Reykjavík . . . . .	33 222
209 Lögregluskóli ríkisins . . . . .	2 867
211 Sýslumenn og bæjarfógetar . . . . .	4 022
212 Bæjarfógeti Akranesi . . . . .	2 594
213 Sýslumaður Borgarnesi . . . . .	3 207
214 Sýslumaður og bæjarfógeti Stykkishólmi . . . . .	2 960
215 Sýslumaður Búðardal . . . . .	958

	Pús. kr.	Pús. kr.
216 Sýslumaður Patreksfirði . . . . .	2 100	
217 Bæjarfógeti Bolungarvík . . . . .	1 089	
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði . . . . .	4 542	
219 Sýslumaður Hólmavík . . . . .	63	
221 Sýslumaður Blönduósi . . . . .	1 763	
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki . . . . .	2 433	
223 Bæjarfógeti Siglufirði . . . . .	762	
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði . . . . .	320	
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri . . . . .	3 484	
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík . . . . .	4 514	
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði . . . . .	1 920	
228 Bæjarfógeti Neskaupstað . . . . .	1 480	
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði . . . . .	3 127	
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði . . . . .	730	
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal . . . . .	469	
232 Sýslumaður Hvolsvelli . . . . .	1 795	
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum . . . . .	19 832	
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi . . . . .	9 212	
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík . . . . .	7 304	
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði . . . . .	9 501	
237 Bæjarfógeti Kópavogi . . . . .	1 835	
240 Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu . . . . .	5 959	
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni . . . . .	7 643	
251 Landhelgisgæsla Íslands . . . . .	4 545	
253 Almannavarnir ríkisins . . . . .	817	
262 Löggildingarstofan . . . . .	8 800	
282 Ýmis löggæslukostnaður . . . . .	19 865	
302 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar . . . . .	914	
303 Prestaköll og prófastsdæmi . . . . .	4 409	
304 Ýmis kirkjuleg málefni . . . . .	1 911	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-32 298	

Samtals ráðuneyti

159 304

**07 Félagsmálaráðuneyti**

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík . . . . .	4 375
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi . . . . .	333
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi . . . . .	119
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra . . . . .	1 807
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra . . . . .	7 171
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi . . . . .	1 964
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi . . . . .	1 675
710 Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum . . . . .	3 220
719 Tjaldanesheimilið, Mosfellsbæ . . . . .	808
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ . . . . .	2 976
722 Sólheimar, Grímsnesi . . . . .	22
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins . . . . .	2 405
951 Brunamálastofnun ríkisins . . . . .	27

	Pús. kr.	Pús. kr.
953 Jafnréttisráð . . . . .	124	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-61 518	

Samtals ráðuneyti

-34 492

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	6 297
271 Tryggingastofnun ríkisins . . . . .	246 676
301 Landlæknir . . . . .	1 083
324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands . . . . .	100
350 Sjúkrahúsið Akranesi . . . . .	11
352 Sjúkrahúsið Patreksfirði . . . . .	9
353 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði . . . . .	11
355 Héraðshæli Austur-Húnavetninga, Blönduósi . . . . .	8
356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki . . . . .	11
357 Sjúkrahúsið Siglufirði . . . . .	9
359 Sjúkrahúsið Húsavík . . . . .	10
361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað . . . . .	5
363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum . . . . .	6
365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi . . . . .	5
366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum . . . . .	1
367 Sjúkrahúsið Keflavík . . . . .	2 280
368 Sólvangur, Hafnarfirði . . . . .	9
372 Borgarspítalinn . . . . .	26 541
373 St. Jósefsspítali, Landakoti . . . . .	9
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir . . . . .	18 274
385 Framkvæmdasjóður aldraðra . . . . .	7 411
391 Heilsugæslustöðvar . . . . .	8 956
393 Lyfjamál . . . . .	1 965
395 Lyfjaeftirlit ríkisins . . . . .	1 915
396 Lyfjanefnd . . . . .	2 127
397 Eiturefnanefnd . . . . .	812
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði . . . . .	4
401 St. Fransiskusarspítali, Stykkishólmi . . . . .	10
402 Sjúkrahús Hvammstanga . . . . .	9
403 Sjúkrahús Bolungarvíkur . . . . .	10
404 Sjúkraskýlið Hólmavík . . . . .	5
405 Sjúkraskýlið Þingeyri . . . . .	5
406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri . . . . .	2
407 Sundabúð II, Vopnafirði . . . . .	11
408 Sunnuhlíð, Kópavogi . . . . .	2
471 Gæsluvistarsjóður, framlag . . . . .	878
502 Þroskaþjálfaskóli Íslands . . . . .	2 583
505 Lyfjataëknaskóli Íslands . . . . .	1 380
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-121 308

Samtals ráðuneyti

208 132

**09 Fjármálaráðuneyti**

	Pús. kr.	Pús. kr.
101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti . . . . .	37	
102 Launaskrifstofa ríkisins . . . . .	224	
104 Ríkisfjárhirsla . . . . .	830	
202 Skattstofan í Reykjavík . . . . .	3 985	
204 Skattstofa Vestfjarða . . . . .	1 004	
205 Skattstofa Norðurlands vestra . . . . .	3	
206 Skattstofa Norðurlands eystra . . . . .	447	
207 Skattstofa Austurlands . . . . .	271	
208 Skattstofa Suðurlands . . . . .	79	
209 Skattstofa Vestmannaeyja . . . . .	799	
211 Skattstofa Reykjaness . . . . .	69	
212 Skattstofur, óskipt . . . . .	2 265	
214 Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd . . . . .	217	
251 Gjaldheimtan í Reykjavík . . . . .	27 044	
259 Gjaldheimta Suðurnesja . . . . .	1 081	
261 Ríkistollstjóri . . . . .	2 463	
262 Tollstjórinn í Reykjavík . . . . .	10 030	
381 Uppbætur á lífeyri . . . . .	3 136	
481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum . . . . .	61	
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins . . . . .	7	
971 Ríkisábyrgðasjóður . . . . .	80 214	
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs . . . . .	185 365	
989 Launa- og verðlagsmál . . . . .	5 257	
999 Ýmislegt . . . . .	3 375	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-6 702	

Samtals ráðuneyti

321 561

**10 Samgönguráðuneyti**

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	678
211 Vegagerð ríkisins . . . . .	608
331 Vita- og hafnamálaskrifstofan . . . . .	6 626
341 Siglingamálastofnun ríkisins . . . . .	1 966
471 Flugmálastjórn . . . . .	34 022
487 Arnarflug hf., aðstoð . . . . .	10 790
651 Ferðamálaráð . . . . .	5 686
656 Landmælingar Íslands . . . . .	2 414
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-38 989

Samtals ráðuneyti

23 801

	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>11 Iðnaðarráðuneyti</b>		
201 Iðntæknistofnun Íslands . . . . .	2 453	
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins . . . . .	1 421	
289 Jöfnunargjald . . . . .	17 176	
298 Kostnaður vegna samningaumleitana um nýtt álver . . . . .	4 922	
302 Rafmagnseftirlit ríkisins . . . . .	6 037	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-81 583	
	<hr/>	
Samtals ráðuneyti		-49 574
<b>12 Viðskiptaráðuneyti</b>		
201 Niðurgreiðslur á vöruverði . . . . .	73 833	
902 Verðlagsstofnun . . . . .	33	
903 Skráning hlutafélaga . . . . .	7 844	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-11 642	
	<hr/>	
Samtals ráðuneyti		70 068
<b>13 Hagstofa Íslands</b>		
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-1 883	
	<hr/>	
Samtals ráðuneyti		-1 883
<b>15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun</b>		
991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir . . . . .	188 268	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-9 605	
	<hr/>	
Samtals ráðuneyti		178 663

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*



# LÖG

## um flokkun og mat á gærum og ull.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Um flokkun, meðferð og sölumat á gærum.

###### 1. gr.

###### *Flokkun gæra.*

Allar gærun, sem selja á, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Skal flokkunin lögð til grundvallar útreikningi á verði gæranna til einstakra framleiðenda eftir því sem sundurliðun á verðlagsgrundvelli gefur tilefni til. Við flokkun gæra skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

###### 2. gr.

###### *Meðferð og sölumat gæra.*

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang, geymslu og afhendingu gæra. Við afhendingu skal tilgreina tölu og flokk saltaðra gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærun við móttöku þeirra í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Nánari ákvæði um meðferð, meðhöndlun og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

#### II. KAFLI

##### Um flokkun, meðferð og sölumat á ull.

###### 3. gr.

###### *Mat á óþveginni ull.*

Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

Framleiðendur ullar skulu skila ullinni í merktum umbúðum og er kaupanda eða umboðsaðila skylt að meta ullina sem fyrst eftir móttöku. Kaupanda er þó heimilt að meta ullina hjá framleiðanda. Framleiðanda skal send skýrsla um matið.

###### 4. gr.

###### *Mat á þveginni ull.*

Öll þvegin ull, sem selja á, skal metin af ullarmatsmönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar.

#### III. KAFLI

##### Um starfsmenn við gæru- og ullarmat.

###### 5. gr.

###### *Löggilding matsmanna gæra og ullar.*

Um löggildingun matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar (þar með taldar sútunarverksmiðjur) skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat samkvæmt lögum þessum. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.

Afurðastöðvum og öðrum, sem selja gærum og ull, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið.

6. gr.

*Yfirmat á gærum og ull.*

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gærumatsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Lands sambandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Landbúnaðarráðherra ræður eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar. Skal hann hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar, t.d. með því að hafa áður starfað að ullarmati.

Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlutverk nefndanna vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á gærum og ull og er matsmönnum skylt að hlíta mati í samræmi við fyrirmæli viðkomandi nefndar.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna, eftirlitsmanna skv. 3. mgr. og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

IV KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

7. gr.

*Kostnaður.*

Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda og eftirlitsmanns ullar greiðist úr ríkissjóði en kostnaður af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

8. gr.

*Refsiákvæði, gildistaka.*

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 21 21. apríl 1976, um flokkun og mat ullar, og lög nr. 22 10. maí 1976, um flokkun og mat á gærum.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur J. Sigfússon.*

## LÖG

### um launasjóð stórmeistara í skák.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Stofna skal Launasjóð íslenskra stórmeistara í skák. Fjárveiting til sjóðsins skal veitt í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1991 og samsvara árslaunum fimm háskólakennara (lektora).

Tilgangur sjóðsins er að skapa íslenskum stórmeisturum í skák fjárhagslegan grundvöll til að helga sig skáklistinni standi hugur þeirra til þess, sbr. og ákvæði 2. mgr. 3. gr.

Þeir, sem njóta launa úr sjóðnum, hafa kennslu- og fræðsluskyldu að gegna við Skákskóla Íslands sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

##### 2. gr.

Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum áætluð fjárveiting er jafngildi launum háskólakennara (lektora) til þeirra er njóta skulu launa úr sjóðnum, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1991.

##### 3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íslenskir skákmeistarar sem öðlast hafa alþjóðlegan titil stórmeistara og sýna skákstyrk sinn með því að ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á þriggja ára tímabili.

Ef ekki er kona í hópi stórmeistara skal veita laun hverju sinni a.m.k. einni konu er náð hefur afburðaárangri í skák ef slík umsókn um laun liggur fyrir.

Þeir, sem greiðslu hljóta úr sjóðnum, skulu settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs í senn eða ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

##### 4. gr.

Skákmeistarar, sem njóta launa úr sjóði þessum, skulu:

- a. sinna skákkennslu við Skákskóla Íslands eða fræðslu á vegum skólans, sbr. lög um Skákskóla Íslands,
- b. sinna rannsóknum á sviði skáklistar,
- c. tefla fyrir Íslands hönd á skákmótum heima og erlendis.

##### 5. gr.

Skákmeistarar, er þiggja laun skv. lögum þessum, teljast opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar með talin réttindi til aðildar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda uppfylli þeir að öðru leyti ákvæði 3. gr. laga nr. 29/1963, með síðari breytingum.

##### 6. gr.

Stjórn launasjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar tvo, og er annar þeirra formaður, en Skáksamband Íslands einn.

## 7. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir úr honum.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 51 29. maí 1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Til að standa straum af kostnaði við eftirlit með innflutningi plantna samkvæmt lögum þessum er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt eftirlitsgjald af öllum innfluttum plöntum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af tollverði vörunnar. Þó má eftirlitsgjaldið aldrei vera hærra en nemur 2% af tollverði vörunnar. Eftirlitsgjald þetta má taka lögtaki. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins. Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um eftirlitsgjald á útfluttar plöntur.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Steingrímur J. Sigfússon.*

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu,  
með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:  
5.16. Slysavarnir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

**LÖG****um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi  
á vinnustöðum, nr. 46/1980.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

59. gr. laganna orðist svo:  
Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 16 ára aldurs.  
Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga 16 og 17 ára.

## 2. gr.

60. gr. orðist svo:

Börn yngri en 14 ára má ekki ráða nema til létttra, hættulítilla starfa. Ekki má láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru, vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um hvað teljast létt, hættulítill störf, hættulegar vélar og hættulegar aðstæður, sbr. lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og að höfðu samráði við barnaverndarráð Íslands.

3. gr.

Í stað orðsins „unglinga“ í fyrri málsgrein 61. gr. komi: barna. Í stað orðsins „unglingar“ í síðari málsgrein greinarinnar komi: unglingar 16 og 17 ára.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Um skipan prestakalla og prófastsdæma.

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipa þannig:

#### I. Múlaprófastsdæmi.

- Skeggjastaðaprestakall:*  
Skeggjastaðasókn.  
Prestssetur: Skeggjastaðir.
- Hofsprestakall:*  
Vopnafjarðar- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Hof.
- Valþjófsstaðarprestakall:*  
Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir.  
Prestssetur: Valþjófsstaður.
- Eiðaprestakall:*  
Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.  
Prestssetur: Eiðar.

5. *Vallanessprestakall:*  
Egilsstaða-, Vallaness- og Þingmúlasóknir.  
Prestssetur: Egilsstaðir.
6. *Desjarmýrarprestakall:*  
Bakkagerðissókn.  
Prestssetur: Desjarmýri.
7. *Seyðisfjarðarprestakall:*  
Seyðisfjarðarsókn.  
Prestssetur: Seyðisfjörður.

## II. Austfjarðaprófastsdæmi.

1. *Norðfjarðarprestakall:*  
Norðfjarðar- og Brekkusóknir.  
Prestssetur: Neskaupstaður.
2. *Eskifjarðarprestakall:*  
Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Eskifjörður.
3. *Kolfreyjustaðarprestakall:*  
Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Kolfreyjustaður.
4. *Heydalaprestakall:*  
Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.  
Prestssetur: Heydalir.
5. *Djúpavogsprestakall:*  
Beruness-, Berufjarðar-, Djúpavogs- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Djúpivogur.

## III. Skaftafellsprófastsdæmi.

1. *Bjarnarnessprestakall:*  
Stafafells-, Bjarnaness- og Hafnarsóknir.  
Prestssetur: Höfn.
2. *Kálfafellsstaðarprestakall:*  
Brunnhóls-, Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Kálfafellsstaður.
3. *Kirkjubæjarklaustursprestakall:*  
Kálfafells- og Prestsbakkasóknir.  
Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
4. *Ásaprestakall:*  
Langholts-, Grafar- og Pykkvabæjarsóknir.  
Prestssetur: Ásar.

5. *Víkurprestakall:*  
Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.  
Prestssetur: Vík.

#### IV. Rangárvallaprófastsdæmi.

1. *Holtsprestakall:*  
Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.  
Prestssetur: Holt.
2. *Bergþórshvolsprestakall:*  
Akureyjar- og Krosssóknir.  
Prestssetur: Bergþórshvoll.
3. *Breiðabólstaðarprestakall:*  
Hlíðarenda-, Breiðabólstaðar- og Stórólshvolssóknir.  
Prestssetur: Breiðabólstaður.
4. *Oddaprestakall:*  
Odda-, Keldna- og Hábjarsóknir.  
Prestssetur: Oddi.
5. *Fellsmúlaprestakall:*  
Árbæjar-, Kálhólts-, Haga-, Marteinstungu- og Skarðssóknir.  
Prestssetur: Fellsmúli.

#### V. Árnessprófastsdæmi.

1. *Hrunaprestakall:*  
Hruna- og Hrepphólasóknir.  
Prestssetur: Hruni.
2. *Stóranúpsprestakall:*  
Stóranúps- og Ólafsvallasóknir.  
Prestssetur: Tröð.
3. *Hraungerðisprestakall:*  
Hraungerðis-, Villingahólts- og Laugardælasóknir.  
Prestssetur: Hraungerði.
4. *Skálholtsprestakall:*  
Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.  
Um þjónustu prestakallsins fer eftir ákvæði 42. gr. laga þessara.
5. *Mosfellsprestakall:*  
Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótvatnssóknir.  
Prestssetur: Mosfell.
6. *Selfossprestakall:*  
Selfossókn.



7. *Eyrbakkaprestakall:*  
Eyrbakka-, Stökkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.  
Prestssetur: Eyrbakki.
8. *Hveragerðisprestakall:*  
Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir.  
Prestssetur: Hveragerði.
9. *Þorlákshafnarprestakall:*  
Hjalla- og Strandarsóknir.  
Prestssetur: Þorlákshöfn.
10. *Pingvallaprestakall:*  
Pingvallasókn.  
Prestssetur: Pingvellir.

#### **VI. Borgarfjarðarprófastsdæmi.**

1. *Saurbæjarprestakall:*  
Saurbæjar-, Innrahólms- og Leirársóknir.  
Prestssetur: Saurbær.
2. *Garðaprestakall á Akranesi:*  
Akranesssókn.  
Prestssetur: Akranes.
3. *Hvanneyrarprestakall:*  
Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.  
Prestssetur: Staðarhóll.
4. *Reykholtsprestakall:*  
Reykholt-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.  
Prestssetur: Reykholt.
5. *Stafholtsprestakall:*  
Stafholts-, Hjarðarholts-, Norðtungu- og Hvammssóknir.  
Prestssetur: Stafholt.
6. *Borgarprestakall:*  
Borgar-, Borgarness-, Akra-, Álftártungu- og Álftanessóknir.  
Prestssetur: Borg.

#### **VII. Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.**

1. *Staðastaðarprestakall:*  
Staðastaðar-, Staðarhrauns-, Fáskrúðarbakka-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.  
Prestssetur: Staðastaður.
2. *Ingjaldshólsprestakall:*  
Hellna-, Búða- og Ingjaldshólssóknir.  
Prestssetur: Hellissandur.

3. *Ólafsvíkurprestakall:*  
Ólafsvíkur- og Brimilsvallasóknir.  
Prestssetur: Ólafsvík.
4. *Grundarfjarðarprestakall:*  
Setbergssókn.  
Prestssetur: Grundarfjörður.
5. *Stykkishólmsprestakall:*  
Bjarnarhafnar-, Helgafells-, Stykkishólms-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir.  
Prestssetur: Stykkishólmur.
6. *Hjarðarholtsprestakall:*  
Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Hjarðarholtssóknir.  
Prestssetur: Búðardalur.
7. *Hvammsprestakall:*  
Hvamms-, Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.  
Prestssetur: Hvoll í Saurbæ.

#### **VIII. Barðastrandarprófastsdæmi.**

1. *Reykhólaprestakall:*  
Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals- og Flateyjarsóknir.  
Prestssetur: Reykhólar.
2. *Patreksfjarðarprestakall:*  
Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir.  
Prestssetur: Patreksfjörður.
3. *Tálknafjarðarprestakall:*  
Stóra-Laugardals-, Haga- og Brjánslækjarsóknir.  
Prestssetur: Tálknafjörður.
4. *Bíldudalsprestakall:*  
Bíldudals- og Selárdalssóknir.  
Prestssetur: Bíldudalur.

#### **IX. Ísafjarðarprófastsdæmi.**

1. *Pingeyrarprestakall:*  
Hrafnseyrar-, Pingeyrar-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.  
Prestssetur: Pingeyri.
2. *Holtsprestakall:*  
Kirkjubóls-, Holts- og Flateyrarsóknir.  
Prestssetur: Holt í Önundarfirði.
3. *Staðarprestakall í Súgandafirði:*  
Staðarsókn.  
Prestssetur: Suðureyri.

4. *Bolungarvíkurprestakall:*  
Hólssókn.  
Prestssetur: Bolungarvík.
5. *Ísafjarðarprestakall:*  
Hnífsdals-, Ísafjarðar- og Súðavíkursóknir.  
Prestssetur: Ísafjörður.
6. *Vatnsfjarðarprestakall:*  
Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Melgraseyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.  
Prestssetur: Vatnsfjörður.

#### X. Húnavatnsprófastsdæmi.

1. *Árnessprestakall:*  
Árnessókn.  
Prestssetur: Árnes.
2. *Hólmavíkurprestakall:*  
Kaldrananes-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnessóknir.  
Prestssetur: Hólmavík.
3. *Prestsbakkaprestakall:*  
Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.  
Prestssetur: Prestsbakki.
4. *Melstaðarprestakall:*  
Efranúps-, Staðarbakka-, Melstaðar- og Víðidalstungusóknir.  
Prestssetur: Melstaður.
5. *Breiðabólstaðarprestakall:*  
Hvammstanga-, Tjarnar-, Vesturhópshóla- og Breiðabólstaðarsóknir.  
Prestssetur: Hvammstangi.
6. *Pingeyraklaustursprestakall:*  
Blönduóss-, Pingeyra- og Undirfellssóknir.  
Prestssetur: Blönduós.
7. *Bólstaðarhlíðarprestakall:*  
Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Holtastaða-, Svínavatns- og Auðkúlusóknir.  
Prestssetur: Bólstaður.
8. *Skagastrandarprestakall:*  
Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.  
Prestssetur: Skagaströnd.

**XI. Skagafjarðarprófastsdæmi.**

1. *Sauðárkróksprestakall:*  
Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.  
Prestssetur: Sauðárkrókur.
2. *Glaumbæjarprestakall:*  
Reynistaðar-, Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir.  
Prestssetur: Glaumbær.
3. *Mælifellsprestakall:*  
Mælifells-, Goðdala-, Ábæjar- og Reykjasóknir.  
Prestssetur: Mælifell.
4. *Miklabæjarprestakall:*  
Silfrastaða-, Miklabæjar-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir.  
Prestssetur: Miklibær.
5. *Hólaprestakall:*  
Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.  
Um þjónustu prestakallsins fer eftir ákvæði 42. gr. laga þessara.
6. *Hofsóssprestakall:*  
Hofsóss-, Hofs-, Fells- og Barðssóknir.  
Prestssetur: Hofsós.
7. *Siglufjarðarprestakall:*  
Siglufjarðarsókn.  
Prestssetur: Siglufjörður.

**XII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.**

1. *Ólafsfjarðarprestakall:*  
Ólafsfjarðarsókn.  
Prestssetur: Ólafsfjörður.
2. *Dalvíkurprestakall:*  
Upsa-, Tjarnar-, Urða- og Vallasóknir.  
Prestssetur: Dalvík.
3. *Hríseyjarprestakall:*  
Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir.  
Prestssetur: Hrísey.
4. *Möðruvallaprestakall:*  
Möðruvalla-, Bakka-, Bægisár- og Glæsibæjarsóknir.  
Prestssetur: Möðruvellir.
5. *Glerárprestakall:*  
Lögmannshlíðarsókn.

6. *Akureyrarprestakall:*  
Akureyrar- og Miðgarðasóknir.
7. *Laugalandsprestakall:*  
Grundar-, Saurbæjar-, Hóla-, Möðruvalla-, Munkaþverár- og Kaupangssóknir.  
Prestssetur: Syðra-Laugaland.

### **XIII. Þingeyjarprófastsdæmi.**

1. *Laufássprestakall:*  
Svalbarðs-, Laufáss- og Grenivíkursóknir.  
Prestssetur: Laufás.
2. *Ljósavatnsprestakall:*  
Draflastaða-, Háls-, Illugastaða-, Ljósavatns-, Lundarbrekku- og Þóroddsstaðasóknir.  
Prestssetur: Háls.
3. *Skútustaðaprestakall:*  
Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðirhólssóknir.  
Prestssetur: Skútustaðir.
4. *Grenjaðarstaðarprestakall:*  
Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarstaða- og Nessóknir.  
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
5. *Húsavíkurprestakall:*  
Húsavíkursókn.  
Prestssetur: Húsavík.
6. *Skinnastaðarprestakall:*  
Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.  
Prestssetur: Skinnastaður.
7. *Raufarhafnarprestakall:*  
Raufarhafnarsókn.  
Prestssetur: Raufarhöfn.
8. *Þórshafnarprestakall:*  
Sauðaness- og Svalbarðssóknir.  
Prestssetur: Þórshöfn.

### **XIV. Kjalarnessprófastsdæmi.**

Nær yfir Vestmannaeyjar og sóknir í Reykjaneskjördæmi utan Kópavogs og Seltjarnarness.

### **XV. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.**

Nær yfir sóknir í Reykjavík vestan Elliðavogs og Reykjanesbrautar og Seltjarnar-kaupstað.

## XVI. Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Nær yfir sóknir í Kópavogskaupstað og í Reykjavík austan Elliðavogs og Reykjanesbrautar.

### 2. gr.

Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla og fjölda presta í Kjalarness- og Reykjavíkurprófastsdæmum, að fengnum tillögum biskups og hlutadeigandi safnaðarráðs. Prestssetur skulu haldast í Vestmannaeyjum, á Reynivöllum í Kjósarhreppi, í Mosfellsbæ, í Grindavík og Útskálum í Gerðahreppi.

Í Kjalarness- og Reykjavíkurprófastsdæmum skulu vera safnaðarráð. Skulu þau skipuð formönnum sóknarnefnda, safnaðarfulltrúum og prestum prófastsdæmisins. Prófastar eru formenn ráðanna og kalla þau saman. Skytt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess.

Verkefni safnaðarráðs eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim.
2. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs innan prófastsdæmisins.

Aðalfundur safnaðarráðs er héraðsfundur prófastsdæmisins og fer eftir lögum um héraðsfundi.

### 3. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur.

Ráðherra er heimilt að ráða prest sóknarpresti til aðstoðar í prestaköllum þar sem íbúafjöldi er yfir 4.000. Í mannfærri prestaköllum hefur ráðherra sömu heimild ef sérstaklega stendur á. Nú fer íbúafjöldi yfir 8.000 og skal prestakallinu þá að jafnaði skipt.

Aðstoðarprestur er ráðinn samkvæmt tillögu biskups í samráði við sóknarprest og með samþykki sóknarnefndar. Ráðningartími aðstoðarprests skal vera allt að fjórum árum í senn.

Aðstoðarprestur starfar undir stjórn sóknarprests samkvæmt erindisbréfi er biskup setur.

### 4. gr.

Ráðherra er heimilt að stofna nýtt prestakall eða breyta mörkum prestakalla eftir tillögu biskups og að fengnum umsögnum héraðsfundar (safnaðarráðs) og aðalsafnaðarfundar viðkomandi sókna.

### 5. gr.

Verði prestakalli skipt í tvö eða fleiri prestaköll, sbr. 4. gr., hefur skipaður sóknarprestur rétt til þess að velja hvaða hluta þess hann hyggst þjóna.

### 6. gr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu biskups og umsögn viðkomandi héraðsfundar, að sameina prestakall öðru prestakalli fari íbúafjöldi þess niður fyrir 250 enda hafi það verið prestlaust í a.m.k. tvö ár.

Prestsembættum innan þjóðkirkjunnar utan Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæma skal þó ekki fækka við framkvæmd þessa ákvæðis.

### 7. gr.

Ráðherra skipar prest er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallaprestakalli skv. 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgardsvarðar.

## 8. gr.

Þar sem prestssetur er samkvæmt lögum þessum er presti skylt að hafa aðsetur og lögheimili, nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

Um réttindi og skyldur presta gagnvart prestssetursjörðum gilda ákvæði ábúðarlaga og annarra laga eftir því sem við getur átt. Leigugjald af prestssetursjörðum skal ákveðið með reglugerð, sem kirkjumálaráðherra setur, að fenginni umsögn biskups.

Farprestar (skv. 9. gr.) njóti sambærilegra húsnæðiskjara og sóknarprestar.

Eigi má ráðstafa prestssetri til langframa nema til þess komi samþykki biskups, að fenginni umsögn viðkomandi prófasts, héraðsfundar og sóknarnefnda í viðkomandi prestakalli, svo og samþykki þess prests er veitingu hefur fyrir viðkomandi brauði.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn biskups og hlutadeigandi prófasts, sóknarnefndar og sóknarprest, að flytja prestssetur til innan prestakalls. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

## II. KAFLI

## Um sérþjónustuembætti.

## 9. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögu biskups að ákveða að í prófastsdæmum starfi farprestar er hafi með höndum eftirtalin verkefni:

1. Að vera til aðstoðar í fjölmönnum eða víðlendum prestaköllum.
2. Að þjóna í forföllum.
3. Að annast tiltekin sérverkefni.

Heimilt er að ákveða að sami farprestur starfi í fleiri en einu prófastsdæmi.

Ráðningartími farprest skal vera allt að þremur árum í senn.

## 10. gr.

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögu biskups að ákveða að prestar starfi meðal Íslendinga erlendis. Ráðningartími þeirra skal vera allt að þremur árum í senn.

## 11. gr.

Á sjúkrastofnunum skal halda uppi prestsþjónustu.

Þar sem þess er þörf skal ráða presta að sjúkrastofnunum og hafi þeir sérmenntun til starfans. Við ráðningu sjúkraprests ber að leita álits stjórnar hlutadeigandi stofnunar og ber honum að starfa í samráði við stofnunina.

## 12. gr.

Við fangelsi skal starfa prestur (prestar) er hafi sérmenntun til starfans.

## 13. gr.

Meðal heyrnarskertra skal starfa prestur er hafi sérmenntun til starfans.

## 14. gr.

Heimilt er ráðherra að ráða presta til sérþjónustu í fleiri tilvikum en greinir hér að framan.

Ráðherra ákveður í reglugerð, að fenginni tillögu biskups, starfssvið presta er gegna sérþjónustu, kveður á um skipulag prestsþjónustu þeirra og stöðu þeirra gagnvart sóknarprestum.

## III. KAFLI

**Um embættisgengi presta.**

15. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar sóknarpresta í embætti, sbr. lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987. Ráðherra ræður aðra presta til þjónustu, að fengnum tillögum biskups.

Biskup setur prestum erindisbréf.

16. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Kirkjumálaráðherra getur þó, að tillögu biskups, veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla og skal biskup um hið síðarnefnda atriði leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.
3. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en fjóra mánuði undir eftirliti prófests. Um framkvæmd og eftirlit þessa skal nánar kveðið á um í reglugerð. Að öðru leyti fer um nám í kennimannlegri guðfræði svo sem segir í reglugerð um nám í guðfræðideild Háskóla Íslands.
4. Aðili hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Nú telur biskup að hæfni kandídats orki tvímælis og getur hann þá kvatt þriggja manna nefnd sér til ráðuneytis.
5. Að öðru leyti verður maður að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

17. gr.

Biskup skal vandlega gæta þess að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir sem til þess eru hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna. Er engum óvígðum guðfræðingi heimilt að sækja um prestsstarf í þjónustu kirkjunnar nema fyrir liggi umsögn biskups um að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til prestsvígslu.

## IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði um presta og starfsskyldur þeirra.**

18. gr.

Sóknarprestar og aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem lög þessi ná til og taka laun úr ríkissjóði, eru opinberir starfsmenn og njóta löggjara og bera skyldur samkvæmt því, sbr. m. a. lög nr. 38/1954.

19. gr.

Skyllt er sóknarpresti að taka við embætti sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun. Ráðherra getur þó samkvæmt tillögu biskups veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

20. gr.

Hver sóknarprestur skal hafa með höndum kirkjulega þjónustu samkvæmt vígslubrési í sínu prestakalli nema lög eða stjórnvaldsreglur mæli fyrir um annað.



## 21. gr.

Prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir stjórn prófasts. Samstarf presta skal m.a. lúta að:

1. Afleysingaþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta.
2. Samvinnu um ýmsa kirkjulega þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir prófastsdæmið í heild eða hluta þess.

## 22. gr.

Biskupi er heimilt að fela sóknarpresti, er þjónar í prestakalli þar sem íbúafjöldi er innan við 700 íbúa og aðstæður að öðru leyti leyfa, að annast bæði tiltekin verkefni og þjónustu í einstökum sóknum utan prestakalls síns að tillögu prófasts gegn greiðslu kostnaðar.

## 23. gr.

Sóknarpresti er skylt að taka að sér aukaðþjónustu sókna innan prófastsdæmis, ef þörf krefur, samkvæmt boði biskups gegn launum skv. 26. gr. laga nr. 38/1954.

## 24. gr.

Nú er kirkja á prestssetursjörð og skal prestur þá hafa umsjón með henni í samvinnu við sóknarnefnd. Ef prestur situr ekki prestssetursjörð skal ábúanda skylt, að ósk sóknarnefndarmanna, að hafa eftirlit með slíkri kirkju.

## 25. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi, sbr. 17. gr. laga um kirkjusóknir o.fl., nr. 25/1985. Hann á sæti á héraðsfundum og er skylt að sækja þá. Þá er honum að forfallalausni skylt að sitja fundi er biskup og prófastur boða hann til.

## 26. gr.

Nú rís ágreiningur milli presta um rétt eða skyldu þeirra til tiltekinnar þjónustu. Ber þá viðkomandi prófasti að leita sátta í málinu. Ef niðurstaða næst ekki leggur hann málið fyrir biskup til úrskurðar.

## V. KAFLI

### Um prófasta.

## 27. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu með ráði biskups er leitað hefur áður álits þjónandi presta í prófastsdæminu og þriggja fulltrúa leikmanna sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en þjónandi prestar eru í prófastsdæminu. Sóknarpresti er skylt að takast á hendur prófastsembætti. Biskup getur falið presti eða nágrannaprófasti að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna fjarveru prófasts eða veikinda hans eða vegna þess að prófasts missir við.

Nú lætur prófastur af prestsembætti í prestakalli og verður prófastsembætti þá laust. Nú telur prófastur sér óhægt að gegna embættinu vegna veikinda eða af öðrum sérstökum persónulegum ástæðum og er þá heimilt að leysa hann undan því embætti þótt hann gegni prestsembætti sínu eftirleidis.

Biskup setur próföstum erindisbréf.

## 28. gr.

Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans og hefur í umboði hans almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Nú er kirkjuleg starfsstöð stofnuð í prófastsdæminu og veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu og skipuleggur starfsemi á hennar vegum. Hann er formaður stjórnar héraðssjóðs prófastsdæmis, svo og héraðsnefndar. Hann boðar héraðsfund í samvinnu við héraðsnefnd og stjórnar fundum hennar, undirbýr mál sem sá fundur fær til meðferðar og kemur ályktunum fundarins til biskups og annarra aðila og fylgir þeim eftir, sbr. og VII. kafla laga nr. 25/1985.

## 29. gr.

Prófastur hefur eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi. Hann skýrir biskupi frá því sem honum þykir athugasemdir um þessar eignir, þar á meðal skort á viðhaldi, og getur biskup lagt fyrir rétta aðila að bæta úr.

Prófastur framkvæmir úttekt á prestssetrum og embættisbústöðum presta við presta-skipti og þegar prestur flytur í annað húsnæði innan prestakallsins. Hann tekur út nýjar kirkjur, kapellur og safnaðarheimili.

Prófastur setur nýjan prest í embætti, heimsækir presta og vísiterar kirkjur og söfnuði samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Hann fylgir biskupi á vísitasíum hans til presta og safnaða í prófastsdæminu.

Prófastur hefur eftirlit með að prestar skili embættisskýrslum til Hagstofu Íslands. Hann gengur eftir því að starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum sé skilað á réttum tíma og leggur fyrir héraðsfund með athugasemdum sínum og sóknarnefnda og gerir tillögur um úrlausn. Þá fjallar hann um ágreining sem kann að rísa milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar.

Prófastur löggildir gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, eftir því sem við á.

Prófastur veitir presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stundarsakir, en leyfi til lengri fjarvista veitir biskup, að höfðu samráði við kirkjumálaráðherra.

Prófastur skipuleggur samstarf presta innan prófastsdæmis, sbr. 21. gr., og afleysingarþjónustu presta í sumarleyfum og öðrum samningsbundnum leyfum þeirra.

Nú getur sóknarprestur ekki gegnt embætti vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum og ákveður prófastur þá í samráði við sóknarprest hvernig þjónusta hans skuli leyst af hendi.

## 30. gr.

Prófastur hefur þau afskipti af veitingu prestakalla sem lög kveða á um.

Prófastur skipuleggur endurmenntun presta, sem prófastsdæmið beitir sér fyrir, í samráði við biskup og prestafélög.

Prófastur sér um bókasafn prófastsdæmis, en guðfræðilegu bókasafni prófastsdæmis skal komið á fót samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar fyrir fé sem veitt kann að vera á fjárlögum í þessu skyni og úr héraðssjóði, svo og fyrir framlög einstakra manna.

## 31. gr.

Prófastur hefur þau afskipti af kirkjugörðum og heimagrafreitum sem lög kveða á um.

## 32. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups leggja prófasti til sérstaka aðstöðu eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds, eftir því sem ráðuneytið samþykkir.

## 33. gr.

Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga í þágu prófastsdæmisins samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

## 34. gr.

Biskup boðar prófasta til fundar a.m.k. einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál er sérstaklega varða störf prófasta og tengsl þeirra við biskup og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Ferðakostnaður prófasta og önnur útgjöld vegna fundarsetu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

## VI. KAFLI

**Um biskup Íslands og embætti hans.**

## 35. gr.

Ísland skal vera eitt biskupsdæmi.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands. Um kosningu hans og kjörgengi fer samkvæmt lögum um biskupskosningu, nr. 96/1980. Biskup hefur aðsetur í Reykjavík.

## 36. gr.

Biskup fer með yfirstjórn málefna þjóðkirkjunnar, nema mál heyri undir kirkjumálaráðherra samkvæmt lögum eða venju.

Biskup er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Hann fylgir eftir markaðri stefnu kirkjuþings og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau lúti forsjá kirkjuráðs.

Biskup vígir presta og kirkjur að svo miklu leyti sem hann felur ekki vígslubiskupum það verkefni. Hann hefur yfirumsjón með kristnihaldi og kirkjulegu starfi í landinu. Hann vísíterar kirkjur, presta og söfnuði.

Biskup hefur samráð við vígslubiskup eða vígslubiskupa um ákvörðun meiri háttar málefna er kirkjuna varðar og getur falið vígslubiskupi að koma fram fyrir hönd kirkjunnar.

## 37. gr.

Embættisskrifstofa biskups, biskupsstofa, skal vera í Reykjavík. Þar hafa kirkjuþing og kirkjuráð einnig aðsetur. Biskupsstofa annast afgreiðslu mála þjóðkirkjunnar, þar á meðal mála kirkjuþings og kirkjuráðs.

Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald sjóða og annarra eigna þjóðkirkjunnar.

## 38. gr.

Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu, að fenginni heimild ráðherra, þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn deilda, fulltrúa og aðra starfsmenn. Enn fremur ræður biskup aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar, nema lög mæli fyrir um annað.

Ráðherra getur, eftir tillögum biskups, ákveðið hæfnisskilyrði og ráðningartíma starfsmanna er gegna tilteknum verkefnum á biskupsstofu.

## 39. gr.

Biskup boðar prestastefnu Íslands og er forseti hennar.

Á prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar, allir starfandi þjóðkirkjuprestar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

40. gr.

Biskup boðar til leikmannastefnu. Á henni eiga sæti fulltrúar frá prófastsdæmum landsins, kjörnir á héraðsfundum. Þá eiga þar sæti fulltrúar frá landssamtökum kristilegra félaga sem starfa á kenningargundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem ekki eru guðfræðingar.

Biskup setur nánari reglur um leikmannastefnu (m.a. um kjör fulltrúa), að fengnum tillögum hennar.

41. gr.

Í forföllum biskups setur ráðherra þann vígslubiskup, er biskup tilkveður, til þess að gegna embætti biskups.

Nú fellur biskup frá eða lætur af embætti og skal þá setja þann vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, til þess að gegna embætti biskups.

## VII. KAFLI

**Um vígslubiskupa og embætti þeirra.**

42. gr.

Tveir vígslubiskupar skulu vera hér á landi. Hafa þeir aðsetur í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.

Vígslubiskup í Skálholti hefur með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli. Skal hann njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests.

Vígslubiskup á Hólum hefur með höndum prestsþjónustu í Hólaprestakalli. Skal hann njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests.

43. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Um kosningu vígslubiskupa og kjörgengi gilda ákvæði laga um biskupskjör, nr. 96 frá 1980, eftir því sem við getur átt, en ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um kosningu og kjörgengi þeirra.

44. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

45. gr.

Verkefni vígslubiskupa í hvoru umdæmi fyrir sig skulu vera eftirfarandi:

1. Að hafa tilsjón með kristnihaldi og vera biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni.
2. Að vígja kirkjur í umboði biskups.
3. Að vígja presta að boði biskups.
4. Að vísitera kirkjur, presta og söfnuði umdæma sinna í samráði við biskup.

Einnig skulu vígslubiskupar vera biskupi til ráðuneytis um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og gegna að öðru leyti þeim störfum sem biskup felur þeim.

46. gr.

Vígslubiskupar eiga sæti á árlegum prófastafundi. Þeir skulu sitja fundi kirkjuráðs þegar þeir eru tilkvaddir af ráðinu og sérstaklega er fjallað um málefni embætta þeirra og umdæma. Þeir eiga enn fremur sæti á kirkjuþingi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, sbr. lög um kirkjuþing og kirkjuráð, nr. 48 frá 1982.

## VIII. KAFLI

**Stjórnvaldsreglur o.fl.**

47. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, að fengnum tillögum biskups.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara ber starfandi sóknarprestum og próföstum að hlíta, án sérstakra viðbótarlauna, þeim breytingum er verða á stærð prestakalla og prófastsdæma.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990.

Frá sama tíma falla úr gildi þessi lög og réttarreglur:

Konungsbréf 16. febr. 1621, um aldur presta.

Alþingissamþykkt 30. júní 1629, um legorð presta.

Alþingissamþykkt 1. júlí 1629, um prestmötu.

Konungsbréf 10. desember 1646, um legorð presta.

Dönsku lög Kristjáns V. frá 15. apríl 1683, 2. bók 2. kap. 5. gr. og 2. bók 11. kap. 13. gr.

Konungsbréf 9. maí 1738, um legorð andlegrar stéttar manna.

Konungsbréf 6. maí 1740, um portionsreikninga bændakirkna.

Tilskipun 29. maí 1744, áhrærandi ungdómsins catechisation á Íslandi.

Konungsbréf 19. maí 1747, um gegnumdregnar bækur.

Konungsbréf 27. febr. 1756, um uppreist presta er vikið hefur verið frá embætti.

Konungsbréf 11. mars 1796, um prestsverk prófaste innan prófastsdæmis.

Lög nr. 4 27. febr. 1880, um eftirlaun presta.

Lög nr. 13 3. okt. 1884, um eftirlaun prestsekkna.

Lög nr. 21 22. maí 1890, viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Lög nr. 47 16. nóv. 1907, um laun prófaste, 3. gr.

Lög nr. 48 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.

Lög nr. 49 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Lög nr. 38 30. júlí 1909, um vígslubiskupa.

Lög nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Lög nr. 35 9. maí 1970, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð, 1.–4., 6.–10. og 14.–17. gr. Heiti þeirra laga breytist jafnframt og verður: **Lög um Kristnisjóð o.fl.**

Við gildistöku laganna skal Múlasókn í Barðastrandarprófastsdæmi sameinast Gufudals-sókn í sama prófastsdæmi, Staðarsókn í Grunnavík í Ísafjarðarprófastsdæmi sameinast Hólssókn í sama prófastsdæmi og Flateyjarsókn í Pingeyjarprófastsdæmi sameinast Húsavík-ursókn í sama prófastsdæmi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal óbreytt skipan haldast um tvo sóknarpresta í tvímenningsprestaköllum meðan þeir prestar gegna stöðum þessum sem ráðnir voru til starfa fyrir gildistöku laganna. Verði prestakalli, sem tveir sóknarprestar þjóna, skipt, sbr. 5. gr., hefur sá prestur, sem lengri hefur þjónustualdur í kallinu, rétt til þess að velja hvaða hluta þess hann hyggst þjóna.
2. Ráðherra getur ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að fresta ákvörðun um breytingar á prestakalla- og prófastsdæmaskipaninni skv. 1. gr. Ákvörðun um þetta skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

3. Í staðinn fyrir þau prestsembætti, sem lögð eru niður skv. 1. gr., skulu upp tekin í prófastsdæmunum samkvæmt liðum I–XIII í sömu grein eigi færri embætti farpresta og/eða aðstoðarpresta, sbr. 3. og 9. gr.
4. Ákvæði laga þessara um vígslubiskupa taka til þeirra vígslubiskupa sem nú eru í starfi. Þó skulu ákvæði 42. gr. um fasta búsetu vígslubiskupa ekki eiga við um vígslubiskupa sem eru í starfi við gildistöku laganna.
5. Meðan núverandi sóknarprestur í Skálholtsprestakalli þjónar kallinu taka ákvæði 42. gr., um að vígslubiskup í Skálholti gegni prestsstörfum í Skálholtsprestakalli, ekki gildi.
6. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar eigi síðar en 1995. Þó skal ráðherra láta nú þegar athuga hvort hagkvæmara sé að Árness-, Hólmavíkur- og Prestsbakkaprestaköll í Húnavatnsprófastsdæmi færist til prófastsdæmis í Vestfjarðakjördæmi. Verði sú niðurstaða skal hann leggja fram frumvarp til laga um þá breytingu á næsta Alþingi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Óli P. Guðbjartsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Hagnaður manns af sölu hlutabréfa, sem hann hefur keypt á árinu 1990 og síðar í félögum sem ríkisskattstjóri hefur á söluári bréfanna veitt staðfestingu um að uppfylli skilyrði III. kafla laga nr. 9/1984, telst þó ekki til skattskyldra tekna hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu mannsins í full fjögur ár. Hámark skattfrjáls hagnaðar samkvæmt þessari málsgrein er 300.000 kr. Um hagnað umfram skattfrjálst hámark og um hagnað af sölu hlutabréfa, sem maður hefur keypt á árinu 1989 eða fyrr, fer eftir ákvæðum 1. mgr.

2. gr.

Í stað „10%“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 8/1984 og a-lið 1. gr. laga nr. 117/1989, komi: 15%.

3. gr.

Við 31. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1988, bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og orðist svo:

Sannanlega tapað hlutafé sem aðili hefur eignast á þann hátt að hann hefur, vegna

greiðsluferfiðleika hlutafélags, tekið hlutabréf sem gagnjald fyrir viðskiptakröfu sem hann átti á hendur hlutafélagi enda hafi viðskiptakrafan verið vegna sölu á vöru eða þjónustu. Má draga verð slíkra hlutabréfa frá tekjum á því tekjuári þegar hlutafé er sannanlega tapað.

## 4. gr.

Í stað „10%“ í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna, sbr. b- og c-lið 5. gr. laga nr. 8/1984, komi: 15%.

## 5. gr.

4. másl. 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna orðist svo: Séu verðbréf önnur en hlutabréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.

## 6. gr.

122. gr. laganna, sbr. a-lið 20. gr. laga nr. 49/1987, 19. gr. laga nr. 97/1988 og 14. gr. laga nr. 117/1989, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 3. mgr. 17. gr., 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1991.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991 vegna tekna og eignar á árinu 1990.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

## 1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Ákvæði laga þessara taka til félagsmanna í þeim stéttarfélögum sem við gildistöku þeirra eru aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði, svo og í þeim stéttarfélögum sem stjórn sjóðsins veitir síðar aðild að sjóðnum eftir umsókn þeirra þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.

## 2. gr.

2. mgr. 11. gr. hljóði svo:

Um skilafrest launaframtals, meðferð þess og viðurlög skulu gilda ákvæði X.–XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

## 3. gr.

Í 1. mgr. 12. gr. falli niður tilvitnunin „nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980“ og í staðinn komi: nr. 75/1981.

## 4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 16. gr. hljóði svo:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 71 árs.

## 5. gr.

1. mgr. 17. gr. hljóði svo:

Sá sem er atvinnulaus og fullnægir skilyrðum bótaréttar skv. 16. gr. en tekur starfi sem ekki er tryggingarskytt samkvæmt lögum þessum og stundar það allt að 24 mánuðum heldur að loknu því starfi bótarétti þeim sem hann hafði áunnið sér enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysistryggingar ekki til starfsins. Sama gildir í allt að 24 mánuðum um þá sem taka að stunda nám svo og þá sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum.

## 6. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. bætist: Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um þá sem taka að stunda námskeið eða annað nám sem varir lengur en sex vikur.

## 7. gr.

6. tölul. 21. gr. orðist svo:

6. Þeir sem neita starfi sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á.

Eigi fellur heldur niður bótaréttur þótt sá sem hefur notið bóta skemur en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum sem hann hefur áður stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt heimilisástæðna umsækjanda.

## 8. gr.

Við 5. mgr. 24. gr. bætist: Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til vinnumiðlunar þar sem fyrirtæki starfar og tilgreina ástæður til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélag viðkomandi. Vinnumiðlun staðreynir skrána svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin hefur tekið til og sendir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir þau félög, sem starfsmenn eru félagar í, sem síðan úrskurða um bótarétt. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrir en að loknum uppsagnarfresti.



9. gr.

Í 1. mgr. 26. gr. fellur niður tilvitnunin „sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun“ en í staðinn komi: sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I falli niður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 10/1985, lögum nr. 79/1986, lögum nr. 51/1989, V. kafla laga nr. 87/1989 og VI. kafla laga nr. 7/1990 inn í meginmál laga nr. 64/1981 og gefa þau út að nýju svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga, sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknafélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 31. maí 1989, um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1988.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1988 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

## REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1988

## A-HLUTI

Tekjur:	Reikningur 1988	Fjárlög og lög nr. 10/1988
Beinir skattar . . . . .	13 342 356	8 385 000
Óbeinir skattar . . . . .	53 272 178	51 954 120
Aðrar tekjur . . . . .	306 310	65 000
<b>Tekjur án fjármunatekna . . . . .</b>	<b>66 920 844</b>	<b>60 404 120</b>
<b>Fjármunatekjur . . . . .</b>	<b>4 366 182</b>	<b>3 174 500</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>71 287 026</b>	<b>63 578 620</b>
<b>Gjöld:</b>		
Launagjöld . . . . .	19 588 820	20 617 521
Ýmis rekstrargjöld . . . . .	12 205 903	11 978 804
Eignakaup . . . . .	1 235 485	910 625
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé . . . . .	39 373 385	28 179 050
– Sértekjur stofnana . . . . .	–6 334 499	–2 960 663
<b>Gjöld án fjármagnskostnaðar . . . . .</b>	<b>66 069 094</b>	<b>58 725 337</b>
<b>Fjármagnskostnaður . . . . .</b>	<b>7 346 230</b>	<b>4 800 000</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>73 415 324</b>	<b>63 525 337</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>–2 128 298</b>	<b>53 283</b>
<b>Sundurliðun útgjalda á ráðuneyti:</b>		
00 Æðsta stjórn ríkisins . . . . .	669 800	549 149
01 Forsætisráðuneyti . . . . .	426 351	216 011
02 Menntamálaráðuneyti . . . . .	11 848 276	10 564 064
03 Utanríkisráðuneyti . . . . .	834 344	682 451
04 Landbúnaðarráðuneyti . . . . .	3 035 485	2 425 023
05 Sjávarútvegsráðuneyti . . . . .	1 547 459	1 572 543
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti . . . . .	3 624 855	3 119 528
07 Félagsmálaráðuneyti . . . . .	3 157 107	2 908 704
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . . .	27 516 933	25 218 862
09 Fjármálaráðuneyti . . . . .	3 207 729	2 730 696
10 Samgönguráðuneyti . . . . .	4 765 288	4 512 118
11 Iðnaðarráðuneyti . . . . .	1 371 683	1 118 180
12 Viðskiptaráðuneyti . . . . .	4 253 456	2 966 984
13 Hagstofa Íslands . . . . .	81 087	76 021
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun . . . . .	7 075 471	4 865 003
<b>Gjöld alls</b>	<b>73 415 324</b>	<b>63 525 337</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR A-HLUTA

## EIGNIR

Reikningur

## VELTUFJÁRMUNIR

## Sjóður

Ríkisféhirðir . . . . .	7 379
Aðrir ríkisaðilar, innlend mynt . . . . .	79 342
<b>Samtals</b>	<b>86 721</b>

## Bankainnstæður

Sedlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar . . . . .	464 256
Innlendar innlánsstofnanir . . . . .	417 663
Erlendar innlánsstofnanir . . . . .	379 737
<b>Samtals</b>	<b>1 261 656</b>

## Skammtímakröfur

<b>Önnheimtar ríkistekjur og innheimtufé . . . . .</b>	<b>19 907 683</b>
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður . . . . .	18 482 964
Markaðar ríkistekjur . . . . .	1 311 814
Innheimtufé fyrir aðra . . . . .	112 905

## Skammtímakröfur, aðrar

<b>Fyrirfram greidd gjöld . . . . .</b>	<b>4 256 553</b>
Fyrirfram greidd gjöld . . . . .	203 729
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán . . . . .	3 573 227
Veitt stutt lán . . . . .	479 597
<b>Samtals</b>	<b>24 164 236</b>

## Vöru- og efnisbirgðir

121 019

Veltufjármunir samtals 25 633 632

## LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

## Langtímakröfur

<b>Veitt löng lán, innlend ógengisbundin . . . . .</b>	<b>15 591 642</b>
Stofnanir í A-hluta . . . . .	32 773
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta . . . . .	7 781 414
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs . . . . .	3 999 245
Sveitarfélög . . . . .	1 208 109
Lánastofnanir . . . . .	68 289
Aðrir . . . . .	2 501 812

## Veitt löng lán, innlend gengisbundin

<b>Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta . . . . .</b>	<b>13 895 436</b>
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta . . . . .	6 313 502
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj. . . . .	3 266 068
Sveitarfélög . . . . .	2 598 559
Lánastofnanir . . . . .	650 620
Aðrir . . . . .	1 066 687

Langtímakröfur samtals 29 487 078

## Áhættufjármunir

<b>Hlutabréf og stofnfjárframlög . . . . .</b>	<b>2 310 595</b>
Innlend . . . . .	1 981 833
Erlend . . . . .	328 762

Áhættufjármunir samtals 2 310 595

Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals 31 797 673

EIGNIR ALLS 57 431 305

31. DESEMBER 1988

**SKULDIR/HÖFUÐSTÓLL**

Reikningur

**SKAMMTÍMASKULDIR**

<b>Bankareikningar, hlaupareikningsskuld</b> . . . . .	<b>5 777 684</b>
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur . . . . .	5 357 433
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar . . . . .	416 798
Innlánsstofnanir . . . . .	3 453
<b>Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimtufé</b> . . . . .	<b>266 351</b>
Markaðar ríkistekjur á teknaliði . . . . .	165 700
Innheimtufé fyrir aðra . . . . .	100 651
<b>Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé</b> . . . . .	<b>1 750 411</b>
Markaðar ríkistekjur . . . . .	13 707
Skuld við sveitarfélög vegna staðgreiðslu . . . . .	1 683 807
Innheimtufé fyrir aðra . . . . .	52 897
<b>Ríkisvixlar</b> . . . . .	<b>724 889</b>
<b>Skammtímaskuldir, aðrar</b> . . . . .	<b>4 495 619</b>
Ógreidd gjöld . . . . .	1 011 094
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir . . . . .	3 055 091
Tekin stutt lán, innlend önnur . . . . .	429 434
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>13 014 954</b>

**LANGTÍMASKULDIR**

<b>Tekin löng lán, innlend ógengisbundin</b> . . . . .	<b>26 072 294</b>
Stofnanir í A-hluta . . . . .	23 218
Seðlabanki Íslands . . . . .	3 442 250
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta . . . . .	45 240
Innlánsstofnanir . . . . .	2 527 427
Lánastofnanir, innlendir . . . . .	2 603 669
Sveitarfélög . . . . .	99 431
Aðrir . . . . .	17 331 059
<b>Tekin löng lán, innlend gengisbundin</b> . . . . .	<b>841 569</b>
Seðlabanki Íslands . . . . .	5 882
Innlánsstofnanir . . . . .	2 749
Lánastofnanir . . . . .	668 055
Aðrir . . . . .	164 883
<b>Tekin löng lán, erlend</b> . . . . .	<b>40 204 527</b>
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>67 118 390</b>

**SKULDIR ALLS 80 133 344****Höfuðstóll**

Höfuðstóll í ársbyrjun . . . . .	-14 955 580
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda . . . . .	468 298
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda . . . . .	-6 086 459
Tekjur umfram gjöld 1988 . . . . .	-2 128 298
<b>Höfuðstóll í árslok samtals</b>	<b>-22 702 039</b>

**SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS 57 431 305**



## 2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1988 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

**REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1988**  
**B-HLUTI**

	Reikningur 1988	Fjárlög og lög nr. 10/1988
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Seldar vörur og seld þjónusta . . . . .	23 263 286	22 061 190
Seldir happdrættismiðar . . . . .	1 438 158	976 010
Aðrar rekstrartekjur . . . . .	175 744	1 704 770
<b>Samtals</b>	<b>24 877 188</b>	<b>24 741 970</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Hráefni og vörur til endursölu . . . . .	6 347 417	5 999 810
Laun og launatengd gjöld . . . . .	5 911 149	5 489 180
Happdrættisvinningar . . . . .	890 560	631 090
Önnur rekstrargjöld . . . . .	6 104 836	5 401 180
Afskriftir . . . . .	1 810 304	1 679 580
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag . . . . .	-595 407	-
<b>Samtals</b>	<b>20 468 859</b>	<b>19 200 840</b>
<b>Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda . . . . .</b>		
	<b>4 408 329</b>	<b>5 541 130</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtatekjur . . . . .	5 078 206	1 789 830
Vaxtagjöld . . . . .	-4 568 357	-1 950 000
Arður af hlutabréfum . . . . .	5 829	-
Endurnat, tekjufært . . . . .	9 142 611	-
Endurnat, gjaldfært . . . . .	-7 001 719	-
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga . . . . .	794 363	-
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga . . . . .	-5 074 200	-
<b>Samtals</b>	<b>-1 623 267</b>	<b>-160 170</b>
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi . . . . .</b>		
	<b>2 785 062</b>	<b>5 380 960</b>
<b>Óreglulegar tekjur og óregluleg gjöld . . . . .</b>		
	<b>-99 511</b>	<b>-</b>
<b>Framlög og tilfærslur . . . . .</b>		
	<b>5 023 661</b>	<b>3 552 410</b>
<b>Hagnaður til ráðstöfunar</b>	<b>7 709 212</b>	<b>8 933 370</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR B-HLUTA

EIGNIR	Reikningur
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>	
<b>Sjóður og bankainnstæður</b>	
Sjóður . . . . .	82 078
Bankainnstæður . . . . .	3 174 014
<b>Samtals</b>	<b>3 256 092</b>
<b>Skammtímakröfur</b>	
Fyrirfram greiddur kostnaður . . . . .	107 406
Víðskiptareikningar . . . . .	9 633 057
Veitt stutt lán . . . . .	5 848 161
<b>Samtals</b>	<b>15 588 624</b>
<b>Vöru- og efnisbirgðir</b> . . . . .	<b>2 051 250</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>20 895 966</b>
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>	
<b>Langtímakröfur</b>	
Byggðastofnun . . . . .	5 906 842
Byggingarsjóður ríkisins . . . . .	34 254 284
Byggingarsjóður verkamanna . . . . .	6 719 638
Lánasjóður íslenskra námsmanna . . . . .	12 491 430
Aðrar langtímakröfur . . . . .	1 329 132
<b>Samtals</b>	<b>60 701 326</b>
<b>Áhættufjármunir</b>	
<b>Hlutfé og stofnfjárframlög</b> . . . . .	<b>234 019</b>
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	
Vélar, tæki og áhöld . . . . .	8 458 109
Fasteignir . . . . .	15 225 310
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir . . . . .	6 236 554
Aðrar eignir . . . . .	107 032
<b>Samtals</b>	<b>30 027 005</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>90 962 350</b>
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>111 858 316</b>

31. DESEMBER 1988

SKULDIR	Reikningur
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>	
Bankareikningar, hlaupareikningaskuld . . . . .	264 898
<b>Aðrar skammtímaskuldir . . . . .</b>	<b>9 701 651</b>
Ógreidd gjöld . . . . .	1 248 837
Víðskiptareikningar . . . . .	7 208 562
Tekin stutt lán . . . . .	1 244 252
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>9 966 549</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>	
<b>Langtímaskuldir / tekin löng lán samtals</b>	
Bygðastofnun . . . . .	4 879 861
Byggingarsjóður ríkisins . . . . .	26 123 294
Byggingarsjóður verkamanna . . . . .	1 905 030
Lánasjóður íslenskra námsmanna . . . . .	8 249 175
Rafmagnsveitur ríkisins . . . . .	1 432 810
Aðrar langtímaskuldir . . . . .	1 325 655
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>43 915 825</b>
<b>SKULDIR ALLS</b>	<b>53 882 374</b>
<b>EIGIÐ FÉ</b>	
Ýmsir eiginfjárreikningar . . . . .	372 521
Endurmatsreikningur . . . . .	26 947 752
Höfuðstóll . . . . .	30 655 669
<b>Eigið fé alls</b>	<b>57 975 942</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<b>111 858 316</b>

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*



# L Ö G

## um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknaeild og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Kostnaður af starfsemi tilraunastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m.a. samkvæmt gjaldskrá.

#### 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar skal vera m.a.:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við yfirdýralækni og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveðið á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku með öðrum íbúðareigendum í samþylishúsinu í húsfélagi sem annist sameiginleg verkefni.

ii. (86. gr.)

Íbúðareiganda er óheimilt að leigja út íbúð sína nema að fengnu skriflegu samþykki sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar í umboði hennar. Heimilt er að binda samþykki skilyrðum um leigutíma og leigufjárhæð. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af sveitarstjórn eða húsnæðisnefnd, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Framkvæmdaraðili getur rift leigusamningi sem er ógildur skv. 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.

Auk ákvæða 1. og 2. mgr. er Byggingarsjóði verkamanna heimilt að breyta vöxtum á láni íbúðareiganda frá þeim tíma sem íbúðin var leigð út án heimildar þannig að vextir frá þeim tíma verði þeir sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða.

Ákvæði 1.–3. mgr. eiga við um allt félagslegt húsnæði, einnig það sem byggt var samkvæmt eldri lögum.

jj. (87. gr.)

Eigendum er óheimilt að veðsetja íbúðir sínar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru lægri en 75% af uppfærðu kostnaðarverði íbúða.

kk. (88. gr.)

#### *Leiga á kaupleiguíbúð.*

##### *Kaupréttur.*

Í almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign.

Ef félagskapur er byggður um eitt ákveðið form kaupleiguíbúða og það komi skýrt fram í samþykktum félagsins sem staðfestar hafa verið af félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr.

ll. (89. gr.)

Í samningi um leigu með kauprétti felst að leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaraðili ákveður frest þann sem leigutaki hefur til að neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað að maki yfirtaki íbúðina við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnar-ákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaraðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta



kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigutaki ekki kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnaði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaraðila, auk almenns rekstrarkostnaðar. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Um ákvörðun húsaleigu skal kveðið nánar í reglugerð.

Áð öðru leyti gilda lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaraðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

mm. (90. gr.)

*Kaup á kaupleiguíbúð.*

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 89. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila, enda sé áður staðfest af hálfu Húsnaðisstofnunar ríkisins að leigutaki eigi lánsrétt skv. 12. gr. laga þessara.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1,5% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupverð greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, sbr. þó 8. mgr.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi gjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvilandi lánum úr Byggingarsjóði verkamanna,
2. 10% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaraðila; framlagið skal framreiknað skv. 101. gr.; lánstími verði allt að 15 árum,
3. vaxtakostnað af 10% framlagi; heimilt er framkvæmdaraðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, allt að þeim vöxtum er framkvæmdaraðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á öllum gjöldum af íbúðinni svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi samkvæmt almennum reglum.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna.

Kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 4. mgr., greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, sbr. þó 8. mgr. Framkvæmdaraðili skal sjá um að greiða afborganir af láni Byggingarsjóðs verkamanna þar til afsal er gefið út.

Pegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða skal 20% lán úr Byggingarsjóði verkamann gjaldfellt og endurgreiðast framkvæmdaraðila á fimm árum.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaraðila er greitt að fullu skal hann gera full skil við framkvæmdaraðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag framkvæmdaraðila nema að fengnu veðleyfi hans.

nn. (91. gr.)

Pegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaraðila og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal innan tveggja mánaða fyrir íbúðinni og yfirtekur um leið áhvilandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

oo. (92. gr.)

*Kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð.*

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt af félagslegri kaupleiguíbúð með því að selja honum eignarhlut í henni fyrir 10% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðarinnar með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni meðan hann hefur afnot af henni.

Heimilt er að selja eignarhlut fyrir 30% af kostnaðarverði í almennum kaupleiguíbúðum. Einnig er framkvæmdaraðila heimilt að selja 10% eignarhlut að því tilskildu að leigutaki sé innan eignamarka sem húsnæðismálastjórn ákveður. Við ákvörðun eignarmarka skal við það miðað að umsækjandi eigi fullnægjandi íbúð, skuldlaus eða skuldlitla, eða aðra samsvarandi eign. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um efni þessarar málsgreinar.

Frá og með undirritun sammings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. og 2. mgr., eiga ákvæði húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. og 2. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánsklaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaraðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um leigufjárhæð gildir ákvæði 89. gr.

Um heimild framkvæmdaraðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

pp. (93. gr.)

*Leiga á félagslegri leiguíbúð.*

Um samskipti leigutaka og framkvæmdaraðila gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Um leigugjald gildir ákvæði 89. gr.

rr. (94. gr.)

*Þinglýsing og stimpilgjald.*

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir félagslegri íbúð en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum félagslegra íbúða. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

ss. (95. gr.)

**Endurskoðun vaxta.**

Byggingarsjóður verkamanna skal að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings um félagslega íbúð kanna hvort kaupandi uppfyllir þá enn skilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 80. gr. og upp frá því á þriggja ára fresti. Uppfylli kaupandi ekki lengur þessi skilyrði skal breyta vöxtum hans þannig að þeir verði hinir sömu og gilda um almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Ákvæði þetta á við um allt félagslegt húsnæði þar sem lánveitingar Byggingarsjóðs verkamanna voru ekki ákveðnar með föstum vöxtum.

tt. (96. gr.)

**Endurskoðun greiðslukjara.**

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðanda.

uu. (97. gr.)

#### **Tryggingarsjóður vegna byggingargalla.**

Af öllum félagslegum íbúðarbyggingum skal leggja allt að 1% af byggingarkostnaði hvernar íbúðar í Tryggingarsjóð vegna byggingargalla er gegni því hlutverki að tryggja gæði og bæta fyrir áföll sem kunna að verða, svo sem byggingargalla, og ekki teljast eðlilegt viðhald.

Sjóðurinn skal varðveittur í Byggingarsjóði verkamanna.

Nánari ákvæði um sjóðinn skulu sett í reglugerð.

vv. (98. gr.)

#### **Kaupskylda. Forkaupsréttur.**

Framkvæmdaraðili hefur kaupskyldu á öllum félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum fyrstu 10 árin frá útgáfu afsals en í fimm ár á almennum kaupleiguíbúðum. Eftir þann tíma hefur framkvæmdaraðili forkaupsrétt á eignaríbúðum og kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar íbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaraðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti á félagslegri eignaríbúð eða kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár frá útgáfu afsals er eiganda heimilt að selja íbúðina á almennum markaði enda greiði hann upp skuld við framkvæmdaraðila og Byggingarsjóð verkamanna. Framkvæmdaraðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

xx. (99. gr.)

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum byggðum eftir gildistöku laga nr. 51/1980 til gildistöku laga þessara við verði, sem tilgreint er í 102. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar hafa verið til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða að félagslegri íbúð samkvæmt lögum þessum eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði enda greiði hann upp áhvilandi uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

yy. (100. gr.)

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns, sbr. þó 99. gr., og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði skv. 2. mgr. 102. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

zz. (101. gr.)

#### **Endursala eignaríbúða.**

Eigandi félagslegrar íbúðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það húsnæðisnefnd (sveitarstjórn) eða öðrum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili kaupir íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerða útgefna samkvæmt þeim.

Húsnæðisnefnd skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og endursölu félagslegra íbúða

á vegum sveitarfélaga sem eru í eigu einstaklinga ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Viðkomandi framkvæmdaraðili sér annars um að leysa inn og endurselja íbúðir.

Við kaup íbúðar skal seljandi hennar fá endurgreitt það fjármagn sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá því kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá endurgreiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu, 1,5% fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það, af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert eignarhaldsár.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar frá og með gerð kaupsamnings skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld af íbúðinni.

Kostnað við mat greiðir sá sem óskar eftir því.

þþ. (102. gr.)

Sveitarfélag eða annar framkvæmdaraðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt, sbr. 98. gr. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags. Frá því verði skal draga 1,5% fyrningu fyrstu 20 árin en 0,75% eftir það fyrir hvert eignarhaldsár. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 90% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að heildarlán sjóðsins nemi því hlutfalli. Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Fyrning á félagslegu húsnæði, byggðu í tíð eldri laga, fer eftir ákvæðum þeirra laga.

4. gr.

VI. kafli laganna (sbr. lög nr. 76/1989), **Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980**, breytist svo:

a. 98. gr. laganna (verður 103. gr.) breytist svo:

Í stað orðanna „stjórnar verkamannabústaða“ í fyrri málslíð 2. mgr. komi: húsnæðisnefndar, og í stað „Stjórnin“ í síðari málslíð sömu málsgreinar komi: Nefndin. Í stað orðanna „Stjórnir verkamannabústaða“ í síðari málslíð 3. mgr. komi: Húsnæðisnefndir, og í stað orðanna „stjórn verkamannabústaða“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: húsnæðisnefnd.

b. 99. gr. laganna (verður 104. gr.) breytist svo:

Í stað orðanna „Stjórn verkamannabústaða“ í 2. mgr. komi: Húsnæðisnefnd.

3. mgr. falli brott.

c. 1. mgr. 100. gr. laganna (verður 105. gr) orðist svo:

Húsnæðisnefnd skal ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Við ákvörðun söluverðs skal m.a. taka tillit til byggingarkostnað-

ar íbúða á þeim tíma, sem sala fer fram, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og ástands íbúðar. Húsnæðisnefnd annast sölu íbúða í umbóði sveitarstjórnar.

d. 103. gr. laganna (verður 108. gr.) orðist svo:

Húsnæðismálastjórn skal úrskurða um þann ágreining milli seljanda íbúða og húsnæðisnefnda sem til hennar er vísað og varðar útreikning á greiðslu til seljanda skv. 101. gr., svo og ákvarðanir um endursölu íbúða skv. 102. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1990.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara taka húsnæðisnefndir við hlutverki stjórna verkamannabústaða eftir því sem við á. Enn fremur taka húsnæðisnefndir við réttindum og skyldum stjórna verkamannabústaða, þar með töldu húsnæði, tækjum og búnaði, skuldbindingum vegna verksamninga og framkvæmda og öðrum samningum eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð eða sveitarfélag ákveður.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## L Ö G

### um Listskreytingasjóð ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Listskreytingasjóður ríkisins hefur það markmið að fegra opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum og stuðla þannig að listsköpun í landinu.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Málefni sjóðsins heyrja undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar. Að jafnaði skal miða við að bygging, sem listskreyta á, sé að einhverju eða öllu leyti í eigu ríkisins.

Heimilt er að veita úr Listskreytingasjóði styrki vegna listskreytingar bygginga sem reistar eru á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar beinni fjárveitingarákvörðun Alþingis um byggingarframkvæmdir. Heimilt skal einnig að veita úr sjóðnum styrki vegna listaverka sem komið er fyrir á almannafæri á vegum ríkis eða

sveitarfélaga þótt ekki sé í beinum tengslum við opinberar byggingar. Nánari ákvæði um styrkveitingar samkvæmt þessari málsgrein skal setja í reglugerð.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

#### 1. Árlegt framlag ríkisins.

Framlagið nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o.s.frv.), sbr. 4. gr. Til byggingar telst föst innrétting.

#### 2. Vaxtatekjur.

#### 3. Aðrar tekjur.

### 4. gr.

Framlag ríkissjóðs skv. 1. tölul. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingardeild menntamálaráðuneytisins og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Greiða skal til Listskreytingasjóðs eigi minna en  $\frac{1}{2}$  árlegs framlags á mánuði, hvert fjárlagaár, og skal uppgjóri ríkisins við sjóðinn lokið fyrir 10. desember ár hvert.

### 5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins skal skipuð af menntamálaráðherra, þannig: Tveir menn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og formaður, skipaður án tilnefningar.

Stjórnina skal skipa til tveggja ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála í sjóðstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

### 6. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa mannvirki sem lög þessi taka til skulu arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd, sem hlut á að máli, hafa samband við stjórn Listskreytingasjóðs þannig að byggingin verði frá öndverðu hönnuð með þær listskreytingar í huga sem ráðlegar teljast. Í kostnaðaráætlun um slíkar byggingar skal jafnan gert ráð fyrir listskreytingu með hliðsjón af lögnum.

### 7. gr.

Stefnt skal að því að um meiri háttar verkefni á sviði listskreytinga fari fram opinber samkeppni í samræmi við reglur Sambands íslenskra myndlistarmanna. Heimilt skal sjóðstjórn að ákveða að samkeppni um listskreytingu skuli opin listamönnum á Norðurlöndum, svo og í öðrum þeim löndum þar sem íslenskir myndlistarmenn njóta sömu réttinda.

Með listskreytingu er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar inn- og útan, höggmyndir, málverk, myndvefnað og hvers konar listræna fegur.

Skal leitast við að dreifa verkefnum milli listgreina þannig að í hverri byggingu séu fleiri en ein tegund listskreytinga.

### 8. gr.

Sjóðstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og byggingarnefnd hennar. Stjórnin getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.

### 9. gr.

Heimilt er, eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir, að verja úr honum fé til listskreytingar bygginga sem þegar eru fullbyggðar og skal þá hafa samráð við arkitekt byggingarinnar ef þess er kostur.

## 10. gr.

Verja má úr Listskreyingasjóði til listskreyingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins til hlutadeigandi byggingar, miðað við verðlag á þeim tíma er styrkveiting er ákveðin. Heimilt er þó sjóðstjórn að verja hærri fjárhæð en þessu svarar ef sérstakar ástæður þykja til og fjárhagur sjóðsins leyfir.

Þegar um er að ræða byggingar sem sveitarfélög, eitt eða fleiri, standa að ásamt ríkinu er stjórn Listskreyingasjóðs heimilt að binda framlag úr sjóðnum til listskreyingar skilyrði um móttframlag af hálfu hlutadeigandi sveitarfélaga. Sama gildir um framlög vegna bygginga á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Stjórn Listskreyingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning umsóknar um framlag til listskreyingar, svo sem samkeppni eða gerð viðamikilla líkana.

Um heimild sjóðstjórnar til að endurskoða fjárhæð framlaga vegna verðbreytinga, sem verða frá því að framlag er ákveðið og þar til það kemur til greiðslu, svo og um afturköllun framlaga sem ekki eru nýtt innan tiltekinna tímamarka, má ákveða í reglugerð.

## 11. gr.

Stjórn Listskreyingasjóðs getur hvort heldur óskað eftir að gerð séu ný listaverk eða keypt fullgerð listaverk eða listaverk sem unnið er að. Heimilt er að kaupa listaverk frá Norðurlöndum og öðrum löndum, enda séu gagnkvæm réttindi í samskiptum milli landanna á þessu sviði.

## 12. gr.

Nú hefur verið veitt framlag úr Listskreyingasjóði til listskreyingar í eða við tiltekna byggingu. Skal þá óheimilt að flytja listaverk, sem framlagið miðast við, varanlega úr byggingunni eða frá henni, nema með samþykki stjórnar sjóðsins á grundvelli nýrrar umsóknar.

Óheimilt er að selja listaverk sem notið hefur framlags úr Listskreyingasjóði, nema með samþykki sjóðstjórnar, enda sé þá samið um endurgreiðslu framlagsins í sjóðinn.

Setja skal í reglugerð ákvæði um merkingar listskreyinga sem sjóðurinn veitir framlag til.

## 13. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast fjárvörslu Listskreyingasjóðs og skal þess gætt að hann njóti jafnan bestu vaxtakjara. Heimilt skal stjórn sjóðsins, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að semja við félagasamtök, sem aðild eiga að sjóðnum, um að annast rekstur hans að öðru leyti.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

## 14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1982, um Listskreyingasjóð ríkisins.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

# FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1990.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1990 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1990:

	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Tekjur . . . . .		<b>-2 600 000</b>
Óbeinir skattar . . . . .	-300 000	
Breyting tekna vegna breyttra verðlagsforsendna . . . . .	-2 300 000	
Gjöld . . . . .		<b>-1 753 000</b>
Rekstrarliðir:		
Samneysla . . . . .	61 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur . . . . .	787 000	
Fjárfesting:		
Stofnkostnaður . . . . .	-370 000	
Fjármagnstilfærslur . . . . .	-181 000	
Breyting gjalda, sbr. 4. gr. . . . .	-2 050 000	
<b>Gjöld umfram tekjur . . . . .</b>		<b>847 000</b>
<b>Lánahreyfingar</b>		
Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs . . . . .		<b>847 000</b>
Lántökur . . . . .		850 000
Innlend lán . . . . .	850 000	
<b>Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting . . . . .</b>		<b>3 000</b>



## 2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1990 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Pús. kr.	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins . . . . .	-83 000	
02 Menntamálaráðuneyti . . . . .	-99 000	
03 Utanríkisráðuneyti . . . . .	-5 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti . . . . .	27 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti . . . . .	-8 000	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti . . . . .	-55 000	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . . .	2 000	
09 Fjármálaráðuneyti . . . . .	-116 000	
10 Samgönguráðuneyti . . . . .	-144 000	
11 Iðnaðarráðuneyti . . . . .	-20 000	
12 Viðskiptaráðuneyti . . . . .	800 000	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun . . . . .	-2 000	
	<hr/>	
Samtals		297 000

## 3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

**00 Æðsta stjórn ríkisins****00–201 Alþingi***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 90 Ýmis stofnkostnaður . . . . . -6 000

Gjöld samtals . . . . .	<hr/>	-6 000
-------------------------	-------	--------

**00–510 Bessastaðir***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Mannvirkjagerð . . . . . -75 000

Gjöld samtals . . . . .	<hr/>	-75 000
-------------------------	-------	---------

**00–620 Ríkisendurskoðun***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Tölvu- og húsbúnaður . . . . . -2 000

Gjöld samtals . . . . .	<hr/>	-2 000
-------------------------	-------	--------

**02 Menntamálaráðuneyti****02-233 Rannsóknasjóður***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

	Pús. kr.	Pús. kr.
6 01 Rannsóknasjóður . . . . .	-10 000	
Gjöld samtals . . . . .		-10 000

**02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 10 Menntaskólinn í Reykjavík, endurbætur húss KFUM og K . . . . .	-1 500	
6 11 Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbætur . . . . .	-500	
6 12 Menntaskólinn við Hamrahlíð, breyting á húsnæði . . . . .	-1 000	
6 13 Menntaskólinn við Sund, endurbætur og hönnun . . . . .	-1 500	
6 14 Menntaskólinn á Egilsstöðum, mötuneyti o.fl. . . . .	-3 000	
6 15 Menntaskólinn í Kópavogi, stjórnsýsluálma . . . . .	-1 000	
6 16 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús . . . . .	-2 500	
6 17 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, lóðaframkvæmdir . . . . .	-500	
6 19 Fjölbrautaskóli Vesturlands, mötuneyti . . . . .	-2 500	
6 20 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, viðbygging . . . . .	-1 000	
6 22 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki, bóknámshús . . . . .	-2 500	
6 25 Verkmenntaskóli Austurlands, kennsluhúsnæði og frágangur lóðar . . . . .	-500	
6 26 Verkmenntaskólinn á Akureyri, nýbygging . . . . .	-1 000	
6 27 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, innrétting á húsnæði . . . . .	-500	
6 28 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu, skólastjórabústaður . . . . .	-500	
6 29 Fjölbrautaskólinn Ármúla, viðbygging . . . . .	-500	
6 30 Framhaldsskólinn Laugum . . . . .	-500	
6 31 Framhaldsskólinn á Húsvík . . . . .	-500	
6 32 Menntaskólinn á Akureyri, stofnkostnaður . . . . .	-500	
6 34 Menntaskólinn á Ísafirði . . . . .	-500	
6 35 Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahús . . . . .	-3 500	
Gjöld samtals . . . . .		-26 000

**02-422 Námsgagnastofnun***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 02 Innrétting húsnæðis . . . . .	-8 000	
Gjöld samtals . . . . .		-8 000

**02-501 Tækniskóli Íslands***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 02 Tækniskóli Íslands . . . . .	-3 000	
Gjöld samtals . . . . .		-3 000

**02-518 Fiskvinnsluskólinn***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 10 Lóðaframkvæmdir . . . . . Pús. kr. Pús. kr.  
-2 000

Gjöld samtals . . . . . -2 000

**02-531 Íþróttakennaraskóli Íslands***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 10 Sundlaug . . . . . -2 000

Gjöld samtals . . . . . -2 000

**02-533 Hústjórnaðarskólar***Viðfangsefni:*

Viðhaldsverkefni:

5 90 Viðhald, óskipt . . . . . -1 000

Gjöld samtals . . . . . -1 000

**02-610 Héraðsskólar almennt***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 90 Stofnkostnaður<sup>1)</sup> . . . . . -10 000

Gjöld samtals . . . . . -10 000

**02-902 Þjóðminjasafn Íslands***Viðfangsefni:*

Viðhaldsverkefni:

5 01 Húseign við Suðurgötu . . . . . -8 000

Gjöld samtals . . . . . -8 000

**02-903 Þjóðskjalasafn Íslands***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Innréttingar . . . . . -8 000

Gjöld samtals . . . . . -8 000

**02-978 Endurbótasjóður menningarstofnana***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Endurbótasjóður menningarstofnana . . . . . -112 000

6 02 Ráðstafað til framkvæmda á Bessastöðum . . . . . 75 000

6 03 Ráðstafað til framkvæmda við Þjóðskjalasafn . . . . . 8 000

6 04 Ráðstafað til framkvæmda við Þjóðminjasafn . . . . . 8 000

Gjöld samtals . . . . . -21 000

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

**03 Utanríkisráðuneyti****03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 50 Viðskiptaskrifstofa . . . . .	-5 000	
Gjöld samtals . . . . .		-5 000

**04 Landbúnaðarráðuneyti****04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-390	
Gjöld samtals . . . . .		-390

**04–201 Búnaðarfélag Íslands***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-210	
1 20 Ráðunautar . . . . .	-125	
1 30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn . . . . .	-125	
Gjöld samtals . . . . .		-460

**04–202 Hagþjónusta landbúnaðarins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Almennur rekstur . . . . .	-50	
Gjöld samtals . . . . .		-50

**04–205 Veiðistjóri***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Veiðistjóri . . . . .	-70	
Gjöld samtals . . . . .		-70

**04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Aðalstöðvar . . . . .	-440	
1 82 Stóra-Ármót . . . . .	-10	
1 83 Tilraunabúið Hesti . . . . .	-10	
1 85 Tilraunastöðin Möðruvöllum . . . . .	-20	
1 87 Tilraunastöðin Sámsstöðum . . . . .	-30	
Gjöld samtals . . . . .		-510

**04-221 Áburðarverksmiðja ríkisins***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:	Pús. kr.	Pús. kr.
6 01 Áburðarverksmiðja ríkisins . . . . .	30 000	
Gjöld samtals . . . . .		30 000

**04-231 Skógrækt ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Almennur rekstur . . . . .	-710	
Gjöld samtals . . . . .		-710

**04-232 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Rannsóknastöðin á Mógilsá . . . . .	-60	
Gjöld samtals . . . . .		-60

**04-235 Landgræðsla ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 10 Almenn landgræðsla . . . . .	-860	
1 60 Búrekstur . . . . .	-60	
Gjöld samtals . . . . .		-920

**04-242 Mat á landbúnaðarafurðum***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Mat á landbúnaðarafurðum . . . . .	-50	
Gjöld samtals . . . . .		-50

**04-243 Sauðfjárveikivarnir***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Sauðfjárveikivarnir . . . . .	-60	
Gjöld samtals . . . . .		-60

**04-244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða . . . . .	-10	
Gjöld samtals . . . . .		-10

**04-246 Veðimálastofnun***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Pús. kr.	Pús. kr.
1 01 Veðimálastofnun . . . . .	-320	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-320

**04-247 Yfirdýralæknir***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-20	
1 20 Héraðsdýralæknar . . . . .	-50	
1 30 Dýralæknir fisksjúkdóma . . . . .	-20	
1 52 Eftirlit og eftirlitsferðir . . . . .	-10	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-100

**04-288 Jarðræktar- og búfjárræktarlög, framlög***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:		
6 20 Jarðræktar- og búfjárræktarframlög . . . . .	-10 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-10 000

**04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 30 Niðurgreiðsla fóðurs í loðdýrarækt . . . . .	25 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		25 000

**04-290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 10 Framleiðnisjóður landbúnaðarins . . . . .	-10 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-10 000

**04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 22 Ýmis verkefni . . . . .	-2 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-2 000

**04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-130	
1 30 Rekstur skóla . . . . .	-290	
1 40 Rannsóknir og tilraunastarfsemi . . . . .	-20	
1 50 Búrekstur . . . . .	-190	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-630

**04-502 Bændaskólinn á Hólum***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Bændaskólinn á Hólum . . . . .	-460	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-460

**04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Garðyrkjuskóli ríkisins . . . . .	-190	
1 10 Tilraunir og rannsóknastarf . . . . .	-10	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-200

**04-998 Ráðstöfunarfé***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 01 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra . . . . .	-1 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-1 000

**05 Sjávarútvegsráðuneyti****05-202 Hafrannsóknastofnun***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:	Þús. kr.	Þús. kr.
6 90 Búnaður deilda og útibúa . . . . .	-4 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-4 000

**05-299 Sjávarútvegsból, ýmis starfsemi***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 32 Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir í sjávarútvegi . . . . .	-4 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-4 000

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti****06–201 Hæstiréttur***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 02 Útgáfa hæstaréttardóma . . . . . Pús. kr. Pús. kr.  
-1 000 -1 000

Gjöld samtals . . . . . -1 000

**06–204 Borgarfégetinn í Reykjavík***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Tæki og búnaður . . . . . -1 000

Gjöld samtals . . . . . -1 000

**06–205 Sakadómur Reykjavíkur***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 02 Tölvuvæðing málaskrár . . . . . -1 000

Gjöld samtals . . . . . -1 000

**06–206 Lögreglustjórinn í Reykjavík***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 20 Almenn löggæsla . . . . . -6 000

1 21 Eftirlit á vegum . . . . . -2 000

Stofnkostnaður:

6 80 Endurnýjun ökutækja . . . . . -3 000

6 81 Breyting á verkstæði . . . . . -8 000

Gjöld samtals . . . . . -19 000

**06–208 Rannsóknarlögregla ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01 Rannsóknarlögregla ríkisins . . . . . -1 000

Stofnkostnaður:

6 01 Tæki og búnaður . . . . . -2 000

Gjöld samtals . . . . . -3 000

**06–211 Sýslumenn og bæjarfégetar***Viðfangsefni:*

Viðhaldsverkefni:

5 50 Fasteignir . . . . . -6 000

Stofnkostnaður:

6 10 Tæki og búnaður . . . . . -5 000

6 50 Húsnæði vegna sjúkratrygginga . . . . . -1 000

Gjöld samtals . . . . . -12 000



**06–212 Bæjarfógeti Akranesi***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 10 Innrétting lögreglustöðvar . . . . . Pús. kr. Pús. kr.  
–3 000

Gjöld samtals . . . . . –3 000

**06–251 Landhelgisgæsla Íslands***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 90 Tæki og búnaður . . . . . –8 000

Gjöld samtals . . . . . –8 000

**06– Dómsmál, ýmis starfsemi***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 10 Málskostnaður . . . . . –7 000

Gjöld samtals . . . . . –7 000

**07 Félagsmálaráðuneyti****07–271 Byggingarsjóður ríkisins***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Byggingarsjóður ríkisins . . . . . –100 000

Gjöld samtals . . . . . –100 000

**07–982 Ríkisábyrgð á launum***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota . . . . . 100 000

Gjöld samtals . . . . . 100 000

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti****08–271 Tryggingastofnun ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 10 Lífeyristryggingar . . . . . 110 000

Gjöld samtals . . . . . 110 000

**08–273 Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 01 Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs . . . . . –200 000

Gjöld samtals . . . . . –200 000

**08–371 Ríkisspítalar***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:

1 10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild . . . . . Pús. kr. 147 000

Pús. kr.

Gjöld samtals . . . . . 147 000

**08–372 Borgarspítalinn***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Ýmis eignakaup . . . . . –10 000

Gjöld samtals . . . . . –10 000

**08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir***Viðfangsefni:*

Viðhaldsverkefni:

5 50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt . . . . . –10 000

Stofnkostnaður:

6 60 Tækjakaup, óskipt . . . . . –10 000

6 90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða<sup>1)</sup> . . . . . –17 000

Gjöld samtals . . . . . –37 000

**08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Framkvæmdasjóður aldraðra . . . . . –8 000

Gjöld samtals . . . . . –8 000

**09 Fjármálaráðuneyti****09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum . . . . . –50 000

Gjöld samtals . . . . . –50 000

**09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs***Viðfangsefni:*

Stofnkostnaður:

6 21 Bjarnarbraut 8, Borgarnesi . . . . . –11 000

6 22 Stjórnarsýsluhús Akranesi, hönnun . . . . . –1 000

6 50 Sölvhólgata 7 . . . . . –2 000

Gjöld samtals . . . . . –14 000

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

**09–989 Launa- og verðlagsmál***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Pús. kr.	Pús. kr.
1 10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra í samræmi við samþykktir ríkisstjórnarinnar . . . . .	-20 000	
Stofnkostnaður:		
6 01 Stofnkostnaður . . . . .	-32 000	
Gjöld samtals . . . . .		-52 000

**10 Samgönguráðuneyti****10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-610	
Gjöld samtals . . . . .		-610

**10–211 Vegagerð ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-4 000	
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýframkvæmdir . . . . .	-75 000	
Gjöld samtals . . . . .		-79 000

**10–321 Strandferðir, framlög***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 10 Skipaútgætur ríkisins . . . . .	-5 000	
1 20 Flóabátar og vöruflutningar . . . . .	-3 000	
Gjöld samtals . . . . .		-8 000

**10–331 Vita- og hafnamálaskrifstofan***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Vita- og hafnamálaskrifstofan . . . . .	-530	
Gjöld samtals . . . . .		-530

**10–332 Vitastofnun Íslands***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 10 Rekstur vita . . . . .	-860	
1 20 Sjómerki . . . . .	-70	
Stofnkostnaður:		
6 30 Vitabyggingar . . . . .	-1 000	
Gjöld samtals . . . . .		-1 930

**10-333 Hafnamál***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Pús. kr.	Pús. kr.
1 10 Hafnarannsóknir og mælingar . . . . .	-660	
Stofnkostnaður:		
6 30 Hafnarmannvirki <sup>1)</sup> . . . . .	-25 000	
Gjöld samtals . . . . .		-25 660

**10-341 Siglingamálastofnun ríkisins***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Siglingamálastofnun ríkisins . . . . .	-1 200	
1 02 Mengunarmælingar í sjó . . . . .	-180	
Gjöld samtals . . . . .		-1 380

**10-342 Rannsóknanefnd sjóslysa***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Rannsóknanefnd sjóslysa . . . . .	-70	
Gjöld samtals . . . . .		-70

**10-471 Flugmálastjórn***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-12 880	
1 20 Loftferðaeftirlit . . . . .	-280	
1 30 Reykjavíkflugvöllur . . . . .	-970	
1 40 Flugvalladeild . . . . .	-2 330	
1 50 Flugleiðsöguþjónusta . . . . .	-1 090	
1 60 Flugumferðarþjónusta . . . . .	-670	
1 70 Alþjóðaflugþjónusta . . . . .	-1 180	
Gjöld samtals . . . . .		-19 400

**10-485 Ýmis framlög***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 23 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir skip . . . . .	-2 000	
Gjöld samtals . . . . .		-2 000

**10-651 Ferðamálaráð***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Ferðamálaráð . . . . .	-120	
Gjöld samtals . . . . .		-120

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

**10–652 Veðurstofa Íslands***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Pús. kr.	Pús. kr.
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-390	
1 02 Bóka- og skjalasafn . . . . .	-20	
1 03 Síma- og útvarpskostnaður . . . . .	-560	
1 10 Veðurspádeild . . . . .	-80	
1 11 Veðurfarsdeild . . . . .	-50	
1 12 Veðurstöðvar . . . . .	-50	
1 20 Jarðeðlisfræðideild . . . . .	-120	
1 40 Tölvudeild . . . . .	-120	
1 50 Tækni- og veðurathuganadeild . . . . .	-220	
1 60 Hálendisathuganir . . . . .	-60	
1 61 Hafisathuganir . . . . .	-10	
1 62 Snjóflóðavarnir . . . . .	-20	
1 63 Veðurfræðirannsóknir . . . . .	-10	
1 65 Alþjóðasamvinna . . . . .	-70	
1 70 Veðurþjónusta vegna millilandaflugs . . . . .	-450	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-2 230

**10–656 Landmælingar Íslands***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Landmælingar Íslands . . . . .	-1 770	
1 10 Sérstök verkefni í kortagerð . . . . .	-300	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-2 070

**10–998 Ráðstöfunarfé***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra . . . . .	-1 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-1 000

**11 Iðnaðarráðuneyti****11–371 Orkusjóður***Viðfangsefni:*

## Stofnkostnaður:

6 21 Styrking dreifikerfis í sveitum . . . . .	-20 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-20 000

**12 Viðskiptaráðuneyti****12–201 Niðurgreiðslur á vöruverði***Viðfangsefni:*

## Almennur rekstur:

1 01 Niðurgreiðslur á vöruverði . . . . .	800 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		800 000

**15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun****15–101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:	Pús. kr.	Pús. kr.
1 01 Yfirstjórn . . . . .	-1 000	
1 10 Hagræðingarverkefni . . . . .	-1 000	
	<hr/>	
Gjöld samtals . . . . .		-2 000

## 4. gr.

Auk þeirra breytinga á gjöldum ríkissjóðs, sem kveðið er á um í 2. gr., sbr. sundurliðun í 3. gr., er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjöld ríkissjóðs á árinu 1990 um allt að 2.050.000 pús. kr. vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna fjárlaga í kjölfar kjarasamninga í febrúar 1990.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**SÉRSTÖK YFIRLIT****1. Héraðsskólar almennt (02–610 690).**

	Pús. kr.	Pús. kr.
1. Reykholt . . . . .	-4 160	
2. Núpur . . . . .	-1 950	
3. Reykjanes . . . . .	-550	
4. Reykir . . . . .	-280	
5. Eiðar . . . . .	-2 500	
6. Skógar . . . . .	-280	
7. Laugarvatn . . . . .	-280	
	<hr/>	
		-10 000

**2. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08–381 690).**

1. Akranes, H2 . . . . .	-2 000	
2. Húsavík, H2 . . . . .	-3 000	
3. Raufarhöfn, H1 . . . . .	-1 000	
4. Seyðisfjörður, sjúkrahús . . . . .	-2 000	
5. Neskaupsstaður, sjúkrahús . . . . .	-1 000	
6. Eskifjörður, H2 . . . . .	-1 300	
7. Vestmannaeyjar, sjúkrahús . . . . .	-2 000	
8. Þorlákshöfn, H1 . . . . .	-600	
9. Hafnarfjörður, St. Jósefsspítali (hönnun) . . . . .	-2 000	
10. Mosfellsbær . . . . .	-900	
11. Ólafsvík, hjúkrunarheimilið . . . . .	-1 000	
	<hr/>	
		-16 800

**3. Hafnarmannvirki (10–333 630).**

	Pús. kr.	Pús. kr.
1. Akranes . . . . .	–2 300	
2. Siglufjörður . . . . .	–11 400	
3. Grenivík . . . . .	–8 000	
4. Reyðarfjörður . . . . .	–3 300	
		–25 000

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**LÖG****um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

## 2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

## 3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

## 4. gr.

Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láds og lagar.

## 5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

## 6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Peir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

*Gjört í Reykjavík, 18. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

**L Ö G****um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, o.fl.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málslíðir sem orðist svo:

- að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,
- að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

## 2. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 komi ný mgr. sem orðist svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframléiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.

## 3. gr.

2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarþúid. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.



## 4. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, komi tvær nýjar mgr. sem orðist svo:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981, eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I**

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.
2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.
3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

**II**

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku árið 1994 og taka að láni þá fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendra mynt.

*Gjört í Reykjavík, 18. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Sigurðsson.*

# L Ö G

## um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

- 3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimtir þær. Ráðuneytið og landlæknir annast útgáfu heilbrigðisskýrsla.

#### 2. gr.

Við 5. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsl. er orðist svo:

Landlæknir og nefndin gera ráðherra árlega grein fyrir þeim kvörtunum sem borist hafa og afdrifum mála.

#### 3. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

- 6.2. Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjanes-heraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðslækna til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs héraðslæknisstarfsins. Skulu héraðslæknar samkvæmt áðurgreindu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðslæknar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.
- 6.3. Ráðherra skipar héraðshjúkrunarfræðing í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjanesheraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðshjúkrunarfræðinga til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðshjúkrunarfræðingar er ráðherra heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.

#### 4. gr.

2. og 3. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

- 7.2. Heilbrigðismálaráð skal skipað héraðslækni, héraðshjúkrunarfræðingi og einum fulltrúa tilnefndum af stjórn hvernar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss í héraðinu. Ráðherra skipar formann til fjögurra ára í senn.
- 7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:
1. Eftirlit með heilbrigðismálum í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis og landlæknis.
  2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.
  3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði eftir því sem heilbrigðisráðuneytið ákveður.

## 5. gr.

3. og 4. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

- 8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis og skal héraðslæknum í Reykjavík, Norðurlandi eystra og Reykjanesi sett sérstakt erindisbréf.
- 8.4. Héraðshjúkrunarfræðingur starfar með héraðslækni og skal vera ráðgefandi um og fylgjast með hjúkrun í héraðinu, aðstoða við skipulagningu og samræmingu hjúkrunarstarfs í héraðinu og við ráðningar hjúkrunarfræðinga og annars hjúkrunarfólks á heilsugæslustöðvum. Ráðherra setur héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum tillögum hjúkrunarráðs skv. 31. gr. og landlæknis.

## 6. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

- 9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi heilbrigðisstofnun. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.
- 9.2. Kostnaður vegna starfa héraðslæknis og héraðshjúkrunarfræðings, þar með talinn kostnaður vegna starfslíðs og aðstöðu, greiðist úr ríkissjóði.

## 7. gr.

10. gr. laganna falli niður.

## 8. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

- 12.1. Starfrækja skal heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.

## 9. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

- 13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti:  
Heilsugæslustöð 2 (H2) þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki samkvæmt reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H1) þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru starfsfólki samkvæmt reglugerð. Heilsugæslustöð H þar sem starfar hjúkrunarfræðingur og annað starfslíð samkvæmt reglugerð og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga. Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H-stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með. Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1- eða H2-stöð.

## 10. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

- 14.2. Í Reykjavík skulu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem hér segir:
  1. Vesturbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:
    - 1.1. Garðastræti H2, starfssvæði: Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að austan og Hringbraut til sjávar að sunnan.
    - 1.2. Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg H2, starfssvæði: Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að vestan, flugvöllur að sunnan og Snorrabraut að austan.
    - 1.3. Drápuhlíð H2, starfssvæði: Hlíðarhverfi, Norðurmýrar- og Túnahverfi sem markast af Snorrabraut og flugvallarsvæði að vestan og Kringlumýrarbraut að austan.
  2. Miðbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:
    - 2.1. Laugarnes H2, starfssvæði: Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan

Kringlumýrarbrautar að sunnan, Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuegur, Laugarásvegur og Dalbraut að austan.

- 2.2. Borgarspítalinn H2, starfssvæði: Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrarbrautar að norðan, Breiðholtsbraut að austan og Kópavogur að sunnan.
- 2.3. Voga- og Heimahverfi H2, starfssvæði: Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuegur, Laugarásvegur og Dalbraut að vestan, Elliðaár að austan og Miklabraut að sunnan.
3. Austurbæjarumdæmi syðra þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:
  - 3.1. Breiðholt I og II H2, starfssvæði: Elliðaár að norðan, Reykjanesbraut að vestan, landamerki við Kópavog að sunnan og Arnarbakki að austan.
  - 3.2. Breiðholt III H2, starfssvæði: Elliðaár að norðan og austan, Arnarbakki og Höfðabakki að vestan og Breiðholtsbraut að sunnan.
4. Austurbæjarumdæmi nyrðra þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:
  - 4.1. Árbær og Seláshverfi H2, starfssvæði: Grafarvogur að norðan, Elliðaár að vestan og sunnan og Lækjarbotnar að austan.
  - 4.2. Grafarvogshverfi H2, starfssvæði: Grafarvogur að sunnan, landamerki Reykjavíkur og Mosfellsbæjar að austan.

Starfssvæði heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi nær frá Hringbraut að norðan að flugvelli að austan. Þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar og Seltjarnarness jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

#### 11. gr.

4. liður 2. tölul. 7. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
4. Fáskrúðsfjörður H2, starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.

#### 12. gr.

6. liður 3. tölul. 8. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
6. Hveragerði H1, starfssvæði: Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðis kaupstaður.

#### 13. gr.

2. liður 1. tölul. 9. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
2. Grindavík H2, starfssvæði: Grindavíkurkaupsstaður.

#### 14. gr.

1. liður 5. tölul. 9. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
1. Seltjarnarnes H2, starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður og það svæði innan Reykjavíkur læknishéraðs er markast af Hringbraut að norðan og flugvelli að austan.

#### 15. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:
- 17.1. Ráða skal sjúkrábjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar H2. Í Reykjavík skal vera a.m.k. einn sjúkrábjálfari í hverju heilsugæsluumdæmi.

#### 16. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætast fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Hvorugur aðili á kröfur á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skulu teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem

rekstrarkostnaður. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds.

## 17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
  - b. 2. mgr. greinarinnar orðist svo:
- 20.2. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár skv. lögum um almannatryggingar.

## 18. gr.

Í stað 2. mgr. 21. gr. laganna komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

- 21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús fer stjórn þess, sbr. 30. gr., með málefni allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi skulu þær vera undir einni sameiginlegri stjórn.
- 21.3. Stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík skulu skipaðar fimm mönnum. Einn stjórnarmanna skal skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður; hann skal vera búsettur í umdæminu. Þrír skulu skipaðir skv. tilnefningu borgarstjórnar og einn skv. tilnefningu starfsmanna heilsugæslustöðvanna í umdæminu. Ráðherra setur reglur um kjör fulltrúa starfsmanna. Í Reykjavík ráða stjórnir heilsugæslustöðva framkvæmdastjóra þeirra og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr. Ráðherra setur reglugerð í samráði við héraðslækni um fyrirkomulag á samvinnu heilsugæslustöðva innan Reykjavíkurhéraðs. Þar skal m.a. kveðið á um ráðningu framkvæmdastjóra.

## 19. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

- 22.1. Stjórnir heilsugæslustöðva ráða starfslíð stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

## 20. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

- 23.1. Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

## 21. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

- 24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:
  1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar sem viðurkenndar eru héraðslækni og hefur aðgang að stöðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
  2. Deildasjúkrahús. Sjúkrahús sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflækisfræði og skurðlækisfræði og nýtur þjónustu stöðdeilda til þess að rækja það starf, svo sem röntgendeilda, svæfingadeilda, rannsóknadeilda og endurhæfingardeilda.
  3. Almenn sjúkrahús. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlækisfræði, lyflækisfræði eða heimilislækningum.

4. Hjúkrunarheimili. Vistheimili fyrir aldraða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæðra sjúkrahúsa.
5. Endurhæfingarstofnanir. Stofnanir fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast endurhæfingar í lengri eða skemmri tíma.
6. Sjúkrasambýli. Stofnanir sem taka til vistunar sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.
7. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir sem taka til dvalar og starfs geðsjúklinga og áfengis- og fíkniefnasjúklinga.
8. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar á heilbrigðisstofnun og geta eigi dvalist í heimahúsum.

## 22. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 24. gr. laganna falli niður.

## 23. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:

30.2. Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar skal skipuð fimm mönnum. Borgarstjórn Reykjavíkurborgar kys þrjá fulltrúa í stjórnina og starfsmannaráð tvo.

b. Á eftir 2. mgr. bætast tvær nýjar mgr. er orðist svo:

30.3. Sjúkrahúsum (öðrum en þeim sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar) skal stjórnað af fimm manna stjórnnum sem ráðherra skipar. Starfsmannaráð sjúkrahúsa tilnefna einn mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá og ráðherra einn og skal hann vera búsettur á starfssvæði sjúkrahússins; er hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

30.4. Einkasjúkrahúsum og sjálfseignarstofnunum skal stjórnað af fimm manna stjórnnum þar sem í eiga sæti þrír kosnir af eigendum, einn fulltrúi kosinn af starfsmannaráði og einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnir einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana skipta sjálfar með sér verkum.

c. Við greinina bætist ný mgr. er verði 8. mgr. og orðist svo:

30.8. Stjórnir sjúkrahúsa ráða starfslíð sjúkrahúsanna og fer um laun þeirra skv. kjarasamningum við hlutaðeigandi stéttarfélag.

## 24. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðist svo:

34.4. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvörðun Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma. Ráðherra getur gert samkomulag við aðra aðila en þá, sem falinn er rekstur heilbrigðisþjónustu skv. lögum þessum, um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.

b. Við 3. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu fyrir eign eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skal teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrar-kostnaður. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds.

c. Síðari málsliður 4. mgr. falli brott.

## 25. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

- 39.1. Ferðalög starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu séu þau starfsins vegna í samræmi við reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins eins og þær eru á hverjum tíma.
- 39.2. Um bifreiðanotkun starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar gilda reglur um bifreiðamál ríkisins eins og þær eru á hverjum tíma, eftir því sem við getur átt.

## 26. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

- 41.1. Hlutverk læknishéraðasjóðs samkvæmt lögum nr. 82/1970 skal vera að bæta heilbrigðisþjónustu í strjálbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis og héraðslækna.
- 41.2. Arlega skal leggja sjóðnum til fé á fjárlögum.

## 27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lögín hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Heilsuverndarstarf í Reykjavík skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því sem er við gildistöku laga þessara þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það en þó ekki lengur en til ársloka 1991. Ráðherra skal skipa þriggja manna stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Formaður skal skipaður án tilnefningar, einn skal skipaður skv. tillögu Reykjavíkurborgar og einn skv. tillögu tryggingaráðs. Stjórnin skal í umbóði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og gera í samráði við héraðslækni og stjórnir heilsugæsluumdæmanna í Reykjavíkurborg til lögur um framtíðarhlutverk stöðvarinnar skv. lögum þessum og í tengslum við heilsugæslustarf í Reykjavík. Skipulag þessa efnis skal koma til framkvæmdar frá 1. janúar 1992. Frá þeim tíma falla lög um heilsuverndarstarf, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, úr gildi.
2. Stjórnir heilsugæslustöðva í Reykjavík, sbr. 21. gr., og stjórnir sjúkrahúsa, sbr. 30. gr., skulu kosnar eftir næstu reglulegar sveitarstjórnarkosningar en fram að þeim tíma skulu þær vera óbreyttar. Tilflutningur starfsmanna, annarra en starfsmanna Borgarspítala, einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana, fer fram þegar nýjar stjórnir hafa tekið við og skal lokið fyrir árslok 1990. Um réttindi þeirra starfsmanna fer skv. lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

# LÖG

## um Skákskóla Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á vegum Skáksambands Íslands og í samvinnu við menntamálaráðuneytið starfar skóli er nefnist Skákskóli Íslands.

#### 2. gr.

Skólinn er starfræktur í húsakynnum Skáksambands Íslands. Skal árlega veittur til hans styrkur á fjárlögum sem hér segir:

- a. Framlag sem nemi einu stöðugildi í 8. þrepi 144. lfl. BHM.
- b. Rekstrarstyrkur sem nemi hæfilegri leigu fyrir afnot húsnæðis.

#### 3. gr.

Hlutverk skólans er að annast skákkennslu og hafa á hendi hvers kyns fræðslu sem miðar að því að efla vöxt og viðgang skáklistarinnar á Íslandi. Skal skólinn m.a. halda námskeið úti á landi í samvinnu við skóla og tauffélög.

#### 4. gr.

Skólastjórn Skákskóla Íslands skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru af eftirtöldum aðilum til þriggja ára í senn: Menntamálaráðherra skipar einn, Skáksamband Íslands skipar tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nánar skal kveðið á um verksvið hennar í reglugerð.

#### 5. gr.

Skólastjórn ræður skólastjóra Skákskóla Íslands sem annast rekstur skólans og ræður til hans kennara með samþykki stjórnar.

#### 6. gr.

Skólinn skiptist í almenna deild og framhaldsdeild. Nám í almennum deildum skal auglýst og greiða nemendur námsgjald fyrir. Í framhaldsdeild eru nemendur valdir á grundvelli inntökuprófs og skólavist ókeypis. Kennslu í framhaldsdeild annast skákmeistarar sem laun þiggja samkvæmt lögum um launasjóð stórmeistara í skák.

Í starfsemi skólans er skylt að gæta jafnréttis kynjanna í hvívetna.

Nánar skal kveðið á um starfsemi deilda og tilhögun kennslu í reglugerð.

#### 7. gr.

Til að standa straum af kostnaði við stofnun skólans skal veittur sérstakur styrkur á fjárlögum ársins 1991.

#### 8. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að semja við önnur félagasamtök eða einkaaðila um rekstur skákskóla samkvæmt lögum þessum.



Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.  
9. gr.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Svavar Gestsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1990

7. júní 1990

197

Nr. 77

## AUGLÝSING

**um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breyting á reglugerð  
nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands  
með síðari breytingum.**

Forseti Íslands hefur hinn 7. júní 1990 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

### 1. gr.

Töluliðir 8 til 15 í 2. gr. orðist svo:

8. Fána Íslands, ríkisskjaldarmerki og þjóðsöng Íslendinga.
9. Þingvelli og Þingvallabjörggarð.
10. Hina íslensku fálkaorðu og önnur heiðursmerki.
11. Embætti húsameistara ríkisins.
12. Þjóðhagsstofnun.
13. Byggingastofnun.
14. Framkvæmdasjóð.
15. Atvinnuþryggingasjóð útflutningsgreina.

### 2. gr.

22. töluliður 3. gr. fellur niður. Töluliðir 23 til og með 26 breytast í samræmi við það í töluliði 22 til og með 25.

### 3. gr.

13. gr. orðist svo:

Umhverfisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Náttúruvernd, friðunar- og uppgræðsluáðgerðir á sviði gróður- og skógverndar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, áðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og eflingu alhliða umhverfisverndar.  
Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra.
2. Varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu og endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins að því er varðar mengunarvarnir og yfirstjórn Siglingamálastofnunar ríkisins að því er varðar varnir gegn mengun sjávar.
3. Skipulags- og byggingarmál, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar, skipulagsstjóra ríkisins, skipulagsstjórn og Landmælingar Íslands.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðlega samvinnu á því sviði, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

A 14

5. Fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
6. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
7. Alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála.

4. gr.

Við 15. gr. bætist nýr töluliður, sem orðist svo:

9. Mælitæki og vogaráhöld.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi. Þó öðlast 3. tl. 13. gr. að því er varðar skipulags- og byggingarmál, skipulagsstjóra ríkisins og skipulagsstjórn ekki gildi fyrir en 1. janúar 1991.

*Forsætisráðuneytið, 7. júní 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Alþingi hefur hinn 4. maí 1990 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árið 1990.

Alþingi ályktar að árið 1990 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

#### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í m.kr.)

	1990
<b>1.1. Markaðar tekjur 1990:</b>	
1. Bensínjald . . . . .	3186
2. Þungaskattur, km-gjald . . . . .	925
3. Þungaskattur, árgjald . . . . .	285
	4396
<b>1.2. Eftirstöðvar markaðra tekna frá fyrri árum, innheimtar 1990 . . . . .</b>	<b>100</b>
<b>1.3. Sérstök fjáröflun vegna flýtingar jarðganga á Vestfjörðum . . . . .</b>	<b>47</b>
Samtals	4543

## II. SKIPTING ÚTGJALDA (Fjárhæðir í m.kr.)

	1990
<b>2.1. Stjórn og undirbúningur:</b>	
1. Skrifstofukostnaður . . . . .	119
2. Tæknilegur undirbúningur . . . . .	90
3. Umferðartalning og vegaeftirlit . . . . .	29
4. Eftirlaunagreiðslur . . . . .	8
	246
<b>2.2. Viðhald þjóðvega:</b>	
1. Sumarviðhald	
1. Viðhald malarvega . . . . .	316
2. Viðhald vega með bundið slitlag . . . . .	331
3. Viðhald brúa . . . . .	62
4. Viðhald varnargarða . . . . .	12
5. Heflun vega . . . . .	162
6. Rykbinding . . . . .	54
7. Vinnsla efnis . . . . .	184
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð . . . . .	74
9. Vegmerkingar . . . . .	22
10. Umferðaröryggisaðgerðir . . . . .	23
	1240
2. Vetrarviðhald . . . . .	477
	1717
<b>2.3. Til nýrra þjóðvega:</b>	
1. Stofnbrautir	
1. Almenn verkefni og bundið slitlag . . . . .	685
2. Sérstök verkefni . . . . .	385
3. Stórverkefni . . . . .	623
	1693
2. Þjóðbrautir . . . . .	256
3. Bundið slitlag á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum . . . . .	29
4. Girðingar og uppgræðsla . . . . .	22
	2000
<b>2.4. Til brúagerða:</b>	
1. Brýr 10 m og lengri . . . . .	138
2. Smábrýr . . . . .	7
	145
<b>2.5. Til fjallvega o.fl.:</b>	
1. Aðalfjallvegir . . . . .	14
2. Aðrir fjallvegir . . . . .	9
3. Þjóðgarðavegir o.fl. . . . .	7
4. Vegir á Þingvöllum . . . . .	6
5. Reiðvegir . . . . .	4
	40
<b>2.6. Til sýsluvega:</b>	150
<b>2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:</b>	225
<b>2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:</b>	0
<b>2.9. Til tilrauna:</b>	20
<b>Samtals</b>	<b>4543</b>

SUNDURLIÐUN  
2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni og bundið slitlag.

Vegnr. Kafnanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
18	Um Markarfljót . . . . .	7
30	Skeiða- og Hrunamannavegur	
04	Þjósárdalsvegur-Hrunavegur . . . . .	18
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur-Skálholtsvegur . . . . .	11
38	Porlákshafnarvegur	
01	Suðurlandsvegur-Prengslavegur . . . . .	22
1	Vesturlandsvegur	
17	Eyrafjallsvegur-Kjósarskarðsvegur . . . . .	2
19	Rannsóknir í Hvalfirði . . . . .	2
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes . . . . .	38
04	Umferðarljós . . . . .	5
41	Reykjanesbraut	
03	Landbætur . . . . .	3
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði . . . . .	1
01	Um Hvalstöð og Olíustöð . . . . .	24
09	Eskiholtslækur-Gljúfurá . . . . .	12
54	Ólafsvíkurvegur	
05	Núpa-Skógarnesvegur . . . . .	2
08	Staðará-Urriðaá . . . . .	40
60	Vestfjarðavegur	
09	Víðir-Bessatunga . . . . .	20
10	Rannsóknir í Gilsfirði . . . . .	2
60	Vestfjarðavegur	
01	Gilsfjörður . . . . .	3
03	Króksfjarðanes- Kambur . . . . .	14
24	Gemlufallsheiði . . . . .	5
61	Djúpvegur	
05	Snæfjallastrandarvegur-Flugvöllur . . . . .	44
18	Hafnartangar-Hamar . . . . .	29
25	Óshlið . . . . .	11
62	Barðastrandarvegur	
05	Hlaðseyri-Raknadalur . . . . .	19

Vegnr. Kaflnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjár. m.kr.
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn-Laugar . . . . .	3
1	Norðurlandsvegur	
08	Árfarið í Vatnsdal . . . . .	4
19	Víðivellir-Uppsaliir	16
19	Uppsaliir-Kjálkavegur . . . . .	8
74	Skagastrandarvegur	
01-02	Norðurlandsvegur-Skagaströnd . . . . .	10
76	Siglufjarðarvegur	
08-09	Um Brúnastaðaá og Fljótaá . . . . .	1
10	Strákagöng . . . . .	16
1	Norðurlandsvegur	
03-04	Hörgárdalur . . . . .	47
20	Skútustaðir-Garður . . . . .	6
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla . . . . .	73
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn-flugvöllur . . . . .	9
26	Hafralónsá-Langanesvegur . . . . .	8
1	Austurlandsvegur	
15	Úlfsstaðir-Stóra-Sandfell . . . . .	12
25-27	Fossá-Valtýskambur . . . . .	59
38	Mánagarður-Myllulækur . . . . .	17
47-48	Hof-Virkisá . . . . .	13
85	Norðausturvegur	
04	Á Sandvíkurheiði . . . . .	15
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Langahlíð-Norðurbrún . . . . .	10
96	Suðurfjarðarvegur	
01	Norðfjarðarvegur-Handarhald . . . . .	7
04	Skriður-Höfðahús . . . . .	4
07	Tunguá-Víkurgerði . . . . .	12
10	Stöðvará-Tóftá . . . . .	1
	Samtals	685

## 1.2. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kafln.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjár. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
11-12	Um Mýrdalssand . . . . .	11
12	Um Múlakvísl . . . . .	29
18	Um Markarfljót . . . . .	4
34	Eyrbakkavegur	
05	Um Ölfusárós . . . . .	6
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes . . . . .	36
1	Vesturlandsvegur	
13	Sveinatungumúli . . . . .	25
54	Ólafsvíkurvegur	
02-03	Um Mýrar . . . . .	44
1	Vesturlandsvegur	
02-03	Holtavörðuheiði . . . . .	16
60	Vestfjarðavegur	
22	Um Dýrafjörð . . . . .	30
61	Djúpvegur	
05	Tenging Inn-Djúps . . . . .	3
1	Norðurlandsvegur	
18-21	Miðhús-Sýslumörk . . . . .	44
1	Norðurlandsvegur	
03	Öxnadalur . . . . .	32
917	Hlíðarvegur	
01-07	Vopnafjörður-Hérað . . . . .	25
92	Norðfjarðarvegur	
09-10	Um Oddsskarð . . . . .	76
	Jarðgangarannsóknir . . . . .	4
	Samtals	385

## 1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
<i>Jarðgöng.</i>		
60	Vestfjarðavegur	
27	Vestfjarðagöng . . . . .	58
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Ólafsfjarðarmúli . . . . .	272
	Samtals	330
<i>Höfuðborgarsvæðið.</i>		
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur-Arnarnes . . . . .	105
	Sætún vestan Kringlumýrarbrautar . . . . .	73
	Nýbýlavegur . . . . .	31
	Samtals	209
<i>Stórbrýr.</i>		
	Dýrafjörður . . . . .	67
	Markarfljót . . . . .	16
	Til undirbúnings næstu verkefna . . . . .	1
	Samtals	84
	Stórverkefni samtals	623

## 2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjárv. m.kr.
26	Landvegur	
01	Um Marteinstungu . . . . .	14
211	Álftaversvegur . . . . .	1
240	Stórhöfðavegur . . . . .	4
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur-Suðurlandsvegur . . . . .	1
261	Fljótshlíðarvegur	
03-04	Hlíðarendakot-Háimúli . . . . .	9
268	Pingskálavegur	
02	Pingskálar-Haukadalur . . . . .	2
37	Laugarvatnsvegur	
03	Um Laugardalshóla . . . . .	8
316	Kaldaðarnesvegur	
01	Um Litlu-Sandvík . . . . .	4
358	Einholtssvegur	
01	Um Tungufljót . . . . .	9
360	Grafningsvegur efri	
02	Grafningsvegur neðri-Nesjavellir . . . . .	8



Vegnr. Kafnanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1990 Fjár- m.kr.
415	Bessastaðavegur	
02	Álftanesvegur-Bessastaðir . . . . .	5
425	Nesvegur	
02	Reykjanesviti-Grindavíkurvegur . . . . .	18
461	Meðalfellsvegur . . . . .	2
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Um Andakílsá . . . . .	7
05	Síðumúlaveggir-Varmaland . . . . .	21
59	Laxárdalsvegur	
01	Höskuldsstaðir-Prándarkot . . . . .	7
527	Varmalandsvegur	
01	Borgarfjarðarbraut-Samkomuhús . . . . .	4
574	Útnesvegur	
04	Snjóastaðir í Djúpuðöllum . . . . .	7
606	Karlseyjarvegur	
01	Reykhólasveitarvegur-Karlsey . . . . .	15
607	Reykhólasveitarvegur	
10	Grímsnes-Hafnanes . . . . .	11
711	Vatnsnesvegur	
05	Hjá Ósum . . . . .	2
731	Svínvetningabraut	
01	Norðurlandsvegur-Reykjabraut . . . . .	9
745	Skagavegur	
03	Um Laxá . . . . .	2
752	Skagafjarðarvegur	
01-02	Varmilækur-Mælifellsá . . . . .	11
764	Hegranesvegur vestri . . . . .	3
765	Hegranesvegur eystri . . . . .	3
805	Svarfaðardalsvegur	
02	Hreiðarstaðakot-Hóll . . . . .	3
812	Bakkavegur	
01	Um Pálmholtslæk . . . . .	3
816	Dagverðareyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur-Ólafsfjarðarvegur . . . . .	7
830	Svalbarðseyrarvegur	
01	Norðurlandsvegur-Svalbarðseyri . . . . .	14
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka-Stekkjarnes . . . . .	2
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur-Flugvöllur . . . . .	2
864	Hólsfjallavegur	
01-04	Norðurlandsvegur-Norðausturvegur . . . . .	4
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Mýnes-Eiðar . . . . .	34
	Samtals	256

**2.4. Til brúagerða.**  
*1. Til brúa 10 m og lengri.*

	1990 Fjárv. m.kr.
Ölfusá, göngubrú (1) . . . . .	31
Tungufljót (358) . . . . .	15
Álftá (54) . . . . .	7
Geiradalsá (60) . . . . .	4
Fljótaá (76) . . . . .	32
Brúnastaðaá (76) . . . . .	14
Eyjafjarðará (823) . . . . .	14
Falljökulkvísl (1) . . . . .	5
Kelduárkvísl, yfirbygging (931) . . . . .	8
Fjarðará (PP) . . . . .	6
Morsá (Skaftafellspjóðgarður) . . . . .	2
<b>Samtals</b>	<b>138</b>

*Samgönguráðuneytið, 31. maí 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

31. maí 1990

Nr. 79

## AUGLÝSING

### um flugmálaáætlun árin 1990–1993.

Alþingi hefur hinn 4. maí 1990 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um flugmálaáætlun fyrir árin 1990–1993.

Alþingi ályktar skv. I. kafla laga nr. 31/1987 að árin 1990–1993 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
<b>I.1. Markaðar tekjur:</b>				
*1. Flugvallagjald . . . . .	285	306	306	306
*2. Eldsneytisgjald . . . . .	40	43	43	43
3. Lendingargjöld . . . . .	67	67	67	67
4. Loftferðaefirlitsgjöld . . . . .	19	19	19	19
5. Leigugjöld . . . . .	23	23	23	23
6. Þjónustugjöld . . . . .	30	30	30	30
7. Aðrar tekjur . . . . .	14	14	14	14
	478	502	502	502
<b>I.2. Önnur framlög:</b>				
1. Framlag úr ríkssjóði . . . . .	532	647	647	647
<b>Samtals</b>	<b>1010</b>	<b>1149</b>	<b>1149</b>	<b>1149</b>

\* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA (Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
<b>2.1. Rekstur:</b>				
1. Yfirstjórn . . . . .	52	60	60	60
2. Loftferðaefirlit . . . . .	27	32	32	32
3. Reykjavíkurlflugvöllur . . . . .	81	101	101	101
4. Flugvalladeild . . . . .	136	154	154	154
5. Flugleiðsöguþjónusta . . . . .	75	95	95	95
6. Flugumferðarþjónusta . . . . .	147	178	178	178
7. Alþjóðaflugþjónusta . . . . .	167	180	180	180
	685	800	800	800
<b>2.2. Áætlunarflugvellir I:</b>				
1. Flugbrautir og stæði . . . . .	81	90	72	80
2. Byggingar . . . . .	47	14	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki . . . . .	1	1	0	15
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður . . . . .	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður . . . . .	7	0	30	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður . . . . .	2	0	1	59
7. Ljósabúnaður . . . . .	0	0	0	9
8. Bundið slitlag . . . . .	0	49	73	38
9. Yfirstjórn framkvæmda . . . . .	6	9	13	10
	144	163	189	211
<b>2.3. Áætlunarflugvellir II:</b>				
1. Flugbrautir og stæði . . . . .	9	8	0	0
2. Byggingar . . . . .	15	11	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki . . . . .	0	0	0	17
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður . . . . .	0	0	2	0
5. Snjóhreinsibúnaður . . . . .	3	12	39	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður . . . . .	1	0	9	50
7. Ljósabúnaður . . . . .	0	0	0	0
8. Bundið slitlag . . . . .	47	2	0	0
9. Yfirstjórn framkvæmda . . . . .	3	2	0	3
	78	35	50	70
<b>2.4. Áætlunarflugvellir III:</b>				
1. Flugbrautir og stæði . . . . .	50	0	0	0
2. Byggingar . . . . .	15	42	0	0
3. Fjarskipta- og veðurmælitæki . . . . .	0	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður . . . . .	0	44	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður . . . . .	0	0	25	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður . . . . .	0	6	27	0
7. Ljósabúnaður . . . . .	0	0	0	0
8. Bundið slitlag . . . . .	0	0	0	0
9. Yfirstjórn framkvæmda . . . . .	4	2	0	0
	69	94	52	0
<b>2.5. Aðrir flugvellir og landingarstaðir:</b>				
1. Óskipt . . . . .	19	22	22	22
2. Yfirstjórn framkvæmda . . . . .	1	2	2	2
	20	24	24	24
<b>2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:</b>				
1. Óskipt . . . . .	14	16	16	16
<b>2.7. Til leiðréttinga og brýnna verkefna:</b>	0	17	18	28
<b>Samtals</b>	<b>1010</b>	<b>1149</b>	<b>1149</b>	<b>1149</b>

## III. FLOKKUN FLUGVALLA

**3.1 Áætlunarflugvellir I.**

Reykjavíkurflygöllum, Akureyrarflygöllum, Egilsstaðaflygöllum, Alexandersflygöllum við Sauðárkrók og Húsavíkurflygöllum.

**3.2 Áætlunarflugvellir II.**

Ísafjarðarflygöllum, Vestmannaeyjaflygöllum, Patreksfjarðarflygöllum og Hornafjarðarflygöllum.

**3.3 Áætlunarflugvellir III.**

Grímseyjarflygöllum, Siglufjarðarflygöllum, Vopnafjarðarflygöllum, Flateyrarflygöllum, Bíldudalsflygöllum, Norðfjarðarflygöllum, Þingeyrarflygöllum, Þórshafnarflygöllum, Suðureyrarflygöllum, Gjögursflygöllum, Bakkafjarðarflygöllum, Borgarfjarðarflygöllum, Ólafsfjarðarflygöllum, Raufarhafnarflygöllum, Breiðdalsvíkurflygöllum, Kópaskersflygöllum, Fáskrúðsfjarðarflygöllum, Rífsflygöllum, Blönduósflygöllum, Stykkishólmsflygöllum, Hólmavíkurflygöllum og Grundarfjarðarflygöllum.

**3.4 Aðrir flygvellir og lendingarstaðir.**

Arngerðareyri, Búðardalur, Bæir, Djúpivogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík. Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Borgarnes, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Grímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Melgerðismelar, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

**IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA**  
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1990	1991	1992	1993
<b>4.0. Yfirstjórn framkvæmda</b> . . . . .	14,0	15,0	15,0	15,0
	14,0	15,0	15,0	15,0
<b>4.1. Reykjavík</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .	24,8			
2. Hitamælar . . . . .	1,0			
3. Vararafmagn . . . . .	2,4			
4. Malbik . . . . .		48,9	72,4	37,6
5. Sanddreifari . . . . .			4,0	
6. Markviti . . . . .			0,7	
7. Stefnusendir . . . . .				30,0
8. Skyggismælir . . . . .				2,0
9. Skýjahæðarmælir . . . . .				4,0
	28,2	48,9	77,1	73,6
<b>4.2. Akureyri</b>				
1. Snjóblásari . . . . .	7,0			
2. Hitamælir . . . . .		1,0		
3. Bremsumælir . . . . .			3,0	
4. Stefnusendir . . . . .				15,0
5. Skyggismælir . . . . .				1,0
6. Skýjahæðarmælir . . . . .				4,0
	7,0	1,0	3,0	20,0
<b>4.3. Egilsstaðir</b>				
1. Flugbraut . . . . .	81,0	89,3		
2. Flugstöð . . . . .	14,3	14,1		
3. Flugbrautarlenging . . . . .			72,4	79,8
4. Snjóblásari . . . . .			8,0	
5. Flugbrautarsópur . . . . .			10,0	
6. Bremsumælir . . . . .			3,0	
7. Stefnusendir . . . . .				15,0
	95,3	103,4	93,4	94,8
<b>4.4. Sauðárkrókur</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .	7,6			
2. Bremsumælir . . . . .			2,0	
3. Skyggismælir . . . . .				1,0
4. Skýjahæðarmælir . . . . .				2,5
5. Aðflugsljós . . . . .				9,0
	7,6	0,0	2,0	12,5
<b>4.5. Ísafjörður</b>				
1. Bundið slitlag . . . . .	11,4	2,4		
2. Snjósópur . . . . .		12,0		
3. Bremsumælir . . . . .			2,0	
4. Vararafmagn . . . . .			1,5	
5. Skyggismælir . . . . .				1,0
6. Skýjahæðarmælir . . . . .				4,0
	11,4	14,4	3,5	5,0

	1990	1991	1992	1993
<b>4.6. Vestmannaeyjar</b>				
1. Bundið slitlag . . . . .	34,5			
2. Tækjageymsla . . . . .	7,6			
3. Snjósópur . . . . .	3,0		7,0	
4. Radíóviti . . . . .	1,0			
5. Snjóplógur . . . . .			4,0	
6. Sanddreifari . . . . .			1,0	
7. Bremsumælir . . . . .			2,0	
8. Vararafmagn . . . . .			1,5	
9. Stefnusendir . . . . .				12,2
10. Skyggismælir . . . . .				1,0
11. Skýjahæðarmælir . . . . .				2,0
	46,1	0,0	15,5	15,2
<b>4.7. Patreksfjörður</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .	7,6			
2. Öryggissvæði . . . . .	3,8			
3. Björgunarbátur . . . . .			1,0	
4. Snjóplógur . . . . .			4,0	
5. Snjóblásari . . . . .			2,0	
6. Sanddreifari . . . . .			1,0	
7. Bremsumælir . . . . .			2,0	
8. Vararafmagn . . . . .			1,5	
9. Stefnusendir . . . . .				7,0
10. Fjarlægðarmælir . . . . .				4,0
11. Skyggismælir . . . . .				1,0
12. Skýjahæðarmælir . . . . .				2,0
	11,4	0,0	11,5	14,0
<b>4.8. Húsavík</b>				
1. Flugbraut, lenging . . . . .	3,8			
2. Tækjageymsla . . . . .		11,0		
3. Snjóblásari . . . . .			1,0	
4. Bremsumælir . . . . .			2,0	
5. Radíóviti . . . . .			1,0	
6. Markviti . . . . .			0,7	
7. Vararafmagn . . . . .			1,5	
8. Stefnusendir . . . . .				12,2
9. Skyggismælir . . . . .				1,0
10. Skýjahæðarmælir . . . . .				2,0
	3,8	11,0	6,2	15,2
<b>4.9. Hornafjörður</b>				
1. Flugbraut, þverbraut . . . . .	1,4	8,5		
2. Björgunarbátur . . . . .			1,0	
3. Snjóplógur . . . . .			4,0	
4. Snjóblásari . . . . .			2,5	
5. Sanddreifari . . . . .			1,0	
6. Snjósópur . . . . .			2,0	
7. Bremsumælir . . . . .			2,0	
8. Vararafmagn . . . . .			1,5	
9. Stefnusendir . . . . .				15,0
10. Skyggismælir . . . . .				1,0
11. Skýjahæðarmælir . . . . .				2,0
	1,4	8,5	14,0	18,0

	1990	1991	1992	1993
<b>4.10. Grímsey</b>				
1. Flugbraut . . . . .	7,6			
2. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
3. Radíóviti . . . . .		1,0		
4. Markviti . . . . .			0,7	
5. Sanddreifari . . . . .			1,0	
	7,6	5,5	1,7	0,0
<b>4.11. Siglufjörður</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .	1,4			
2. Sanddreifari . . . . .			1,0	
3. Markviti . . . . .			0,7	
4. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	1,4	0,0	3,2	0,0
<b>4.12. Vopnafjörður</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .	4,8			
2. Sanddreifari . . . . .			1,0	
	4,8	0,0	1,0	0,0
<b>4.13. Flateyri</b>				
1. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
2. Sanddreifari . . . . .			1,0	
3. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	0,0	4,5	2,5	0,0
<b>4.14. Bíldudalur</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .		2,4		
2. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
3. Sanddreifari . . . . .			1,0	
4. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	0,0	6,9	2,5	0,0
<b>4.15. Norðfjörður</b>				
1. Öryggissvæði . . . . .	5,7			
2. Tækjageymsla . . . . .	1,4			
3. Radíóviti . . . . .		1,0		
4. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	7,1	1,0	1,5	0,0
<b>4.16. Þingeyri</b>				
1. Sanddreifari . . . . .			1,0	
2. Vararafmagn . . . . .			1,5	
3. Radíóviti . . . . .		1,0		
	0,0	1,0	2,5	0,0
<b>4.17. Þórshöfn</b>				
1. Flugbraut . . . . .	11,4			
2. Tækjageymsla . . . . .		2,4		
3. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
4. Farþegaskýli . . . . .		8,5		
5. Radíóviti . . . . .		1,0		
6. Sanddreifari . . . . .			1,0	
7. Markviti . . . . .			0,7	
	11,4	16,4	1,7	0,0

	1990	1991	1992	1993
<b>4.18. Suðureyri</b>				
1. Sanddreifari . . . . .			1,0	
	0,0	0,0	1,0	0,0
<b>4.19. Gjögur</b>				
1. Flugbraut . . . . .	4,8			
2. Tækjageymsla . . . . .		8,5		
3. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
4. Radíóviti . . . . .		1,0		
5. Snjóplógur . . . . .			4,0	
6. Snjóblásari . . . . .			2,5	
7. Sanddreifari . . . . .			1,0	
8. Markviti . . . . .			0,7	
9. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	4,8	14,0	9,7	0,0
<b>4.20. Borgarfjörður eystri</b>				
1. Öryggissvæði . . . . .	2,9			
2. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
3. Tækjageymsla . . . . .		2,4		
4. Sanddreifari . . . . .			1,0	
5. Markviti . . . . .			0,7	
6. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	2,9	6,9	3,2	0,0
<b>4.21. Raufarhöfn</b>				
1. Öryggissvæði . . . . .	2,9			
2. Tækjageymsla . . . . .		0,9		
3. Radíóviti . . . . .		1,0		
4. Sanddreifari . . . . .			1,0	
	2,9	1,9	1,0	0,0
<b>4.22. Breiðdalsvík</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .		2,4		
2. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
3. Sanddreifari . . . . .			1,0	
4. Radíóviti . . . . .			1,0	
5. Markviti . . . . .			0,7	
6. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	0,0	6,9	4,2	0,0
<b>4.23. Kópasker</b>				
1. Hlað, öryggissvæði . . . . .	3,8			
2. Tækjageymsla . . . . .		8,5		
3. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
4. Snjóblásari . . . . .			2,5	
5. Sanddreifari . . . . .			1,0	
6. Radíóviti . . . . .			1,0	
7. Markviti . . . . .			0,7	
8. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	3,8	13,0	6,7	0,0
<b>4.24. Rif</b>				
1. Flugbraut, lenging . . . . .	2,1			
2. Radíóviti . . . . .			1,0	
3. Markviti . . . . .			0,7	
	2,1	0,0	1,7	0,0



	1990	1991	1992	1993
<b>4.25. Blönduós</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .		2,4		
2. Sanddreifari . . . . .			1,0	
3. Radíóviti . . . . .			1,0	
	0,0	2,4	2,0	0,0
<b>4.26. Stykkishólmur</b>				
1. Öryggissvæði . . . . .	3,6			
2. Tækjageymsla . . . . .		2,4		
3. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
4. Sanddreifari . . . . .			1,0	
5. Radíóviti . . . . .			1,0	
6. Vararafmagn . . . . .			1,5	
	3,6	6,9	3,5	0,0
<b>4.27. Hólmavík</b>				
1. Öryggissvæði . . . . .	5,7			
2. Farþegaskýli . . . . .	7,6			
3. Slökkvibúnaður . . . . .		4,5		
4. Sanddreifari . . . . .			1,0	
5. Markviti . . . . .			0,7	
	13,3	4,5	1,7	0,0
<b>4.29. Aðrir flugvelli og landingarstaðir</b>				
1. Óskipt . . . . .	19,1	22,0	22,0	22,0
	19,1	22,0	22,0	22,0
<b>4.30. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta</b>				
1. Óskipt . . . . .	14,0	16,0	16,0	16,0
	14,0	16,0	16,0	16,0
<b>4.31. Til leiðréttinga og brýnna verkefna</b>	0,0	17,0	18,5	27,7
Samtals	325,0	349,0	349,0	349,0

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

## FORSETAÚRSKURÐUR

**um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum  
og sendiráðisskrifstofur.**

FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:

- a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
- b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Pólland og Tékkóslóvakía.
- c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Júgóslavía, Albanía og Saudi Arabía.
- d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígería.
- e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
- f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Rúmenía, Mongólía og Japan.
- g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Þýska Alþýðulýðveldið, Austurríki, Sviss, Ungverjaland, Grikkland og Vatíkanríkið.
- h. Brussel, sendiráð. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxembourg. Forstöðumaður sendiráðsins skal einnig vera sendiherra hjá Evrópubandalaginu.
- i. Brussel, fastanefnd. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.
- j. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venezuela og Barbados.
- k. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Keníu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
- l. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.

3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 6 frá 5. febrúar 1987.

*Gjört í Reykjavík, 1. júní 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

**AUGLÝSING****frá forsætisráðuneytinu.**

Í fjarveru Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra hefur Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

*Forsætisráðuneytið, 7. júní 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 8. júní 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

**AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 13. júní 1990.*

F. h. r.

**Helga Jónsdóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1990

---

---

29. júní 1990

215

Nr. 84

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 173. apríl 1990  
um ábyrgðadeild fiskeldislána.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna ákvæða í nýsettum lögum nr. 17/1990 um ábyrgðadeild fiskeldislána ríki óvissa um yfirtöku ábyrgðadeildarinnar á sjálfskuldarábyrgðum sem Framkvæmdasjóður Íslands hefur gengist undir. Beri því brýna nauðsyn til þess að breyta 8. gr. fyrrnefndra laga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. másl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar, sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda, falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefur gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands, skal ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefur undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. júní 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1990

---

---

Nr. 85

216

17. júlí 1990

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að framfærsluvísitalan hafi á undanförunum mánuðum hækkað meira en gert var ráð fyrir í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá því í febrúar s.l., sem gæti stefnt í hættu markmiðum kjarasamninganna og stöðugleika í efnahags- og verðlagsmálum. Beri því brýna nauðsyn til að hefja nú þegar aðgerðir til þess að lækka verðlag. Auk þess er talin bera nauðsyn til að samræma skattalega meðferð nýbygginga, endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „16. nóvember“ í 17. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, komi: 1. september.

#### 2. gr.

3. másl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðist svo:

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 1. september 1990. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1990.

*Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 12. júlí 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 16. júlí 1990.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

# STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1990

---

---

Nr. 88

218

19. júlí 1990

## LÖG

### um ríkisábyrgð á launum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 18. gr. laga nr. 7 28. febrúar 1990 hef látið fella meginmál VII. kafla laga nr. 7 28. febrúar 1990 inn í lög nr. 23 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist samkvæmt fyrirmælum laga þessara greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda ef bú vinnuveitandans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða með dánarbú hans er farið sem skuldafrágöngubú.

##### 2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra.

##### 3. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er í lögum þessum átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda sem stoð á í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega. Til vinnulauna teljast samkvæmt lögum þessum hvorki greiðslur, sem vinnuveitandi hefur haldið eftir við útborgun launa, né greiðslur sem reiknast sem ákveðið hlutfall launa eða eru ákveðnar sem tiltekin fjárhæð og vinnuveitanda ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi að standa skil á til þriðja manns.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búið skv. 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979), sbr. þó 9. gr.:

- a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búi, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda skv. IX. kafla laga nr. 86/1988,

- b. kröfu launþega um orlofslaun sem fallið hafa til vegna launa hans á yfirstandandi orlofsári og á næstliðnu orlofsári ef þau áttu að koma til útborgunar á síðustu sex starfsmánuðum launþegans hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda, enda falli þessi tímabil innan þeirra tímamarka sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi,
  - c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búi, enda hafi tilraunir til innheimtu verið reyndar af hálfu hlutaðeigandi lífeyrissjóðs þar eð krafan hefði mátt vera honum kunn,
  - d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings. Sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið skal sýna fram á að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu, t.d. með vottorði vinnumiðlunar,
  - e. bóta til launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss, eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í búi vinnuveitandans,
  - f. dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjaldddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði,
  - g. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar.
- Ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum skv. a- og d-liðum þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð, miðað við einn mánuð, en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði, án tillits til barnafjölda.
- Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búi vinnuveitanda.

#### 5. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafid ríkissjóð um greiðslu krafna skv. a- til d- liðum 1. mgr. 4. gr.:

- a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
- b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
- c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir, sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda, áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.
- d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati félagsmálaráðherra getur hann ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna.

### III. KAFLI

#### 6. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í búi vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði því aðeins tekin til greina að hún berist félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.



## 7. gr.

Greiðslukrafa á hendur ríkissjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glögg sem við verður komið:

- a. nafn, kennitala og heimilisfang þess sem kröfu gerir,
- b. nafn, kennitala og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta,
- c. hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru, sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær,
- d. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 5. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubrési til félagsmálaráðherra skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim, er kröfuna gerir á sannanlegan hátt, vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ríkissjóði teljist ella afturkölluð.

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ríkissjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ríkissjóðs á hendur þrotabúi. Er honum óheimilt, án sérstaks leyfis félagsmálaráðherra, að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjótí launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ríkissjóðs á kröfu hans fellur niður.

## 8. gr.

Sá sem fer með skipti á þrotabúi skal svo fljótt sem auðið er láta félagsmálaráðherra í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ríkissjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

- a. hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,
- b. hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið,
- c. hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ríkisábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum,
- d. hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
- e. hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,
- f. hvort ákvæði 5. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptaráðandi í búiinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá félagsmálaráðherra heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ríkissjóði eins og fullnægt væri skilyrðum a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptaráðanda en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafín.

## 9. gr.

Nú hefur skiptameðferð á búi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búið og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði.

Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

#### 10. gr.

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ríkisábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

#### 11. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptaráðanda um kröfuna, ber félagsmálaráðherra að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ríkissjóði. Þegar félagsmálaráðherra ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal hann jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Komi fram í umsögn skiptaráðanda að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem ráðherra verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji félagsmálaráðherra að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ríkissjóði skal ákvörðun hans um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim, er kröfuna gerir, heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskulduna og má veita honum gjafsóknarleyfi þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 172. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess.

#### 12. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ríkissjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr bú vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ríkissjóði.

#### 13. gr.

Félagsmálaráðherra skal tilkynna bréflaga þeim er kröfu gerir og skiptaráðanda í bú vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Í tilkynningu ráðherra skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptaráðanda í bú vinnuveitandans berst tilkynning félagsmálaráðherra um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði fer fjármálaráðherra með fyrirvar fyrir kröfunni, að því leyti sem ríkissjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ríkissjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, er hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

#### 14. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ríkissjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ríkissjóði, ef ljós hefðu verið, ber þeim, er greiðslu fékk, að endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji fjármálaráðherra að sá, er greiðslu fékk, hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ríkissjóði skal hann tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengið greidd nema þyngrí refsing liggí við að lögum.

#### IV. KAFLI

##### 15. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

*Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um launamál.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér að eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 31. júlí s.l. að veita viðsemjendum sínum sömu hækkun launa og félagar í Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfs-  
manna hljóta og þar sem tilraunir til samninga við BHMR hafa ekki borið árangur, beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi sjálfvirkar víxlhækkanir launa og verðlags og treysta þau efnahagslegu markmið, sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um og lögð voru til grundvallar almennum kjarasamningum í byrjun þessa árs. Þá er nauðsynlegt að jafnræði ríki í þróun launataxta og kaupmáttar á milli hinna ýmsu stétta í landinu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

##### 1. gr.

Lög þessi taka til þeirra kjarasamninga sem samkvæmt ákvæðum sínum eru í gildi við gildistöku laganna. Lögin taka hins vegar ekki til þeirra kjarasamninga sem þá eru lausir.

##### 2. gr.

Frá 1. september 1990 til 15. september 1991, sbr. þó 5. mgr., skulu laun, þ.e. launataxtar og launatengdir liðir þ. á m. kauptrygging sjómanna, samkvæmt þeim kjarasamningum, sem lög þessi taka til, breytast frá því sem þau voru 30. júní 1990, sem hér segir:

1. Hinn 1. desember 1990 skulu laun hækka um 2,0%.
2. Hinn 1. mars 1991 skulu launa hækka um 2,5%.
3. Hinn 1. júní 1991 skulu laun hækka um 2,0%.

Ofangreindar breytingar koma í stað ákvæða kjarasamninga um breytingar launataxta og launatengdra liða.

Ákvæði 1. mgr. raska ekki ákvæðum kjarasamninga um greiðslu sérstakra uppbóta á laun, svo sem orlofsuppbótar, desemberuppbótar og persónuuppbótar. Á árinu 1991 skal greiða 7.500 kr. orlofsuppbót eftir sömu reglum og með sama hætti og á árinu 1990.

Hafi laun samkvæmt ákvæðum þessara samninga hækkað á tímabilinu 30. júní til 1. september 1990 skal sú hækkun falla niður frá og með 1. september 1990, enda koma launahækkunarir skv. 1. mgr. í stað hennar.

Með þeim breytingum, sem kveðið er á um í 1.–4. mgr., skulu þessir kjarasamningar gilda til 15. september 1991 og verða þá lausir án uppsagnar. Kveði kjarasamningur á um gildistíma til 31. ágúst 1991 skulu þau ákvæði þó halda gildi sínu.

### 3. gr.

Nú kveður kjarasamningur á um launanevnd og raska ákvæði 2. gr. þá ekki ákvæðum hans um endurskoðun, breytingar eða tilfærslur á launahækkunum, sbr. 1. mgr. 2. gr., eða uppsögn samnings samkvæmt ákvörðun viðkomandi launanevndar.

Aðilum að kjarasamningi, sem ekki kveður á um launanevnd, er heimilt að semja um stofnun og verksvið slíkrar nefndar. Verði slíkur samningur gerður fer eftir ákvæði 1. mgr. frá þeim tíma.

Leiði ákvarðanir launanevndar samningsaðila á almennum vinnumarkaði til almennra launabreytinga, skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er ekki hafa ákvæði um launanevndir, breytast með hliðstæðum hætti. Ákveði launanevnd samkvæmt kjarasamningi aðildarfélaganna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs – og Reykjavíkurborgar hins vegar að laun skuli breytast, skulu laun samkvæmt þeim kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem ekki hafa ákvæði um launanevndir, breytast með hliðstæðum hætti.

Komi til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði með ákvörðun launanevndar, skal aðilum að kjarasamningum samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri uppsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara. Komi til uppsagnar kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs – og Reykjavíkurborgar hins vegar, skal aðilum að kjarasamningum samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. heimilt innan eins mánaðar frá þeirri umsögn að segja upp samningum sínum með eins mánaðar fyrirvara.

### 4. gr.

5. og 15. gr. kjarasamninga milli aðildarfélaganna BHMR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 18. og 19. maí 1989, falla úr gildi. Með sama hætti falla úr gildi hliðstæð ákvæði í kjarasamningum aðildarfélaganna BHMR og annarra viðsemjenda þeirra. Þess í stað skulu laun félagsmanna í aðildarfélögum BHMR taka þeim breytingum sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. laga þessara.

Með þeim breytingum, sem lög þessi kveða á um, skulu kjarasamningar aðildarfélaganna BHMR og viðsemjenda þeirra gilda til 31. ágúst 1991 og falla þá úr gildi án uppsagnar.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Steingrímur Hermansson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1990

Nr. 90

224

13. ágúst 1990

## LÖG

### um tekjustofna sveitarfélaga.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 18. gr. laga nr. 7 28. febrúar 1990 um ráðstafanir vegna kjarasamninga hef látið fella meginmál III. kafla laga nr. 7 28. febrúar 1990 inn í lög nr. 91 1. júní 1989, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, nr. 124 28. desember 1989, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
- c. Útsvör.
- d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því er lög þessi ákveða.

##### 2. gr.

Auk tekna skv. 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn getur ákveðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr.

#### II. KAFLI

##### Um fasteignaskatt.

##### 3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteign er.

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki, að undanteknum útihúsum í sveitum, skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. Allt að ½% af álagningarstofni:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. Allt að 1% af álagningarstofni:

Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum staflíðum.

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal Fasteignamat ríkisins láta sveitarfélögunum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi, sbr. 2. mgr.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu skattsins sem reiknast af heilum þúsundum álagningarstofns og skal sleppa því sem umfram er. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

Vangreiðsla að hluta veldur því að fasteignaskatturinn fellur allur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum, endurhæfingarstöðvum og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómsundaiðju sem viðurkennd eru af hlutadeigandi sveitarstjórn. Sama gildir um lóðir þessara húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 3. mgr. 3. gr. og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

## 7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

## III. KAFLI

## Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

## 8. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
- b. Landsútsvör skv. 9. gr.
- c. Vaxtatekjur.

## 9. gr.

Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar:

- a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði.
- b. Áburðarverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sementsverksmiðja ríkisins, Sala varnaliðseigna, 1,3% af heildarsölu. Enn fremur olíufélög sem flytja inn olíu, olíuvörur og annat sölu þessa og dreifingu innan lands, 1,3% af heildarsölu olíu og olíuvara annarra en gasolíu og svartolíu.
- c. Járnblandiverksmiðjan í Hvalfirði, 0,5% af rekstrarútgjöldum.
- d. Bankar og sparisjóðir, 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta.

## 10. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara skv. 9. gr. Gjaldlagi landsútsvara er 15. júlí ár hvert og eindagi 15 dögum síðar. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin samkvæmt gjaldskrá sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

## 11. gr.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess sveitarfélags, þó með þeirri undantekningu að landsútsvar skv. d-lið 9. gr. rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal að öðru leyti ráðstafað sem hér segir:

- a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 12. gr.
- b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 13. gr.
- c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 14. gr.

## 12. gr.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
- b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
- c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
- d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

## 13. gr.

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.
- c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámönnum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 15. gr.
- d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 16. gr.
- e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins.

Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

## 14. gr.

Jöfnunarframlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til sveitarfélaga sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög miðað við meðalnýtingu tekjustofna þeirra.
- b. Til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 12. og 13. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

## 15. gr.

Framlögum skv. c-lið 13. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og dagvistarheimili fyrir börn.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

## 16. gr.

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagur þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

## 17. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillögur til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og skv. 14. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

## 18. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.



## 19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

## 20. gr.

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins.

## IV. KAFLI

## Um útsvör.

## 21. gr.

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

## 22. gr.

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

## 23. gr.

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 62.–65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

## 24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

## 25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af útsvarsstofni.

## 26. gr.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda hlutaðeigandi skattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

#### 27. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga um almannatryggingar.

Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

#### 28. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri gerir síðan innheimtuskrá og sendir hana til sveitarstjórnar og innheimtuaðila, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

#### 29. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða það sem vangoldið er á sömu gjalddögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 1.–3. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um fyrirframgreiðslu tekjuskatts, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera skil á útsvari sínu á sama tíma og kveðið er á um skil á tekjuskatti, sbr. 7. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

## 30. gr.

Útsvör skulu greidd á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn.

Fjármálaráðuneytið sér um endurgreiðslu fyrir hönd sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um verðbætur, skulu eiga við um endurgreiðslur og viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir.

Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt, sbr. og 2. mgr. 37. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Allir þeir, sem greiða laun, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, eru skyldir, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupi launamanns til lúkningar útsvari þeirra aðila sem launagreiðendur bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum þessara laga. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á útsvari og gjöldum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi því fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum; skal greiða dráttarvexti skv. 41. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til innheimtuaðila.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

## 31. gr.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafðið hlutaðeigandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafðið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

## 32. gr.

Um ábyrgð á greiðslu útsvars gilda ákvæði 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

## 33. gr.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar.

## V. KAFLI

## Um aðstöðugjald.

## 34. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

- a. Þeir sem um ræðir í 1.–4. tölul. og 6. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

- b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr. Undanþága oliufélaganna nær þó aðeins til oliu og oliuvara.
- c. Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur- og mjólkurafurða.

## 35. gr.

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en frá honum dregst tekjufærsla samkvæmt sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður skv. 2. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þeir sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

## 36. gr.

Hámark aðstöðugjalds skal vera 1,3% af aðstöðugjaldsstofni.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda eftir tegundum atvinnurekstrar innan framangreindra takmarka. Óheimilt er að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar.

## 37. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuadila að annast innheimtu aðstöðugjalda.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundradshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundradshluti ákveðinn fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Alagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Þangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 24., 29., 30., 32. og 33. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

## 38. gr.

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur atvinnurekstur sinn ef:

- a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbýggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar, A 16
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 35. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans falli undir þá starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi þar sem starfsemin fer fram.

39. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um álagningu aðstöðugjalds og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 36. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

40. gr.

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann hlutaðeigandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

41. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr., 3. og 5. mgr. 29. gr. og 2., 3. og 5. mgr. 37. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr., 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 37. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987.

Nú verður ljóst þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarstjórnar. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

42. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29/1885.

43. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og einstaklingur, sem útsvarsskyldur er hér á landi skv. 21. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn hlutaðeigandi einstaklings eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

44. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. laganna um útsvar af tekjum barna skulu gilda við útsvarsálagningu á árinu 1990 vegna tekna þeirra á árinu 1989.

*Gjört í Reykjavík, 13. ágúst 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

**AUGLÝSING**

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,  
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 13. ágúst 1990 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Liður a) í 109. gr. orðist svo:

a) Aðalgreinar til B.A. prófs: Bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórn málafræði, uppeldisfræði, félagsráðgjöf, þjóðfræði.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 16. ágúst 1990.*

**Svavar Gestsson.**

Árni Gunnarsson.

**AUGLÝSING**

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 10. september 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

Guðmundur Benediktsson.

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 18. september 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

Nr. 94

## FORSETA BRÉF

1. október 1990

### um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1990.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1990.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 1. október 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

Nr. 95

## LÖG

28. september 1990

### um félagsráðgjöf.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 6. gr. laga nr. 48 15. maí 1990 um breytingu á lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf, hefi látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 41/1975 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Veita má umsækjanda, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr., leyfi til að kalla sig félagsráðgjafa og stunda félagsráðgjöf hér á landi. Leita skal umsagnar

Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands áður en leyfi samkvæmt þessari málsgrein er veitt. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands getur sett sem skilyrði að viðkomandi sanni kunnáttu í íslenskum lögum og reglum er varða störf félagsráðgjafa hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli.

3. gr.

Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggji meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

4. gr.

Félagsráðgjafi má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan félagsráðgjafar hafi hann fengið til þess leyfi heilbrigðisráðherra.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, nánari ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum félagsráðgjafar.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. grein, með þeim undantekningum, sem leiðir af ákvæðum 3. greinar.

6. gr.

Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

7. gr.

Félagsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða félagsráðgjöf.

Félagsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri félagsráðgjöf sem þeir veita.

8. gr.

Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga, nr. 53/1988.

Reglur læknalaga gilda m.a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 28. september 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*



# LÖG

## um atvinnuleysistryggingar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 11. gr. laga nr. 64/1981 og 16. maí 1990 um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 64/1981, með síðari breytingum hefi látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga ásamt meginmáli laga nr. 10/1985, laga nr. 79/1986, laga nr. 51/1989, V. kafla laga nr. 87/1989 og VI. kafla laga nr. 7/1990 inn í lög nr. 65/1981 og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Þeir félagar í stéttarfélögum, sem atvinnulausir verða, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

##### 2. gr.

Stéttarfélög eru samtök manna, sem vinna í þjónustu annarra og taka laun fyrir vinnu sína, og hafa það meginverkefni að koma fram sem samningsaðili við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna og fullnægja að öðru leyti reglum um stéttarfélög samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

##### 3. gr.

Ákvæði laga þessara taka til félagsmanna í þeim stéttarfélögum sem við gildistöku þeirra eru aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði, svo og í þeim stéttarfélögum sem stjórn sjóðsins veitir síðar aðild að sjóðnum eftir umsókn þeirra þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.

##### 4. gr.

Félagi í stéttarfélagi, sem auk þess að stunda vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir tímallengd sjósóknar sinnar.

#### II. KAFLI

##### Um stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs o.fl.

##### 5. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal innna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
- b. Framlag ríkissjóðs skv. 14. gr.
- c. Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

##### 6. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og fjórir kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

## 7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag skal ráðherra skera úr ágreiningi.

Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

## 8. gr.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

## III. KAFLI

## Um iðgjöld.

## 9. gr.

Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára og eldri, er tekur laun samkvæmt kjarasamningi eða launataxta stéttarfélags, sbr. þó 2. og 3. gr., svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu greiða iðgjöld vegna sjósóknar sinnar.

## 10. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, lægsta starfsaldursprepi, vegna herrar vinnuviku sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn reiknast árið 52 tryggingavikur. Hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingavika. Tryggingavikufjöldi sjómanna er skráningar- og/eða ráðningartími í skipsrúm.

Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s.l. ári skv. umræddum taxta og skal það reiknast af Hagstofu Íslands.

Við ákvörðun iðgjalds skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr., jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

## 11. gr.

Allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun, sbr. 9. og 10. gr., eru skyldir til þess að skýra frá því ókeypis á launamiðum og launaframtali í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður. Sama skylda hvílir á þeim aðila, sem hefur milligöngu um greiðslu launa. Á launamiða skal greina í vikum eða vinnustundum lengd starfstíma starfsmanna á árinu og það stéttarfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem launamanni er greitt eftir.

Um skilafrest launaframtals, meðferð þess og viðurlög skulu gilda ákyæði X.–XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

## 12. gr.

Iðgjöld samkvæmt 10. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti. Fer um skráningu og birtingu álagningar eftir 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Um kærur, gjaldfresti og úrskurði fer eftir 99. og 100. gr. sömu laga.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar tekjuskatts og eignarskatts.

Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum skulu lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum.

## 13. gr.

Íðgjöld skv. 10. gr. skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Skulu ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu íðgjalds að svo miklu leyti sem við getur átt.

Íðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs og almannatrygginga.

## 14. gr.

(Fellð niður með 28. gr. laga nr. 87 31. maí 1989)

## 15. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysisstryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar íðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir framlag þetta.

Um dráttarvexti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

## IV. KAFLI

## Um bótarétt.

## 16. gr.

Rétt til atvinnuleysisbóta skv. lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 71 árs.
2. Dvelja hér á landi.
3. Eru fullgildir félagsmenn í stéttarfélögum.
4. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu.

Hver róðardagur við sjósókn, sbr. 4. gr., telst 12 klst., en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið tryggingarskylda dagvinnu hjá öðrum.

Hafi maður stundað samfelld vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið í tryggingarskyldri vinnu a.m.k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma, eftir að hann varð 16 ára.

5. Sanna með vottorði vinnumiðlunarstofu skv. lögum um vinnumiðlun, að hann hafi verið atvinnulaus 3 eða fleiri heila vinnudaga.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

## 17. gr.

Sá sem er atvinnulaus og fullnægir skilyrðum bótaréttar skv. 16. gr. en tekur starfi sem ekki er tryggingarskyldt samkvæmt lögum þessum og stundar það allt að 24 mánuðum heldur að loknu því starfi bótarétti þeim sem hann hafði áunnið sér enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysisstryggingar ekki til starfsins. Sama gildir í allt að 24 mánuðum um þá sem taka að stunda nám svo og þá sem verða að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum.

Ef sá, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur hann þeim bótarétti, þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með

læknisvottorði, svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í 3. tl. 21. gr.

#### 18. gr.

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að sex vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir, þegar bótaþegi sækir námskeið verkalyðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, allt að sex vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans skv. framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um þá sem taka að stunda námskeið eða annað nám sem varir lengur en sex vikur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunar-námskeiða á vinnustað eða utan hans, enda verði það talið nauðsynlegt vegna verulegra breytinga og nýjunga í starfsháttum, eða ef atvinnuleysi eða hliðstæðir erfiðleikar eru fyrirjáanlegir í ákveðnum starfsgreinum. Styrkur má nema allt að þeim atvinnuleysisbótum, sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhjákvæmilegs ferðakostnaðar þátttakanda, sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

#### 19. gr.

Maður, sem fengið hefur rétt til bóta, en bótatíma hans er lokið skv. 22. gr., heldur bótarétti sínum ef hann er áfram atvinnulaus og fullnægir ákvæðum um skráningu hjá vinnumiðlun skv. lögum þessum.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

#### 20. gr.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftari en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

#### 21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 16. – 20. greinar eiga eftirtaldir menn ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkrapeninga skv. lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna, eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta skv. þessum tölulið fellur niður í fyrsta sinn 30 bótagaga og skerðist bótatímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunastofu, að hann hafi stundað vinnu í samfelld 6 vikur eftir að hann missti bótarétt sinn.

5. Þeir sem ófærir eru til vinnu af heilsufarsástæðum.
6. Þeir sem neita starfi sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á.  
Eigi fellur heldur niður bótaréttur þótt sá sem hefur notið bóta skemur en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum sem hann hefur áður stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt heimilisástæðna umsækjanda.
7. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a.m.k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma.
8. Þeir sem firrt hafa sig bótarétti skv. 40. gr.

22. gr.

Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.

Atvinnuleysibætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Enginn skal þó fá bætur fyrir fleiri en 180 daga á 12 mánuðum.

Til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi er stjórn sjóðsins heimilt að lengja bótatímabil skv. 2. mgr. í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikur. Heimild þessari skal stjórnin beita almennt eða staðbundið miðað við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

## V. KAFLI

### Atvinnuleysibætur.

23. gr.

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Lágmarksdagpeningar eru 1/4 hluti sömu launa.

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

Af atvinnuleysibótum greiðir bótaþegi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

24. gr.

Fjárhæð bóta miðast við unnar dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir fyrsta skráðan atvinnuleysisdag. Hámarksbætur greiðast þeim, sem unnið hafa 1 700 dagvinnustundir eða fleiri. Lágmarksbætur greiðast, þegar dagvinnustundir eru 425. Annars greiðast bætur í hlutfalli við dagvinnustundafjölda.

Nú nemur vinnuframlag manns ekki 425 dagvinnutunda lágmarkinu skv. framansögðu en viðkomandi hefur auk þess unnið eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 22/1981 og lög nr. 46/1981, og er þá heimilt að leggja saman dagvinnustundir unnar af viðkomandi og greiða bætur að tiltölu enda náist þannig a.m.k. 425 dagvinnustundir.

Bætur vegna barna skv. 23. gr. skerðast ekki.

Vinna í reglubundinni vaktavinnu svo og vinna, sem eðli sínu samkvæmt er jafnan unnin utan venjulegs dagvinnutíma, telst dagvinna í þessu sambandi, þó aldrei yfir 40 klukkustundir á viku.

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess, ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til vinnumiðlunar þar sem fyrirtæki starfar og tilgreina ástæður til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélag viðkomandi. Vinnumiðlun staðreynir skrána svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin hefur tekið til og sendir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir þau félag, sem starfsmenn eru félagar í, sem síðan úrskurða um bótarétt. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrir en að loknum uppsagnarfresti.

Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu 12 mánuðum í ekki skemmri tíma en 6 mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir, að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 520 dagvinnustundir vegna námsins til viðbótar vinnustundum hans að námi loknu.

Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 17. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju tryggingarskyld störf, gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu 12 mánuðum, skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma. Hafi hann notið fullra bóta, reiknast tímabilið með fullum dagvinnutíma, ella skerðist það í sama hlutfalli og bætur sem hann naut.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum til skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma.

## VI. KAFLI

### Úthlutunarnefndir og greiðsla bóta.

#### 25. gr.

Úthlutunarnefnd hefur á hendi úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband. Úthlutunarnefnd skal skipuð fimm mönnum, þremur frá því stéttarfélagi eða félagasambandi, sem hlut á að málum, einum frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Nefndin kys sér sjálf formann og ritara.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar um kostnað vegna nefndarstarfanna. Allur kostnaður vegna nefndarstarfa greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

#### 26. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau séu hvort tveggja í senn, umsóknir um atvinnu, til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd.

## 27. gr.

Úthlutunarnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Nefnd er því aðeins ályktunarfær, að meirihluti nefndarmanna sitji fund.

Úthlutunarnefnd úrskurðar um umsóknir til samþykktar eða synjunar. Hún úrskurðar hvaða hundradshluta hámarksbóta skal greiða umsækjanda. Allar ákvarðanir varðandi bótarétt skal færa í gerðabók, svo og úrskurði um ágreiningsatriði. Nefndarmenn skulu undirrita gerðabók.

Þegar úthlutunarnefnd hefur ákveðið hvaða bætur skal greiða umsækjanda, getur hún falið einstökum nefndarmönnum eða starfsmönnum sínum frekari afgreiðslu, útreikning framhaldsbóta samkvæmt dagpeningavottorðum vinnumiðlunar og útborgun bóta.

Bótafjárhæðir samkvæmt úrskurðum nefndarinnar skal færa á bótaskrá. Í bótagögnum skal sérstaklega geta þess, ef ágreiningur hefur verið um úrskurð, svo og rita á þau þær athugasemdir eða skýringar, sem nefndin telur ástæðu til.

Að þessu loknu skal senda bótaskrá ásamt umsóknum og fylgiskjölum til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar.

## 28. gr.

Þegar skrá um bætur hefur borist frá úthlutunarnefnd, sbr. 27. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar þegar í stað kanna skrána og fylgiskjöl hennar. Telji þessir aðilar, að einhverjum hafi verið úrskurðaðar bætur, sem ekki eiga rétt á þeim, eða að bætur séu rangt ákveðnar, skulu þeir leiðrétta skrána í samræði við úthlutunarnefnd. Verði ekki samkomulag um leiðréttingu, frestast að svo stöddu greiðsla bóta að þeim hluta, sem ágreiningur er um, og fer um ágreininginn samkvæmt 29. gr.

Að lokinni könnun og leiðréttingu bótaskrár, skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar afhenda úthlutunarnefnd eintak af henni ásamt nægilegu fé til greiðslu bóta. Að lokinni greiðslu skal úthlutunarnefnd skila eintaki af skránni með áritaðri kvittun bótaþega.

## 29. gr.

Verði ágreiningur með nefndarmönnum í úthlutunarnefnd, sbr. 2. mgr. 27. gr., getur sá nefndarmaður, sem eigi vill una úrskurði meirihluta, skotið ágreiningi til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama hátt getur úthlutunarnefnd og Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar skotið til sjóðsstjórnar ágreiningi skv. 1. mgr. 28. gr., sem eigi hefur náðst samkomulag um. Þá getur umsækjandi um bætur, sem eigi vill una ákvörðun úthlutunarnefndar eða Tryggingastofnunar ríkisins, skotið máli sínu til sjóðsstjórnar.

Sá, sem áfrýja vill máli til sjóðsstjórnar, skal senda henni greinargerð ásamt öllum sömu gögnum, sem lögð höfðu verið fyrir úthlutunarnefnd eða eftir atvikum Tryggingastofnun ríkisins, er þessir aðilar kváðu upp úrskurð sinn. Berist ný gögn, skal málið tekið upp að nýju og úrskurðað, áður en stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur það til afgreiðslu.

Úrskurðir stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um bætur eru endanlegir.

## 30. gr.

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema þær kjósi að fela það Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar.

Umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skulu mánaðarlega senda Tryggingastofnuninni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.

Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta annarra aðila, ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.

## 31. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast með störfum úthlutunarnefnda og Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar um allt, er atvinnuleysisbætur varðar.

## VII. KAFLI

## Um fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

## 32. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt, að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Við ávöxtun fjár sjóðsins skal þess jafnan gætt að örva atvinnu á þeim stöðum, þar sem slíks er þörf.

## 33. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt.

Áður en slík lán eru veitt skal liggja fyrir rannsókn á atvinnuþáttum og atvinnumöguleikum á þeim stöðum, þar sem skal lána samkvæmt þessari grein. Er stjórn sjóðsins heimilt að láta fara fram slíka rannsókn á sinn kostnað ef þurfa þykir.

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.

## 34. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita stéttarfélögum, samtökum þeirra, félögum atvinnurekenda og samtökum þeirra lán með lægri vöxtum en almennum útlánsvöxtum, til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi þeirra svo og veita slík lán til orlofsheimila launþega.

## 35. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga með þeim forsendum:

1. að verulegt atvinnuleysi sé eða sé fyrir sjáanlegt í hlutadeigandi sveitarfélagi sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
2. að sveitarfélagið láti hefja vinnu við tilgreindar framkvæmdir og ráði í því skyni til vinnu ákveðinn fjöldi atvinnulausra manna í héraðinu til ákveðins tíma,
3. að sveitarfélagið greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélags,
4. að hlutadeigandi verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda samþykki styrkveitinguna,
5. að réttur atvinnulausra manna til bóta að framkvæmdum loknum verði a.m.k. hinn sami og hann var þegar þeir hófu umrædda vinnu, ef þeir verða þá atvinnulausir.

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara, t.d. hafís er lokar höfnum á stóru landsvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t.d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.

## 36. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir öryrkja. Ekki mega slík lán þó nema meiru en 40% stofnkostnaðar.



Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjung reksturshalla slíkra stöðva, enda mæli endurhæfingarráð með því að slíkur styrkur verði veittur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til endurþjálfunar starfsmannahópa, sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta. Stjórn sjóðsins er heimilt með styrkjum að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni.

37. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

38. gr.

Nú skortir sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annað hvort sem fjárframlag eða lán.

## VIII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

39. gr.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótum samkvæmt lögum þessum, sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda.

40. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

41. gr.

Sá, sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína, missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2 mánuði, en ítrekað brot í eitt ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum, en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins, sem úrskurðar endanlega um málið.

42. gr.

Ráðherra skal að tillögum sjóðsstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

(Fellt niður með 10. gr. laga nr. 64 16. maí 1990).

#### II.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annast, þótt ákveðið verði, að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

## III.

Á árinu 1990 og 1991 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim, sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, sambærilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

*Gjört í Reykjavík, 28. september 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

**LÖG****um heilbrigðisþjónustu.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 27. gr. laga nr. 75. 17. maí 1990, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, hefi látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga ásamt áorðnum breytingum inn í lög nr. 59/1983 og gef þau út svo breytt:

## 1. gr.

- 1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
- 1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækninga-rannsókna, lækninga og hjúkrunar í sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.
- 1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

## I. KAFLI

**Yfirstjórn.**

## 2. gr.

- 2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.
- 2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

## 3. gr.

- 3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f.h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.  
Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.
- 3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimtir þær. Ráðuneytið og landlæknir annast útgáfu heilbrigðisskýrslna.

- 3.3. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Ráðherra skipar aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.
- 3.4. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnarráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.
- 3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Landlæknir og nefndin gera ráðherra árlega grein fyrir þeim kvörtunum sem borist hafa og afdrifum mála.

#### 4. gr.

- 4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

#### 5. gr.

- 5.1. Heilbrigðisþing skal haldið eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Verkefni heilbrigðisþings skulu vera ráðgjafar- og umsagnarstörf á sviði heilbrigðismála. Til heilbrigðisþings skal boða fulltrúa hinna einstöku þátta heilbrigðisþjónustunnar og einstöku heilbrigðisstétta.
- 5.2. Ráðuneytið undirbýr heilbrigðisþing í samráði við landlækni og fullvinnur þau mál, er fram koma á þinginu hverju sinni.

## II. KAFLI

### Um læknishéruð og heilbrigðismálaráð.

#### 6. gr.

- 6.1. Landið skiptist í læknishéruð sem hér segir:
  1. Reykjavíkurbérað, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
  2. Reykjaneshérað, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.
  3. Vesturlandshérað, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
  4. Vestfjarðahérað, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
  5. Norðurlandshérað vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Saudárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
  6. Norðurlandshérað eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.

7. Austurlandshérað, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Suðurlandshérað, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfosskaupstað.
- 6.2. Ráðherra skipar héraðslækni í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðslækna til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs héraðslækni starfsins. Skulu héraðslæknar samkvæmt áðurgreindu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðslæknar skipar ráðherra einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn.
- 6.3. Ráðherra skipar héraðshjúkrunarfræðing í Reykjavík, í Norðurlandshéraði eystra og Reykjaneshéraði til fjögurra ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa héraðshjúkrunarfræðinga til fjögurra ára í senn í öðrum héruðum sé það talið nauðsynlegt vegna umfangs starfsins. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir héraðshjúkrunarfræðingar er ráðherra heimilt að skipa einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.

## 7. gr.

- 7.1. Í hverju héraði skal starfa heilbrigðismálaráð.
- 7.2. Heilbrigðismálaráð skal skipað héraðslækni, héraðshjúkrunarfræðingi og einum fulltrúa tilnefndum af stjórn hverrar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss í héraðinu. Ráðherra skipar formann til fjögurra ára í senn.
- 7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:
  1. Eftirlit með heilbrigðismálum í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis og landlæknis.
  2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.
  3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði eftir því sem heilbrigðisráðuneytið ákveður.
- 7.4. Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða að fengnum tillögum landlæknis.

## 8. gr.

- 8.1. Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvaðeina, er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.
- 8.2. Héraðslæknar skulu fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Þeir hafa þar umsjón með heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Þeir skulu annast samræmingu heilbrigðisstarfs í héraðinu.
- 8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis og skal héraðslæknum í Reykjavík, Norðurlandi eystra og Reykjanesi sett sérstakt erindisbréf.

- 8.4. Héraðshjúkrunarfræðingur starfar með héraðslækni og skal vera ráðgefandi um og fylgjast með hjúkrun í héraðinu, aðstoða við skipulagningu og samræmingu hjúkrunarstarfs í héraðinu og við ráðningar hjúkrunarfræðinga og annars hjúkrunarfólks á heilsugæslustöðvum. Ráðherra setur héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum tillögum hjúkrunarráðs skv. 31. gr. og landlæknis.

9. gr.

- 9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi heilbrigðisstofnun. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.
- 9.2. Kostnaður vegna starfa héraðslæknis og héraðshjúkrunarfræðings, þar með talinn kostnaður vegna starfsliðs og aðstöðu, greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

(Felld niður skv. 7. gr. laga nr. 75 17. maí 1990 um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum).

### III. KAFLI

#### Um heilsugæslu.

11. gr.

- 11.1. Heilsugæsla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast á sjúkrahúsum.

12. gr.

- 12.1. Starfrækja skal heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.
- 12.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.
- 12.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæslustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.
- 12.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæslustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 33. gr. og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

13. gr.

- 13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H2) þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki samkvæmt reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H1) þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt hjúkrunarfræðingi og öðru starfsfólki samkvæmt reglugerð. Heilsugæslustöð H þar sem starfar hjúkrunarfræðingur og annað starfslið samkvæmt reglugerð og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga. Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H-stöð, varanlega eða um

tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með. Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1- eða H2-stöð.

- 13.2. Starfslið heilsugæslustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.
- 13.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæslustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum. Ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð.

14. gr.

- 14.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæsluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér gerinir:

#### 14.2. REYKJAVÍKURHÉRAÐ.

Í Reykjavík skulu starfrækt fjögur heilsugæsluumdæmi sem hér segir:

1. Vesturbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:
  - 1.1. Garðastræti H2, starfssvæði Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að austan og Hringbraut til sjávar að sunnan.
  - 1.2. Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg H2, starfssvæði Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur og Lækjargata að vestan, flugvöllur að sunnan og Snorrabraut að austan.
  - 1.3. Drápuhlíð H2, starfssvæði Hlíðarhverfi, Norðurmýrar- og Túnahverfi sem markast af Snorrabraut og flugvallarsvæði að vestan og Kringlumýrarbraut að austan.
2. Miðbæjarumdæmi þar sem starfa þrjár heilsugæslustöðvar sem hér segir:
  - 2.1. Laugarnes H2, starfssvæði Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrabrautar að sunnan, Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að austan.
  - 2.2. Borgarspítalinn H2, starfssvæði Kringlumýrarbraut að vestan, Miklabraut austan Kringlumýrabrautar að norðan, Breiðholtsbraut að austan og Kópavogur að sunnan.
  - 2.3. Vog- og Heimahverfi H2, starfssvæði Grensásvegur, Holtavegur, Sunnuvegur, Laugarásvegur og Dalbraut að vestan, Elliðaár að austan og Miklabraut að sunnan.
3. Austurbæjarumdæmi syðra þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:
  - 3.1. Breiðholt I og II H2, starfssvæði Elliðaár að norðan, Reykjanesbraut að vestan, landamerki við Kópavog að sunnan og Arnarbakki að austan.
  - 3.2. Breiðholt III H2, starfssvæði Elliðaár að norðan og austan, Arnarbakki og Höfðabakki að vestan og Breiðholtsbraut að sunnan.
4. Austurbæjarumdæmi nyrðra þar sem starfa tvær heilsugæslustöðvar sem hér segir:
  - 4.1. Árbær og Seláshverfi H2, starfssvæði Grafarvogur að norðan, Elliðaár að vestan og sunnan og Lækjarbotnar að austan.
  - 4.2. Grafarvogshverfi H2, starfssvæði Grafarvogur að sunnan, landamerki Reykjavíkur og Mosfellsbæjar að austan.

Starfssvæði heilsugæslustöðvar á Seltjarnarnesi nær frá Hringbraut að norðan að flugvelli að austan. Þrátt fyrir skiptingu Reykjavíkur í heilsugæsluumdæmi geta íbúar borgarinnar og Seltjarnarness jafnan valið sér heilsugæslulækni eða heimilislækni utan heilsugæslustöðva og leitað læknishjálpar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

#### 14.3 VESTURLANDSHÉRAÐ.

##### 1. Akranesumdæmi.

- 1) Akranes H2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.

##### 2. Borgarnesumdæmi.

- 1) Borgarnes H2, starfssvæði Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtaldalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðahreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur.
- 2) Kleppjárnsreykir H.

##### 3. Ólafsvíkurumdæmi.

- 1) Ólafsvík H2, starfssvæði Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur.
- 2) Hellissandur H.

##### 4. Stykkishólmsumdæmi.

- 1) Stykkishólmur H2, starfssvæði Helgafellssveit, Flateyjarhreppur, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur.
- 2) Grundarfjörður H1, starfssvæði Eyrarsveit.
- 3) Búðardalur H2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Gufudalshreppur, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur.
- 4) Reykhólar H.

#### 14.4 VESTFJARÐAHÉRAÐ:

##### 1. Patreksfjarðarumdæmi.

- 1) Patreksfjörður H2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Múlahreppur.
- 2) Bildudalur H.

##### 2. Ísafjarðarumdæmi.

- 1) Ísafjörður H2, starfssvæði Ísafjardarkaupstaður, Suðureyrahreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrahreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur.

- 2) Suðureyri H.
- 3) Súðavík H.
- 4) Reykjanesskóli H.
- 5) Þingeyri H1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
- 6) Flateyri H1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrahreppur.
- 7) Bolungarvík H1, starfssvæði Bolungarvíkurkaupstaður.

### 3. Hólmavíkurumdæmi.

- 1) Hólmavík H1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrahreppur.
- 2) Árnes H.

## 14.5 NORÐURLANDSHÉRAÐ VESTRA.

### 1. Hvammstangaumdæmi.

- 1) Hvammstangi H2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Porkelshólshreppur og Bæjarhreppur.

### 2. Blönduósumdæmi.

- 1) Blönduós H2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
- 2) Skagaströnd H.

### 3. Sauðárkróksumdæmi.

- 1) Sauðárkrókur H2, starfssvæði Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
- 2) Hofsó H.

### 4. Siglufjarðarumdæmi.

- 1) Siglufjörður H2, starfssvæði Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtsahreppur.

## 14.6. NORÐURLANDSHÉRAÐ EYSTRÁ.

### 1. Dalvíkurumdæmi.

- 1) Dalvík H2, starfssvæði Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskóghreppur og Hríseyjarhreppur.
- 2) Hrísey H.
- 3) Ólafsfjörður H1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.



## 2. Akureyrarumdæmi.

- 1) Akureyri H2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur.
- 2) Grenivík H.

## 3. Húsavíkurmæmi.

- 1) Húsavík H2, starfssvæði Aðaldalshreppur, Húsavíkarkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdalshreppur, Reykjahreppur, Reykdalshreppur og Skútustaðahreppur.
- 2) Laugar H.
- 3) Reykjahlíð H.
- 4) Stórutjarnir H.
- 5) Kópasker H1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðahreppur, Fjallahreppur og Presthólshreppur.

## 4. Þórshafnarumdæmi.

- 1) Þórshöfn H1, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.
- 2) Raufarhöfn H1, starfssvæði Raufarhafnarhreppur.

## 14.7. AUSTURLANDSHÉRAÐ.

## 1. Egilsstaðaumdæmi.

- 1) Egilsstaðir H2, starfssvæði Hlíðahreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðahreppur.
- 2) Borgarfjörður eystri H.
- 3) Seyðisfjörður H1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðahreppur.
- 4) Vopnafjörður H1, starfssvæði Vopnafjarðahreppur og Skeggjastaðahreppur.
- 5) Bakkafjörður H.

## 2. Norðfjarðarumdæmi.

- 1) Neskaupsstaður H2, starfssvæði Mjóafjarðahreppur, Neskaupsstaður og Norðfjarðahreppur.
- 2) Eskifjörður H2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðahreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.
- 3) Reyðarfjörður H.
- 4) Fáskrúðsfjörður H2, starfssvæði Fáskrúðsfjarðahreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
- 5) Stöðvarfjörður H.

## 3. Hafnarumdæmi.

- 1) Höfn H2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
- 2) Hof H.
- 3) Djúpivogur H1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
- 4) Breiðdalsvík H.

## 14.8. SUÐURLANDSHÉRAÐ.

## 1. Víkurumdæmi.

- 1) Vík í Mýrdal H1, starfssvæði Hvamshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
- 2) Kirkjubæjarklaustur H1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur.

## 2. Rangárvallaumdæmi.

- 1) Hvolsvöllur H1, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðahreppur og Hvolhreppur.
- 2) Hella H1, starfssvæði Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúparhreppur.

## 3. Árnesumdæmi.

- 1) Laugarás H2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur.
- 2) Laugarvatn H.
- 3) Selfoss H2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkaahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur.
- 4) Eyrarbakki H.
- 5) Stokkseyri H.
- 6) Hveragerði H1, starfssvæði Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðiskaupstaður.
- 7) Þorlákshöfn H1, starfssvæði Ölfushreppur vestan Hjalla og Selvogshreppur.

## 4. Vestmannaeyjaumdæmi.

- 1) Vestmannaeyjar H2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

## 14.9. REYKJANESHÉRAÐ.

## 1. Keflavíkurumdæmi.

- 1) Keflavík H2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
- 2) Grindavík H2, starfssvæði: Grindavíkurkaupstaður.
- 3) Sandgerði H.
- 4) Gerðar H.
- 5) Vogar H.

## 2. Hafnarfjarðarumdæmi.

- 1) Hafnarfjörður H2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.
- 2) Garðabær H2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

## 3. Kópavogsumdæmi.

- 1) Kópavogur H2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.

## 4. Mosfellsumdæmi.

- 1) Reykjalundur H2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

## 5. Seltjarnarnesumdæmi.

- 1) Seltjarnarnes H2, starfssvæði Seltjarnarneskaupstaður og það svæði innan Reykjavíkurlæknishéraðs er markast af Hringbraut að norðan og flugvelli að austan.

- 14.10. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.–9. mgr. þessarar greinar.

## 15. gr.

- 15.1. Flokkun stöðva samkv. 14. gr. er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

## 16. gr.

- 16.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæslustöðva, svo sem rakið er í 14. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæslustöðvar eða lækni móttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

## 17. gr.

- 17.1. Ráða skal sjúkrahjálpara til starfa við heilsugæslustöðvar H2. Í Reykjavík skal vera a.m.k. einn sjúkrahjálpari í hverju heilsugæsluumdæmi.
- 17.2. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf.
- 17.3. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf.

## 18. gr.

- 18.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og við aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva, greiðist 85% úr ríkissjóði en 15% af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda. Hvorugur aðili á kröfur á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta. Meiri háttar viðhald og tækjakaup skulu teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað telst til meiri háttar viðhalds.

- 18.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra telst hluti svöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.
- 18.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæslustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 18.1.

## 19. gr.

- 19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

- 1) Almennlæknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
- 2) Lækningarannsóknir.
- 3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.
- 4) Heimahjúkrun.
- 5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
  - 5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
  - 5.2. Mæðravernd.
  - 5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
  - 5.4. Heilsugæsla í skólum.
  - 5.5. Ónæmisvarnir.
  - 5.6. Berklavarnir.
  - 5.7. Kynsjúkdómavarnir.
  - 5.8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks-, og fíkniefnavarnir.
  - 5.9. Sjónvernd.
  - 5.10. Heyrnarvernd.
  - 5.11. Heilsuvernd aldraðra.
  - 5.12. Hópskóðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
  - 5.13. Félagráðgjöf, þ.m.t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
  - 5.14. Umhverfisheilsuvernd.
  - 5.15. Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.
  - 5.16. Slysavarnir.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

## 20. gr.

- 20.1. Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði.
- 20.2. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár skv. lögum um almannatryggingar.

## 21. gr.

- 21.1. Ráðherra skipar stjórnir heilsugæslustöðva, einn eftir tilnefningu starfsliðs stöðvarinnar, þrjá er skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður og búsettur á starfssvæði stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

- 21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús fer stjórn þess, sbr. 30. gr., með málefni allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi skulu þær vera undir einni sameiginlegri stjórn.
- 21.3. Stjórnir heilsugæsluumdæma í Reykjavík skulu skipaðar fimm mönnum. Einn stjórnarmanna skal skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður; hann skal vera búsettur í umdæminu. Þrír skulu skipaðir skv. tilnefningu borgarstjórnar og einn skv. tilnefningu starfsmanna heilsugæslustöðvanna í umdæminu. Ráðherra setur reglur um kjör fulltrúa starfsmanna. Í Reykjavík ráða stjórnir heilsugæslustöðva framkvæmdastjóra þeirra og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr. Ráðherra setur reglugerð í samráði við héraðslækni um fyrirkomulag á samvinnu heilsugæslustöðva innan Reykjavíkurráðs. Þar skal m.a. kveðið á um ráðningu framkvæmdastjóra.
- 21.4. Sveitarfélög innan heilsugæsluumdæmis geta samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Skal í slíkum tilvikum gera samning um eina stjórn, kosningu fulltrúa sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu. Skal samningurinn staðfestur af ráðherra.
- 21.5. Séu tveir eða fleiri læknar á heilsugæslustöð, skal stofna læknaráð. Formaður þess er jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar.

22. gr.

- 22.1. Stjórnir heilsugæslustöðva ráða starfslíð stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

#### IV. KAFLI.

##### Um sjúkrahús.

23. gr.

- 23.1. Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

24. gr.

- 24.1 Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:
1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar sem viðurkenndar eru hérlendis og hefur aðgang að stöðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
  2. Deildasjúkrahús. Sjúkrahús sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði og skurðlæknisfræði og nýtur þjónustu stöðdeilda til þess að rækja það starf, svo sem röntgendeilda, svæfingadeilda, rannsóknadeilda og endurhæfingardeilda.
  3. Almenn sjúkrahús. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga. Sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum.
  4. Hjúkrunarheimili. Vistheimili fyrir aldræða og sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast vistunar og meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.

5. Endurhæfingarstofnanir. Stofnanir fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina en þarfnast endurhæfingar í lengri eða skemmri tíma.
  6. Sjúkrasambýli. Stofnanir sem taka til vistunar sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.
  7. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir sem taka til dvalar og starfs geðsjúklinga og áfengis- og fíkniefnasjúklinga.
  8. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar á heilbrigðisstofnun en geta eigi dvalist í heimahúsum.
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld . . . . .	5 700	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>5 700</b>
<b>10–211 Vegagerð ríkisins</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Viðhaldsverkefni:		135 000
5 10 Viðhald vega . . . . .	135 000	
Stofnkostnaður:		140 000
6 10 Nýframkvæmdir . . . . .	140 000	
		<hr/>
Gjöld samtals . . . . .		275 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld . . . . .	275 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>275 000</b>
<b>10–333 Hafnamál</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		6 300
1 10 Hafnarannsóknir og mælingar . . . . .	6 300	
Stofnkostnaður:		61 200
6 30 Hafnarmannvirki . . . . .	11 700	
6 40 Sjóvarnargarðar . . . . .	27 500	
6 70 Hafnabótasjóður, framlag . . . . .	22 000	
		<hr/>
Gjöld samtals . . . . .		67 500

	Pús. kr.	Pús. kr.
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld . . . . .	6 300	
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða . . . . .	22 000	
5912 Til sveitarfélaga . . . . .	39 200	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>67 500</b>

**10–471 Flugmálastjórn***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 40 Flugvalladeild . . . . .	8 500	8 500
Gjöld samtals . . . . .		<hr/> 8 500

*Tegundasundurliðun:*

52–58 Önnur gjöld . . . . .	8 500	
5 Gjöld samtals . . . . .	8 500	
4 Sértekjur . . . . .	–13 000	
Mismunur . . . . .		<b>21 500</b>

**10–485 Ýmis framlög***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa . . . . .	2 700	4 500
1 25 Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi . . . . .	1 800	
Gjöld samtals . . . . .		<hr/> 4 500

*Tegundasundurliðun:*

59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila . . . . .	4 500	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>4 500</b>

**10–651 Ferðamálaráð***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		
1 01 Ferðamálaráð . . . . .	2 100	2 100
Gjöld samtals . . . . .		<hr/> 2 100

7. desember 1990

303

Nr. 105

*Tegundasundurlíðun:*

		Pús. kr.	Pús. kr.
51	Laun . . . . .	2 100	
5	Gjöld samtals . . . . .		<b>2 100</b>
	Samtals		<hr/> 376 300

## 11 Iðnaðarráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
<b>11–240 Iðnaðarrannsóknir</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		13 500
1 01 Iðnaðarrannsóknir . . . . .	13 500	
Gjöld samtals . . . . .		13 500
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega . . . . .	13 500	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>13 500</b>
<b>11–289 Jöfnunargjald</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		160 000
1 01 Jöfnunargjald í iðnaði . . . . .	160 000	
Gjöld samtals . . . . .		160 000
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega . . . . .	160 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>160 000</b>
<b>11–299 Iðja og iðnaður, framlög</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		26 100
1 15 Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC . . . . .	8 000	
1 26 Iðnþróunarverkefni . . . . .	5 000	
1 40 Framlag til styrktar ullariðnaði o.fl. . . . .	8 000	
1 50 Iðnþróun og markaðsmál . . . . .	5 100	
Gjöld samtals . . . . .		26 100

Pús. kr.

Pús. kr.

*Tegundasundurliðun:*

52–58 Önnur gjöld . . . . .	8 000	
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega . . . . .	18 100	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>26 100</b>

**11–301 Orkustofnun***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		1 500
1 01 Orkustofnun . . . . .	1 500	
		<hr/>
Gjöld samtals . . . . .		1 500

*Tegundasundurliðun:*

51 Laun . . . . .	1 500	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>1 500</b>

**11–371 Orkusjóður***Viðfangsefni:*

## Stofnkostnaður:

6 15 Lán til jarðhitaleitar . . . . .	–1 400	
6 22 Styrkur til jarðhitaleitar í Öxarfirði . . . . .	1 400	
		<hr/>
Gjöld samtals . . . . .		

*Tegundasundurliðun:*

59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða . . . . .	–1 400	
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega . . . . .	1 400	
5 Gjöld samtals . . . . .		

**11–399 Ýmis orkumál***Viðfangsefni:*

Almennur rekstur:		30 000
1 19 Önnur orkumál . . . . .	30 000	
		<hr/>
Gjöld samtals . . . . .		30 000

*Tegundasundurliðun:*

59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða . . . . .	30 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>30 000</b>

Samtals

231 100

## 12 Viðskiptaráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
<b>12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		9 000
1 01 Yfirstjórn . . . . .	9 000	
Gjöld samtals . . . . .		<u>9 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld . . . . .	5 000	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila . . . . .	4 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>9 000</b>
<b>12-902 Verðlagsstofnun</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		1 000
1 01 Verðlagsstofnun . . . . .	1 000	
Gjöld samtals . . . . .		<u>1 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld . . . . .	1 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>1 000</b>
<b>12-903 Skráning hlutafélaga</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		2 000
6 01 Tölvuvæðing hlutafélagaskrár . . . . .	2 000	
Gjöld samtals . . . . .		<u>2 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld . . . . .	2 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>2 000</b>
Samtals		<u>12 000</u>

## 14 Umhverfiráðuneyti

	Pús. kr.	Pús. kr.
<b>14-101 Umhverfiráðuneyti, aðalskrifstofa</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		2 500
1 01 Yfirstjórn . . . . .	2 500	
		<hr/>
Gjöld samtals . . . . .		2 500
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52-58 Önnur gjöld . . . . .	2 500	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>2 500</b>
	<hr/>	
Samtals		2 500



**15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun**

	Pús. kr.	Pús. kr.
<b>15–182 Tölvumál</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Stofnkostnaður:		7 000
6 50 Stjórnarráð, tölvuvæðing . . . . .	7 000	
Gjöld samtals . . . . .		<u>7 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld . . . . .	7 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>7 000</b>
 <b>15–991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir</b>		
<i>Viðfangsefni:</i>		
Almennur rekstur:		–325 000
1 01 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir . . . . .	–325 000	
Gjöld samtals . . . . .		<u>–325 000</u>
<i>Tegundasundurliðun:</i>		
52–58 Önnur gjöld . . . . .	–325 000	
5 Gjöld samtals . . . . .		<b>–325 000</b>
	<u>Samtals</u>	<u>–318 000</u>

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**SÉRSTÖK YFIRLIT****1. Uppgjör á hallarekstri sjúkrahúsa (08-381 110).**

1. Sjúkrahúsið Bolungarvík . . . . .	2.300
2. Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi . . . . .	3.700
3. SÁÁ, meðferðarstöð . . . . .	11.300
4. Sjúkrahúsið Ísafirði . . . . .	3.000
5. Sjúkrahúsið Húsavík . . . . .	5.000
6. Sjúkrahúsið Selfossi . . . . .	12.700
7. Sjúkrahúsið Egilsstöðum . . . . .	2.000
8. Óráðstafað . . . . .	7.500

---

 47.500
**2. Heilsugæslustöðvar (08-480 101).****a. Rekstrarhalli.**

1. Heilsugæslustöð Akranesi . . . . .	200
2. Heilsugæslustöð Borgarnesi . . . . .	600
3. Heilsugæslustöð Ísafirði . . . . .	1.800
4. Heilsugæslustöð Hólmavík . . . . .	900
5. Heilsugæslustöð Blönduósi . . . . .	1.400
6. Heilsugæslustöð Sauðárkróki . . . . .	700
7. Heilsugæslustöð Siglufirði . . . . .	400
8. Heilsugæslustöð Ólafsfirði . . . . .	500
9. Heilsugæslustöð Dalvík . . . . .	200
10. Heilsugæslustöð Akureyri . . . . .	5.000
11. Heilsugæslustöð Kópaskeri . . . . .	200
12. Heilsugæslustöð Raufarhöfn . . . . .	200
13. Heilsugæslustöð Egilsstöðum . . . . .	4.100
14. Heilsugæslustöð Seyðisfirði . . . . .	600
15. Heilsugæslustöð Vopnafirði . . . . .	1.000
16. Heilsugæslustöð Djúpavogi . . . . .	1.000
17. Heilsugæslustöð Kirkjubæjarklaustri . . . . .	200
18. Heilsugæslustöð Vík í Mýrdal . . . . .	500
19. Heilsugæslustöð Hvolsvelli . . . . .	700
20. Heilsugæslustöð Hveragerði . . . . .	600
21. Heilsugæslustöð Vestmannaeyjum . . . . .	700
22. Heilsugæslustöð Hafnarfirði . . . . .	2.800
23. Heilsugæslustöð Garðabæ . . . . .	1.100
24. Heilsugæslustöð Seltjarnarnesi . . . . .	3.000
25. Óráðstafað . . . . .	600

---

 29.000

## b. Sjúkraflutningar.

1. Heilsugæslustöð Akureyri, Suðurnesjum og Hafnarfirði	60.000	
2. Heilsugæslustöð Akranesi . . . . .	2.400	
3. Heilsugæslustöð Patreksfirði . . . . .	900	
4. Heilsugæslustöð Ísafirði . . . . .	3.900	
5. Heilsugæslustöð Bolungarvík . . . . .	700	
6. Heilsugæslustöð Sauðárkróki . . . . .	1.500	
7. Heilsugæslustöð Siglufirði . . . . .	1.300	
8. Heilsugæslustöð Dalvík . . . . .	200	
9. Heilsugæslustöð Kópaskeri . . . . .	200	
10. Heilsugæslustöð Vestmannaeyjum . . . . .	2.200	
11. Óráðstafað vegna ófyrirséðs kostnaðar . . . . .	6.700	
		80.000
c. Aðrar heilsugæslustöðvar . . . . .		5.000
		114.000

*Gjört í Reykjavík, 7. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. bætist: Sama gildir um leigu tjaldstæða og bifreiðastæða. Útleiga veitinga- og samkomuhúsnæðis er þó skattskyld.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „fyrir færri en níu menn“ í 1. mgr. 10. gr. komi: fyrir níu menn eða færri.

#### 3. gr.

6. tölul. 3. mgr. 16. gr. orðist svo: Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir níu menn eða færri.

#### 4. gr.

3. másl. 7. mgr. 27. gr. orðist svo: Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talið notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

#### 5. gr.

Við 28. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal skattrannsóknarstjóri með ábyrgðarbréfi beina til hans fyrirmælum um úrbætur. Ef fyrirmælum þessum er ekki sinnt innan 45 daga getur skattrannsóknarstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

#### 6. gr.

2. mgr. 40. gr. orðist svo:

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína til að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar með talið að hann vanrækir að skrá sölu sína í sjóðvél með fullnægjandi útbúnaði, vanrækir að

veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim skal hann sæta sektum enda liggja eigi við brotinu þyngrri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

## 7. gr.

3. mgr. 43. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlandis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi eða þau hafa selt hingað til lands.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Endurgreiðsla skv. 7. gr. er þó heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

### um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka toll á bensíni sem flokkast í tnr. 2710.0012 og 2710.0019 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, úr 50% í allt að 30%.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að lækkun tolls skuli gilda vegna innflutnings frá 6. október 1990 og vegna birgða sem til voru í landinu á þeim tíma.

## 2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað og skulu gilda til 28. febrúar 1991.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 51 29. maí 1989, um ráðstafanir vegna kjarasamninga, komi tveir nýir máslíðir er orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og fríverslunarsamnings Íslands við Evrópubandalagið. Gjaldið skal vera 4% frá 1. janúar til 1. september 1991 og 3% frá 1. september til 31. desember 1991.

#### 2. gr.

Frá og með 1. janúar 1992 falla lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, með áorðnum breytingum, úr gildi.

#### 3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1991.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

### um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „16. nóvember“ í 17. gr. laga nr. 119/1989, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, komi: 1. september.

#### 2. gr.

3. másl. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðist svo:

Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. öðlast þó gildi 1. september 1990. Ákvæði 2. gr. skulu gilda frá 1. janúar 1990.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**LÖG****um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1991 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

## 2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

## 3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1990 á fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

## 4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1990.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

## 5. gr.

Með skattframtali 1991 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð í árslok 1990.

Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1991 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1990 sem rekstrar-útgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1991. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*



# LÖG

## um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

1. gr.

Á eftir orðinu „tekjuári“ í 1. gr. laganna komi: og tryggingagjalds launagreiðenda á því ári nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

C. Tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald.

3. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Að tekjuári loknu skal fara fram ákvörðun og álagning tekjuskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, útsvars samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga og tryggingagjalds samkvæmt ákvæðum laga um tryggingagjald.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991 vegna launa sem greidd verða á því ári og síðar.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ólafur Ragnar Grímsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað "100.000" og "200.000" í 4. tölul. B-liðar 30. gr. laganna kemur: 115.000 og 230.000.

#### 2. gr.

Í stað "3.280.000" og "4.920.000" í 4. mgr. B-liðar 69. gr. laganna kemur: 3.350.000 og 5.025.000.

#### 3. gr.

Í stað "2.500.000" og "4.150.000" í 2. mgr. C-liðar 69. gr. laganna kemur: 2.555.000 og 4.235.000.

#### 4. gr.

Fyrirsögn 70. gr. laganna orðast svo:

Tekjuskattur manna sem heimilisfastir eru á Íslandi hluta úr ári, menn sem dveljast erlendis við nám eða vegna veikinda o.fl.

#### 5. gr.

Við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þeir menn, sem dveljast erlendis við nám eða vegna veikinda, geta þrátt fyrir ákvæði 1. gr. haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um opinber gjöld. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar með reglugerð, m.a. um hvaða nám falli hér undir, rétt maka, framtalsskil o.fl.

#### 6. gr.

Á eftir orðinu "ríkisvísla" í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: ríkisbréf.

#### 7. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.940.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.940.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.235.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslíð hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.

## 8. gr.

Við 110. gr. laganna bætast svohljóðandi málsgreinar:

Tekjuskattur, sem lagður er á reiknað endurgjald þeirra manna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, skal þó vera gjaldfallinn 1. ágúst ef skattaðili hefur eigi staðið skil á fjárhæð þeirri sem um ræðir í staðgreiðslu viðkomandi tekjuárs í samræmi við 6. og 20. gr. staðgreiðslulaga.

Hafi innheimtumaður hafið aðför að skattaðila vegna skuldar sem myndast hefur í staðgreiðslu á reiknuðu endurgjaldi skulu þau aðfararúrræði, sem innheimtumaður hefur gripið til, halda lögformlegu gildi sínu við þann hluta kröfunnar sem rekja má til vangreiddrar staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1991 og gilda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs. Fjárhæðir 1. gr., 2. gr. og 7. gr. skulu hækka í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum í fyrsta sinn fyrir árið 1991.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 117/1989 skulu reglur lokamálsliðar 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna um áfallnar uppsafnaðar verðbætur, sbr. lokamálslið 2. mgr. 9. gr. laga nr. 117/1989, hvorki taka til þeirra manna, sem seldu íbúðarhúsnæði á árinu 1989 og á því hvíldi lán sem kaupandi yfirtók með uppsöfnuðum áföllnum verðbótum, né til þeirra manna sem á árinu 1989 greiddu uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Þeir menn, sem ákvæði 1. mgr. taka til og telja sig eiga rétt til vaxtabóta eða til hærri vaxtabóta en þeirra sem voru ákvarðaðar þeim gjaldárið 1990, geta sótt til skattstjóra um slíkar bætur í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1991.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

# LÖG

## um tryggingagjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### *Upphafsaákvæði.*

##### 1. gr.

Launagreiðendur skulu inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnu-launum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Tryggingagjald skal innheimt samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og lagt á með opinberum gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

##### *Hundraðshluti tryggingagjalds.*

##### 2. gr.

Tryggingagjald skal lagt á í tveimur gjaldflokkum, sérstökum og almennum. Tryggingagjald í sérstökum gjaldflokk, sbr. 2. mgr., skal vera 2,5% af gjaldstofni og í almennum gjaldflokk, sbr. 3. mgr., skal gjaldið vera 6%.

Í sérstökum gjaldflokk skulu vera atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað, skv. 1., 2., eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, eða landbúnað, þar með talið skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingaframkvæmdir á bújörðum.

Í almennum gjaldflokk skulu vera allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar.

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist fellur undir sérstakan gjaldflokk eða almennan gjaldflokk skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hvorum þætti. Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka, þ.e. tryggingagjaldsskyld laun sem falla undir almennan flokk og sérstakan flokk, í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslu í hvorum gjaldflokk áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna tryggingagjald af þeim í samræmi við það. Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldi eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi að mati skattstjóra skal hann áætla skiptinguna.

##### *Ráðstöfun tryggingagjalds.*

##### 3. gr.

Tekjum af tryggingagjaldi skal ráðstafað sem hér segir:

1. Atvinnuleysistryggingasjóður fái í sinn hlut sem nemi 0,15% af gjaldstofni skv. III. kafla.

2. Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Þetta hlutfall skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.
3. Tekjur af tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1. og 2. tölul. renni til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slystryggingar almannatrygginga. Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tryggingagjaldi fer eftir ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

## II. KAFLI

### Gjaldskyldir aðilar.

*Almennt.*

4. gr.

Gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun skv. III. kafla.

Gjaldskyldan tekur til allra launagreiðenda, svo sem einstaklinga, félaga, sjóða og stofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra, ríkissjóðs, ríkisstofnana, erlendra verktaka og annarra þeirra aðila sem greiða laun eða hvers konar þóknunir fyrir starf. Enn fremur til allra þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

Ef milligöngumaður annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum gjaldskylds aðila varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

*Aðilar undanþegnir gjaldskyldu.*

5. gr.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir tryggingagjaldi:

1. Forseti Íslands.
2. Erlendir þjóðhöfðingjar.
3. Sendiráð og sendiherrar erlendra ríkja, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn við sendiráð.

Þeir sem taldir eru í 2. og 3. tölul. eru þó ekki undanþegnir gjaldskyldu af launum sem þeir kunna að greiða vegna atvika sem mundu skapa þeim skattskyldu hér á landi til tekjuskatts og eignarskatts.

## III. KAFLI

### Gjaldstofn.

*Almennt.*

6. gr.

Stofn til tryggingagjalds er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum, vöruúttekt eða vinnuskiptum.

Gjaldstofn manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna eða bar að telja sér til tekna skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um reiknað endurgjald maka hans og barna innan 16 ára aldurs á tekjuárinu.

*Laun o.þ.h.*

## 7. gr.

Til gjaldstofns skv. 6. gr. teljast meðal annars:

1. Hvers konar laun og þóknanir, þar með talið ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, stjórn-  
arlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof.
2. Verkfærapeningar, flutningspeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur.
3. Ökutækjastyrkir og dagpeningar. Þó skal ekki telja til gjaldstofns greiðslur fyrir af-  
not bifreiðar launamanns eða greiðslur dagpeninga sem heimilt er að halda utan stað-  
greiðslu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og reglu-  
gerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum.
4. Gjafir og risnufé sem teljast kaupuppbót og eftirgjöf lána sem telja má að komi í  
launa stað.
5. Laun eða þóknanir fyrir störf unnin erlendis, greidd af íslenskum aðilum til manna  
sem eru heimilisfastir hér á landi.

*Hlunnindi.*

## 8. gr.

Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda telst meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, bif-  
reiðaafnot o.þ.h. Hlunnindi þessi skal reikna til gjaldstofns á sama verði og þau eru met-  
in til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Önnur hlunnindi skulu metin til peninga  
eftir gangverði á hverjum stað og tíma.

*Undanþágur frá gjaldstofni.*

## 9. gr.

Undanþegnar tryggingagjaldi eru eftirtaldar greiðslur:

1. Eftirlaun og lífeyrir sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, enda  
starfi lífeyrissjóðurinn eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og sjóðurinn sé  
háður eftirliti fjármálaráðuneytisins.
2. Aðrar bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, þar með talið fæðingarorlof, svo  
og slysa- og sjúkradagpeningar úr sjúkrasjóðum stéttarféлага.
3. Bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa.
4. Atvinnuleysisbætur.
5. Greiðslur úr ríkissjóði vegna ríkisábyrgðar á launum.

## IV. KAFLI

**Staðgreiðsla tryggingagjalds.***Greiðslutímabil o.fl.*

## 10. gr.

Greiðslutímabil tryggingagjalds er almanaksmánuður nema annað sé tekið fram í lög-  
um þessum. Gjaldldagi tryggingagjalds er 1. hvers mánaðar vegna launa næstliðins mánað-  
ar og eindagi 14 dögum síðar. Hafi gjaldandi eigi greitt á eindaga skal hann greiða drátt-  
arvexti frá og með gjaldldaga. Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um stað-  
greiðslu opinberra gjalda, reiknast ekki.

Gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða tryggingagjald til innheimtumanns ríkissjóðs,  
í Reykjavík tollstjóra.

Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram í skilagreinum og greiðsluskjölum og

ákveður gerð þeirra. Um skilagreinar, svo og um yfirferð, áætlun og tilkynningar skattstjóra á staðgreiðsluári, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

*Upplýsingar, eftirlit, viðurlög o.fl.*

11. gr.

Ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skulu gilda um upplýsingar og eftirlit, viðurlög og málsmeðferð tryggingagjalds að því er varðar skil þess á staðgreiðsluári. Skulu ákvæði þeirra laga m.a. taka til dráttarvaxta, áætlunar gjaldstofns og innheimtu vanskilafjár, þar með talið lögtaksréttar, stöðvunar atvinnurekstrar, refsinga, opinberrar rannsóknar og fyrningar gjaldkröfu.

V. KAFLI

**Álagning tryggingagjalds.**

*Árleg tryggingagjaldsframtöl, álagning, endurskoðun gjalds, kærur, innheimta o.fl.*

12. gr.

Allir, sem skyldir eru til að greiða tryggingagjald samkvæmt lögum þessum, skulu, að staðgreiðsluári liðnu, senda skattstjóra árlega sérstakt launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna þeirra er greinir í 92. gr. laga nr. 75/1981.

Á launaframtal skal launagreiðandi færa launagreiðslur næstliðins árs og aðrar upplýsingar og sundurliðanir sem ríkisskattstjóra þykir við þurfa til ákvörðunar tryggingagjalds og form eyðublaðsins segir til um.

Við álagningu opinberra gjalda skal skattstjóri ákvarða tryggingagjald gjaldskylds aðila samkvæmt launaframtali hans að gerðum þeim breytingum og leiðréttingum sem gera þarf á því.

Tryggingagjald skal birt í álagningarskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Gjaldþagi ógreidds tryggingagjalds, sem skattstjóri ákvarðar vegna hlunninda, og tryggingagjalds, sem undanþegið er staðgreiðslu, er 1. ágúst ár hvert og eindagi mánuði síðar.

*Vangreitt tryggingagjald.*

13. gr.

Skattstjórar skulu kanna skil þeirra sem greiða áttu tryggingagjald, m.a. með samamburði við laun í staðgreiðslu, launaframtöl, launamiða, skattframtöl, ársreikninga og önnur gögn sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það sem áfátt kann að reynast og ákvarða vangreitt tryggingagjald og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

Komi í ljós að aðili, sem greitt hefur laun sem greiða skal tryggingagjald af, hafi vanrækt greiðslu gjaldsins að hluta eða öllu leyti, eða ofgreitt tryggingagjaldið eða ekki skilað launaframtali, skal skattstjóri ákvarða tryggingagjald fyrir hvert einstakt greiðslutímabil. Skal ákvarða gjaldanda dráttarvexti af vangreiddu tryggingagjaldi frá og með gjaldþaga þess í samræmi við vaxtalög, nr. 25/1987. Á ofgreiðslu reiknast vextir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

*Endurákvörðun tryggingagjalds, kærur o.fl.*

14. gr.

Séu skil gjaldanda í einstökum atriðum eða í heild ófullnægjandi, tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda skal við álagningu, sbr. 3. mgr. 12. gr., og við endurákvörðun beita ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt um slík tilvik. Ákvæði þeirra laga skulu og gilda, eftir því sem við á, um álagningu, rannsókn, kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi. Sömu reglur skulu gilda, eftir því sem við á, ef gjaldandi, sem lagt skyldi á, hefur fallið af skrá eða honum ekki gert að greiða tryggingagjald af öllum gjaldstofninum.

*Tryggingagjald ársmanna o.fl.*

15. gr.

Nú reiknar maður sér endurgjald eða greiðir laun til annarra, þannig að reiknaða endurgjaldið og launin nema samtals lægri fjárhæð en 30.000 kr. að meðaltali á mánuði, og er honum þá heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega í samræmi við 10. gr., að senda skilagrein ásamt greiðslu á gjalddaga þess mánaðar þegar samanlagt reiknað endurgjald og greidd laun til annarra ná 360.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs.

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná eigi til samans 360.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt, í stað þess að skila mánaðarlega í samræmi við 10. gr., að senda skilagrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

Fjárhæðir í 1. og 2. mgr. eru grunnfjárhæðir og breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul ríkisskattstjóra skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, í fyrsta sinn fyrir árið 1992. Reiknast þær í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en þúsund krónum er sleppt.

*Dráttarvaxtaútreikningur.*

16. gr.

Á tryggingagjald vegna launa og hlunninda, sem undanþegin eru staðgreiðslu, reiknast dráttarvextir eftir almennum reglum frá og með gjalddaga 1. ágúst ár hvert ef ekki er greitt fyrir eindaga.

## VI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.***Frádráttarbærni tryggingagjalds.*

17. gr.

Tryggingagjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.



*Setning reglugerðar.*

18. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

*Brottfall lagaákvæða o.fl.*

19. gr.

Ákvæði laga þessara koma í stað þeirra ákvæða laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingasjóð, með síðari breytingum, og laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, er fela í sér ákvörðun gjaldstofns og gjaldtöku af launagreiðendum sem miðast við launagreiðslur eða launatímabil.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna launagreiðslna frá og með 1. janúar 1991. Frá sama tíma falla niður lög nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum. Ákvæði laga nr. 14/1965 skulu gilda um launaskatt vegna vinnulauna greiddra á árinu 1990 eða fyrr. Ákvæði almannatryggingalaga, laga um atvinnuleysistryggingasjóð og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda um álagningu og innheimtu lífeyris- og slysatryggingagjalds almannatrygginga, atvinnuleysistryggingagjalds og vinnueftirlitsgjalds vegna vinnulauna greiddra á árinu 1989 og fyrr.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum, sem lögð voru á og innheimt fyrir fram á árinu 1990 af lögskráningarstjórum, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1981, skulu dragast frá greiðslum tryggingagjalds ársins 1991 hjá viðkomandi launagreiðendum eftir nánari reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra.

**II.**

Við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991, vegna rekstrar á árinu 1990, er þeim aðilum sem ekki hafa fært til frádráttar álögð og greidd tryggingaiðgjöld á árinu 1990 heimilt að draga frá rekstrartekjum fjárhæð er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs.

Þeim aðilum, sem hafa fært til frádráttar álögð og greidd tryggingaiðgjöld á árinu 1990, er einnig heimilt að draga frá rekstrartekjum fjárhæð er nemi 2,5% af gjaldfærðum frádráttarbærum launum samkvæmt rekstrarreikningi þess árs, að frádræginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið færð til gjalda á árinu 1990.

Frádráttur þessi skal ekki reiknast af reiknuðu endurgjaldi sem fært er til gjalda. Hvorki má mynda rekstrartap vegna frádráttar samkvæmt þessu sérstaka frádráttarákvæði né nota það til að fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum.

*Gjört í Reykjavík 28. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

### um Útflutningsráð Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

#### 1. gr.

Útflutningsráð Íslands hefur það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

#### 2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs skal vera í Reykjavík.

#### 3. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

- a. 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi,
- b. 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða,
- c. 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar, þó ekki strandflutninga eða innanlandsflugs, og þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði,
- d. framlag ríkissjóðs,
- e. þóknun fyrir veitta þjónustu,
- f. sérstök framlög og aðrar tekjur.

Um álagningu gjalds skv. a-, b- og c-lið skal fara eftir IV. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta gjald þetta og ber þeim að skila því mánaðarlega til Útflutningsráðs Íslands. Gjaldlið er lögtakskræft.

#### 4. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Allir þeir aðilar, sem greiða til ráðs-

ins skv. 3. gr. þessara laga, verða sjálfkrafa félagar. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði utanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

5. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa tíu menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi tilnefna þrjá menn og Félag íslenskra iðnrekenda og Landsamband iðnaðarmanna tilnefna sameiginlega þrjá menn, Ferðamálaráð tilnefnir einn mann, Verslunarráð Íslands tilnefnir einn mann og utanríkisráðherra og samgönguráðherra tilnefna einn mann hvor. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefni varamann fyrir þann fulltrúa sem samgönguráðherra tilnefnir og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Utanríkisráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

6. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun og önnur starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa sem starfa á skrifstofum Útflutningsráðs erlendis eða í sendiráðum að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör setur stjórn ráðsins sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Utanríkisráðherra getur samkvæmt tillögum stjórnar Útflutningsráðs sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, og lög nr. 7/1988, um breytingu á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

## LÖG

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,  
með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Næstsíðasta málsgrein 11. gr. hljóðar svo:

Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga o.fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Erindisbréf handa biskupum, 1. júlí 1746.

- a. Síðari málsliður 18. gr. falli niður.
- b. 2. másl. 21. gr. falli niður.

## 2. gr.

Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

- a. 5. gr. orðist svo:  
Nú drepur maður dýr eða veiðir án heimildar í annars manns landi og varðar það sektum.
- b. 2. mgr. 7. gr. falli niður.
- c. 3. másl. 8. gr. falli niður.
- d. 9.–21. gr. falli niður.
- e. Ný grein, 9. gr., orðist svo:

Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfá sjómílu frá þeim.

f. Ný grein, 10. gr., orðist svo:

Vöðuseli eða annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nót hvar sem hann vill, en þó ekki nær annars manns landi en 300 metra frá stórstraumsfjörumáli þar sem nót-lög eru, né heldur skjóta nær eggveri eða látrum en greinir í 9. gr., sbr. og lög nr. 30 27. júní 1925.

Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótölögum annars manns og skal hann þá semja um það við þann sem veiði á.

g. Ný grein, 11. gr., orðist svo:

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Heimilt er að gera upptæk net og aðrar veiðitilfæringar, svo og skotvopn, sem brot hafa verið framin með.

### 3. gr.

Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót, 12. febrúar 1872.

a. 7. gr. falli niður.

b. Í 1. másl. 12. gr. falli niður orðin „frá 5 til 200 rd.“, svo og 2. másl. greinarinnar.

c. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Um mál út af brotum á lagaboði þessu fer að hætti opinberra mála.

d. 14. gr. falli niður.

### 4. gr.

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3 12. apríl 1878.

2. gr. falli niður.

### 5. gr.

Lög um leysing á sóknarbandi, nr. 9 12. maí 1882.

4. másl. 4. gr. falli niður.

### 6. gr.

Lög um beitutekju, nr. 39 2. nóvember 1914.

a. Síðari málsliður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Ef landeigandi verður fyrir tjóni vegna þessa á hann rétt á bótum.

b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.

c. 2. mgr. 2. gr. falli niður.

d. Í 3. gr. falli niður orðin „20 til 200 króna“.

e. 6. gr. falli niður.

f. 7. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

### 7. gr.

Lög um áveitu á Flóann, nr. 68 14. nóvember 1917.

6. gr. orðist svo:

Ákveða má að brot gegn samþykkt varði sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Lög um landamerki o.fl., nr. 41 28. nóvember 1919.

7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og fer um mál vegna þeirra að hætti opinberra mála.

## 9. gr.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af, nr. 8 18. maí 1920.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum og sæta mál út af því meðferð opinberra mála.

## 10. gr.

Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, nr. 53 27. júní 1921.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af þeim að hætti opinberra mála.

## 11. gr.

Lög um verzlunarskýrslur, nr. 12 19. júní 1922.

a. Í 2. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“.

b. 5. gr. orðist svo:

Vísvitandi röng skýrslugjöf varðar sektum nema þyngri refsing liggji við að lögum. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu sem hann hefur fengið frest á að gefa má þröngva honum til þess að frestinum liðnum með dagsektum allt að 10.000 kr. og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

c. 6. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

## 12. gr.

Vatnalög, nr. 15 20. júní 1923.

a. 107. gr. orðist svo:

Brot gegn félagssamþykktum varða sektum og um mál út af þeim fer að hætti opinberra mála.

b. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í alið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.

c. Í stað orðanna „einföldu fangelsi“ í blið 1. tölul. 153. gr. komi: varðhaldi.

d. 2. tölul. 153. gr. falli niður.

e. 154. gr. orðist svo:

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Lög um nauðasamninga, nr. 19 4. júní 1924.

a. Í stað orðanna „20 kr.“ í 1. mgr. 54. gr. komi: lögmælt gjald.

b. Í 2. mgr. 54. gr. falli niður orðin „20–200 kr.“.

## 14. gr.

Lög um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, nr. 4 4. maí 1925.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 200–20.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

## 15. gr.

Lög um selaskot á Breiðafirði og uppdráp, nr. 30 27. júní 1925.

2. gr. orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varðar sektum.

Skotvopn og veiðifang má gera upptækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## 16. gr.

Lög um einkenning fiskiskipa, nr. 31 27. júní 1925.

- a. Í 1. mgr. 3. gr. falli niður orðin „frá 50–2.000 kr.“.
- b. Í 2. mgr. 3. gr. falli niður orðin „allt að 400 kr.“.
- c. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

## 17. gr.

Hjúlög, nr. 22 7. maí 1928.

- a. 31. gr. falli niður.
- b. 32. gr. orðist svo:  
Brot gegn 7. og 19. gr. varða sektum og fer um mál vegna þess að hætti opinberra mála.
- c. 33. gr. falli niður.

## 18. gr.

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 1. febrúar 1936.

Í 2. mgr. 11. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum“.

## 19. gr.

Lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.

Í 3. mgr. 34. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 33/1963, falli niður orðin „200–4.000 krónur“.

## 20. gr.

Lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937.

- a. Í stað orðanna „fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga“ í 1. mgr. 43. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: varðhaldi.
- b. Í stað orðanna „sem almenn lögglumál“ í 44. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 47/1977, komi: að hætti opinberra mála.

## 21. gr.

Lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt, nr. 16 13. janúar 1938.

Í 9. gr. falli niður orðin „100–10.000 krónum“.

## 22. gr.

Lög um ostrurækt, nr. 21 12. júní 1939.

5. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál út af þeim samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

## 23. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, nr. 9 12. febrúar 1940.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Mál vegna brota á lögunum fara að hætti opinberra mála.

## 24. gr.

Landskiptalög, nr. 46 27. júní 1941.

Í 2. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 kr.“.

## 25. gr.

Lög um beitumál, nr. 45 7. maí 1946.

15. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 13/1947, orðist svo:

Brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og fer um mál vegna brota að hætti opinberra mála.

## 26. gr.

Lög um stjórn flugmála, nr. 119 28. desember 1950.

Í 4. gr. falli niður orðin „allt að 30.000 krónum“.

## 27. gr.

Lög um að banna hnefaleika, nr. 92 27. desember 1956.

Í 3. gr. falli niður orðin „allt að 10.000 krónum“.

## 28. gr.

Lög um dýravernd, nr. 21 13. apríl 1957.

Í stað orðanna „200 krónum“ í 2. mgr. 14. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, komi: 10.000 krónum.

## 29. gr.

Lög um efnahagsmál, nr. 4 20. febrúar 1960.

Í 36. gr. falli niður orðin „allt að 500.000 kr.“.



## 30. gr.

Lög um dánarvottorð, nr. 64 25. apríl 1962.

Í 12. gr. falli niður orðin „allt að 1.000 krónum“.

## 31. gr.

Lyfsölulög, nr. 30 29. apríl 1963.

Í 1. mgr. 68. gr. falli niður orðin „frá 100 til 200.000 króna“.

## 32. gr.

- d. Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabrefaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um 20% af heildarlaunum hans.
- e. Umsækjandi uppfylli að öðru leyti skilyrði laga þessara.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

**LÖG****um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 1. gr. laganna:

a. Í stað "6.625.000" í 2. másl. 1. mgr. komi: 12.650.000.

b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 180.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð, sem um getur í 1. másl. 2. mgr. þessarar greinar, og Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 450.000 þús. kr. umfram það sem kveðið er á um í fjárlögum fyrir árið 1990.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**LÖG****um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða og ábyrgjast fjárhæðir þær er leiðir af stofnfjárskuldbindingum Íslands í Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Sigurðsson.*



## LÖG

## um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 8 050 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1990.*

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

## um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna bætist við ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina til samræmis. Málsgreinin orðast svo:

Ráðherra skipar sjö manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórnna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og ríkisspítala og fjórir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni til jafnlengdar starfstíma ráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórnarnefnd ríkisspítala, einn af borgarstjórn Reykjavíkur, en tveir án tilnefningar. Ráðið kys sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áður nefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmasti verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu til lögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveit-

ingar til þeirra og þær áætlanir sem gerðar hafa verið og að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þeirra. Samstarfsráðið skal taka við þeim verkefnum sem heilbrigðismálaráð Reykjavíkurlæknishéraðs hefur haft með höndum og snerta þessi sjúkrahús, sbr. 7. gr. Framkvæmdastjóri þess sjúkrahúss, þaðan sem formaður stjórnar kemur hverju sinni, annast framkvæmd mála fyrir ráðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

## L Ö G

### **um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### **Markmið og gildissvið.**

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra.

2. gr.

Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra er að annast:

- a. rannsóknir á íslensku táknmáli,
- b. kennslu táknmáls,
- c. táknmálstúlkun,
- d. aðra þjónustu.

Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.

Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

## II. KAFLI

**Stjórnun.**

## 3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara:

- a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi heyrnarlausra,
- b. einn fulltrúa tilnefndan af Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra,
- c. einn fulltrúa tilnefndan af félagsmálaráðherra,
- d. einn fulltrúa tilnefndan af heilbrigðisráðherra og
- e. skipar menntamálaráðherra einn fulltrúa án tilnefningar. Skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

## 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

## 5. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum forstöðumanns í samræmi við starfsmannaheimildir.

## 6. gr.

Samskiptamiðstöð gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlun til allt að fimm ára. Stjórn stofnunarinnar staðfestir áætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra. Menntamálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, sett gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem samskiptamiðstöðin veitir.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin skal endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins,  
sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

- a. 5. mgr. 13. gr. laganna falli brott.
- b. 20.–22. gr. laganna falli brott.
- c. 7. mgr. 30. gr. laganna falli brott.

## 2. gr.

Í stað 2. mgr. 94. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eigi skal greiða stimpilgjald af lánsamningum sem Húsnæðisstofnun ríkisins gerir við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum. Skuldabréf, sem framkvæmdaraðili gefur út í verklok til Húsnæðisstofnunar ríkisins, eru einnig stimpilfrjáls.

Eigi skal greiða stimpilgjald af skuldabréfum sem kaupendur félagslegra íbúða gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þó skal greiða stimpilgjald við kaup á almennum kaupleiguíbúðum.

## 3. gr.

Í stað orðanna „skv. 2. mgr. 102. gr.“ í 100. gr. laganna komi: skv. 101. gr.

## 4. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þeim sem getur í 2. gr. og stimpluð voru eftir 1. júní 1990.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.*

## LÖG

### um Háskóla Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 11. gr. laga nr. 26 5. maí 1990 um breytingu á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum, hef látið fella meginmál laga nr. 26/1990 inn í meginmál laga nr. 77/1979, með áorðnum breytingum, og gef þau út svo breytt.

#### I. KAFLI

##### Hlutverk Háskóla Íslands.

##### 1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

#### II. KAFLI

##### Stjórn háskólans.

##### 2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnarsýslusviða. Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og

markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum eða reglugerðum.

Háskólaráði er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun.

Rektor er yfirmaður stjórnslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Í umboði rektors, og svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, hafa framkvæmdastjórnar stjórnslusviða yfirumsjón og eftirlit með hinni almennu stjórnslu háskólans, en deildarforsetar hafa eftirlit með starfi og stjórnslu deilda.

Svið hinnar almennu stjórnslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber heitið háskólaritari. Hann hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Ábyrgðarsvið annarra framkvæmdastjóra stjórnslusviða skulu afmörkuð í reglugerð.

Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjórnar stjórnslusviða leysa úr þeim málum sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

### 3. gr.

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

Rektorskjör fer fram í aprílmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 1. málsg. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallist verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef varaforseti er forfallaður, gegnir sá

deildarforseti rektorstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

#### 4. gr.

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn í skriflegri atkvæðagreiðslu á vegum Félags háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Einnig eiga setu á fundum ráðsins háskólaritari og einn kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórnýsly. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

#### 5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktanarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

#### 6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósentna og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

#### 7. gr.

Háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnýslysviða til fimm ára í senn. Rektor ræður annað starfslíð almennrar stjórnýsly eftir því sem fé er veitt til. Deildarforsetar ráða starfslíð einstakra deilda að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslíð háskólabókasafns segir í 36. gr. laga þessara, en um starfslíð annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

#### 8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors og framkvæmdastjóra stjórnýslysviða. Háskólaráð setur öðru starfslíði stjórnýsly erindisbréf.

## III. KAFLI

**Háskólakennarar og háskóladeildir.**

## 9. gr.

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfi deilda.

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspeki-deild, verkfræðideild, viðskipta- og hagfræðideild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísindadeild.

Við háskólann starfa rannsóknastofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólarád.

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda. Háskólarád kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn. Nánari ákvæði um námsbraut skulu sett í reglugerð háskólans.

## 10. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ.á m. erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknastaðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennara-stöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan háskólans, enda sé slík tilhögun heimilud í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskóla-lögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 38. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Háskólarád setur meginreglur um starfsskyldur háskólakennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast, sbr. nánar í 1. mgr. 18. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar, svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð má mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

## 11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnktar og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentastörf og lektorstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómarskilyrði, sbr. 36. gr. 1. nr. 85/1936. Háskólaráð skipar ritara dómnefnd til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Háskólaráð setur reglur um starfshætti dómnefndar og hlutverk ritara og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna, svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Leita skal álits hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa. Eiga fulltrúar stúdenta á skorar- og deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentastarf eða lektorstarf við háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundi greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna á deildarfundi og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hluta. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda um sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

Heimilt er að flytja lektor í dósentastöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósentar í prófessorsembætti.

## 12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

## 13. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa



má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

#### 14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 10. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundum með atkvæðisrétti.

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundum, enda á hann ekki atkvæðisrétt á fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt. Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundum með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundum, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að deild sé skipt í skorir eftir kennslugreinum og fjalli hver skor um málefni kennslugreinarinnar eftir því sem nánar segir í reglugerð. Enn fremur eiga þar sæti tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar.

Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnunarnefnd í háskóladeild (deildarráð) og skal þá m.a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti. Í deildarráði skulu sitja tveir fulltrúar stúdenta þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Heimilt er háskóladeild á fundum að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

#### 15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Deildarforseti hefur yfirumsjón með að ákvarðanir deilda og deildarráðs séu framkvæmdar. Hann er yfirmaður stjórnsýslu deildar. Hann hefur frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, gerð fjárhagsáætlunar og forgangsroð verkefna. Hann hefur eftirlit með notkun fjárveitinga. Hann skal stuðla að samstarfi og samræmingu við aðrar deildir og stjórnsýslusvið.

## 16. gr.

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautamála og félagsmálum stúdenta. Við hverja deild, skor og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

## IV. KAFLI

**Kennsla og nemendur.**

## 17. gr.

Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

## 18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor meðan hann gegnir rektorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

Deildarforsetar eiga rétt á að vera leystir undan skyldum í sínu fasta starfi að nokkru eða öllu leyti. Rektor ákveður með samþykki menntamálaráðherra hvernig ráðstafa skuli starfsskyldum þeirra.

## 19. gr.

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors, að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár skal háskóladeild taka afstöðu til þess hvernig með stöðuna skuli fara og gera um það tillögu til ráðherra.

## 20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

## 21. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að vera skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald.

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðru námi hérlandis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

Raungreinaeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenskum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

#### 22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

#### 23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástandun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

#### 24. gr.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

#### 25. gr.

Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra, með þeim hætti, er segir í 24. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn á slíku máli stendur yfir.

#### 26. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

**V. KAFLI****Próf.**

## 27. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.

Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

## 28. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slíkt próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

## 29. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlandis utan háskólans, er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

## 30. gr.

Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

**VI. KAFLI****Doktorar og meistarar.**

## 31. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki 3/4 hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

## 32. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandiðatsprófi eða embættisprófi.

## 33. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

## 34. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

## 35. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistaraþróf í grein, að loknu embættis- eða kandiðatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistaraþróf skal setja í reglugerð.

## VII. KAFLI

**Stofnanir háskólans og eigur hans.**

## 36. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eignum.

Í tengslum við skrifstofu háskólans starfar þjónustumiðstöð, sem annast gerð samninga milli aðila innan háskólans og utan um einstök verkefni. Allir meiri háttar samningar eru háðir samþykki háskólaráðs.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stundi framleiðslu og sölu, sem lýtur að slíkri starfsemi, í því skyni að þróa hugmyndir og hagnýta niðurstöður rannsókna og þjónustuverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.

Heimilt er háskólaráði, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarstofnun er hafi að meginhlutverki að standa fyrir endurmenntun háskólamanna. Slík endurmenntunarstofnun starfi í nánum tengslum við allar deildir háskólans. Háskólaráð getur heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Nánar skal kveðið á um starfssvið og stjórn slíkrar stofnunar í reglugerð.

Við Háskóla Íslands skal starfrækt námsráðgjöf sem sérstök háskólastofnun. Háskólaráð setur reglur um stjórn stofnunarinnar og starfsemi.

Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavardar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslíð bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn Háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Um tengsl Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum við háskólann fer eftir því, sem segir í lögum nr. 67 11. maí 1990.

### VIII. KAFLI

#### **Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.**

37. gr.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

38. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan háskólans, ef háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður, skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlækniseildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, uns komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði.

Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir, í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

### IX. KAFLI

#### **Kennsla í lyfjafraði lyfsala.**

39. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafraði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

### X. KAFLI

40. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, uns ný ákvæði eru sett.

*Gjört í Reykjavík, 6. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

**LÖG**

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu  
atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.***LÖG**

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár Háskólans skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Missiraskipting, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð. Háskólaráði er heimilt að ákveða sérstaka missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.*